



Sauðburður
Í algleymingi í
Hvalfirði
myndbrot 48



Blinda parið
Amadou og Mariam
tónlist 46



spottið 18

856
NÝ STÖRF

FYRIR NÁMSMENN
OG ATVINNULEITENDUR

FYLGIR
BLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

PITT

8. maí 2010 – 107. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Börn blogga um tísku
Er það siðferðislega rangt?
tíska 60

Sjöttu ár liðin
Minnisstæður dagur árið
1940 rifjaður upp.
hernámið 36



Nýyrði skáldsins
Stiklað á stóru í orðasmiðju
Jónasar Hallgrímssonar.
tungumálið 44

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna



HJÓLAÐ Í MÖKKINN Andrés Viðarsson, íbúi við Ránargötu, þurfti eins og aðrir íbúar í Vík í Mýrdal að gera ráðstafanir í gær vegna öskufallsins. Aðstæður voru svo erfiðar að fólk hélt sig mest inni og um sjöttu manns ákváðu að fara frá Vík og dvelja hjá vinum eða ættingjum. Vík var eins og draugabær yfir að líta og ekki útséð með hvenær fólk fær frið fyrir þessum vágesti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tugir starfsmanna ráðnir til sérstaks saksóknara

Dómsmálaráðherra leggur fram tillögu um að efla embætti sérstaks saksóknara fyrir ríkisstjórn í vikunni. Tugir starfsmanna verða ráðnir. Saksóknari hyggst yfirheyra á þriðja tug manna á næstu dögum.

DÓMSMÁL Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra hyggst leggja fram tillögu fyrir ríkisstjórn í vikunni um að embætti sérstaks saksóknara verði eflt til muna. Þetta segir hún í viðtali við Fréttablaðið í dag. Nefnd þriggja ráðuneyta, dómsmála-, fjármála- og forsætisráðuneyta, fer nú yfir rekstraráætlun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður tugum starfsmanna bætt við embættið. „Það er ljóst að það þarf að efla embættið.

Það þarf að fjölga starfsmönnum. Sú vinna er í gangi að greina það hversu marga starfsmenn þarf og hvað það kostar. Ég vonast til að það verði komin niðurstaða í það mál í næstu viku,“ segir Ragna.

Dómsmálaráðherra hefur einnig kallað eftir upplýsingum úr dómskerfinu um hvernig best er að efla það. Hún segir brýnt að þær tillögur komi frá dómsvaldinu. Fyrirséð er að mikið álag verði á embætti sérstaks saksóknara á

næstu dögum. Enda er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefnt að því að nýta tímann á meðan Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson sitja í gæsluvarðhaldi til að yfirheyra alla þá sem tengjast meintum lögbrotum þeirra í störfum þeirra fyrir Kaupþing. Um er að ræða á þriðja tug sakborninga og vitna.

Þrjú fyrrverandi stjórnendur úr Kaupþingi hafa verið kallaðir til landsins til yfirheyrslna eftir helgi.

- kóp, sh / sjá síður 4 og 30

SPÆNSKIR DAGAR
á Blómatorginu í Kringlunni 8. og 9. maí
Spánarferðalög, gítar, flamenco og skemmtun fyrir börnin!

- Ferðakynningar
- Verðlaunagetraun
- Teiknisamkeppni, andlitsmálun o.fl.

Opið laugardag kl. 11-18 og sunnudag 13-18

Ostarúllurnar frá Ostahúsinu
á ostabakkann og í matgerð
www.ostahusid.is

PEKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta
HÚSIÐ
STOFNAD 1992

MORA STURTUTÆKI **TENGI**
Gæði, þjónusta og ábyrgð - Það er TENGI

mora Verð kr. 19.950,-
MORA Í 25 ÁR Á ÍSLANDI.



Vilmundur, er þetta allt sama tóbakið?

„Já, þegar öllu er á botninn hvolft er þetta allt sama tóbakið.“

Tóbaksplöntufræ er til sölu í Garðheimum. Vilmundur Hansen er garðyrkjufræðingur í Garðheimum.

Ráðherra skipar dómara:

Fjölgar dómurum um fimm

DÓMSMÁL Ragna Árnadóttir dómismálaráðherra skipaði í gær í sex stöður héraðsdómara, auk þess sem hún skipaði einn dómara til viðbótar í embætti tímabundið í afleysingum. Dómurum var við þetta fjölgað um fimm.

Þau Áslaug Björgvinsdóttir, Ásmundur Helgason og Ragnheiður Harðardóttir voru skipuð dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Ingiríður Lúdvíksdóttir skipuð dómari tímabundið við sama dómstól.

Jón Höskuldsson var skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjaness. Þá voru þau Ragnheiður Thorlacius og Sigurður Gísli Gíslason skipuð dómara við Héraðsdóm Suðurlands.

- bj

Halldór Ásgrímsson:

Parf ekki að biðjast forláts

EFNAHAGSMÁL Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokks-



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

ins, telur sig ekki þurfa að biðjast afsökunar á sínum störfum sem ráðherra á árunum fyrir bankahrun. Alltaf séu gerð mistök en hann segist hafa starfað á grundvelli samvisku sinnar. Rætt var við Halldór í Kastljósi í gærkvöldi.

Halldór sagðist ekki kannast við að einkavæðingu bankanna hefði verið handstýrt. Teknar hefðu verið ákvarðanir á þeim forsendum sem lágu fyrir á sínum tíma.

Halldór telur að grípa hefði átt til aðgerða fyrri hluta árs 2006 þegar hættumerki sást vegna stærðar bankanna.

Samkeppniseftirlitið rannsakar hugsanlegt samráð á farsímamarkaði:

Tóku gögn hjá Hátækni

NEYTENDUR Samkeppniseftirlitið framkvæmdi húsleit í gær hjá starfsstöð Hátækni og tók afrit af rafrænum gögnum þar um olúfélagið Olís. Hátækni er dótturfélag Olís.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að rannsókn á gögnum sem hald var lagt á í húsleit hjá Skiptum og dótturfélögum þess, Símanum og Tæknivörum, seint í síðasta mánuði hafi leitt eftirlitið að Hátækni.

Grunur leikur á að um hugsanlegt samráð á farsímamarkaði hafi verið að ræða á milli fyrir-



PÁLL GUNNAR Húsleit hjá Skiptum og dótturfélögum vegna gruns um markaðsmisnotkun leiddi eftirlitið að Hátækni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tækjanna, að sögn Páls Gunnars en Tæknivörur eru umboðsaðili fyrir farsíma frá Sony Ericsson, Motorola og Samsung. Samkvæmt

úrskurði miðaði húsleit Samkeppniseftirlitsins hjá Símanum, Skiptum og Tæknivörum að almennri rannsókn á mögulegri misnotkun á markaðsráðandi stöðu á farsímamarkaði. Þá hafði farsímafyrirtækið Nova beint kvörtun til eftirlitsins vegna markaðssetningar Ring, sem er á vegum Símans. Í kjölfar húsleitarinnar í síðasta mánuði kærði Síminn Samkeppniseftirlitið fyrir að notast við þjónustu samkeppnisaðila Símans í húsleitinni. Ekki er ljóst hvenær niðurstaða liggur fyrir í rannsókn málsins, að sögn Páls Gunnars.

- jab

Alvarleg bilun í gærkvöldi:

Rafmagnslaust víða um land

ORKUMÁL Alvarleg rafmagnsbilun varð í byggðarlínu við Brennimer í Hvalfirði í gærkvöldi sem olli rafmagnsleysi víða um land. Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti voru truflanir vestur og norður fyrir land og að Höfn í Hornafirði. Á Suður- og Suðvesturlandi fór hins vegar rafmagn ekki af.

Rafmagnnið fór af Akureyri um klukkan níu og var enn rafmagnslaust þegar Fréttablaðið fór í prentun á ellefta tímanum.

- shá

Elite vill halda loka-keppni hér í haust

Tæplega þúsund erlendir ferðamenn gætu komið hingað haldi umboðsskrifstofan Elite fyrirsetukeppni hér í nóvember. Þar á meðal eru heimsfrægar stjórnur. Jón Ólafsson, kenndur við Skífuna, bar hugmyndina upp við forstjóra Elite.

FÓLK Lokakeppni alþjóðlegu fyrirsetukeppninnar Elite Model Look World 2010 verður haldin hér á landi í nóvember gangi allar áætlanir eftir. „Ég get staðfest að við viljum skipuleggja lokakeppni Elite Model Look World á Íslandi,“ skrifar Bernard Hennem, forstjóri Elite, í bréfi til Jóns Ólafssonar vatnsútflýttjanda, sem löngum er kenndur við Skífuna. Hennem segir Ísland verða tilvalinn stað fyrir keppnina.



JÓN ÓLAFSSON

Það var Jón sem bar hugmyndina upp við Hennem þegar hann var fastur í Frakklandi um miðjan síðasta mánuð vegna röskunar á flugi af völdum gossins í Eyjafjallajökli. „Ég var óskuteptur í París og heimurinn stopp. Ég varð að gera eitthvað úr tíma mínum og velti fyrir mér hvað ég gæti gert til að koma ferðamennsku í gang aftur,“ segir Jón í samtali við Fréttablaðið. Hann komst í samband við Hennem í gegnum sameiginlegan vin þeirra beggja og bar hugmyndina upp við hann. „Þetta yrði svakalegt dæmi,“ segir Jón.

Umboðsskrifstofa Elite er ein sú stærsta í heimi og hafa margar af þekktustu fyrirsetum heims tekið þátt í keppninni. Þar á meðal eru Linda Evangelista, Cindy Crawford og Gisele Bündchen. Sýnt er frá keppninni á sextíu sjónvarpsstöðvum og reiknað með að um fjögur hundruð manns geti fylgst



FYRIRSETUR Í KEPPNINI Fyrirsætukeppni Elite hefur verið haldin árlega frá 1983 í nokkrum af helstu stórborgum heims. Síðustu tvö ár hefur hún verið haldin í kínversku borginni Sanya.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

með henni. Fyrirsætukeppnin er heilmikið fyrirtæki en gert er ráð fyrir áttatíu keppendum, svipuðum fjölda blaða- og fréttamanna auk rúmlega fimm til sjö hundruð gesta. Í gegnum tíðina hafa heimsþekktir hönnuðir og listafólk verið viðstatt keppnina. Þar má meðal annars nefna John Galliano, David Bowie og Richard Gere.

„Mér líst mjög vel á þetta, tel það jákvætt,“ segir Birkir Hólm, forstjóri Icelandair. Hann hafði ekki séð bréf og gögn frá Elite í gær. Hann segir þetta verða mikla landkynningu og spennandi kost ef að því komi margir aðilar.

Reiknað er með að kostnaður við að halda keppnina hér nemi 280 milljónum króna. Rekstrarætlun gerir ráð fyrir 175 milljónum króna framlagi frá ríki og borg til stuðnings verkefninu. Afgangurinn

Stór landkynning



ÓLÖF YRR ATLADÓTTIR

að kynna sér málið betur og því sé lítið hægt að segja um það á þessari stundu.

kemur frá öðrum, svo sem að utan og vegna sýningarréttar.

jonab@frettabladid.is

Ferðum aflýst í dag:

Enn truflar gosið ferðafólk

ELDGOS Loftrými umhverfis Keflavíkurflugvöll fyrir blindflugsumferð lokast eftir hádegi í dag. Spár gera ráð fyrir að óskuský vegna eldgossins í Eyjafjallajökli verði komið að vesturströnd landsins um hádegisbil. Iceland Express ákvað því að flýta flugi sem átti að fara síðdegis á morgun til Alicante. Í gær aflýsti Icelandair tveimur flugferðum sem fara átti í dag.

„Flugvélar komast inn og út í fyrramálið en eftir það er miðað við að Akureyrarflugvöllur verði notaður,“ segir Hjördís Guðmundsdóttir upplýsingafulltrúi Flugstoða.

Ekki liggur fyrir hvort hægt verði að fljúga til og frá Keflavíkurflugvelli á sunnudaginn.

- shá



KÍKTU Í
INTERSPORT
LINDUM Í DAG

Fáðu faglega ráðgjöf um val á hlaupaskóm og kynntu þér **NIKE+**

KAUPAUKI
MEÐ ÖLLUM NIKE HLAUPASKÓM

nikerunning.com

Mikill órói á verðbréfamörkuðum eftir óvænt og óútskýrt verðhrap á fimmtudag:

Skyndilegt verðfall verður kannað

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði í gær að fjármálaeftirlit landsins reyni nú að komast til botns í því hvað olli skyndilegu verðfalli á verðbréfamörkuðum á fimmtudaginn.

Dow Jones-vísitalan hrpaði um nærri þúsund punkta, og hefur fallið aldrei fyrr verið jafn mikið á einum degi. Markaðurinn náði þó að endurheimta tvo þriðju verðfallsins aftur áður en dagurinn var á enda.

Í fyrstu héldu menn að ástæðan væri almenn spennan á fjármálamörkuðum sem stafar ekki síst af áhyggjum af stöðu evrunnar og áhrifum skuldavanda Grikkja á hana.

Síðan kom upp sú saga að verðbréfamíðlari hefði óvart gert sölutilboð upp á 16 milljarða dali, en í raun hafi hann einungis ætlað að gera sölutilboð upp á 16 milljónir.

Ekki er vitað hvað hæft er í þessu, en þetta ætlar fjármálaeftirlit Bandaríkjanna sem sagt að kannna.

Mikill órói var áfram á mörkuðum vestrá í gær, þrátt fyrir góð tíðindi af atvinnumálum í Bandaríkjunum sem undir venjulegum kringumstæðum hefðu átt að stappa í menn stálinu.



SPENNTIR Í KAUPHÖLLINI Eftir verðfallið á fimmtudag ríkti veruleg spennan í kauphöllinni í New York í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Dow Jones-vísitalan hrpaði um heil 280 stig snemma dags en hafði að mestu náð sér aftur síðdegis. Svipaða sögu er að segja af öðrum vísitölum, þótt umrötið á þeim hafi ekki verið jafn mikið.

- gb

Mæðradags-
vöndur

2490

~~2990~~

AÐEINS
laugardag og
sunnudag

ÚTGÁFUHÁTÍÐ

15%

afsláttur af
öllum vörum

Sælureitur
2010

15% af öllum vörum í Sælureit
15% af öllum vörum í Blómavali

10%
af andvirði

mæðradagsvandarins
rennur til Göngum saman
sem hefur það að markmiði
að styrkja grunnrannsóknir á
brjóstakrabbameini.


Göngum saman

Mæðradagur

og 15% afsláttur af öllum vörum

100 cm,
stórir og flottir
Sýpris

999

~~1490~~

Snædrífa

990

~~1590~~

Páskaliljur
beint í garðinn

339

~~399~~

Geislasópur

1990

~~2990~~

Hortensía

1990

~~2479~~

Himalayja-
einir

1490

~~1990~~

Dalía

699

~~879~~


blómavali
heillandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

GENGIÐ 07.05.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	128,83	129,45
Sterlingspund	189,38	190,30
Evra	164,53	165,45
Dönsk króna	22,101	22,231
Norsk króna	20,736	20,858
Sænsk króna	16,835	16,933
Japanskt jen	1,395	1,4032

SDR 191,58 192,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,9651

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Einn eigenda Banque Havilland í Lúxemborg tekur við stjórn bankans:

Magnús missti bankastjórastólinn

DÓMSMÁL Stjórn Banque Havilland í Lúxemborg ákvað í gær að leysa Magnús Guðmundsson bankastjóra frá störfum. Við tekur Jonathan Rowland, einn eigenda bankans.

Brottreksturinn kemur í framhaldi af yfirlýsingu sérstaks saksóknara þess efnis að Magnús, ásamt Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, sé grunaður um markaðsmisnotkun, skjalfals og fleiri mál í aðdraganda falls Kaupþings í október 2008. Magnús var bankastjóri Kaupþings í Lúxemborg og tók við bankastjórastólum þegar Rowland-fjölskyldan

keypti bankann af skilaneftnd Kaupþings í júlí í fyrra.

Magnús var í gær úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Ákvörðun héraðsdóms hefur verið kærð til Hæstaréttar.

Jonathan Rowland vildi ekki tjá sig um málið umfram það sem fram kom í tilkynningu frá bankanum í gær þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. Þá náðist ekki í Karl Axelsson, lögmann Magnúsar, þegar eftir því var leitað í gær. Haft var eftir Karli í fjölmiðlum í gær að hann væri mjög ósáttur við gæsluvarðhaldið. -jab



Í GÆSLUVARÐHALDI Magnús Guðmundsson gæti sótt bætur til ríkisins vegna gæsluvarðhalds að ósekju meði hann sýknaður um markaðsmisnotkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tekur því ekki að sækja bætur

„Magnús getur sótt um bætur til ríkisins eins og aðrir verði hann sýknaður. En það tekur því varla að sækja slík mál,“ segir Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður.

Bætur vegna gæsluvarðhalds að ósekju hafa numið á bilinu tvö til þrjú hundruð þúsund krónum.

Brynjar segir niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald verða að hvíla á traustum grunni og ný gögn hljóti að hafa komið fram.



FORSÆTISRÁÐHERRA Segir handtökur bankastjóra marka tímamót.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhanna Sigurðardóttir:

Aðgerðin er fagnaðarefni

LÖGREGLUMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að aðgerðir sérstaks saksóknara marki tímamót í endurreisn íslensks samfélags eftir bankahrun.

Þetta kom fram í máli forsætisráðherra á blaðamannafundi eftir ríkisstjórnarfund í gær. Jóhanna fagnaði aðgerðum sérstaks saksóknara.

„Ég held að við séum á ákveðnum tímamótum í þessu máli og handtökum sem áttu sér stað í gær vegna þess að þær eru stór liður í því að við getum náð sáttum í þessu samfélagi og að þeir axli ábyrgð sem hana bera,“ sagði Jóhanna.

Undir þetta sjónarmið tók Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

- shá

SKÁK

Anand og Topalov enn jafnir

Tiundu víðureign Viswanathans Anand og Veselins Topalov um heimsmeistaratitilinn í skák lauk með jafntefli í gær. Anand var með svart og beitti Grünfelds-vörn líkt og í fyrstu skákinni. Þeirri skák tapaði hann eftir aðeins klukkustundar langa víðureign en í þetta sinn hélt hann jafntefli. Anand og Topalov eru því jafnir þegar tvær skákir eru eftir.

Yfirheyra þarf tug manna áður en varðhaldinu lýkur

Saksóknari hyggst yfirheyra á þriðja tug sakborninga og vitna á meðan Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson sitja inni. Þrjú fyrrverandi stjórnendur Kaupþings hafa verið boðaðir í yfirheyrslur eftir helgi.

LÖGREGLUMÁL Sérstakur saksóknari hyggst nýta tímann sem Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús

Guðmundsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings, sitja í gæsluvarðhaldi til að yfirheyra alla þá sem tengjast meintum lögbrotum tvímenninganna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þeir, sem talið er mjög brýnt að ná tali af áður en gæsluvarðhaldið rennur út, á þriðja tug, bæði sakborningar í málunum og vitni sem talin eru geta varpað frekara ljósi á málið.

Þeirra á meðal eru aðrir fyrrverandi stjórnendur úr Kaupþingi; þeir Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður,

Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi, og Steingrímur P. Kárasón, fyrrverandi framkvæmdastjóri áhættu- stýringar bankans. Sigurður er búsettur í London en Ingólfur og

Steingrímur í Lúxemborg og hafa þar rekið ráðgjafarfyrirtækið Consolium með Hreiðari Má.

Þremmingarnir hafa allir verið boðaðir í yfirheyrslur hérlendis í næstu viku en hugsanlegt er að þeim verði flýtt í ljósi atburða síðustu daga. Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að sérstakur saksóknari hefði þegar farið þess á leit við Sigurð að hann flýtti komu sinni til landsins en að hann hefði ekki sinnt þeim boðum.

Hreiðar og Magnús voru báðir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gær, Hreiðar í tólf daga og Magnús í sjö daga. Þeir kærðu báðir úrskurðina til Hæstaréttar, sem kveður upp dóma eftir helgi. Þangað til dvelja bankastjórnarnir fyrrverandi í einangrun á Litla-Hrauni.

Ástæða varðhaldsins er grunur um stórfellda markaðsmisnotkun í starfsemi Kaupþings mánuðina fyrir hrún. Hún fór þannig fram að bankinn lánaði félögum, meðal annars á vegum sjeiks Al-Thani frá Katar, Skúla Þorvaldssonar og Kevins Stanford, háar upphæðir til að kaupa hlutabréf í bankanum. Þannig var komið í veg fyrir að gengi bréfa í bankanum félli. Alls námu þessi vafasömu viðskipti Kaupþings hátt í hundrad milljónum. Inn í þetta fléttast önnur meint lögbrot, svo sem umboðssvik og skjalfals.

Sérstakur saksóknari rannsakar jafnframt mál af öðrum toga tengd Kaupþingi en þau liggja ekki beinlínis til grundvallar gæsluvarðhaldinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, þótt ekki sé útilokað að einnig verði yfirheyrt vegna þeirra á næstunni.

stigur@frettabladid.is



SIGURÐUR EINARSSON



INGÓLFUR HELGASON



STEINGRÍMUR P. KÁRASÓN



ÚRSKURÐAÐIR Í VARÐHALD Hreiðar Már og Magnús munu verða í einangrunarklefum á Litla-Hrauni fram yfir helgi hið minnsta. Þá mun Hæstiréttur taka afstöðu til kærðu tvímenninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Voru samstiga í námi og inn í Kaupþing

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings Group, og Magnús Guðmundsson, sem áður stýrði Kaupþingi í Lúxemborg, eru jafnaldrar og luku báðir stúdentsprófi árið 1990. Hreiðar er stúdent frá Verzlunarskóla Íslands og Magnús frá Menntaskólanum við Sund. Þeir hófu á sama tíma nám við viðskiptaskól Háskóla Íslands á endurskoðunarsviði og útskrifuðust saman árið 1994. Báðir voru svo ráðnir til Kaupþings í maí 1994. Hreiðar Már var ráðinn framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Hávöxtunarfélagsins hjá Kaupþingi og Magnús forstöðumaður hjá Kaupþingi, að því er fram kemur í Viðskipta- og hagfræðingatalinu.

- óká


VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

HÆGUR VINDUR

Það blæs af vestri á landinu í dag. Skýjað verður víða eða þokumóða með ströndum en inn til landsins gæti létt til yfir miðjan daginn. Síðdegis snýst til norðanáttar og á morgun verður víða bjart eða bjart með köflum en það kólnar í veðri.

Á MORGUN Strekkingur við A-strönd, annars hægari.



HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	17°
Berlín	14°
Billund	8°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	21°
London	9°
Mallorca	23°
New York	24°
Orlando	33°
Ósló	14°
París	17°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ALVEG GRILLAÐUR
Grillosturinn bráðnar betur en aðrir ostar og hentar því einstaklega vel á hamborgara eða annan grillaðan mat.

SIMPLY CLEVER



ÞJÓÐHÁTÍÐAR DAGUR ŠKODA ER Í DAG

FRUMSÝNING Á **Škoda**Yeti
NÝR **Škoda**Superb
NÝR **Škoda**Octavia
ALLIR ŠKODA BÍLAR ÞVEGNIR
KAFFI OG KLEINUR

FRUM-
SÝNING



EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í HEKLU Í DAG

Við hvetjum Škoda eigendur og unnendur til að fjölmenna á Þjóðhátíðardag Škoda í dag. Við frumsýnum nýja jepplinginn **Škoda**Yeti, nýjan **Škoda**Superb og uppfærðan **Škoda**Octavia. Við gerum vel við Škodann þinn, þvolum hann að utan, skoðum og prófum hemlana og demparana og bjóðum upp á kaffi og kleinur. Komdu og eigðu góðan Škodadag með okkur!

SKODADAGURINN ER Í DAG - Opið frá 12 til 16

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Reynslan er góð!





Var rétt að handtaka Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings?

JÁ 96,1%
NEI 3,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að taka þátt í átakinu Hjólað í vinnuna?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Umdeild stjórnarskrárbreyting í Tyrklandi sögð styrkja stjórn Erdogan:

Tyrkneska þingið dregur úr völdum dómara

TYRKLAND, AP Tyrkneska þingið samþykkti í gær stjórnarskrárbreytingar sem gagnrýndur segja til þess ætlaðar að styrkja völd ríkisstjórnarinnar á kostnað dómvaldsins.

Stjórnin fékk þó ekki nægilega mikið fylgi við breytingarnar til þess að þær taki gildi fyrr en þær hafa verið bornar undir þjóðina. Líklega mun því forseti landsins efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja fyrirkomulagið í sumar.

Dómsvaldið hefur frá stofnun tyrkneska lýðveldisins árið 1923 látið veraldleg sjónarmið vera ráðandi, en núverandi stjórn, sem komst til valda árið 2003, er hins vegar byggð á íslömskum grunni. Stjórnin segir hins vegar breytingunum ætlað að styrkja lýðræðið í

landinu, efla rétt kvenna og barna og tryggja persónuvernd. Stjórnin hefur áður takmarkað völd hersins, sem styður ákaft hina veraldlegu undirstöðu ríkivaldsins og hefur fjórum sinnum bylt ríkisstjórnunum síðan 1960.

Breytingarnar fela meðal annars í sér að hægt sé að draga herforingja fyrir borgaralega dómstóla frekar en herdómstóla. Líklegt þykir að stjórnarskrárbreytingarnar verði samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu, því Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra nýtur mikils fylgis meðal landsmanna. - gb

ATKVÆÐI GREIDD Á ÞINGI Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og félagar hans á þingi greiða atkvæði um stjórnarskrárbreytinguna. NORDICPHOTOS/AFP



Vík í Mýrdal eins og draugabær í gær

Tugir manna flúðu heimili sín í Vík í Mýrdal í gær vegna mikils öskufalls. Öskufjúk eykur á vandann. Fjöldahjálparstöðvar voru opnaðar í Vík og á Kirkjubæjarklaustri. Almannaþingurinn ráðleggja þeim sem geta að fara.

ELDGIOS Vík í Mýrdal var eins og draugabær yfir að líta í gær vegna mikils öskufalls frá sprengigosinu í Eyjafjallajökli. Svífryksmælingar í Vík og nágrenni fóru langt yfir heilsuverndarmörk og Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöðvar í Vík og á Kirkjubæjarklaustri síðdegis vegna þessa.

Lýsingar heimafólks eru til vitnis um það að öskufallið hafi verið „óþolandi klukkustundum saman“ og um sjötíu manns leit-uðu athvarfs í fjöldahjálparstöðinni í Vík. Margir þeirra létu vita að þeir ætluðu ekki að vera á heimilum sínum yfir nóttina, segir Víðir Reynisson, hjá Almanna-vörnum. „Þetta eru rétt viðbrögð og mjög skiljanlegt að fólk, sérstaklega barnafólk og eldra fólk, fari meðan á þessu stendur. Fyrir marga er ekki um neitt annað að ræða en að fara.“

Víðir segir að öskufallið hafi náð frá Þorvaldseyri í vestri allt austur á Mýrdalssand, um sextíu kílómetra frá gosstöðvunum. Erfitt sé þó að átta sig á hvað er öskufall og svo aska að fjúka.

Elisabet Ólafsdóttir, sem býr við Hátún í Vík, segir ástandið óþolandi og að hún hafi ekkert farið út fyrir hússins dyr. „Þetta er ógeðslegt. Það er öskulag hér yfir öllu og maður er að verða hálfvitlaus á því að hafa ekki ferskt loft,“ segir Elisabet, sem er áttár.

Berglind Guðmundsdóttir, íbúi við Bakkabraut, ákvað í gær að fara frá Vík og vera hjá vinafólki í Reykjavík. Litli sonur hennar, Guðmundur Atlas, verður hjá afa sínum og ömmu á Laugarvatni. „Hann tekur þessu vel og finnst það hálfgeið sport að vera með grímuna sína.“ Berglind hefur ekki ákveðið hvenær hún fer heim; um það hafi Eyjafjallajökull mest að segja. Margt af hennar fólki var farið frá Vík seinni partinn í gær.



ASKA Í SÓLHEIMAHJÁLEIGU Pau Margrét Prastardóttir og Jóhann Bragi Magnússon létu ekki öskumökkinn stoppa sig í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tilmæli Almannaþingar vegna öskufalls

- Ráðlegt er að þeir sem eiga þess kost dvelji ekki á svæði þar sem öskufall er vel sýnilegt en þeir sem þurfa að dvelja á öskufallssvæðum haldi sig sem mest innanhúss.
- Dragið úr öskumagni innanhúss með því að þétta glugga með límbandi. Ösku sem fellur innanhúss er mikilvægt að hreinsa upp jafnóðum.
- Gæta skal þess að þyrlla upp eins litlu af gosösku og mögulegt er þar sem hún hefur fallið.
- Úti við er mikilvægt að nota grímur og augnhlífar. Eiga þarf birgðir af grímum og skipta reglulega. Hægt er að nálgast grímur á heilsugæslustöðvum á öskufallssvæðum, fjöldahjálparstöðvum og í þjónustumiðstöðinni í Heimalandi.
- Akstur þyrllar upp ösku og því er mikilvægt að aka ekki nema nauðsyn krefji og gæta þess að halda ökuhraða í lágmarki.

Björn Oddsson jarðeðlisfræðingur segir að gosmökkurinn hafi risið hæst um sjö kílómetra og stefndi þá í suðaustur. Ekki sé aukinn styrkur í gosinu þótt það sé kannski tilfinning þeirra sem búa á öskufallssvæðinu. Reyndar hafi

sprengivirkni líklegast minnkað frá því deginum áður. Gígur hleðst áfram upp í kringum gosopið í ískatlinum og hraunstraumurinn til norðurs er á svipuðum slóðum og undanfarna daga. svavar@frettabladid.is

Hagkvæmt og öruggt að reisa hér gagnaver, segir Þorvaldur E. Sigurðsson:

Bestu samningarnir fást hér

TÆKNI Ísland er öruggt land. Við höfum staðreyndir til að sanna það en verðum að sýna umheiminum fram á það, að sögn Þorvaldar E. Sigurðssonar, ráðgjafa og fyrrum framkvæmdastjóra Verne Holding, sem vinnur að byggingu gagnavers að Ásbrú á Reykjanesi.

Þorvaldur flutti erindi á afmælisráðstefnu Opinna kerfa þar sem hann fór yfir ástæður og kosti þess að reisa hér gagnaver.

Ísland hefur ýmsa kosti umfram önnur lönd þar sem gagnaver hafi verið reist, að mati Þorvaldar. Öðru fremur skipti máli að hér geti fyrirtæki tryggt örugga, stöðuga og endurnýjanlega raforku á

samkeppnishæfu verði til langs tíma. Hann nefndi að raforkuverð geti sveiflast mikið í Bandaríkjunum auk þess að á sumum stöðum þar í landi verði fólk að haga lífi sínu í takt við raforkuframleiðsluna. Það þurfi ekki að gera hér.

Þorvaldur gagnrýndi fréttalutning af gosinu á Eyjafjallajökli og sagði útlendinga halda að hér sé allt í kalda koli. Þótt gosið hafi vissulega valdið mikilli röskun á millilandaflugi sé það tímabundið ástand. Miklu máli skiptir að hefja starfsemi í gagnaveri Verne Holding að Ásbrú. Aðeins þannig verði útlendingum sýnt fram á öryggið hér, að sögn Þorvaldar. - jab



ÞORVALDUR Mikilvægt er að koma gagnaveri Verne Holding á Reykjanesi í gagn, að sögn fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÝR
OPNUNARTÍMI
OPÍÐ ALLA DAGA
FRÁ 10-20

Góður Kostur á grillið



Grísalærisvöðvi
Goði

1.518 kr/kg
verð áður 1.898 kr/kg

Purrkryddaðar lærissneiðar
Kjöthornið

1.699 kr/kg
verð áður 2.128 kr/kg



Hvítlauks- og piparkryddaðar lærissneiðar
Kjöthornið

1.699 kr/kg
verð áður 2.128 kr/kg



Bökunarkartöflur 1 kg

99 kr/kg



Hvítlauks- og Piparsósar
KEA

225 kr



Pepsi og Pepsi Max 2 L

179 kr

verð áður 225 kr



kostur
Styðjum heilbrigða samkeppni

Tilboðin gilda til 11. maí eða á meðan birgðir endast auðgæst verð er tilboðsverð.

STOFNUN ÁRSINS 2010

SFR - stéttarfélag í almannajönustu kynnir niðurstöður úr könnuninni um Stofnun ársins 2010. Könnunin er nú gerð í fimmta sinn en hún tekur til 4000 starfsmanna. Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr flokki stærri og minni stofnana auk hástökkvara, en þann titil hýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti á milli ára.



Stærri stofnanir

1. Umferðarstofa
2. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi
3. Landgræðsla Ríkisins
4. Matís ohf
5. Ríkisskattstjóri

Minni stofnanir

1. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
2. Sýslumaðurinn í Vík
3. Skattrannsóknarstjóri
4. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
5. Landmælingar Íslands


Hástökkvari ársins

Sýslumaðurinn á Siglufirði

SFR – stéttarfélag í almannajönustu þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is.




STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU



GÓÐ ÍMYND
SVEIGJANLEIKI Í VINNU
SJÁLFSTÆÐI Í STARFI
GÓÐ VINNUSKILYRÐI

TRÚVERÐUGLEIKI
SANNGJÖRN LAUNAKJÖR
GÓÐUR STARFSANDI
ÁNÆGJA OG STOLT





1. Hversu mikið vantar upp á að ríkið hafi fjármagnað lífeyrisskuldbindingar vegna eftirlauna opinberra starfsmanna?

2. Hver hefur viðurkennt að hafa lofað seðlabankastjóra að laun hans yrðu óskert óháð ákvörðunum kjararáðs?

3. Hver aðstoðar Nammi.is við sölu á ösku úr Eyjafjallajökli?

SVÖRIN ERU Á SÍDU 78

Tóbaksplönturnar átti að nýta til þess að laða hvítar flugur frá annarri ræktun:

Hvítar flugur sækja í tóbakið

GARYRKJA „Ég veit ekki hvort við eigum nóg af þessu,“ segir Guðbjörg Kristjánsdóttir, garðyrkju- maður í Garðheimum, um fræ af villitóbaksplöntunni sem þar eru í sölu. Hún segir fjölda manns hafa lagt leið sína í verslunina í leit að fræjum eftir að greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að þau væru þar í sölu.

Guðbjörg pantaði hins vegar inn Wild Tobacco-fræin til að nota sem skordýravörn. „Ég hef verið í eitruinu. Svo kom til mín garðyrkju- maður sem bað mig að panta þetta fræ út af hvíttri flugu sem herjar á

plönturnar hjá honum,“ segir hún og kveðst þess vegna hafa pantað dálítið aukreitis af fræjunum fyrir verslunina.

Hugmyndin var að rækta villitóbaksplöntuna við hliðina á annarri ræktun því að flugan sækir fremur í tóbakið, en vegna þess að um lífræna ræktun er að ræða kom ekki til greina að eitra. „Svo er hægt að vera með nokkrar svona plöntur og setja svo í poka og fleygja þegar þær eru orðnar alþaktar hvíttri flugu,“ segir hún, en flugur þessar verpa eggjum sínum á plönturnar. - óká



Í GARÐHEIMUM Guðbjörg Kristjánsdóttir, garðyrkju- maður í Garðheimum, kveðst bera á því ábyrgð að hafa pantað inn fræ villitóbaksplöntunnar sem nú eru þar til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rauður vettvangur:

Rannsaka þarf ar breytingar

FÉLAGSMÁL Frestur til aðildar að rannsóknarnefnd Rauðs vettvangs hefur verið framlengdur til 15. maí. Nefndinni er ætlað að rannsaka nauðsynlegar breytingar á íslensku samfélagi í kjölfar efnahagshruns.

Hún skal draga saman upplýsingar um samfélagslegar orsakir hrunsins og gera samantekt um nauðsynlegar breytingar til að auka jöfnuð og réttlæti í íslensku samfélagi. Rauður vettvangur er félagsskapur sem vill umskapa þjóðfélaginu. - kóp

Matreiðslunámskeið að hætti Lindu

MAÍ

15

Heilnæmt, grænt og gómsætt!

Hér er á ferð eitt eftirsóttasta matreiðslunámskeið Lindu, sem hún hefur haldið um árabil í USA. Á námskeiðinu kennir hún skemmtilegar leiðir til að nota heilkorn og grænt grænmeti í girnilega rétti sem koma braðlaukunum á óvart.



Linda Pétursdóttir, Certified Holistic Health Counsellor kemur til Íslands og heldur námskeiðið í Maður Lifandi Borgartúni þann 15. Maí kl. 12:00 – 15:00. Verð: 6500 kr.

Skráning stendur yfir núna í síma 585-8700 eða gg@madurlifandi.is

Ath. Það eru aðeins 20 sæti á þessu námskeiði.

maður lifandi
www.madurlifandi.is

Bruni í vesturbænum:

Ellefu á slysó með reykeitrun

BRUNI Ellefu manns voru fluttir á slysaðeild Landspítalans með aðkenningu að reykeitrun, eftir að eldur kviknaði í íbúð í húsi í vesturbænum upp úr miðnætti í fyrrinótt. Eldurinn kviknaði fyrst í potti á eldaveíl á neðri hæð hússins og barst þaðan upp í háf.

Húsráðendur höfðu næstum slökkt hann áður en slökkviliðið kom, en þá var ekki orðið vært í íbúðinni vegna reyks. Allir forðuðu sér þá út, ásamt íbúum á efri hæð, enda hafði mikill reykur borist þangað inn líka, og var fólkið allt flutt til rannsóknar og aðhlyningar. Engan sakaði alvarlega.

Innbrot á Kleppsvegi:

Stal eggjandi lögreglubúningi

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í verslun við Kleppsveg í fyrrinótt og þaðan stolið eggjandi undirfáttaði á konur, sem þar er á boðstólum, ásamt hjálpartækjum ástarlísins.

Ekki var hreyft við hjálpartækjunum, eftir því sem best varð séð í nótt, en ýmiss konar einkennissúningum í klám-fengnum útfærslum var stolið, meðal annars lögreglubúningum. Þjófurinn er ófundinn.



RANNSÓKNARSKÝRSLA Starfshópur sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra skipaði leggur áherslu á að skipulega verði unnið úr tillögum rannsóknarnefndar Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfshópur vill færri og sterkari ráðuneyti

Vinna þarf skipulega til að koma tillögum rannsóknarnefndar Alþingis í framkvæmd, að mati starfshóps ráðherra. Margar tillögur um breytingar. Stuðningur við flokka fari í annað en auglýsingar.

STJÓRNSÝSLA Stjórnvöld ættu að bregðast við ábendingum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis með því að sameina og styrkja ráðuneytin. Þetta er ein af þeim tillögum sem starfshópur forsætisráðherra sem farið hefur yfir skýrsluna leggur til.

„Við teljum að það séu miklar brotalamir í stjórnsýslunni. [...] Á því þarf að taka, og á því er verið að taka,“ sagði Gunnar Helgi Kristinnsson, formaður starfshópsins, á kynningarfundum í Þjóðmanningarhúsinu í gær.

Með því að fækka ráðuneytum mætti einfalda samstarf í ríkisstjórn og mynda sterkar einingar í hverju ráðuneyti, að mati starfshópsins. Hann bendir þó á að slíkar skipulagsbreytingar krefjist ítarlegs undirbúnings og samráðs við meðal annars starfsmenn ráðuneyta.

Starfshópurinn leggur einnig áherslu á að fyrstu kaflar stjórnarskrárinnar verði endurskoðaðir. Skýra þurfi betur þingræðisregluna, stöðu forseta Íslands í stjórnkerfinu, ábyrgð ráðherra á

stjórnarathöfnum, verkaskiptingu ráðherranna, hlutverk forsætisráðherra og fleira.

Kanna þarf hvort auka þurfi möguleika ráðherranna á að ráða sér pólitíska aðstoðarmann, en á sama tíma draga úr aðkomu ráðherranna að mannaáðningum. Til dæmis megi skipa ráðningarnefndir til að skipa ráðuneytisstjóra og yfirmenn stofnana ríkisins.

Starfshópur forsætisráðherra leggur til að hugað verði að því að þeim reglum sem gilda um fjárstuðning við stjórnmalaflokka verði breytt. Fjárstuðninginn ætti að nota til að stýða við stefnumótunarhlutverk þeirra og félagsstarf, frekar en auglýsingar og kosningaherferðir flokkanna.

Efla ætti ytra aðhald með laga- setningum Alþingis. Starfshópurinn leggur í því skyni til að komið verði á fót formlegu ferli eða miðstöð sem þingmenn geti leitað til ef þurfa þykir til að fá álit á því hvort löggjöf standist stjórnarskrá og alþjóðasáttmála sem Ísland á aðild að. brjann@frettabladid.is

Full þörf á að efla framkvæmdarvaldið

Starfshópur um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis skilaði skýrslu sinni í gær. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Faglegur grundvöllur stjórnsýslunnar er veður vegna pólitískra inngripa í störf hennar og vegna smæðar. Heilt yfir þarf að efla framkvæmdarvaldið.
- Sterkara framkvæmdarvald þarf aukið aðhald frá Alþingi. Skoða þarf hvort stjórnarandstaða eigi að fá möguleika á að skjóta umdeildum málum í þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Bæta þarf vinnubrögð og starfsaðstöðu framkvæmdarvaldsins og skapa markvissari umgjörð um ríkisstjórnarfundum og ráðherrernefndir.
- Tryggja þarf faglegar mannaáðningar og veita stjórnendum aðhald. Stærri ráðuneyti og stofnanir myndu styrkja faglegan grundvöll stjórnsýslunnar.
- Skýra þarf hvernig stjórnvöld vilja að fjármálamarkaðurinn þróist. Í kjölfar þess þarf að skýra hlutverk, valdsvið og úrræði eftirlitsstofnana.



BRESKIR DAGAR

á Grand hótél Reykjavík dagana 6. - 12. maí

Breski matreiðslumeistarinn
Simon Rogers matreiðir

Ekta a la carte matseðill að breskum hætti

British brunch sunnudaginn 9. maí,
kl. 11:00 til 14:00
Verð 2.900 krónur

Pantanir á Breska daga
Netfang: veitingar@grand.is
Sími 514 8000

Grand hótél Reykjavík • Sigtúni 38 • 105 Reykjavík • grand.is



Grand
HOTEL
REYKJAVÍK

Til hamingju með daginn! Samfylkingin er 10 ára

L



Samfylkingin fagnar 10 ára afmæli um helgina. Við tökum til hendinni og gleðjumst saman. Allir hjartanlega velkomnir um allt land!

Í DAG, LAUGARDAG

AKUREYRI

Fjölskylduskemmtun á Eiðsvelli frá kl. 14. Skralli trúður, Einar einstaki töframaður, Rúnar eff, hoppukastalar, grillaðar pylsur og svali, kaffi og vöffllur í Lárusarhúsi.

AKRANES

Hreinsunaráttak. Mæting kl. 13 að Stíllholti 16–18. Verkefnið kynnt og skipt í hópa. Grillveisla kl. 16 eftir vel unnið verk.

ÁLFTANES

Ljósmyndamararþon kl. 14. Allir fá einnota myndavélar við Kvenfélagsgarðinn og mynda Álftanesið. Grill og gítarglamur og bestu myndirnar settar á netið.

ÁRBORG

Fegrum bæ og sveit með Árborgarliðinu. Mæting við Tryggvaskála á Selfossi kl. 11. Hafði með ykkur áhöld. Gleði og gaman. Boðið upp á vöffllur að hætti heimamanna.

GARÐABÆR

Opnum kosningaskrifstofuna Garðatorgi 5 kl. 11. Þjóðum upp á grillaðar pylsur, vöffllur og kaffi.

GRINDAVÍK

Hittumst við Hópsnes kl. 12. Frambjóðendur grilla við Verkalýðshúsið frá kl. 14. og ræða mikilvægustu málin fyrir komandi kosningar.

HAFNARFJÖRÐUR

Hittumst í kaffi á Strandgötu 43 kl. 10 og skipuleggjum hreinsun í kringum Reykjanesbrautina. Opnum kosningaskrifstofu á Strandgötunni kl. 15 með grillveislu og gamni.

HÚNAÞING VESTRA

Hittumst við kosningaskrifstofuna í félagsheimilinu á Hvammstanga kl. 10 og hreinsum til og grillum á eftir. Vöfflukaffi milli kl. 15 og 16.

HVERAGERÐI

Mæting kl. 13 í Sunnumörk. Hreinsunaráttak kynnt og skipt í hópa. Grill í Sunnumörk kl. 16 eftir vel unnið verk.

KÓPAVOGUR

Veisluhöld á tveimur stöðum: Samkaup Strax í Búðakór og í Hamraborg 11 kl. 15–17. Grill fyrir alla og skemmtun fyrir börnin.

MOSFELLSBÆR

Fjölskylduhátíð á miðbæjartorginu kl. 14–16. Kynnir: Felix Bergsson. Hljómsveitin The 59's, Mosfellskórinn, Lalli töframaður, hoppkastali, andlitsmálun og grill. Kaffi og kleinur í Þverholti 3.

REYKJAVÍK

Samfylkingin tekur til í öllum hverfum! Hittumst kl. 11 á Skólavörðuholti, við RÚV Efstaleiti, við Glæsibæ, við 365 Skaftahlíð, Vesturbæjarlaug, Select í Suðurfelli, Árbæjarlaug og kl. 12 í Spönginni. Göngum um og tinum rusl. Svo grillum við, syngjum datt og eigum frábæran dag saman.

Við ætlum að hittast á völdum stöðum, tína rusl, hreinsa til í umhverfinu og gera fleira skemmtilegt. Ekkert kampavín, engar snittur! Bara frábær afmælisdagur!

REYKJANESBÆR

Hreinsunaráttak! Mæting í Hafnar götu 50 kl. 9.30. Pylsur grillaðar að lokinni tiltekt kl. 12.30.

SAUÐÁRKRÓKUR

Hreinsunaráttak að okkar hætti. Lagt upp frá Ströndinni við Sæmundargötu kl. 17.

SEYÐISFJÖRÐUR

Safnast verður saman við ferjuhúsið kl. 11 og hreinsað til á svæðinu við Lónið. Að því loknu verður boðið upp á grillaðar pylsur og drykk með í skrúðgarðinum við kirkjuna. Allir velkomnir!

Á MORGUN, SUNNUDAG

BLÖNDUÓS

Söfnumst saman kl. 15 við Félagsheimilið. Göngustígar og opin svæði hreinsuð og grillað við Blöndubýggð 3.

BORGARBYGGÐ

Tökum til hendinni í Borgarfirði frá kl. 13. Útileikir, grill og skemmtun fyrir alla fjölskylduna í Skalló frá kl. 15.

ÓLAFSFJÖRÐUR

Hreinsun við Tjarnarborg kl. 11. Grill og gos í boði. Mætum öll og eigum notalega stund saman.

Bók sem allir hafa yndi af að lesa
– líka mamma, enda er þetta

Allra besta gjöfin
á mæðradaginn

Gömlu, góðu gildin
í heillandi sögu.
Metsölubók um allan heim.



www.Salka.is



GANDÍ VE Skipið er fyrsti togarinn sem Vinnslustöðin hefur keypt um nokkurt skeið. Eyjafjallajökull hamast uppi á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Frystitogari Gandí kom í fyrsta sinn til heimahafnar í Eyjum á fimmtudag:

Nýr togari til Vestmannaeyja

SIÁVARÚTVEGUR Nýr frystitogari, Gandí VE 171, kom í fyrsta sinn til heimahafnar í Vestmannaeyjum á fimmtudagskvöld. Það er Vinnslustöðin sem festi kaup á skipinu í vetur og verður það gert út til veiða og vinnslu á uppsjávarfiski og grálúðu.

Skipið, sem var smíðað árið 1986 og er 57 metrar að lengd og þrettán að breidd, hefur verið í klössun í nokkra mánuði í Hafnarfirði,

og var áður í eigu útgerðarinnar Sjávarblóms þar í bæ og hét þá Rex HF 24. Skipið var keypt af þrotabúi útgerðarinnar og hefur að mestu legið við bryggju í tvö ár.

Eins og vænta mátti fjölmenntu Vestmanneyingar niður á höfn þegar skipið kom þar til hafnar og myndaðist þar hátíðarstemning.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, er ánægður með skipið.

„Þetta er töluverð fjárfesting en það sem réttlætir hana er verðmætaaukningin sem er möguleg með þessu nýja skipi.“ Fullkominn vinnslubúnaður er um borð og tuttugu sjómenn verða í áhöfn. Frystigeta skipsins er um 100 tonn á sólarhring.

Kristján Einar Guðnason er skipstjóri á Gandí en hann hefur áður starfað hjá HB Grandi og Brimi hf.

- shá

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Öruggt samfélag

Ráðstefna The European Safe Community
í Reykjavík 19. - 20. maí 2010



Einstakt tækifæri

Til að sveitarfélag eða hverfi sé lýst Öruggt samfélag í skilningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), þurfa þeir sem mynda meginstöðir viðkomandi samfélags að vera þátttakendur í verkefninu um Öruggt samfélag.

Á Evrópuráðstefnu, sem haldin verður í Reykjavík 19. - 20. maí n.k., býðst Íslendingum einstakt tækifæri til að kynna „Safe Community“ verkefni WHO um Öruggt samfélag og þar með flestu sem snertir slysa- og ofbeldisvarnir í nærsamfélaginu.

Ráðstefnan er opin öllum sem áhuga hafa og greiða ráðstefnugjald.

Sjá nánar á vef Lýðheilsustöðvar:
www.lydheilsustod.is



Bankakreppa í Púerto Ríkó:

Bandarískur sjóður tekur þrjá banka yfir

VIÐSKIPTI FDCI, Tryggingasjóður innstæðueigenda í Bandaríkjunum, tók um síðustu helgi yfir þrjá banka í Púertó Ríkó. Sjóðurinn hefur tekið yfir 64 banka frá upphafi kreppunnar.

Bankarnir höfðu lánað mikið af fasteignalánunum og komu illa undan kreppunni sem rætur á að rekja til mikilla vanskila á íbúðalánunum vestanhafs. Bankarnir voru seldir keppinautum skömmu síðar.

Sheila Bair, forstjóri tryggingasjóðsins, sagði í samtali við bandaríska dagblaðið Washington Post nýja eigendur verða að bjóða upp á greiðsluáðlögun til að forða efna-



HVAD? Starfsmaður fjármálayfirvalda í Bandaríkjunum les tilkynningu frá Tryggingasjóði innstæðueigenda í Bandaríkjunum um yfirtöku á banka.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hagslífi Púertó Ríkó frá skakkaföllum.

- jab

Persónuleg jógestöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið

hefst 10. maí. Skráning hafin í síma
695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org

- Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
- Krakkajóganámskeið



Sumartilboð 10.900 kr.

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggisport.

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggisport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org

Innbrot í apótek í Keflavík:

Þjófurinn fannst í skruðgarðinum

INNBROT Brotist var inn í apótek við Suðurgötu í Keflavík í gærmorgun. Ekki liggur fyrir hvort einhverju var stolið.

Þjófurinn var á bak og burt þegar lögregla kom á vettvang. Hann fannst hins vegar skömmu síðar, drukinn og dópaður, á bekk í skruðgarðinum og naut þar morgunblíðunnar. Engin lyf fundust á honum og ekki er ljóst hvort hann hefur stolið einhverju og falið það, áður en lögregla skarst í leikinn. Maðurinn verður yfirheyrður í dag.

Fylgi við grínframboð sýnir óánægju með aðra flokka, segir stjórn málafræðingur:

Fjármálin eru sitjandi meirihlutum erfið

STJÓRN MÁL Erfið staða í fjármálum sveitarfélaga gæti valdið sitjandi meirihlutum vandræðum í komandi sveitarstjórnarkosningum, og valdið þeim fylgistaði, segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórn málafræði við Háskólann á Akureyri.

Grétar hélt erindi um sveitarstjórnarkosningarnar, sem fram fara 29. maí næstkomandi, á fundi Félags stjórn málafræðinga við Háskóla Íslands í gær.

Grétar sagði þar stefna í fremur slaka kosningabátttöku, sérstaklega í þeim sveitarfélögum þar sem einungis Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Vinstri græn eru í framboði.

Búast má við ívið betri kosningabátttöku

í sveitarfélögum þar sem val er um önnur framboð sem tekið geta við óánægjufylgi. Gott dæmi um það er Besti flokkurinn, sem býður fram í Reykjavík, segir Grétar.

Hann segir að athygli vekji að ríflega 40 prósent þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í Reykjavík nýverið hafi ekki tekið afstöðu. Tæplega fjórðungur til viðbótar segist ætla að kjósa grínframboð. Aðeins þriðjungur segist ætla að kjósa það sem kalla megi hefðbundna stjórn málaflokka.

Þetta endurpeglar óánægju kjósenda með hefðbundna stjórn málaflokka, segir Grétar. Flokkarnir hafi trúlega aldrei notið minna trausts en nú.



GRÍN Stuðningur við Jón Gnarr og Besta flokkinn er mun meiri en við hefðbundin grínframboð, sem sýnir óánægju kjósenda með hefðbundna stjórn málaflokka segir prófessor í stjórn málafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Í REYKJAVÍKURHÖFN Von er á fleiri skemmtiferðaskipum hingað til lands en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný þjónusta TVG-Zimsen:

Skemmtiferðaskipum fjölgar

FERÐAMÁL „Það stefnir allt í enn frekari fjölgun á komum skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur í sumar. Við erum með bókadár um 120 viðkomur skemmtiferðaskipa til landsins, þar af um 40 til Reykjavíkur,“ er haft eftir Birni Einarssyni, framkvæmdastjóra TVG-Zimsen, í tilkynningu fyrirtækisins.

TVG-Zimsen sér nú í fyrsta skipti um að þjónusta skemmtiferðaskip á Íslandi undir nafni TVG Zimsen - Eimskip Cruise Agency. „Tæplega 72 þúsund farþegar heimsóttu Ísland með skemmtiferðaskipum á síðasta ári sem var 16 prósent aukning frá árinu 2008. Nú í ár má því búast við enn fleiri ferðamönnum sem koma sjóleiðina til landsins,“ segir í tilkynningunni. - óká

Mótmæli í Eystrasaltslöndum:

Gleðiganga fáir að fara fram

MANNRÉTTINDI Mannréttindasamtökin Amnesty International krefjast þess að rétturinn til fundar- og tjáningarfrelsis sé virtur í Litháen. Samkynhneigðir mæta miklu andstreymi í aðdraganda Gleðigöngu, sem fyrirhugað er að halda í Vínúsi í dag.

„Amnesty International krefst þess að þátttakendur í Gleðigöngunni njóti fyllsta öryggis og að rétturinn til tjáningar- og fundarfrelsis sé virtur að fullu,“ segir í tilkynningu frá samtökunum.

Starfsmenn sveitarfélaga:

Lífeyrissjóður eignast golfvöll

VIÐSKIPTI Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga eignaðist Svarfhólsvöll við Ölfusa á uppboði hjá sýslumanninum á Selfossi á miðvikudag.

Greint er frá þessu í Sunnlenska fréttablaðinu. Þar segir að auk þess eignaðist sjóðurinn um 200 hektara lands í landi Laugarðæla í Flóa og skika úr landi Uppsala. Eignin var slegin á 290 milljónir króna, en áhvílandi skuldir námu um 1,5 milljörðum króna.

Um er að ræða svæði í útjaðri Selfoss sem VBS fjárfestingabanki og Ferjuholt ehf., byggingaraðilar tengdir bankanum, hugðust skipuleggja byggð á fyrir um sex til sjö þúsund íbúa.

Bjóðum í AFMÆLISKAFFI í ÖLLUM kaffihúsum í DAG

Uppáhellt Brasília og súkkulaðikaka í boði
Kaffitárs frá kl. 11.
Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar kl 6.-7.30
og kl. 14-16.

ÁRA AFMÆLI

Gvatemala í Bankastræti

Brasília á Höfðatorgi

Níkaragúa í Flugstöðinni

Kólumbía í Smáralind

Afrika í Þjóðminjasafni

Upplifðu heimskaffimenningu hjá okkur.
Spennandi dagskrá í öllum kaffihúsum.
Við leggjum heimin að vörum þér.

Indónesía í Kringlu og Stapabraut, Reykjanesbæ

Kaffitár



Fagnaðu mæðradeginum með BKI kaffi

Mæðradagurinn er á morgun.

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

Mæðradagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á Íslandi árið 1934. Síðurinn er sóttur til Bandaríkjanna þar sem dagurinn var fyrst haldin hátíðlegur opinberlega árið 1914, þann 9. maí.

Það var atorkusöm kona, Anna Marie Jarvis, sem kom deginum á en hún vildi minnst móður sinnar. Víða um heim tíðkast að kaupa blóm handa mæðrum á mæðradaginn. Þjóddu mæðrum upp á rjúkandi BKI kaffi á mæðradaginn.



Mömmur og góðar minningar eru allt í kringum okkur, kysst á bágtið, knús fyrir háttinn og dýrmætt hrós fyrir vel unnið verk. Njóttu dagsins og faðmlagsins og rifjaðu upp minningarnar. Tilvalið tækifæri fyrir mjúkt BKI kaffi. Kaupu gott BKI kaffi.

Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.

BKI Classic

Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



BKI Extra

Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibraðið við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kaupu BKI fyrir mæðradaginn



BIÐUR ÁTEKTA Gordon Brown átti ekki annan kost en að gefa David Cameron færi á að spreyta sig á stjórnarmyndun.

NORDICPHOTOS/AFP

Clegg vill sjá hvað Cameron býður

Gordon Brown gefur David Cameron kost á að mynda stjórn með Nick Clegg, en segist reiðubúinn til að reyna stjórnarmyndun ef Cameron nær ekki árangri. Kjördæmamálið ræður væntanlega úrslitum í stjórnarmyndunarviðræðum.

FRÉTTASKÝRING

Verður kosningafyrirkomulaginu breytt?

Nick Clegg, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, er kominn í þá stöðu að geta valið með hverjum hann vill stjórna. David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, hefur gefið loforð um að helstu kosningamálum frjálslyndra verði gert hátt undir höfði í stjórnarsáttmála samsteypustjórnar þeirra.

Gordon Brown, forsætisráðherra og leiðtogi Verkamannaflokksins, býður álangdar og hefur einnig lofað frjálslyndum öllu fögru fari viðræður Camerons og Cleggs út um þúfur.

Clegg hefur ekki viljað gefa nein svör, önnur en þau að sá flokkur sem flesta þingmenn fékk eigi rétt á að reyna fyrst að mynda stjórn. Hann býður þess að heyra nánar í hverju tilboð Camerons er fólgið.

Úrslitum ræður væntanlega hvor þeirra er tilbúinn til að ganga lengst í kjördæmamálinu, enda gæti breytt kosningafyrirkomulag gert langþráðan draum Frjálslyndra demókrata að veruleika: að verða einn af stóru flokkunum þremur í staðinn fyrir að sitja fastur í hlutverki þriðja flokksins sem engu ræður.

Úrslit þingkosninganna á fimmtudag voru vonbrigði fyrir alla leiðtoga þessara þriggja flokka, en líklega þó mest fyrir Nick Clegg því fyrir aðeins fáum vikum leit út fyrir að honum myndi takast að breyta landslagi breskra stjórn mála með því að gera flokk sinn að jafnoka hinna tveggja.

David Cameron getur að vísu fagnað því að hafa fengið flest atkvæði og um leið flest þingsæti, en hann náði ekki meirihluta eins og honum hafði þó verið spáð lengi vel.

Gordon Brown forsætisráðherra harmar að hafa misst meirihluta stjórnar sinnar, en gerir sér enn vonir um að geta haldið áfram að stjórna með Clegg sér við hlið. Samanlagður þingstyrkur þeirra dugar þó ekki til, og því þyrftu einhverjir smáflokkanna

Úrslit þingkosninganna

Breska þingið	Þingsæti	Breyting	Atkvæðahlutfall
Íhaldsflokkurinn	306	+97	36%
Verkamannaflokkurinn	258	-91	29
Frjálslyndir demókratar	57	-5	23
Flokkur lýðræðislegra sambandssinna (N-Írland)	8	-1	0,6
Skoski þjóðarflokkurinn (Skotland)	6	0	1,7
Sinn Fein (N-Írland)	5	0	0,6
Plaid Cymru (Wales)	3	+1	0,6
Sósíaldemókrata- og Verkamannaflokkurinn (N-Írland)	3	0	0,4
Græningjar	1	+1	1,0
Bandalagsflokkurinn (N-Írland)	1	+1	0,1
Kosningu frestað	1		

Skotland	Norður-Írland	Wales
Verkamannaflokkurinn 41	Flokkur lýðræðislegra sambandssinna 8	Verkamannaflokkurinn 26
Frjálslyndir demókratar 11	Sinn Fein 5	Íhaldsflokkurinn 8
Skoski þjóðarflokkurinn 6	Sósíaldemókrata- og Verkamannaflokkurinn 3	Frjálslyndir demókratar 3
Íhaldsflokkurinn 1	Bandalagsflokkurinn 1	Plaid Cymru 3
	Aðrir 1	

Margir fengu ekki að kjósa

Á nokkrum stöðum í Bretlandi varð kjörsókn meiri en starfsfólk kjörstaða réð við. Afleiðingin varð sú að nokkuð stór hópur þurfti frá að hverfa þegar kjörstöðum var lokað. Biðraðirnar voru einfaldlega of langar.

Samkvæmt breskum kosningalögum verða kjösendur að hafa fengið kjörseðil í hendurnar fyrir klukkan 22. Þeim sem komast ekki að er einfaldlega vísað frá.

Í London, Sheffield, Birmingham og víðar komu hópar fólks saman til að mótmæla þessu.

„Það er gríðarlega mikið af reiðu fólki hérna,“ sagði einn mótmælenda í London, sem hafði verið vísað frá kjörstað eftir að hafa staðið lengi í biðröð. „Þetta er algert hneyksli.“

að koma til liðs við hugsanlega stjórn þeirra – og óvíst með öllu hvort af því yrði.

Eins og fyrri daginn hafði kosningafyrirkomulagið veruleg áhrif á útkomu allra flokkanna. Þannig bættu frjálslyndir í reynd við sig einu prósentu atkvæða frá kosningunum 2005, en misstu samt fimm þingsæti.

Íhaldsflokkurinn fékk ekki nema fjórum prósentum meira en í síðustu kosningum, en fékk samt 97 þingmönnum fleira en síðast, og Verkamannaflokkurinn missti 91 þingmann þótt hann hefði ekki tapað nema sex prósentum.

Þetta skýrist af því að kosid er í einmenningskjördæmum, þar sem sá flokkur sem flest atkvæði fær í kjördæmi fær jafnframt þingsæti þess kjördæmis.

Þessu fyrirkomulagi vill Frjálslyndi flokkurinn fyrir alla muni breyta. Þrátt fyrir fögur orð Camerons er þó ekki víst að Íhaldsflokkurinn sé í reynd tilbúinn til að ganga langt til móts við sjónarmið frjálslyndra í þessum efnum, því breytt kosningafyrirkomulag gæti sem hægst haft í för með sér að langt verði þangað að til íhaldsmenn komist aftur í stjórn.

Eftir kosningarnar á fimmtudag eiga flokkarnir ekki aðra kosti en að mynda samsteypustjórn eða minnihlutastjórn. Síðast var gerð tilraun til slíks árið 1974 þegar Harold Wilson stjórnaði minnihlutastjórn Verkamannaflokksins. Sú tilraun entist ekki nema fáeina mánuði, en þá þurfti að efna til kosninga á ný. gudsteinn@frettabladid.is

ÉG Á MÖMMU!

Mæðradagurinn í
Garðheimum er
í samstarfi við
SOS barnaporpin

Mikið úrval

af skemmtilegum gjafakörfum
handa mömmu og ömmu

SOS
BARNAPORPIN

ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR!

– og fullt af fallegum sumarblómum svo sem:

Afsláttarhelgi



15% af grillum
10% af aukahlutum

weber
Fyrir vandláta...



Sólblóm



Margarítur



Daliur



Hengibrúðarauga



Stjúpur



Tóbakshorn

TÖKUM TIL Í GARÐINUM!



CASORON
illgresiseyðir
2890kr



Blá korn: 5, 10 og 40 kg
20% afsláttur



Á SVÖLUNUM!

Mikið úrval af
ræktunarkössum

Ný sending!



GÓÐ RÁÐ
GARÐHEIMA:

Við gróðursetningu sumarblóma:

Gott að blanda vatnskristöllum í moldina svo
ræturnar ná í raka. Strá smávegis af blá korni
yfir moldina eftir útplöntun eða vökva með
blómaáburði blönduðum í vatn 3svar á viku
yfir vortímann.

Tækjaleiga Garðheima

opið virka daga til kl.18.00, helgar til kl. 17.00

Mold og túnþökur í kerruna

Krúttlegur krusi
í pottahlíf

1.250kr

Fallegar
pottaplöntur
í úrvali!



Aðeins um helgina

15% AF ÖLLU



• öll grill



• allar sláttuvélar



• allt pallaefni, festingar og undirstöður



• öll verkfæri



• öll garðhús



• öll garðhúsgögn



• allar skjólgirðingar



• öll garðverkfæri



• allar útileguvörur




• öll reiðhjól



• allur útvistarfatnaður



• öll ljós



• allar flísar



• allar vörur í Blómavali



• öll viðarvörn



• allar ræktunurvörur



• öll leikföng



Hamborgari
& franskar **290** kr
laugardag og sunnudag
Kaffi Garður
Skútuvogi

Sælureitur 2010 kominn út

ÚTGÁFUHÁTÍÐ

15%

afsláttur
af öllu!

Aðeins
um
helgina

Hann er
kominn út!
130 síðna leiðarvísir
að þínum sælureit.

15% af öllum vörum í Sælureit
15% af öllum vörum í Blómavali



Einnig 15% afsláttur af:

Skjólveggir • Parket • Panill • Útimálning • Gróðurhús
Leiktæki • Heitir pottar • Hurðir • Útiljós • Útilegubúnaður • Gluggar
• Rotprær • Grillfylgihlutir • Allar vörur í Blómavali og margt fleira

Látum
verkin tala!

Sælureiturinn kemur inn á heimili landsins á næstu dögum, þú getur einnig skoðað hann á www.husa.is eða tryggt þér eintak í næstu verslun

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana og háð lagerstöðu á hverjum stað.


blómaval

HÚSASMÍÐJAN

Óska eftir að kaupa íslenskt – enskt Lingapone námskeið.

Námskeið sem samanstendur að einni stórrí bók sem á stendur Íslenskt enskt Lingapone námskeið. Kassa og kassettur. **Ég borga 40.000 fyrir námskeiðið**
Upplýsingar síma 865-7013

KRAFTYOGA/FRAMHALDS YOGA GOTT FYRIR ALLA OG UPPLAGT FYRIR HLAUPARA



Komum sterk inn í sumarið

Áhersla lögð á aukinn kraft, miklar teygjur, rétta öndun og góða slökun.

Kennt í Drafnarhúsinu Hafnarfirði (Sjúkrabjálfarinn)
Sanngjarnt verð
Skráning og upplýsingar í síma 6910381

» Sumargjöf

10.000 kr afsláttur

Flug tímabil: 4. maí–20. júní

Bókunartímabil: 4.-11. maí

Allar nánari upplýsingar um afsláttinn á www.icelandexpress.is
Bókaðu núna!

Iceland Express

með ánægju

www.icelandexpress.is

Afsláttarkóði:

IEX0502

ALVÖRU Jeppi TIL SÖLU



Toyota LC 120 / 2007 / 46" dekk

Dana 60 fr & aft / Milligir / Tölvukubbur / HL:5:38 / Loftkerfi / Gormar fr & loftpúðar aftan / Spil / Bedlock felgur / o. fl.

Ásett verð kr. 11,9 m / Nánari upplýsingar í síma 898-4988

FRÉTTASKÝRING: Hvernig er Landspítalinn búinn tækjum?

Stóraukin framlög þarf til tækjakaupa

Fyrirverandi yfirlæknir hjarta- deildar telur að tækjamál Landspítalans séu helsti veikleiki hans. Mörg stærri lækningatæki hefa hærri meðalaldur en ásætlanlegt getur talist. Sambærilegar stofnanir á Norðurlöndunum eru margfalt betur settar, og vart hægt að bera saman íslenskan raunveruleika í því samhengi.

Björn Zoëga, forstjóri LSH, og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, hafa lýst áhyggjum af því að fjárveitingar hafa ekki fengist frá ríkinu til eðlilegrar endurnýjunar á tækjabúnaði spítalans. Kallað er eftir skilningi fjárveitingavaldsins svo halda megi uppi því þjónustustigi sem Íslendingar telja ásætlanlegt. Björn orðar það svo að spítalinn sé kominn í gjaldþrot hvað varðar tækjakaup.

Lækningatæki á Landspítala

Að ósk Fréttablaðsins vann Landspítalinn samantekt um lækningatæki á spítalanum og hvernig fjárveitingar til tækjakaupa hafa þróast á undanförunum fimmtán árum. Samantektin sýnir hversu umfang starfseminnar er mikil og við hvað er að eiga þegar harðnar á dalnum í efnahagslegu tilliti.

Skráð lækningatæki í notkun á Landspítala eru nú um 11.930 talsins. Heildarendurnýjunarverð þeirra er um átta milljarðar, en heildarkaupverð er 4,9 milljarðar. Ódýrustu tækin kosta frá einhverjum þúsundum eða tugþúsundum króna en þau dýrustu yfir 300 milljónir króna. Meðalaldur tækjanna í dag er rúm átta ár. Mörg tæki eru á viðunandi aldri en mörg stærri tæki eru með hærri meðalaldur.

Tækjakaup og framlög á fjárlögum

Framlag til kaupa á lækningatækjum fyrir Landspítala hafa lækkað umtalsvert í krónutölu frá sameiningu LSH og Sjúkrahúss Reykjavíkur (Borgarspítala) árið 2000 til dagsins í dag. Eftir sameiningu var ljóst að umtalsverða fjármuni þurfti til bæði nýkaupa og endurnýjunar á lækningatækjum. Framkvæmdastjórn og forstjóri LSH töldu á þeim tíma að það væri forgangsmál að fá meira fjármagn til þessara þátta og yrði leitað eftir því á næstu árum. Það gekk hins vegar ekki eftir og greiðslur fyrir leigu á tækjum, sem gripið var til í neyð, hafa síðan tekið æ stærri hluta af fjárveitingu hvers árs. Því er búið að ráðstafa hluta af fjárframlagi til tækjakaupa til ársins 2014 og vegna

Lækningatæki - skilgreining

Lækningatæki samkvæmt lagaskilgreiningu:

- Hvert það verkfæri, búnaður, áhald, efni (þó ekki lyf) eða annar hlutur, notað eitt sér eða með öðru, ásamt hugbúnaði sem þarf til að tækið starfi rétt, sem framleiðandi ætlar til notkunar fyrir menn til þess að:
 - a. greina, hindra, athuga, meðhöndla eða lina sjúkdóma,
 - b. greina, hafa eftirlit með, meðhöndla, draga úr eða bæta líkamstjón, fötlun eða skerta getu,
 - c. rannsaka, breyta eða koma í stað líffæris eða lífeðlisfræðilegrar starfsemi,

gengishrunsins fer öll fjárveiting þessa árs og næsta árs til greiðslu leigusamninga.

Spítalinn hefur vegna þessa ekki haft fjárveitingu fyrir kaupum á stærri tækjum í nokkur ár og árið 2009 voru eingöngu keypt tæki sem bráðakaup fyrir um 25 milljónir króna en forgangsraðaðar beiðnir innan sjúkrahússins voru um 450 milljónir króna.

Fjárveiting og endurnýjun lækningatækja

Fjöldi lækningatækja í notkun kallar á endurnýjun í einhverjum mæli á hverju ári auk þess sem tæki úreltast og ný tækni kemur á markað fyrir meðferð og greiningu sjúkdóma auk nýrrar starfsemi. Verklag í klínískri starfsemi breytist og kallar á nýja tækni sem var ekki notuð áður og búnaður verður óhagkvæmur í rekstri og kallar á breytingu vegna hagkvæmni.

Á Landspítala fer fram mikið af starfsemi sem ekki er til staðar annars staðar í heilbrigðiskerfinu hér á landi og í mörgum tilfellum reidir starfsemin á landsvísi sig á tækjabúnað LSH, og má þar nefna röntgendeild, skurðstofur, gjörgæslu og rannsóknarstofur. Skiptir því miklu að rétt tæki séu til staðar og þau í lagi. Umfangsmikil starfsemi er innan LSH vegna þjónustu við tækin, bæði reglubundið eftirlit og einnig bráðaviðhald. Rík áhersla er lögð á að tæki í klínískri notkun séu í lagi og starfi eðlilega.

Lækningatæki eru nauðsynlegur hluti fyrir starfsemi LSH en fjármagn til endurnýjunar er aðeins lítið brot af heildarrekstri spítalans. Fjárveiting fyrir lækningatæki er nú um 0,6 prósent af fjárveitingu til rekstrar LSH og er það mun lægra en á sambærilegum sjúkrahúsum á Norðurlöndum.

Í athugun frá 2002, frá nokkrum helstu háskólasjúkrahúsum á Norðurlöndunum sem sinna sambærilegum rekstri og Landspítali,

er hlutfall fjárveitingar til tækjakaupa á móti fjárveitingu til rekstrars frá 1,8 prósentum til 3,2 prósent. Það ár var fjárveitingin 0,8 prósent á LSH. Hlutfallið hefur engu síður lækkað á undanförunum árum. Hlutfallið fyrir árið 2009 var um 0,53 prósent og verður um 0,68 prósent fyrir árið 2010.

Landspítali er því að fá hlutfallslega mun minna til tækjakaupa en sambærileg sjúkrahús á Norðurlöndunum. Þörfin fyrir endurnýjun er hins vegar jafnmikil hér og á þeim sjúkrahúsum sem samanburðurinn nær til.

Helsti veikleikinn


Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir stuttu að staðan væri mikið áhyggjumál. Það sé orðin veruleg þörf á venjulegum lækningatækjum. Þar má nefna öndunarvélar, ómtæki og línuhraðal, sem kostar til dæmis um 300 milljónir í stofnkostnað. „Með hverju árinu sem líður verður þessi þörf sífellt meiri og þá erum við ekki að tala um neinar nýjungar,“ sagði Ólafur og bætti við að samfélagið verði að gera upp við sig hvort kaupa á nýjustu tækni til landsins eða hvort senda eigi fólk til rannsókna til útlanda.

Guðmundur Þorgeirsson, prófessor í lyflækningum við Háskóla Íslands og fyrirverandi forstöðumaður hjarta- og lungnaeildar LS, telur að tækjamál LSH séu helsti veikleiki spítalans. Hann segir að mannaflí, skipulag þjónustu, rannsóknir, kennsla og jafnvel húsakosturinn geri LSH að þeirri öfluglu stofnun sem menn þekki. Það sé því úr takti að kaup og endurnýjun á tækjakosti spítalans sé háð þeim annmörkum sem raun ber vitni.



SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Starfsemi Landspítalans í Reykjavík



STARFSEMI Á 33 STÖÐUM Tækjamál LSH verður að skoða í ljósi þess hversu starfsemin er dreifð. Nýtt háskólasjúkrahús mun spara stórar upphæðir vegna hagræðis, og á það ekki síst um betri nýtingu tækja og búnaðar. Sem dæmi má nefna að tvennt þarf af ýmsum dýrum tækjum vegna skiptingar á milli starfseminnar í Fossvogi og við Hringbraut.

 **HYUNDAI**



VANDAÐUR OG FLOTTUR BÍLL
SEM KEMUR Á ÓVART

i30



ENMEM / SIA / N442099

i30

Oft þarf ekki mikið til að þú sjáir heiminn í nýju ljósi og við höldum að eftir heimsókn til okkar í dag munir þú hugsa þig tvisvar um við næstu bílakaup. Komdu og kynntu þér Hyundai *i30*, rúmgóðan og vel búinn fjölskyldubíl sem við ábyrgjumst að á eftir að koma þér á óvart.

Gerðu þér dagamun um helgina, skoðuðu glæsilegan, nýjan Hyundai og þiggðu hjá okkur veitingar.

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

Opið í
dag frá kl.
12-16

Verð frá: **2.590.000 kr.**

B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is



Handtökur og gæzluvarðhaldsúrskurðir eru aðeins hinn sýnilegi hluti rannsókna.

Réttvísinn hefur sinn gang

Handtaka tveggja af fyrrverandi forsvarsmönnum Kaupþings og úrskurður héraðsdóms um gæzluvarðhald yfir þeim markar nokkur tímamót í rannsókn sérstaks saksóknara á bankahruninu. Viðbrögð margra hafa verið ánægja með að saksóknarinn og hans lið sé að vinna vinnuna sína; loksins sjáist einhver merki um að lögum verði komið yfir þá sem báru ábyrgð á hruninu.

Þó eru atburðir síðustu tveggja daga ekki annað en sýnilegur hluti gífurlega umfangsmikillar rannsóknar embættis sérstaks saksóknara. Það að tveir grunaðir menn skuli dæmdir í gæzluvarðhald sýnir að brotin, sem þeir eru grunaðir um, eru alvarleg og gefur samt ekki endilega vísbendingu um að þeir verði sakfelldir þegar upp verður staðið. Ýmis dæmi eru um að menn, sem hafa verið úrskurðaðir í gæzluvarðhald, hafa ekki hlotið dóm.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Um leið er frekar langsótt að saka saksóknara eða dómstóla um að setja á svið eitthvert leikrit til að þóknast fjölmiðlum og almenningsálitinu með því að handtaka

menn og úrskurða í gæzluvarðhald. Í því andrúmslofti, sem nú ríkir í samfélaginu, eru saksóknarinn og dómarnir vissulega undir þrýstingi um að ná fram sakfellingum gagnvart bankamönnum, og margir eru sjálfsagt reiðubúnir að áfella þá fyrir aumingjaskap ef það gengur ekki hratt og vel. Þeir hljóta hins vegar jafnframt að vera rækilega meðvitaðir um að einhvern daginn fellir sagan annan og yfirvegaðri dóm yfir vinnubrögðum þeirra. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að reglum réttarríkisins sé fylgt til hins ýtrasta.

Seint verður itrekað nógu oft að menn eru saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð. Handtaka, gæzluvarðhald eða ákæra er ekki endanlegur dómur. Þeir, sem finna nú til léttis yfir því að einhver skuli loksins vera handtekinn, verða líka að búa sig undir að verða fyrir vonbrigðum ef til dæmis kröfu um gæzluvarðhald er hafnað eða dómstólar sýkna ákærða bankamenn þegar fram líða stundir. Það er þá ekki endilega til merkis um að dómkerfið hafi brugðist; það getur líka sýnt fram á að réttarríkið virki og menn séu ekki sakfelldir án nægra sannana.

Flest bendir hins vegar til að alvarleg afbrot hafi verið framin í aðdraganda falls bankanna. Einmitt til þess að þeir fái refsingu, sem eiga hana skilda og enginn sem ekki hefur brotið af sér verði ranglega sakfelldur, er nauðsynlegt að rannsókn hinna gífurlega umfangsmiklu hrumsála verði eins ýtarleg og vönduð og mögulega er unnt. Ragna Árnadóttir dómismálaráðherra segir í viðtali við Fréttablaðið í dag að fjölga þurfi starfsmönnum hjá embætti sérstaks saksóknara. Embættið telur sig þurfa tugi starfsmanna til viðbótar. Þrír ráðuneytisstjórnar meta nú hvernig á að bregðast við.

Ef fjölga þarf starfsfólki hjá sérstökum saksóknara til að unnt sé að rannsaka allan grun um afbrot í banka- og fjármálakerfinu á að gera það sem fyrst, til þess að réttvísinn hafi sinn gang.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ÚTSALA

á sumarbústaðalóðum

Lóðirnar eru eignalóðir. Örstutt í ölla þjónustu í Reykholti

Eingin kvöð um byggingarhraða. Rafmagn, heitt og

kaltvatn að lóðarmörkum. Verð frá 890.000kr

Uppl. 861-8689 og 823-9448



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Trúin á krónuna

Fjármálaráðherra beindi athygli sinni að vanda Grikkja á dögunum. Af því tilefni lofsöng hann bæði guð og krónuna eins og hún væri hluti af sköpunarverkinu.

Kenning fjármálaráðherra er sú að betra sé að búa við sveigjanlegan gjaldmiðil en sæmilega stöðugan. Þannig megi styrkja útflutningsgreinarnar þegar á þarf að halda með því að lækka gengið. Þetta er rétt að því gefnu að þjóðin ráði í raun og veru skráningu gjaldmiðilsins.

Veikleikinn í kenningu fjármálaráðherra er hins vegar sá að í opnu alþjóðlegu hagkerfi eru það erlend markaðsöfl sem ráða gengi krónunnar. Reynslan hefur



ÞORSTEINN PÁLSSON

sýnt að stjórn- tæki Seðla- bankans og rík- isstjórnarinnar duga ekki til þess. Pólitískt fullveldi yfir krónunni fæst aðeins með því að loka hagkerfinu eins og gert er um þessar mundir með gjaldeyrishöftum.

Sveigjanleiki krónunnar sem erlend markaðsöfl spiluðu á leiddi til þess að fimmtungur af íslenskum heimilum lenti í skuldafjötrum sem þau ráða ekki við. Þetta gerðist ekki í Grikklandi.

Áttatíu hundraðshlutar

íslenskra fyrirtækja urðu tæknilega gjaldþrota eins og það hefur verið kallað vegna sveigjanleika krónunnar. Ekkert svipað gerðist í Grikklandi. Þegar fjármálaráðherra talar um bættan hag útflutningsgreina sleppir hann að horfa á skuldastöðuna.

Fyrir tíma erlendra lána og verðtryggingar mátti brenna skuldir með gengisfellingum. Sá tími er liðinn. Grikkir gátu ekki létt skuldavanda sinn með sveigjanlegri mynt.

Í trúarlegri skírskotun fjármálaráðherra um ólíka gæfu Íslendinga og Grikkja fólst einfaldlega röng greining á þeim mikla vanda sem báðar þessar þjóðir glíma við.

Guðsríki myntkerfa er ekki í nánd

Ekkert peningakerfi er svo fullkomið að jafna megi því við guðsríki. Menn geta stjórnað sér bæði vel og illa þó að þeir noti stóra alþjóðlega mynt. Satt best að segja gerir evran kröfu um enn meiri aga við hagstjórn en þar sem menn geta leiðrétt mistök sín með því að rýra eignir og laun almennings með gengisfellingum.

Grikkir eru að því leyti í þrengri stöðu en Íslendingar að þeir geta ekki við þessar aðstæður flutt peninga og eignir frá almenningi til útflutningsfyrirtækja með gengislækkun. Það eru

líka reiknikúnstir sem auka ekki raunveruleg verðmæti útflutningsins. Sú léttu leið er auðveldari til skamms tíma en er oftast verri til lengri tíma.

Til framtíðar litið eru Íslendingar því í þrengri stöðu en Grikkir vegna þess að kostnaðurinn við að halda sjálfstæðri mynt kemur fram í hærri vöxtum og gjaldeyrishöftum. Það hamlar raunverulegum hagvexti. Þetta þýðir að Íslendingar geta aðeins bætt samkeppnisstöðu landsins með lægri lífskjörum til frambúðar.

Eðlilega hræðast margir evruna í slíkum ólgusjó sem hún er.

Sumir efast um að hún haldist á floti. Ástæðulaust er að loka augunum fyrir þessum aðstæðum. Við sitjum hins vegar uppi með gjaldmiðil sem sökk með skelfilegum afleiðingum. Sterkar sjálfstæðar myntir eins og sterlingspundið eiga líka í vök að verjast.

Við þurfum fyrst og fremst að huga að því að verða ekki einangrað eyland í peningamálum. Fjármálaráðherra vill hins vegar af trúarlegum ástæðum fara leið út úr vandanum sem verður almenningi á Íslandi dýrkeyptari en í Grikklandi þegar upp verður staðið.

Grísku töfrabrogðin íslenskuð

Skuldavandi ríkissjóðs Grikklands hrannaðist upp án þess að samstarfsþjóðirnar í Evrópska myntbandalaginu tækju eftir. Það gerðist með því að grískar ríkisstjórnir fundu hjáleidir um bókhald ríkissjóðs þegar lán voru tekin til margvíslegra framkvæmda.

Ástæða er til að leiða hugann að þessu fyrir þá sök að íslensk stjórnvöld eru að feta sig inn á þessa braut. Nokkur sveitarfélög hafa reynt þetta með misjöfnum árangri.

Nú á að fjármagna nýjan Landspítala framhá bókhaldi ríkissjóðs;

sömuleiðis nýja samgöngumiðstöð og mörg verkefni í vegamálum. Sérstakur lögaðili er búinn til milli lífeyrissjóðanna og ríkissjóðs til að taka við lánunum þeirra í þessum tilgangi.

Félagsmálaráðherra hefur kynnt nýja framkvæmdahrinu vegna hjúkunarheimila aldraðra. Íbúðalánasjóður verður þar milliliður milli ríkissjóðs og sveitarsjóða. Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavík og Kópavogi hafa boðað milljarða lántökur með þessum hætti til að örva atvinnu.

Að ákveðnu marki má færa rök

fyrir framkvæmdum með þessu lagi. Áhættan minnkar ef raunhæf notendagjöld standa undir endurgreiðslum. Þau þrengja hins vegar svigrúm ríkissjóðs til tekjuöflunar. Hér er því mikillar aðgátar þörf. Þetta er hugmyndafræði vogunarsjóðanna. Lánin verða ekki endurgreidd með því einu að loka guð og krónuna.

Óhjákvæmilegt er að fjármálaráðherra geri gleggri grein fyrir því svigrúmi sem hann telur vera til slíkrar einkafjármögnunar til hliðar við bókhald ríkissjóðs. Grísku töfrabrogðin eru víti til varnaðar.

Sumargleði!



20 til 30%
afsláttur af öllum vörum



SAND

BOSS
HUGO BOSS


HUGO
HUGO BOSS

RALPH LAUREN

Regndagar!

15% afsláttur

af **TICKET
TO HEAVEN**



20% afsláttur af

POLO RALPH LAUREN



POLO RALPH LAUREN

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

Tökum til á tíu ára afmælinu

Stjórnsmál

Jóhanna Sigurðardóttir

formaður Samfylkingarinnar



Um helgina heldur Samfylkingarfólk um allt land upp á tíu ára afmæli flokksins. Eftir verður til tiltektardags á vegum allra framboða flokksins til sveitarstjórna þar sem áhersla verður lögð á að febra og bæta umhverfið. Þannig er með táknaðum hætti haldið upp á afmælið og einnig minnt á að þörf er síðbótar og endurskoðunar á pólitísku umhverfi og forsendum stjórnsmálaláttu á Íslandi.

Stofnfundur Samfylkingarinnar var haldinn í byrjun maí árið 2000. Með honum tókst að sameina íslenska jafnaðarmenn í eina hreyfingu eftir áratuga sundrung. Markmið flokksins var að fá umboð kjósenda til að taka forystu í landstjórninni, með velferð, jöfnuð og réttlæti að leiðarljósi. Enda þótt andstæðingar hafi spáð illa fyrir Samfylkingunni og talið víst að þar myndi verða stöðug óeining milli ólíkra afila sem að henni stóðu hefur reyndin orðið önnur. Flokkurinn varð fljótt samstilltur og innan hans hefur skapast góð umræðuhæfi þar sem mál eru leidd til niðurstöðu á farsælan hátt.

Í þeim anda hefur verið skipað umbóta-nefnd sem á að stýra lærdómsferli flokksins vegna eigin starfshátta og verka á liðnum árum þegar viðskiptablokkir tóku

völdin í þjóðfélaginu og sprengdu efnahagskerfið án þess að stjórnsmálaflokkur fengju rönd við reist. Samkrull stjórnsmála- og viðskiptaafila hefur reynst skaðlegt og slíkt þarf að fyrirbyggja. Og mín skoðun er sú að stjórnsmálaflokkur eins og Samfylkingin verði á hverjum tíma að hafa innri styrk til þess að halda klassískum gildum jafnaðarstefnunnar hátt á loft enda þótt aðrir hugmyndastraumar og tískubólur sæki á úr ýmsum áttum frá hagsmunasamtökum og kenningasmíðum.

Markmiðin náðust

Þegar lítið er yfir 10 ára sögu Samfylkingarinnar verður ekki annað sagt en að hún hafi náð verulegum áhrifum. Í fernum þingkosningum hefur fylgi flokksins verið frá 27 prósentum upp í 31 prósent og þingmenn frá 17 til 20 eins og þeir eru nú. Hið sama má segja um ítök í sveitarstjórnunum og í kosningunum á þessu vori býður Samfylkingin fram í eigin nafni á fleiri stöðum en nokkru sinni fyrr. Og nú er flokkurinn í meirihlutasamstarfi á Alþingi við Vinstri hreyfinguna grænt framboð. Það verður því ekki annað sagt en að aldamótadraumurinn frá stofndögum flokksins um samstarf jafnaðar- og félagshyggjufólks hafi ræst, þótt sá veruleiki sem við er að glíma sé annar en við mátti búast þegar allt virtist leika í lyndi á sviði efnahagsmála.

Vissulega hefði verið ánægjulegt ef hægt hefði verið að halda upp á tíu ára afmæli Samfylkingarinnar við betri efnahagslegar ástæður en nú er raunin. Okkar tími rann upp þegar áratuga óstjórn og sóun Fram-

sóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undirgunnfána frjálslyggjunnar leið undir lok á Íslandi með skelfilegum afleiðingum fyrir efnahag þjóðarinnar og lífsskjör almennings. Það kom í hlut okkar jafnaðarmanna að stjórna því verki að endurreisa og endurhæfa íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Undan því hlutverki verður ekki vikist.

Betra samfélag

Í áraunum undanfarinna vikna og mánaða hefur Samfylkingin sýnt að hún hefur burði og þroska til að takast á við þetta krefjandi verkefni. Samstaða hefur einkennt verklag og vinnubrögð okkar í ríkisstjórn og sveitarfélögum allt frá hrúni, og sá árangur sem náðst hefur á liðnum mánuðum er langt umfram það sem búist var við. Í stað samfélagslegrar upplausnar og efnahagsöngþveitis eftir hið fordæmalausa hrún bankakerfis og gjaldmiðils sem yfir okkur gekk, blasir nú við að öllum frekari áföllum vegna hrunsins hefur verið afstýrt, innviðir efnahagskerfisins hafa verið byggðir upp á ný og þegar líða tekur á árið verður hagvöxtur vonandi farin að glæðast á Íslandi á ný. Allt hefur þetta gerst á undraskömmum tíma, svo skömmum að erlendir samstarfsaðilar okkar tala um þrekvirkni í því sambandi.

En verkefnið er rétt að hefjast. Á rústum frjálslyggjutilraunarinnar er uppbygging nýs og betra samfélags hafin á Íslandi, norræns velferðarsamfélags þar sem velferð fjölskyldunnar, ekki síst barna, aldraðra og þeirra sem eiga undir högg að sækja, er sett í öndvegi. Gildi jöfnuðar, réttlætis og sam-

hjálpur verði í öndvegi hvar sem Samfylkingin heldur um stjórnartauma, hvort sem er í ríkisstjórn eða sveitarstjórnunum og sú uppstokkun sem nú stendur yfir í stjórnkerfinu, atvinnulífínu og samfélagsgerðinni allri mun þannig skila okkur betra samfélagi.

Veruleiki daglegs lífs

Framboð til sveitarstjórnarkosninga eru Samfylkingunni sérstaklega mikilvæg. Flokkurinn hefur sótt verulegan hluta af sinni breiðu og öflugri forystusveit á vettvang sveitarstjórnarstarfs. Tíu ára saga Samfylkingarinnar sem flokks hefur borið órækt vitni um það að flokkurinn hefur á að skipa fjölda traustra og hæfileikaríkra einstaklinga sem er í góðu jarðsambandi við fólkið í landinu. Forystusveit sem vinnur saman að heildarhagsmunum þjóðarinnar en skarar ekki eld að eigin köku.

Það sem máli skiptir er veruleiki venjulegs fólks. Verkefnið er að sjá og heyra hver vandamál hins daglega lífs eru í raun, taka á dagskrá og gera almenna velsæld að daglegu viðfangsefni stjórnsmálanna. Vinna og velferð eru kjörorð vorsins.

Við höfum með starfi Samfylkingarinnar sl. tíu ár sannað að flokkurinn átti erindi í íslenskum stjórnsmálum. Við getum með sama hætti horft bjartsýn til framtíðarinnar, fullviss um að gildi jafnaðarmennskunnar um frelsi, jafnrétti og bræðralag eiga erindi við Íslendinga sem aldrei fyrr. Nú er það í okkar höndum að sýna og sanna að þau séu annað og meira en orðin tóm – þau séu grunnur að betra samfélagi fyrir Ísland og Íslendinga.

Græn borg er skemmtileg borg

Borgarmál

Einar Skúlason

oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík.



Reykjavíkurborg á að vera í fararbroddi í umhverfismálum. Ekki er nóg að stíga græn skref, þótt þau séu góð. Við þurfum græna byltingu.

Fjölmargin má gera betur. Það þarf að auka flokkun á sorpi, meðhöndla úrganginn betur og nýta í verðmætasköpun. Við þurfum að þetta byggðina án þess að ganga á græn svæði. Við viljum gefa áhugahópum kost á því að taka svæði í borgarlandinu í föstur, s.s. rólúvelli, torg og græn svæði. Við þurfum að febra hverfi borgarinnar. Það þarf að auka þjónustu við þá sem ferðast á umhverfissvænan hátt og auka framboð umhverfissvænna orku-gjafa. Það ætti að skylda borgarstofnanir til þess að kaupa einungis umhverfissvænna bíla sem

lið í umhverfissvænni innkaupa-stefnu.

Margar útivistarperlur er að finna innan borgarmarkanna. Ég vil nefna sérstaklega vatnasvið Elliðaár og vatnasvið Úlfarsár. Það þarf að vinna heildarskipulag fyrir bæði þessi svæði með sérstakri áherslu á aðstöðu til útivistar og fræðslu um náttúru og umhverfi.

Markmið umhverfisverndar þjóna þeim tilgangi að gera borgina fallettri og betri til að búa í. Leiðum til að njóta borgarinnar og þess sem hún hefur upp á að bjóða fjölgar í kjölfarið. Um leið og við leggjum áherslu á umhverfismál, styðjum við á sama tíma við holla hreyfingu og útivist. Við bætum aðstöðuna til hjólræða, sjósunds og hestamennsku svo fátt eitt sé nefnt. Í nafni umhverfisverndar og betra mannlífs getum við fjölgað gönguleiðum um náttúru borgarlandsins, um Heiðmörk, Óskjuhlíð og hlíðar Esjunnar.

Lykilatriðið er þetta: Græn borg er skemmtileg borg. Í þeim anda á að byggja upp borgina.

Konur

Borgarmál

Jón Gnarr

oddviti Besta flokksins.



Það er gott að hlæja. Maðurinn er eina dýrategundin á jörðinni sem hefur húmor. Simpansar hafa reyndar vott af húmor en hann er á frekar lágu plani; svokallaður kúk og piss-húmor. Dýrin eru einfaldlega ekki nógu gáfuð til að hafa húmor. Þau hafa ekki tímaskyn og geta ekki hugsað abstrakt. Íslenska orðið yfir húmor er enda „kímnigáfa“.

Karlar og konur hlæja misjafnlega mikið og af misjöfnum hlutum. Það er einstaklingsbundið en líka kynbundið. Erlendar rannsóknir sýna að karlmenn virðast hafa mest gaman af klámbróndurum. Konur aftur á móti hafa meira gaman af orðaleikjagrini eða svokölluðum „Clever-humor“. Það gefur vísbendingar um að konur séu klárari en karlar. Karlar og konur eru ólík á margan hátt, ekki bara líkamlegan. Bæði kynin hafa sína kosti og sína galla. Allir karlmenn eru eins og Homer Simpson og allar konur eru eins og Marge. Það er bara þannig.

Allir vita að öllum konum finnst gaman að taka til. Við þurfum konur í það mikla tiltektarstarf sem bíður okkar í borginni. Samfélag okkar er í molum eftir mörg ár af frekju og yfiringangi. Viðskiptabólan blés upp af frekju, sprakk og skildi eftir sig sviðna jörð og slettur útum allt. Það er ekki gott. Stjórnsmál eru eins og keppni í frekju þar sem hinn frekasti vinnur með því að vaða yfir alla aðra með yfiringangi og preytandi blaðri. Konur hafa verið í minnihluta á báðum þessum sviðum. En nú þörfnumst við þeirra,

ekki bara í tiltektina heldur líka í uppbygginguna. Við hvetjum konur til að vera með í Besta flokknum. Öllum konum finnst gaman að punta sig og gera fínt í kringum sig. Nú er tækifærið! Karlmenntunna ekki að punta. En þeir eru góðir í að bera og stilla upp ef einhver kona leiðbeinir þeim.

Besti flokkurinn vill sjá frekju víkja fyrir húmor og gjafmildi. Endurfæðing íslensks samfélags verður engin án kvenna. Við viljum reka þessa borg eins og gott hjónaband þar sem bæði hjónin eru glöð. Því kynnum við nú nýjan og kynbættan framboðslista. Við fjölgum konum á listanum. Margar konur vilja vera í Besta flokknum en ekki á listanum og hlakka til að vinna fyrir Besta flokkinn. Konur eru skemmtilegar, detta skemmtilegir hlutir í hug og gera skemmtilegt. Þær eru góðar í að hafa áhyggjur og gera lista yfir hluti sem þarf að gera. Þær klæða sig líka yfirleitt á fjölbreyttari og skemmtilegri hátt en karlar. Við viljum sýna í verki virðingu okkar fyrir íslenskum konum. Konur eru helmingur landsmanna og það er okkar trú að hér væri mikið betra að vera ef konur stjórnuðu meiru og hefðu fengið meira kredit fyrir það sem gott hefur verið gert hér á þessu landi. Þær hefur frekjan oftan en ekki tekið völdin og heiðrað sjálfa sig á kostnað hins auðmjúka.

Á Arnarhóli stendur stytta af Ingólfi Arnarsyni, til heiðurs því fólki sem fyrst nam hér land. Það voru bæði menn og konur. Ef engar konur hefðu verið með í för værum við einfaldlega ekki til. Það er því krafa Besta flokksins að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum sem hafa verið uppi, en ekki náð fram, að við hlið stytunnar af Ingólfi Arnarsyni rísi önnur og jafnstór stytta af Hallveigu Fróadóttur, eiginkonu hans.

BETRI TÖLVUR

ThinkPad fartölvur frá Lenovo búa yfir fullkomnustu tækni sem völ er á enda hafa þær unnið til fjölda verðlauna.

Þeir sem vilja ná árangri velja hágæða umhverfissvottaðar fartölvur frá Lenovo.



Tölvubúnaður

ThinkPad fartölvur · IdeaPad fartölvur · Lenovo borðtölvur · Lenovo skjár

lenovo ThinkPad



ThinkPad T410

Fyrir kröfuharða notendur
Core i5 520M örgjörvi
4GB minni
320GB diskur
14,1" LED skjár
Windows 7



ThinkPad Edge

Ný kynslóð ThinkPad fartölva
AMD L625 örgjörvi
4GB minni
320GB diskur
13,3" LED skjár
Windows 7



ThinkPad X100e

Nett vél fyrir fólk á ferðinni
AMD MV40 örgjörvi
2GB minni
250GB diskur
11,6" LED skjár
Windows 7

NÝHERJI

FRÁBÆRIR ÞRÁÐLAUSIR HEIMASÍMAR

Blaðraðu eins og þú vilt



ÁSKRIFT

fylgir með á 0 kr.
í 2 mánuði.

Bættu við
2.000 KR.
og fáðu þriðja
símtólið

DORO FORM 20 DUO

Nettur og þægilegur sími með aukatóli.
Frábær hljómgæði og einfalt viðmót.

9.900 kr.



DORO TH70

Töfð sími með SMS-virkni,
200 nafna símaskrá og hátalara.

11.490 kr.

ÁSKRIFT

fylgir með á 0 kr.
í 2 mánuði.



PANASONIC 6411

Flottur sími með 100 nafna símaskrá.
Hægt að bæta við allt að 5 símtólum.

10.900 kr.

ÁSKRIFT

fylgir með á 0 kr.
í 2 mánuði.

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

LAMBAKJÖT FROSIÐ EÐA FORKRYDDAÐ !



998
KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI



2698
KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBAFILLET



1398
KR.KG

K.S LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



1598
KR.KG

K.S LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM

K.S FROSNAR LAMBA-SIRLOIN SNEIÐAR



998
KR.KG

Lamba-sirloin eru sneiðar úr mjaðma hluta lambalærisins



TILBÚIÐ Á GRILLIÐ

2918
KR.KG

SS GRAND ORAGNE LAMBAFILLET

30% AFSLÁTTUR

MERKT VERÐ 4168 KR.KG .

EITT TONN Í BODI Á ÞESSU VERÐI



TILBÚIÐ Á GRILLIÐ

2398
KR.KG

KF KINDAFILLET KRYDDAÐ . MERKT VERÐ 2998 KR.KG.

20% AFSLÁTTUR

FERSKT **GRÍSAKJÖT** Á GÓÐU VERÐI



498
KR.KG

GV FERSKUR GRÍSABÓGUR



879
KR.KG

GV FERSKT GRÍSAGÚLLAS



879
KR.KG

GV FERSKUR GRÍSAHNAKKI



879
KR.KG

GV FERSKT GRÍSASNITSEL



879
KR.KG

GV FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



205
KR. FL

HUNTS BBQ SÓSA 612g



398
KR. FL

CAJ-P BBQ OLÍA 500ml

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18

SUNNUD: 12-18

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FERSKUR KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI



598
KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



Bringu **1598**
KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



79

KR. 1/2 LTR

PEPSI OG PEPSI MAX 500 ML



898
KR.KG

N.V FERSKT HAKK



259
KR. 1 KG

BARILLA SPAGHETTI 1 KG



139
KR.PK

BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK

1359
KR. PK

KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 X 120G



398
KR. PK

GRÍMS PLOKKFISKUR 400G

BÓNUS SAMLOKA +33 CL. GOSDÓS

198 KR.



179
KR. 2 LTR



BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18

SUNNUD: 12-18

Forkastanleg vinnubrögð sérstaks saksóknara!

Réttarkerfið

Jakob Frímann Magnússon

framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar og formaður STEF & FTT



Hálfu öðru ári eftir hrun íslenska bankakerfisins hefur orðið háværari krafan um sýnilegan afrakstur rannsóknarvinnu sérstaks saksóknara og annarra sem treyst hefur verið til að komast til botns í meintum sakarefnum tengdum hruninu. Skv. íslenskum lögum eru menn saklausir þar til sekt þeirra hefur verið sönnuð. Spegla þá ekki vissa örvæntingu og vísbendingu um getuleysi rannsóknaraðila og ákær- enda að boða siendurtekið til blaðamannafunda og tilkynna að til standi að rannsaka þennan eða hinn og láta birta myndir af hinum sömu? Er sú lenska ekki með öllu óþolandi að þeir sem treyst hefur verið til svo vandasamra verka af sjálfu ríkinu skuli siendurtekið leita á náðir dómstóls götunnar í stað þess að vinna verk sín í kyrrþey, birta síðan ákærur ef einhverjar eru og láta dómstólum eftir að dæma?

Við minnumst miskunnarleysis og

handjárnunar vegna Hafskipsmálsins á níunda áratugnum sem síðan reyndist tilbúningur samkeppnisaðila. Lærðum við af því? Ekki nokkurn skapaðan hlut.

Íslenskir embættis- og rannsóknarmenn hafa ítrekað beitt þeim ráðum á undanförunum árum að kalla til fjölmiðla og þar með dómstól götunnar þegar kosið

á undanförunum misserum með gömlu tugguna: „Okkur grunar að þessi eða hinn eigi skilið ærlega ráðningu, við ætlum að kalla hann fyrir, rannsaka, ákæra og láta dæma ef kostur er...“

Þessari aðferðafræði rannsóknar- og ákæruaðila hljóta allir sémilega inn-



Kynni það að vera stærsta áhyggjuefni sérstaks saksóknara að forsíðumyndir blaðanna í gær af handtöku tveggja bankamanna verði einu handtökumyndirnar sem hann náði að kreista úr öllu sínu puði og því eins gott að grípa til krassandi PR-bragðs án tafar?

hefur verið að klekkja á einhverjum ÁÐUR en rannsókn, ákæra og dómur liggur fyrir.

Nægir þar að nefna innrás skattrannsóknarstjóra í Norðurljós Jóns Ólafssonar á sínum tíma, mislukkaða tilraun til að hneppa Jón Ásgeir í handjárn á Keflavíkuvelli er hann kaus á síðustu stundu að lenda í Reykjavík og fjölmarga blaðamannafundi sérstaks saksóknara, ríkis- lögreglustjóra og skattrannsóknarstjóra

rættir Íslendingar að hafna gjörsamlega og furðulegt að enginn hafi til þessa haft döngun í sér til þess að gera það opinberlega svo eftir sé tekið.

Er það ekki bein vísbending um getuleysi, kvíða og skort á sjálfstrausti sérstaks saksóknara að freistast til þess að kalla til fjölmiðla og stinga tveimur mönnum í tughús ÁÐUR en mál þeirra hafa verið krufin til mergjar, ákæra birt og dómur upp kveðinn. Rætt hefur verið

um „rannsóknarhagsmunum“ en vitað er að legið hefur verið yfir þessum málum frá því í fyrra og ekkert nýtt komið fram.

Kynni það að vera stærsta áhyggjuefni sérstaks saksóknara að forsíðumyndir blaðanna í gær af handtöku tveggja bankamanna verði einu handtökumyndirnar sem hann náði að kreista úr öllu sínu puði og því eins gott að grípa til krassandi PR-bragðs án tafar? Léttu aðeins á þrýstingnum? Sefa vinnuveitendur sína?

Um sekt eða sakleysi umræddra aðila skal algerlega ósagt látið. Vitað er að þeir eiga börn á viðkvæmum aldri og fjölskyldur sem hljóta að vera í losti. Væri umrædd handtaka afrakstur þeirrar vinnu sem sérstökum saksóknara var sett fyrir, þ.m.t. ákæru og fenginni niðurstöðu dómstíganna tveggja gegndi öðru máli.

Okkur ber að standa vörð um hugtakið réttarríki á Íslandi. Því er um þessar mundir mjög í tvísýnu teflt af embættismönnum sem ekki virðast starfi sínu vaxnir og brjóta beinlínis lög með framferði sínu. Dómsmálaráðherra ber hér eftir að víkja tafarlaust úr starfi embættismönnum sínum sem hyggjast starfa með þessum hætti. Það er einfaldlega nóg komið. Réttarríkið er í húfi.

Komdu í dag með KIA bílinn þinn í sumarskoðun

Við hvetjum þig til að koma með þinn KIA bíl í sumarskoðun þar sem:

- Hemlar og demparar eru prófaðir
- Farið er yfir ljósabúnað
- Loftþrýstingur í hjólbörðum er mældur
- Öryggisskoðun á rafmagnstengi fyrir dráttarbeisli fer fram
- Boðið er upp á fría áfyllingu á rúðuvökva og rúðupurrkur skoðaðar
- KIA eigendur fá 25% afslátt af rúðupurrkum og perum.

Frí ísetning á staðnum

KIA bílar eru líka hagstæðir í rekstri

KIA bílarnir eru ekki einungis á góðu verði heldur kappkostar Askja að halda verði á varahlutum og þjónustu í lágmarki. Öll verð á smurþjónustu og þjónustuskoðunum eru föst og viðskiptavinir geta valið milli varahluta í mismunandi verðflokkum frá mismunandi framleiðendum - sem skilar sér í betra verði.

Auðveldar þér viðhald og viðgerðir

100% vaxtalaust þjónustulán

Frekari upplýsingar á kia.is

KIA í stórsókn

KIA Motors er í gríðarlegri sókn og hefur aukið bæði sölu og markaðshlutdeild sína í Evrópu. **Það er bjart framundan hjá KIA sem kynni nýjan KIA Sorento í sumar og nýjan KIA Sportage síðar á árinu.** Stórsókn KIA er ekki eingöngu bundin við bílaframleiðslu og sölu því KIA er einn af styrktaraðilum HM í Suður-Afríku þar sem glæsilegir sóknartilburðir verða í hávegum hafðir.



KIA KIA MOTORS
Official Partner



Tímamót í þjónustu við fatlaða

Málefni fatlaðra

Alma Lís
Jóhannsdóttir
starfsmaður hjá SFR



Um næstu áramót er fyrirhugað að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og munu þessi áform hafa áhrif á um 1200 félagsmenn SFR sem starfa að málefnum fatlaðra um land allt. SFR hefur ásamt öðrum hagsmunaaðilum komið að breytingarferlinu m.a. með setu sinni í starfshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins um réttindi og stöðu starfsmanna við yfirfærsluna. Ljóst er að það ríkir djúpstæður ágreiningur á milli SFR og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig farið verður með réttindi starfsmanna við yfirflutninginn. Sambandið setur sig alfarið gegn heildartryggingu á réttarstöðu starfsmanna og hefur gefið út þá yfirlýsingu að það muni ekki semja við SFR um kaup og kjör þeirra starfsmanna sem nú eru

í félaginu. Við flutninginn munu starfsmenn falla undir annan kjarasamning. SFR hefur mót-mælt þessum áformum harðlega, enda fá allir aðrir starfsmenn málefna fatlaðra að vera áfram í sínu stéttarfélagi og leggur félagið þunga áherslu á að félagsmenn í SFR njóti sömu mannréttinda og aðrir starfsmenn málaflokksins.

Félagsmálaráðuneytið vonast til

liggi fyrir snemma á haustþingi. Starfsnám stuðningsfulltrúa hófst árið 1993 og hefur á undanföllum árum verið lagður mikill metnaður í að auka færni starfsmanna innan málefna fatlaðra. SFR hefur áhyggjur af fjárhagsramma sveitarfélaganna til að standa myndarlega að þessum þætti í framtíðinni, t.d. að því hvernig núverandi nám verði

metið til launa í nýjum aðstæðum og launakerfi. SFR hefur lagt mikla áherslu á að fagþekking og reynsla tapist ekki við yfirfærsluna og að réttindi starfsfólks verði tryggð með lagasetningu, bæði hvað varðar rétt til kjarasamningsgerðar, rétt til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og til þess réttar

til að vera áfram í SFR. Starfsfólk í þjónustu við fólk með fötlun hefur vaxandi áhyggjur af því að launakjör og réttindi verði ekki tryggð við yfirfærsluna til sveitarfélaganna. Krafa félagsmanna SFR er mjög skýr og einróma; að starfsfólk sem eru félagsmenn í SFR, haldi félagsaðild sinni í félaginu og tryggi þannig réttindi sín og starfskjör.

Ljóst er að fyrirhugaður flutningur má ekki undir nokkrum kringumstæðum eiga sér stað nema til þess að auka gæði þjónustunnar við fólk með fötlun. Ef ekki verður komið til móts við þarfir starfsfólks, þannig að þekking, reynsla og kjör verði tryggð, verður erfitt að uppfylla þessar kröfur. Núverandi staða í málinu er því mikið áhyggjuefni þegar takast skal á við verkefni af þessari stærðargráðu. SFR krefst þess að unnið verði að því að eyða þeirri óvissu sem ríkir um starfsöryggi félagsmanna SFR innan málaflokksins þannig að hægt verði að vinna að því að efla þjónustu við fólk með fötlun og bæta hana eins og best getur.



Starfsfólk í þjónustu við fólk með fötlun hefur vaxandi áhyggjur af því að launakjör og réttindi verði ekki tryggð við yfirfærsluna til sveitarfélaganna.

þess að sátt um starfsmannamál- in og stéttarfélagsaðild náist sem fyrst þannig að vinna við undirbúning lagafrumvarps geti farið fram með edlilegum hætti. Tíma- áætlun sem lögð var til grundvallar flutningnum er löngu sprungin. Til stóð að lagafrumvörp sem varða málaflokkinn yrðu lögð fyrir Alþingi um mánaðamótin

hópnum eru litlar líkur á að það mál skýrist fyrir sumarið. Verkefnisstjóri félagsmálaráðuneytisins vegna flutningsins hefur tjáð SFR að ekki standi til að klára vinnu varðandi lagafrumvörp fyrir en sátt væri ríkjandi um starfsmannamál. Að mati SFR er þetta algjört grundvallaratriði og er því ólíklegt að frumvörpin

metið til launa í nýjum aðstæðum og launakerfi. SFR hefur lagt mikla áherslu á að fagþekking og reynsla tapist ekki við yfirfærsluna og að réttindi starfsfólks verði tryggð með lagasetningu, bæði hvað varðar rétt til kjarasamningsgerðar, rétt til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og til þess réttar

Nýr og endurhannaður KIA cee'd Sporty Wagon

Askja frumsýnir í dag söluhæsta bíl KIA í Evrópu

KIA cee'd Sporty Wagon hefur fengið nýtt útlit og verið endurbættur jafnt að utan sem innan. Hann er með meiri staðalbúnað og tækninýjungar sem auka akstursánægjuna og draga úr eldsneytisnotkun. Þrátt fyrir mikil gæði KIA cee'd Sporty Wagon er hann ódýrari en aðrir bílar í sama stærðarflokki.

KIA cee'd Sporty Wagon er sparneytinn bíll og er meðaleyðsla dísel cee'd aðeins 4,4 lítrar/100 km í blönduðum akstri. Einnig hefur koltvísyringslosun frá cee'd minnkað um 5% að meðaltali yfir alla línuna og er komin niður í einungis 110 gr/km.

Við bjóðum þér KIA cee'd með sjö ára ábyrgð líkt og aðra bíla frá KIA.



Verð frá
3.560.000 kr.



KIA MOTORS
The Power to Surprise™



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi

Opið í dag kl. 10-16.

Réttlæti í plastdöllu

Þjóðfélagsmál

Haukur Már Helgason

rithöfundur og heimspekingur



Ákæru á hendur nú mótmælendum vetrarins 2008 til 2009 er ekki aðeins beint gegn læknanemanum, myndlistarmanninum, leikskólakennaranum, líftækni-fræðingnum eða öðrum aðgerðasínum í hópi sakborninga. Hún beinist gegn öllum þeim sem líta svo á að vald ríkisins sé háð vilja fólksins.

Sextán ár

Þvert á það sem ætla mætti af ónákvæmum fréttáflutningi flestra miðla snýst meginákærnan ekki um bætur fyrir tognaðan þumal þingvarðar eða að í rýskingum var bitið í eyra lög-reglumanns. Það er ekki fyrir þetta sem allt að 16 ára fangelsisdómur vofir yfir nú manns, heldur fyrir brot á 100. grein hegningarlaga, fyrir „árás á Alþingi“. Í hverju fólst „árásin“? Jú, að ætla að hafa háreysti á opnum þingpöllum, í mótmælaskyni. Þingverðir lokuðu pöllumum, og meinuðu fólkinu aðgang. Lögregla var send á vettvang, króaði fólkið af í stiganum en hleypti því loks út.

Að þetta atvik feli í sér árás á Alþingi, en það geri til dæmis ekki búshaldabyltingin í janúar 2009, þegar þúsundir rufu þinghald svo þingmenn voru fluttir burt í lög-reglufylgd og ríkisstjórn féll, er taktísk túlkun atburða, ákvörðun um að ráðast á garðinn þar sem

hann er lægstur. Ásetningurinn með ákærinni er útskýfun og refsing fárra, sem hótun til allra þeirra sem gætu viljað byrsta sig á ný.

Einu sinni áður hefur verið ákært fyrir árás á Alþingi: eftir mótmælin við þinghúsið 30. mars 1949. Það var „trylltur hvítliðaskríll“ samkvæmt Þjóðviljanum sem þá fékk lögreglukylfur til að berja „trylltan kommúnistaskríll“, að sögn Morgunblaðsins. Tuttugu mótmælendur voru ákærðir og

Dómari ákvað að við þetta yrði ekki unað. Þegar rétturinn kom næst saman, 30. apríl, hafði dómari takmarkað hverjir mega nýta sér stjórnarskrárvarinn rétt til að sækja opin réttarhöld: Þeir 25 sem fá sæti. Fjölmennt lögreglu-lið var á staðnum, til að sviðsetja það sem Stefán Eiríksson lögreglustjóri nefndi síðar um daginn „leikrit“. Hlutverk lögreglu var að hleypa réttarhaldinu upp með því að handtaka tvo áhorfendur í salnum fyrir að vera

rifjaði upp skýrslu forsætisráðuneytisins um „ímynd Íslands“ frá vorinu 2008, ímynd sem skyldi efla undir kjörorðinu „Kraftur, friður, frelsi“. Í greininni sagði hann skýrsluna og ásetninginn að baki vera til marks um fasisma. Greinina nefndi hann raunar „Fasisminn í hlaðinu“. Þessu orði hefur ekki verið beitt á prenti, um íslenskar valda-stofnanir, langalengi. Guðmundur Andri sagðist feginn því að „áhugaleysi um sannleika, ást á

óvart að þetta verkefni, og önnur framundan, grundvallast á hugmyndum skýrslunnar vandræðalegu og hálf-fasísku. Áhugaleysi um sannleika, ást á klisjunni. Ef við stundum líf okkar sem Tupperware-kynningu, getum við nú grætt á daginn og á kvöldin.

Farsinn í hlaðinu

Auðvitað heitir það ekki lygi að lofa vöru, heldur ímyndarsköpun. Það væri því ónákvæmt að tala um lygara, en þeir sem sætja harðast að sér við sköpun ímynda eiga stundum erfitt með að horfast í augu við raunveruleikann. Líklega voru ráðherrar að fara yfir plastdollukynninguna á ríkisstjórnarfundinum hinn 30. apríl, á meðan áhugafólki um réttarfar var vísað frá sýningu vegna sæta-skorts. Vegna þess að þar með var fólk á torginu þótti rétt að lauma ráðherrum bakdyramegin út úr Stjórnarráðinu og flytja þá burt í lögreglufylgd.

Kannski eru stjórnvöld bara að grínast. Endurflytja gamlan harmleik sem farsa. Kannski segir dómariinn bara „Djók!“ þann 12. maí, þegar rétturinn kemur næst saman. Ef ekki gæti þetta orðið ansi kostnaðarsamt. Þar sem sameiginlegur orðaforði ráðamanna snýst um plastdöllu og peninga er rétt að þýða þetta svo það skiljist: pólitískar ofsóknir, mannréttindabrot og valdníðsla er ekki heppileg fyrir ímynd landsins. Gæti kostað monní, fleiri myndir af lundum, sundlaugum og sætum húsum. Til að dylja hver við raunverulega erum og hvernig daglegt líf gengur fyrir sig á Íslandi. Ljúga herra.



Að þetta atvik feli í sér árás á Alþingi, en það geri til dæmis ekki búshaldabyltingin í janúar 2009, þegar þúsundir rufu þinghald svo þingmenn voru fluttir burt í lögreglufylgd og ríkisstjórn féll, er taktísk túlkun atburða, ákvörðun um að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur

dæmdir. Sex þeirra misstu kosningarétt og kjörgengi. Um síðir var þeim öllum veitt full sakar-uppgjöf, enda dómurinn skýrt mannréttindabrot. Tyftunin entist hins vegar í tæpan mannsaldur: þátttaka í mótmælum varð ekki almenn á ný þar til haustið 2008. Að stjórnvöld fari fram í órétti dregur þannig ekki úr getu þeirra til að kæfa andóf, brjóta vilja og vanvirða líf.

Sviðsetning valdsins

Um miðjan apríl 2010 mættu eitt hundrað manns á áhorfendabekk í héraðsdómi til að fylgjast með framvindu dómsmálsins: mættu, horfðu, hlustuðu og þögðu.

tveimur of margir. Öllum var brugðið. Sumir grétu. „Þið leikið ykkar hlutverk,“ sagði lögreglustjóri að viðstöddum útvarpsmanni, „við leikum okkar“. Verjandi fór þess á leit við dómarrann að fenginn yrði stærri salur næst til að lögregla héldi ekki áfram að græta gesti réttarins að ósekju. Dómariinn svaraði: „Hér inni er það ég sem ræð,“ tók upp símtól, hringdi í afgreiðslu dómstólsins, heilsaði ritaranum og sagði: „Ætlarðu að taka frá sama sal fyrir mig 12. maí.“

Plastdolluríkið

Guðmundur Andri Thorsson birti á dögunum grein þar sem hann

klisjunni,“ væri liðin tíð. En það er hún ekki.

Í byrjun maí kynnti iðnaðarráðherra markaðsátak til að bregðast við ímyndarskaðanum sem gos undir Eyjafjallajökli hefur valdið Íslandi. 700 milljón króna áætlunin miðast við að nýta „tengslanet almennings“ og fá alla Íslendinga til að „segja söguna eins og hún er – vinum okkar, samstarfsfólki og kunningjum í öðrum löndum ... kynna kraftinn í stórbrotinni náttúru okkar, náttúrunni sem hefur gert okkur að því sem við erum.“ Til að „sýna hver við raunverulega erum og hvernig daglegt líf gengur fyrir sig á Íslandi“. Það ætti ekki að koma á



Vorum að taka upp stóra vinninginn

Hátt í **15.000 starfsmenn** tóku þátt í stærstu vinnu- og markaðskönnun landsins og hlutu alls 40 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2010**. Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju.

Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á www.vr.is.

Fagurgræn kælítækni

Vistvæn hátækni

Friðrik Rafnsson

verkefnisstjóri hjá STG-Multi-Ice/MIQ ehf.



Stundum býsnast menn mjög yfir því að Íslendingar geti lent í því, fari allt á enn verri veg en þegar er orðið, að hokra í menningarsnaðri verstöð á hjara veraldar. Þetta er auðvitað bara fullyrðing sem menn hafa kastað fram í hálfkæringi, en er þó nokkuð gott dæmi um heldur dapurlegt gæðastig umræðunnar hérlandis. Eitt stærsta tækifæri Íslands nú um stundir felst nefnilega meðal annars í því að efla fiskveiðar og -vinnslu með vistvænum aðferðum. Til þess hafa Íslendingar bæði þekkingu og tækni sem gæti gert þeim kleift að verða leiðandi í heiminum á þessu sviði.

Gæðin aðalatriðið

Sjávarútvegurinn og fisvinnslan leið, eins og fleiri atvinnugreinar hérlandis, fyrir þá frumstæðu hugsun að magnið eitt skipti máli, að veiða og vinna sem allra mest. Meira í dag en í gær, það var mælikvarði á framfarirnar. Áherslan færðist þar með frá því sem mestu máli skiptir: gæðunum. Fáránlegustu dæmin um þetta er það hvernig stundum var (og er) farið með hinn vandmeðfarna og dýrmæta uppsjávarafra, stór hluti hans fór í bræðslu í stað þess að vera frystur til manneldis eins og gert er meðal nágrannabjórða okkar.

Vistvænt hátækni

Nú þegar tímar eru sem betur fer farnir að breytast er ef til vill tímaþætt að huga betur að því hvernig



Nú þegar tímar eru sem betur fer farnir að breytast er ef til vill tímaþætt að huga betur að því hvernig hægt er að gera enn meiri verðmæti úr þeirri takmörkuðu auðlind sem hafið er.

hægt er að gera enn meiri verðmæti úr þeirri takmörkuðu auðlind sem hafið er. Eitt af því væri að efla útflutning á ferskum afurðum (unnum eða óunnum), nota mun háþróaðri kælingu og ferskleikastýringu en gert hefur verið fram til þessa og stórauka þannig geymsluþol fersku afurðanna. Það myndi þýða að mun herra og stöðugra verð fengist fyrir allar afurðir en nú er, því raunin er sú að með flestum þeim kæli- og flutningaaðferðum sem nú eru notaðar er fiskur frá Íslandi oft orðinn ansi gamall og lúinn, nú til fjórtán daga, þegar hann er settur á markað í Evrópu. Eða þá hann er fluttur út frystur, sem er ævinlega annars flokks hráefni, a.m.k. í Frakklandi, þar sem ég þekki best til.

Til að yfirstíga þennan vanda er fiskur fluttur út í flugfragt sem er dýr flutningsmáti og óhagkvæmur, auk þess sem hann er síður en svo öruggur eins og nýleg dæmi sanna.

Hins vegar eru nú þegar til frábærar kæliaðferðir og -tækni á Íslandi, aðferðir sem þýða gerbyltingu í gæðamálum og gera kleift að afhenda allt að tveggja vikna fisk ferskan og fínan sjóleiðis, en þær hafa af einhverjum ástæðum sorglega lítið verið notaðar til að hámarka verðmæti ferskra afurða. Sennilega eru þarna að

verki systurnar gömlu, Íhaldssemi og Vanahugsun.

Fagurgræn kælítækni

Gamli tíminn var hálfúldinn fiskur handa lágstéttarfolki í Englandi. Framtíðin er ferskur hágæðafiskur handa sterkenuðum Evrópubúum, Bandaríkjamönnum, Japönnum og Kínverjum sem er umhugað um heilsuna og útlitið. Núna eru Íslendingar einhvers staðar mitt á milli gamla tímans og framtíðarinnar, mun styttra á veg komnir en þeir gætu verið, þar sem þessi nýja tækni hefur enn ekki verið nýtt sem skyldi. Forskotið á aðrar þjóðir sem hægt er að ná með þessari nýju tækni þarf, og ber, að nýta.

Með tilkomu farsímans og netsins hefur orðið bylting í fjarskiptum undanfarið ár, tími og fjarlægðir hafa öðlast nýjar víddir og margt einfaldast. Með innleiðingu nýjustu kælistýringartækni og gæðastjórnunar gæti svipuð bylting átt sér stað á sviði sjávarafurða hérlandis, með tilheyrandi arðsemi. Hafi menn til að bera dug, þor og víðsýni til að nýta sér þá innlendu tækni sem þegar er til staðar til að hámarka verðmæti úr sjó á umhverfisvænan hátt gæti Ísland hæglega orðið leiðandi í heiminum á sviði fagurgrænnar kælítækni í sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Aukum íbúalyðræði

Sveitarstjórnarkosningar

Helgi Helgason

oddviti Frjálslynda flokksins í Kópavogi



Frjálslyndir í Kópavogi hafa gengið frá framboðslista fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi. Fyrstu þrjú sætin eru þannig skipuð: 1. sæti skipar Helgi Helgason stjórn málafræðingur, 2. sæti skipar Ásta Haf-

umhverfis- og skipulagsmál. Með þessu móti hefðu íbúar á Nónhæð, í Lundi í Fossvogi eða á Kársnesinu getað varist þeirri valdniðslu sem núverandi meirihluti hefur viðhaft í skipulagsmálum á þessum svæðum. Frjálslyndi flokkurinn mun beita sér fyrir því að umhverfis- og skipulagsmál í bænum verði endurskoðuð frá grunni með það að markmiði að íbúar hafi meira um sitt nánasta umhverfi að segja. Öllum skipulagshugmyndum núverandi meirihluta á Kársnesinu vill flokkur-



Nýlega ákvað bæjarstóri að eldri borgarar fengju ekki lengur frítt í sund í Kópavogi. Meirihlutinn taldi sig spara 7 milljónir með þessu. Við segjum að þetta sé vitlaus forgangsröðun.

berg varaformaður Frjálslynda flokksins og 3. sæti Kolbrún Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar.

Listinn var kynntur á fundi á sumardaginn fyrsta. Ég lýsti því yfir á fundinum að ég myndi ekki taka sæti í stjórnnum einkafyrirtækja eða fjármálastofnana verði ég kjörinn bæjarfulltrúi. Það var líka mjög ánægjulegt að efstu menn listans voru sammála um að setja það á oddinn sem baráttumál framboðsins að innleiða íbúalyðræði. Tillögur framboðsins eru mjög skýrar í því efni, ólíkt öðrum framboðum. Frjálslyndir vilja innleiða það í bæjarfélagsmálum Kópavogs að 25% kjósenda geti krafist kosninga um

inn henda og skipuleggja upp á nýtt með íbúum svæðisins þar sem þeirra rödd og hugmyndir ráða för. Frjálslyndir munu hafa endaskipti á forgangsröðun þegar hagræðing er annarsvegur.

Nýlega ákvað bæjarstóri að eldri borgarar fengju ekki lengur frítt í sund í Kópavogi. Meirihlutinn taldi sig spara 7 milljónir með þessu. Við segjum að þetta sé vitlaus forgangsröðun. Bæjarstjórnin í Kópavogi hefði getað skorið sín laun niður úr 1,7 milljónum á mánuði í 1,2 milljónir á mánuði. Þar með hefðu eldri borgarar fengið áfram frítt í sund og góð heilsa eldri borgara, máttarstólpa þjóðfélagsins, er sparnaður fyrir ríki og bæjarfélög



Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2010

Stærri fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|---------------------------|-------------------------|
| 1. Íslenska gámafélagið | 11. Gróðurvörur |
| 2. Öryggismiðstöð Íslands | 12. 1912 |
| 3. Icepharma | 13. Johan Rönning |
| 4. Betware á Íslandi | 14. Sorpa |
| 5. Logos | 15. Parlogis |
| 6. Securitas | 16. Rauði kross Íslands |
| 7. Fjarðarkaup | 17. Lýsi |
| 8. CCP | 18. Prentsmiðjan Oddi |
| 9. Össur | 19. Nova |
| 10. Alcan á Íslandi | 20. Maritech |

Minni fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|----------------------|--|
| 1. Spölnur | 11. Sölufélag garðyrkjumanna |
| 2. Miracle | 12. Gogogic |
| 3. Beiersdorf | 13. Bókhald og uppgjör |
| 4. Verslunartækni | 14. Iðnmennt |
| 5. Birtingahúsið | 15. Kjarnavörur |
| 6. Vélfang | 16. Sæmark |
| 7. Microsoft Íslandi | 17. Trackwell-Stefja |
| 8. Sigurborg | 18. Sensa |
| 9. Gróco | 19. Hagvangur |
| 10. Globus | 20. Karl Kristmanns umboðs- & heildverslun |

Kynntu þér ævintýralegar ferðir og glæsilega gistimöguleika
bókaðu beint á heimsferdir.is

**ÞÖKKUM FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR VIÐ
FERÐABÆKLINGNUM OKKAR!**
- MARGAR BROTTFARIR AÐ
SELJAST UPP!

Verðum á spánskum
dögum í Kringlunni
laugardag og
sunnudag
– kíktu í heimsókn!

Ferðaævintýri Heimsferða

sumar og haust

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu
lægsta verðið á www.heimsferdir.is.

Spánsk vika hjá okkur
alla næstu viku!

Sérstakur
15.000 kr.
afsláttur

af völdum brottföllum til valinna
áfangastaða til 14. maí.



Bodrum

í Tyrklandi

frá **102.950 kr.** – 10 nætur

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi á Queen 19. júní í 10 nætur.



Costa del Sol



frá **69.900 kr.**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.



Tenerife í haust



frá 79.900 kr.

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.

Borgarveisla í haust

- Barcelona
 - Prag
 - Budapest
 - Madrid
 - Montreal
 - Ljubljana
 - Róm
- frá kr. 59.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum til Búdapest. Fargjald A.



Króatía Einstök ferð!

30. júní - 7. júlí
frá kr. 69.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir til og frá Trieste, með sköttum. Fargjald A.



Kanarí í haust

30. október
– 28 nætur

frá kr. 179.900

Netverð á mann m.v. 2-4 í íbúð á Los Tilos í 28 nætur. Aukalega m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði á Hotel Rondo kr. 63.000.



Beint morgunflug með Icelandair

Glæsilegt úrval sérferða

- Perlur Slóveníu og Króatíu
- Portoroz í Slóveníu
- Náttúruperla í Austurríki
- Töfrandi Tyrkland
- Spannandi gönguferðir



Alicante

frá kr. 59.900





DÓMSMÁLARÁÐHERRANN Ragna Árnadóttir er ekki á leið í pólitík og hefur aldrei verið í stjórnmalaflokki. Hún taldi það samfélagslega skyldu sína að verða við ósk um að setjast á ráðherrastól.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Reiðin er mikið bál

Mikið hefur mætt á dómsmálaráðuneytinu að undanfögnu og enn meira álag er fram undan. Þar situr ópólitíski ráðherra **Ragna Árnadóttir** sem áður gegndi starfi skrifstofustjóra í ráðuneytinu. Hún settist niður með *Kolbeini Óttarssyni Proppé* og ræddi rannsóknarskýrslu, eftirlitsheimildir, flóttamannamál, þjóðkirkjuna og rannsókn sérstaks saksóknara, svo eitt-hvað sé nefnt. Hún segir mikilvægt að vinna uppbyggilega úr skýrslunni.

Vendipunktur varð í rannsókn sérstaks saksóknara í gær, þegar fyrstu gerendur í bankahruninu voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra vill ekki tjá sig um þá atburði. Hún vonast hins vegar til þess að í næstu viku fáist heimild til að fjölga starfsmönnum embættisins verulega.

„Það er ljóst að það þarf að efla embættið. Það þarf að fjölga starfsmönnum. Sú vinna er í gangi að greina það hversu marga starfsmenn þarf og hvað það kostar. Ég vonast til að það verði komin niðurstaða í það mál í næstu viku.“ Ragna segir það mat embættisins að fjölga þurfi um tugi starfsmanna. Ráðuneytisstjórnarsættis-, fjármála- og dómsmálaráðuneytis eru nú að fara yfir rekstraráætlun embættisins og Ragna vonast til að málið fari fyrir ríkisstjórn í næstu viku.

Efla þarf dómstóla

Álag á dómkerfið hefur aukist til muna í kjölfar efnahagshrunsins og Ragna segir að málum muni fjölga. Sé svona mikill kraftur settur í ákærvaldið skili það sér í fleiri dómsmálum. Á meðan hún gegndi starfi skrifstofustjóra veitti hún nefnd formennsku sem komst að þeirri niðurstöðu að koma ætti á fót millidómstigi. Hún segir að nú, sem ráðherra, kalli hún eftir upplýsingum dómkerfisins um hvernig hægt sé að efla það.

„Við verðum að hafa upplýsingar í höndunum til að geta komið með

tillögur. Eigum við að auka fjölda hæstaréttardómara og láta þar við sitja, eða á að koma á millidómstigi og láta þar við sitja? Eiga bara að vera millidómstigi í sakamálum eða á að gera hvorutveggja eða allt og þá í hvaða mæli? Við þurfum að vinna okkur áfram í þessu og meta þörfina og á hvaða grundvelli okkar tillögur eiga að byggja.“

Ragna vísar til þess að um áramótin var ákveðið að fjölga héraðsdómurum um fimm og fallið var frá fyrirhuguðum niðurskurði í Hæstarétti. Nú, örfáum mánuðum síðar, komi þau skilaboð frá dómkerfinu að frekari aðgerða sé þörf, málafjöldinn sé svo mikill.

„Nú komum við líka að rannsóknarskýrslunni og frumkvæðisskýrslu ráðherra. Hvað á ráðherra að gera þegar svona viðvaranir koma? Mér finnst brýnt að þær komi frá dómssvaldinu, því ber skylda til að vara við með formlegum hætti. Við höfum einu sinni brugðist við og erum nú að kalla eftir upplýsingum til að meta næstu skref.“

Breytir vinnulagi ráðherra

Þú minnst á rannsóknarskýrsluna, telurðu að hún muni breyta vinnulagi ráðherra?

„Ég tel að hafi hún ekki þegar gert það muni það gerast fljótlega.

Hvað sjálfan mig varðar þá vakna margar spurningar. Ef við skoðum brýn málefni eins og yfirfull fangelsi, eða björgunargetu þyrubjörgunarsveitarinnar, þá kallar hún á spurningar um skyldu ráðherra. Hún er mjög rík samkvæmt skýrslunni, en ráðherra verður að vera gert kleift að sinna skyldu sinni. Þar kemur löggjafarvaldið og fjárveitingar einnig inn í myndina.“

Þú nefnir björgunarmál, eru þau mál ekki í ólestri?

„Það er mat manna, og ég hef vakið athygli Alþingis á því, að gæslan þurfi að eiga fjórar þyrllur og þeim þurfi að sinna sex og hálf vakt. Staðan í dag er sú að við höfum þrjár þyrllur og fimm vaktir. Þara er komin upp sú staða að við erum ekki með þann viðbúnað sem talinn er nauðsynlegur að áliti sérfræðinga. Það er mjög alvarleg staða.“

Ber mönnum ekki skylda til að leysa úr því?

„Við erum að vinna að því að bæta úr þessu með öllum tiltækum ráðum. Það er skýrt markmið að hafa björgunargetuna með þeim hætti að viðunandi getur talist. En þá koma fjármálin inn í. Ríkisfjármálin nú eru með þeim hætti að skera þarf niður.

Ef sú staða kemur upp að það

Ekki á leið í pólitík

Ragna var í leyfi frá starfi sínu sem skrifstofustjóri lagaskrifstofu dómsmálaráðuneytisins og hafði starfað í þrjár vikur í forsætisráðuneytinu þegar hún fékk boð um að verða dómsmálaráðherra. „Ég fékk nokkurra klukkustunda umhugsunarfrest svo það var bara að duga eða drepast. Ég áleit að þetta væri skylda. Þegar maður er kallaður til þá á maður bara að taka þátt í starfinu.“

Ragna segir það að mörgu leyti sérstakt að standa utan þings. Hún hafi sótt þingflokksfundir stjórnarflokkanna þegar við á, en að öðru leyti taki hún ekki þátt í flokksstarfi. „Fyrst þegar maður byrjaði þurfti maður að feta sig áfram. Bæði að læra og móta starfið í einu, því þetta er svo nýtt. Við [hún og Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra] erum hluti af ríkisstjórninni en stöndum þó utan flokkanna. Það er auðvitað mjög sérstakt.“

Boðið um að sitja áfram í ríkisstjórn að loknum kosningum kom Rögnu á óvart. Hún hafði þó gert upp við sig að hún mundi jata því, yrði það boðið. Það væri samfélagsleg skylda hennar. Hún veit hins vegar ekki hve lengi hún situr í embætti.

„Ég veit ekkert hvað er í vændum nema ég veit það náttúrulega að stjórnarflokkarnir hafa kynnt ákveðin áform um endurskipulagningu ráðuneyta. Formaður Vinstri grænna var síðan með ákveðnar yfirlýsingar fyrir páska, en þau verða bara að gera það upp við sig hvernig þetta á að vera. Ég er sátta og bið átekt.“

Ertu ekkert á leið í pólitík?

„Nei. Ég geri ekki lítið úr pólitík, en mér fyndist það ekki sanngjarnt að ég færi í pólitík í beinu framhaldi af því að vera utanþingsráðherra. Fyrir utan að það stendur ekki til. Ég hef aldrei verið flokkspólitísk og ekki tekið það skref að ganga í flokk.“

þarf meira fjármagn, og það er ekki fyrir hendi, eru í raun bara tvær leiðir færar. Við getum sagt að við ætlum ekki að sinna ákveðinni þjónustu núna, við forgangsröðum og sleppum ákveðnum hlutum til að sinna öðrum. Við getum einnig farið þá leið að segja að við getum ekki haldið þjónustunni úti með óbreyttum hætti, þannig að við ætlum að halda úti skertri þjónustu. Þá er bara að fara út og viðurkenna það að ríkiskassinn leyfi ekki annað en að við sinnum þjónustunni bara að hluta til. Ef svo er, á bara að viðurkenna það.“

Engin afsökun

Nýverið kynntu GRECO, verkefni Evrópuráðsins gegn spillingu, að ekki hefði verið farið eftir nema tveimur af fimmtán aðfinnslu-

atriðum úr skýrslu frá apríl 2008. Hvernig stendur á því?

„Hvað dómsmálaráðuneytið snertir snýr þetta að ákveðnum útfærsluatriðum í mútuákvæði hegningarlaga. Spurningin er hvort þau ná yfir alþingismenn einnig, það hefur ekki verið útkljáð, en er alveg sjálfsagt að skerpa á því.“

Ég vil bara almennt segja að ég ætla ekki að vera með neinar afsakanir í þessu. Sumt verðum við að hafa í lagi og þetta er eitt af því. Við höfum nú þegar gengið í málið og erum byrjuð að vinna að þessu. Það hefur ekki verið útkljáð, en er alveg sjálfsagt að skerpa á því.“

Gifting samkynhneigðra

Mikil umræða skapaðist um giftingu samkynhneigðra í kjölfar prestastefnu. Hver er þín skoðun í því máli?

„Dómsmálaráðherra er ekki



Það verður að vera alveg skýrt að þau taki þetta til sín og við notum skýrsluna til að bæta okkar stjórnsýslu, breyta ýmsum hlutum og byggja upp agaða stjórnsýslu.

FRAMHALD Á SÍÐU 32

☆ Allt innifalið á Tenerife

Skildu veskið eftir heima

Takmarkaður sætafjöldi á þessu ótrúlega tilboði!

Fanabe Costa Sur ☆☆☆☆

Herbergi í 1 viku ALLT INNIFALID frá **119.899 kr.**

m.v. brottför 20. júní Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Costa Adeje Gran Hotel ☆☆☆☆☆

Herbergi í 1 viku ALLT INNIFALID frá **149.901 kr.**

m.v. brottför 20. júní Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

FRAMHALD AF SÍÐU 30

yfirmaður þjóðkirkjunnar, en það eru ákveðnir samningar í gangi á milli ríkis og kirkju. Mín aðkoma einskorðast af því að ég lagði fram frumvarp þar sem lagt er til að ein hjúskaparlög gildi fyrir alla. Þar er gert ráð fyrir því að ef prestur, vegna trúarsannfæringar sinnar, treystir sér ekki til að vígja viðkomandi þar, þá geti hann neitað því.

Hjónabandið er borgaraleg stofnun og löggjafinn verndar það umfram önnur sambúðarform með ákveðnum réttindum. Allt tal um aðskilnað ríkis og kirkju, eða að taka vígsluheimildir algjörlega frá prestum, er þessu frumvarpi óviðkomandi. Það er bara sér umræða og ekki forsenda þess að þetta mál nái fram að ganga.

Þetta mál er í rauninni bara eðlilegt framhald af öllu sem hefur verið gert. Samkynhneigðir mega ættleiða, af hverju ættu þeir ekki að mega giftast? Ég bara spyr.

En eru mannréttindi ekki óháð skoðunum? Við mundum ekki neita að gifta mann af því að hann er af ákveðnum kynþætti til dæmis.

„Nei, nei. En það breytir því ekki að fólk getur haft ákveðin viðhorf. Það eru skiptar skoðanir um þetta og við verðum að horfast í augu við að hér er engin skoðanalögregla. Ég held að þú nái ekki neinni framþróun með því að segja við fólk sem er annarrar skoðunar að það eigi bara að þegja. Það skiptir ekki um skoðun við það að þegja.“

Verðum að gæta mannréttinda

Torskilið er hugtakið forvirkar rannsóknarheimildir. Er þetta ekki bara annað hugtak yfir njósnir?

„Nei, ég hef einmitt ekki viljað setja þetta í þann farveg. En það þarf að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem til skamms tíma var ekki til í huga okkar sem hluti af Íslandi. Því miður er það þannig nú. Á stjórnvöldum hvílir sú skylda að upplýsa almenning um það sem er að gerast í þeim mæli sem þau geta það.“

Þetta er heldur ekki þannig að við ætlum að fara að skella heimildunum á morgun. Við þurfum að fara í gegnum ákveðna vinnu. Ef framkvæmdavaldið gerir tillögu um að lögreglan fái þessar heimildir þá verður líka að gera grein fyrir því af hverju, í hvaða tilvikum og í hvaða tilgangi. Og undir hvaða eftirliti.“

Ragna segir grundvallaratriði að gætt sé að mannréttindum. Ísland sé lítið land og eigi að geta barist gegn skipulagðri glæpastarfsemi og mansali. „Við erum fámenn þjóð og við eigum að ráða við þetta. Við þurfum bara að gera upp við okkur hvaða aðferðum við ætlum að beita og við þurfum að gæta mannréttinda. Það er alveg skýrt.“

Þessi umræða er ekki sett fram í því ljósi að það eigi á nokkurn hátt að ganga á hlut mögulegra sakborninga. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að það er skylda stjórnvalda líka að tryggja almenningi það umhverfi að honum stöðji ekki hættu af skipulögðum glæpasamtökum, til dæmis. Stjórnarskráin verndar félagafrelsi en hún verndar ekki félög sem hafa beinlínis ólögættan tilgang. Því ætti stjórnarskráin að halda hlífiskildi yfir slíkum samtökum.“

En hvað þýðir þetta hugtak, forvirkar rannsóknarheimildir?

„Það er þá þannig að lögregla hefði heimild til að rannsaka ákveðna háttsemi eða ákveðin

atriði án þess að það sé rökstuddur grunur um eitthvert tiltekið afbrot.“

En skilurðu þá sem óttast að barna sé ríkið að hafa óeðlilegt eftirlit með þegnum sínum?

„Já, ég skil það. Þess vegna segi ég að það verður auðvitað að búa svo um hnútana að það sé eftirlit með þessari beitingu aðgerða, það er algjör nauðsyn. Það má koma því eftirliti við á ýmsan hátt. Það getur verið í höndum dómstóla eða sérskipaðrar þingnefndar, þannig að fólk treysti því að það séu fleiri en einn sem skoða þetta.“

Uppákoma í dómsal

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður sakaði lögreglu og hér- aðsdómara um mannréttindabrot, þegar áhorfendum var vísað úr þinghaldi og tveir handteknir. Hefurðu skoðað það mál?

„Fyrst vil ég segja að heimildir dómara til að stjórna sínu þinghaldi eru mjög ríkar. Hann getur í rauninni stjórnað þessu eins og hann vill og framkvæmdavaldið hefur ekkert um það að segja. En síðan koma þessar ásakningar um mannréttindabrot fram á meðan lögreglan kveðst hafa verið tilkölulúð og aðeins að gera sína skyldu. Það þarf að kanna hvað gerðist í raun og veru.“

Ég hef sent bréf lögmansins til lögreglustjórans í Reykjavík til að fá hans sjónarmið og fengið erindi frá dómstjóranum í Reykjavík. Ég sem æðsti yfirmaður lögreglunnar er bara að athuga hvort það sé ekki allt í lagi hjá mínu fólk; hvort lögreglan geri ekki bara það sem henni er heimilt lögum samkvæmt. Ég hef sagt að við verðum að vera óhrædd við að skoða það sem við gerum og það er ég að gera núna.“

En í sambandi við þetta að þá vissulega rúmar þingsalurinn ekki nema ákveðinn fjöldi af áhorfendum. Ef það er þannig að fleiri hafa áhuga á réttarhöldunum þá hefði ég talið að dómstóllinn ætti að taka það til skoðunar. Er ekki hægt að miðla réttarhaldinu ef fleiri en þeir sem fá sæti hafa áhuga?“

En hvað segirðu um ákærurnar um árás á Alþingi?

„Ég tjái mig ekkert um þær. Ákærvaldið er rífið frá ráðuneytinu einmitt með það í huga að ákæra sé óháð því hvort viðkomandi á vini í ráðuneytinu eða ekki. Ég bendi þó á það að ef löggjafarvaldið er ósátt við grein hegningarlaganna um þinghelgi, þá er það auðvitað í höndum löggjafans að taka það til athugunar.“

Ekki með reiði að leiðarljósi

Rannsóknarskýrslan hefur verið mærd mjög og ekki að ástæðulausu. Hvernig nýtist hún okkur best að þínu mati?

„Í fyrsta lagi er mjög mikilvægt að ákærvaldið fari í gegnum skýrsluna. Það er mjög mikilvægt að skýrslan komi fram og hún er eins og hún er, því hún er svo berorð. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, því að við sem samfélag viljum fá að vita hvað gerðist og það kemur fram í skýrslunni.“

Það er mikilvægt að við finnum okkur leiðir til að vinna okkur út úr skýrslunni og bætum okkar samfélag. Við getum verið reið í ákveðinn tíma en það gengur ekki að við séum bálreið til lengdar. Það kemur ekkert út úr því, eða öllu heldur kemur miklu meira út úr því að við reynum að vinna okkur út úr skýrslunni með uppbyggilegum hætti.“

Ég held að hver verði að taka



EFLIR EMBÆTTIÐ Ragna mun leggja til við ríkisstjórn að embætti sérstaks saksóknara verði eflt. Þá er verið að skoða leiðir til að efla dómvaldið.

til í sínum ranni, til dæmis ráðuneytin. Sú vinna er hafin í ýmsum ráðuneytum, en það verður að vera alveg skýrt að þau taki þetta til sín og við notum skýrsluna til að bæta okkar stjórnsýslu, breyta ýmsum

hlutum og byggja upp agaða stjórnsýslu. Við reynum að vinna okkur út úr þessu.

Það er skiljanleg reiði í ákveðinn tíma, en það gengur ekki að vera reiður til lengdar. Það er hin stóra

áskorun fyrir okkur sem samfélag; við verðum að vinna okkur út úr þessu saman. En ef við gerum það með reiðina að leiðarljósi þá er ekki víst að við náum mjög langt. Reiðin er mikið bál.“

Eftirbátar nágrannalöndanna í málefnum flóttamanna

Hvernig finnst þér Íslendingar standa sig hvað varðar flóttamenn?

„Ég sagði nú strax í fyrra að við gætum gert betur og við höfum unnið að því að bæta framkvæmd þessara mála og laga það sem við töldum okkur geta lagað innan gildandi laga og reglna. Ég hef lagt fram frumvarp um aukin réttindi til handa hælisleitendum og vonast auðvitað til að það verði samþykkt. Þá erum við komin á þar við það sem gerist í nágrannalöndunum, vil ég meina.“

Af hverju erum við ekki löngu komin þangað?

„Því get ég í raun ekki svarað. Ég fór strax að

vinna að þessum málum í minnihlutastjórninni og á þessu er tekið í stjórnarsáttmálanum. Við þurfum náttúrlega að glíma við ákveðin úrlausnaratriði því við erum þátttakendur í Dyflinnarsamstarfinu. Þetta er alþjóðlegt samstarf sem byggist á því að umsögn um hælisleitanda sé bara til umfjöllunar í einu landi, ekki sé hægt að fara á milli og sækja um á mörgum stöðum.“

Ef hælisleitandi sækir um í einu landi og fer svo annað er hann sendur aftur þangað sem hann kom fyrst. Vandamálið er auðvitað að aðstæður eru mismunandi. Má í því skyni nefna land eins og Grikkland. Það er ekki gott að

aðstæður séu svo mismunandi í alþjóðlegu samstarfi sem byggist á að aðilar vinni á jafnréttisgrundvelli og hafa komið sér saman um ákveðið kerfi. Það samstarf byggir á því að ríki og svæði búi nokkurn veginn við sambærilegt ástand.“

Nú búum við við þær aðstæður að fátítt er að við séum fyrsta land flóttamanna. Erum við ekki bara að þvo hendur okkar af vandamálinu með þátttöku í Dyflinnarsamstarfinu?

„Ja, við gætum auðvitað litið á það þannig, en við erum nú samt þátttakendur í þessu. Við höfum ákveðið að í ákveðnum tilvikum víkjum við frá þessu, eins og til dæmis með Grikkland.“

Mínar tillögur ganga í rauninni bara út á að við tökum á móti fleiri hælisleitendum. Það er markmið frumvarpsins, ekki að leysa flóttamannavanda Evrópu.“

Ragna segir siðferðilega skyldu þjóða að taka þátt í lausn vandans. Hælisleitendur geti verið í mikilli neyð og þurft að aðstoð að halda. Því miður sé skuggahlíð á því og fólk geti verið að villa á sér heimildir. „Við eigum þó ekki að byggja kerfið upp þannig að mögulega sé viðkomandi ekki hælisleitandi. Við eigum einmitt að byggja kerfið á því að hælisleitendur njóti vafans.“

Sumarlitirnir komnir

Hver er þinn litur?

20% afsláttur
af sængurverum

Chiro Collection heilsurúm

25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

Tempur Spring heilsurúm

25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

Stillanleg heilsurúm

20% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum. Settu þig í stellingar !



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

RISA TAX FREE DAGAR

ALLT Í EINNI FER

SNYRTIVÖRUR...FA
BÚSÁHÖLD...GARN
KERTI...SERVÍETTU

*Fatnaður og skór
á alla
fjölskylduna!*



*Búsáhöld
fyrir heimilið!*



*Leikföng fyrir
kátu krakka!*

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006.



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

GERÐU KAUP ÁRSINS!

MESTA úrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

ERÐ...

ATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...

N...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...

R

...ÁN VIRÐISAUKASKATTS

DAGANA 6. - 9. MAÍ



*Mesta úrvalið
af snyrtivörum!**

RISA

TAX FREE

DAGAR

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. maí 2010.

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár

Sólskinsblettur í dökkum skugga

Hinn 10. maí 1940 steig breskur her á land í Reykjavík; ófriðarbálið í Evrópu hafði teygt anga sína til Íslands. Svavar Hávarðsson rifjaði upp þennan örlagaríka dag fyrir sjötíu árum. Minningar fólks eru blendnar en léttir er rauði þráðurinn þótt ótrúlegt geti sýnst svo löngu síðar. Bæði þá og nú virðist það hafa skipt mestu máli að það voru Bretar, en ekki Þjóðverjar, sem knúðu dyra.

Nú þegar íslensk þjóð stendur á krossgötum í mörgu tilliti er þess minnst að sjötíu ár eru síðan breskur her gekk á land í Reykjavík 10. maí 1940. Með hernáminu er oft markaður upphafspunktur þess nútímasamfélags sem við þekkjum.

Skárrí kosturinn

„Við hefðum vitaskuld kosið ekkert hernám – en fyrst til þess þurfti að koma erum við fegnir, að þið voruð fyrstir til“, á Ólafur Thors að hafa sagt við Howard Smith, nýskipaðan sendiherra Breta á Íslandi, eftir fund ríkisstjórnarinnar með sendinefnd Breta í stjórnarráðinu. Vísaði hann þar til óttans um að Þjóðverjar yrðu á undan að hertaka landið. Koma Bretanna var tilkomin af sömu ástæðu. Landið, og ekki síst staðsetning þess í miðju Norður-Atlantshafi, var hernáðarlega mikilvægt og ekki eftir neinu að bíða þar sem Þjóðverjar fóru sem eldur um Evrópu þessar vikur og mánuði árið 1940.

Þjóðstjórnin hafði gert ráðstafanir til að biðja um hvernd Bandaríkjanna ef þörf krefði – stjórnin kaus fremur hvernd þeirra heldur en hernám Breta eða samninga við þá, segir Þór Whitehead sagnfræðiprófessor eins og hann útskýrir í bókum sínum um hernámið.

Íslendingar tóku hermönnum almennt vel. Flestir sýndu stillingu og vitnuðu bresku hermennirnir um það síðar meir. Þeir sem stóðu við höfnina þegar herliðið var að ferja búnað og vistir sýndu þó andúð sína hver á sinn hátt. Sagan segir að skáldið Vilhjálmur frá Skáholti hafi steytt hnefann mót hermönnum á bryggjunni í Reykjavík og þrumað í átt til þeirra: „Ég fyrirbyð ykkur að stíga hér á land.“ Hvorki Vilhjálmur né nokkur annar var þess umkominn að stöðva innrásina, en haft hefur verið á orði að það hafi verið Bretum til happs að engin var mótspyrnan. Svo illa voru þeir búnir.

Hernámsdagurinn

Eins og fyrr segir kom hér bresk flotadeild að morgni 10. maí; tvö beitiskip og fimm tundurspillar. Herdeildin taldi 746 menn. Áður en breski herinn kvaddi hafði um 25 þúsund manna lið verið flutt hingað. Má til samanburðar hafa í huga að íslenska þjóðin var þá um 120 þúsund manns og af þeim þriðjungur búsettur í Reykjavík og nágrenni.

Auðvitað er atburðarás þessa örlagaríka dags flestum kunn. Dagblöðin röktu hana í smáatriðum og segir Morgunblaðið, undir stríðsfyrirsögn í orðsins fyllstu merkingu, Ísland hertekið. Sá er hélt á þenna reyndist sannspár þegar hann skrifaði að nýtt tíma-bili væri hafið í „æfi þjóðarinnar“ sem erfitt væri að spá fyrir um hvernig myndi þróast eða til hvers það myndi leiða.

Eitt það fyrsta sem Bretar gerðu var að handtaka þýska ræðismanninn og aðra Þjóðverja sem Bretar höfðu ástæðu til að halda að væru þeim hættulegir. Bretar lokuðu um tíma helstu vegum til borgarinnar og tóku á sitt vald Loftskjástöðina, pósthúsið, Landssmann og Ríkisútvarpið. Íslenska ríkisstjórnin mótmælti hernáminu sem broti á hlutleysi landsins. Um kvöldið flutti Hermann Jónasson forsætisráðherra útvarpsávarp þar sem hann skýrði þjóðinni frá við-



10. MAÍ 1940 Breskir hermenn hlaða vistum á bil við Hafnarhúsið þar sem bækestöð hersins var fyrst eftir hernám. Tundurspillir lagði við bryggju þar fyrir framan klukkan fimm um morguninn. Þá og þar gekk herliðið fyrst á land. Margir höfðu þó fengið nasasjón af því sem koma skyldi þegar flugvélar flugu yfir Reykjavík um nóttina. Hermenn gistu næstu daga í íþróttahúsum KR og ÍR og nýttu Þjóðleikhúsið, sem þá var í byggingu, sem birgðastöð. Hótel Ísland var búið upp sem spítali.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

burðum dagsins. Hann lagði mikla áherslu á að breskur her yrði ekki á Íslandi „degi lengur en nauðsyn krefji vegna styrjaldarinnar“ og að Bretar myndu ekki skipta sér af stjórn landsins. „Þessar ákveðnu yfirlýsingar frá hinni vinveittu bresku þjóð eru óneitanlega nokkur sólskinsblettur í þeim dökka skugga sem nú hefir borið yfir“, segir blaðamaður Morgunblaðsins.

Sumarið 1941 sömdu Íslendingar um hvernd Bandaríkjanna, og þar með lauk formlega hernámi landsins.

Kapp og forsjá

Öll áætlun Breta um hernám einkenndist fremur af kappi en forsjá. Ákvörðunin var tekin hinn 6. maí en aðeins fjórum dögum síðar voru Bretar komnir á skipum sínum inn á Kollafjörð. „Árangurinn var leiðangur í anda Peters Sellers, og þrátt fyrir að hernámið lukkaðist þar það öll merki flauturslegs undirbúnings; það var tvísýnt glæfraspil sem byggðist fyrst og fremst á illa þjálfuðu liði og ófullnægjandi búnaði“, skrifaði bandaríski sagnfræðingurinn Donald Bittner um komu Breta hingað. En bjargaði hernám Breta okkur frá árás Þjóðverja? Þór Whitehead segir að Hitler hafi slegið hugmyndinni fram í lok apríl en engar áætlanir hafi verið gerðar. Þegar Bretar hernámu landið tryllist Hitler og fyrirskipaði flotanum að gera áætlun um hernám, sem hlaut dulnefnið Ikarus. Hins vegar virðist flugherinn hafa lagst gegn innrás, eins og reyndar flotastjórnin. Þór telur líklegast að það hafi komið Hitler ofan af því að ráðast á landið, sem hann virðist þó hafa séð eftir þegar leið á stríðið.

ER ILLA VIÐ AÐ DAGSETJA NÚTÍMANN

„Mér er illa við að dagsetja nútímann“, segir Gísli Gunnarsson, prófessor í sagnfræði, spurður um hvort sú fullyrðing eigi rétt á sér að þennan dag megi marka upphaf nútíma hérlendis. Hins vegar hafi breytingarnar verið byltingarkenndar, sérstaklega vegna þess að atvinnuleysið, sem allt ætlaði að drepa, var upprætt.

Fyrsta minning Gísla er reyndar hernámsdagurinn. Hann lá uppi í rúmi hjá ömmu sinni, þá barn að aldri, þegar „faðir minn kom í dyrnar og sagði mikil tíðindi. Bretar hafa hernámið Ísland. Þetta er mín fyrsta minning enda var þetta slíkur viðburður og fékk svo mikið á fólk. Mamma sagði seinna að kosturinn við komu Bretanna var að Þjóðverjarnir komu ekki á undan.“


Gísli segir þetta sennilega eiga við um Íslendinga upp til hópa, sem lifðu þennan tíma. Hann segir að áhrifunum við komu herliðsins til landsins verði best lýst í tveimur orðum: Bætt lífskjör. Gott sé að hafa hugfast litla sögu af honum sjálfum þegar hann var látinn hanga á girðingu fyrir utan braggahverfið við Skólavörðuholt í þeirri von að appelsínu eða epli yrði hent í hann af bandarískum hermönnum.

„Það er nauðsynlegt að muna að breskir hermenn voru illa búnir og ég held að þeir hafi ekki verið neitt síður svangir en Íslendingarnir í kringum þá. Ég veit til þess að fólk var að gauka að þeim mat, sem þeir þáðu fegins hendi.“



GÍSLI GUNNARSSON

Helstu bækestöðvar hernámsliðsins



HEIMILD: ÍSLENSKUR SÖGUATLAS

HERNÁMIÐ LYKTAÐI EINS OG JÓLIN

■ „Hernámsdagurinn er skýrari í minningunni en flest annað. Snemma að morgni þess tíunda vaknaði ég við mikið tramp á götunni fyrir utan gluggann minn uppi á lofti að Suðurgötu 2. Í fyrstu gaf ég þessu ekki mikinn gaum en þegar skóhljóðið færðist stöðugt í aukana glaðvaknaði ég og gægðist út um ofurlitla gluggaboru sem vissi út á Túngötu, sama gluggann sem Jónas Hallgrímsson hefur vafalaust oft litið út um hundrað árum áður til að gá til veðurs. [...] Mennirnir voru í græn-brúnum fötum með báta á höfði og þvilkur farangur, bakpokar og hliðartöskur, dollur og kinnur og þeir hlutu líka að vera með tjöld því þeir voru með einhverskonar stengur sem stóðu upp af annarri öxlinni. Mikið var gangan taktföst hjá þeim. Mér fannst gatan beinlínis dúa undir fótatakinu.“

■ „Það var djúpur alvörusvipur, jafnvel sorgarsvipur og frænka mín sagði með miklum þunga: „Ísland hefur verið hernámið, sem betur fer þó af Bretum.“ Ég hentist út að glugganum en var bannað að standa við gluggann svo ég

mátti taka þrjú skref til baka. Jú, vissulega var mikið um að vera. Það rann upp fyrir mér ljós en ég verð að viðurkenna að mér fannst það ekki sorglegt og ekki heldur tilefni til þessarar miklu alvöru. Miklur frekar fannst mér ég vera áhorfandi að spennandi sögu. Vélbyssá stóð á stéttinni fyrir utan dyrnar á gistihemili Hjalpræðishersins og skytta kraup eða lá þar hjá en allt í kring voru raðir af hermönnum.“

■ „Forstöðukonan okkar, hún fröken Ragnheiður hélt tölu yfir okkur skólastúlkunum og sagði að nú hafi skapast alvarlegt ástand og lagði okkur lífsreglur. Við urðum að muna að við værum Íslendingar fyrst og fremst og nemendur Kvenna-skólans í Reykjavík. Við ættum að láta líf okkar ganga sinn vanagang og alls ekki skipta okkur af hermönnum hans hátignar Bretakonungs. [...] Þegar við yfirgáfum skólann þennan dag áttum við vitanlega að fara rակleit heim. En veðrið var svo gott og okkur var öruggleg óhætt. Við höfðum ekki séð nema brosandí andlit hermanna til okkar og við fórum í þó nokkrum hóp niður

að höfn. Þar gaf á að líta: allt var á fullri ferð og verið að skipa upp á hafnarbakkann úr risastöru herskipi þvilkikum kynstrum af alls konar dóti. Þar ægði öllu saman, hergögnum, byggingarefni, kössum, teppum og matvöru og á stöku stað var jafnvel jólalýkt. Það mun hafa verið af ávöxtum sem aðeins fengust þá hér á jólnum.“

■ „Talsverður hópur af fólki var þarna að horfa á. Alls staðar voru hermenn, sumir stóðu á verði með byssur sér við hlið, aðrir voru að vinna eða stóðu í smá hópum. Margir flautuðu á okkur. Það hafði aldrei þekkt áður, þvilkíkt! Sumir kölluðu eftir okkur: „Sweetie pie,“ eða þess háttar. Sumir buðu súkkulaði eða sigarettur.“

■ „Eins og sönnum Íslendingi sæmir hlýtt ég að óska þess að hernámið hefði aldrei þurft að eiga sér stað og oft hef ég velt því fyrir mér án niðurstöðu hvernig umhorfs væri í landinu og í þjóðlífinu ef til þess hefði ekki komið. En ég játa það hreinskilningslega að mér finnst ég ríkari en ella vegna þessara minninga.“



SIGURBJÖRG HREIDARSDÓTTIR Sigurbjörg var fimmtán ára þegar Bretar hernámu landið og stundaði nám í Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún skrifaði minningar sínar frá hernámsdeginum árið 1976 í skipulagðri söfnun upplýsinga á vegum þjóðháttaeildar Þjóðminjasafnsins (nú þjóðhátta-safn). Hún býr nú á Flúðum og gaf Fréttablaðinu góðfúslegt leyfi til að vitna til skrifna sinna.

MYND/HELGA EINARSDÓTTIR

Helgar- sprenghla!

GILDIR 8. - 9. MAÍ

**SPARIÐ
10.000**

GARDA borð + 4 LIGUNA stólar
Flott, grátt garðhúsgagnasett á frábæru verði! Alborð með hertu gleri. Stærð á borði: Ø105 sm. Armstólar í stíl. Sessa og bak eru úr sterku polyrattan efni.



BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR: 29.990,-

19.990,-

BLÓMAPOTTUR ÁÐUR: 2.495,-

1.495,-

Blómapottur
Stór og góður blómapottur til að hafa í garðinum. Stærð: 44 x 27 sm.

**SPARIÐ
1.000**



**GÓÐ
KAUP**

**PLASTKASSI
595,-**

Plastkassi
13 ltr. plastkassi. Stærð: 29 x 36 x 19 sm.



**GÓÐ
KAUP**

**PLASTKLOSSAR
1.295,-**

Plastklossar
Plastklossarnir loksins komnir aftur! Nokkrir fallegir litir og margar stærðir. Hvítir: 37-42. Svartir og grænir: 37-46. Bláir og bleikir: 19-36.

**MEÐ
PHYLON
SOLA!**

**50%
AFSLÁTTUR**

FLUGDREKI ÁÐUR: 299,-

149,-

Litill flugdreki
Litill og nettur flugdreki. Fæst í nokkrum mismunandi litum.



KÚLUGRILL ÁÐUR: 10.990,-

7.990,-

**SPARIÐ
3.000**

COLUMBO kúlugrill
Gott kúlugrill úr emeleruðu, svörtu járni. Grillið er á hjólum og með hliðarborðum. Stærð: Ø57 sm. Vinnuhæð: 60 sm.



STÓLL ÁÐUR: 14.995,-

7.495,-

**TARANTO
harðviðarstóll**
Góður stóll úr harðviði. Frábært verð!

**50%
AFSLÁTTUR**



TREFJASÆNG

595,-

BASIC trefjasæng
Létt trefjasæng á frábæru verði! Tilvalin sæng í húsbílinn, hjólhýsið eða sumarbústaðinn! Fylling: 500 g. Stærð: 135 x 200 sm.



**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**SPARIÐ
1.000**

DREAMZONE™

STÆRD: 140 X 200 ÁÐUR: 6.995,-

5.995,-

PLUS T10 yfirdýna
Eggjabakkalöguð dýna úr kaldsvampi. Stórsniðug í húsbílinn, hjólhýsið eða sumarbústaðinn! Þykkt: 5 sm.

STÆRD: 90 X 200 ÁÐUR: 5.995,-

4.995,-

**33%
AFSLÁTTUR**

FLÍSTEPPI ÁÐUR: 895,-

695,-

ALEXA flísteppi
Frábær flísteppi. Ómissandi í ferðalagið! Stærð: 130 x 180 sm.



**33%
AFSLÁTTUR**

GARÐLJÓS ÁÐUR: 895,-

595,-

DOME garðljós
Glæslegt garðljós sem gengur fyrir sólarrafhlöðu. Frábært verð á flottu ljósi!



Jörðin nýtt sem upplýsingabanki

Eftir að eldgos braust út í Eyjafjallajökli vita margir landsmenn meira um ösku en þeir hingað til hafa talið nauðsynlegt. Færri vita að til er sérstök fræðigrein innan jarðfræðinnar sem tekur sérstaklega til **gjóskulaga** og þeirra upplýsinga sem þau hafa að geyma. *Svavar Hávarðsson* komst að því að það eru íslenskir vísindamenn sem hafa dregið vagninn við rannsóknir af þessu tagi.

Hekla 1947: Gosið hófst 29. mars með sprengingu. Gosmökkurinn náði 30 km hæð. Vindur stóð af norðri svo öskufallið í byggð varð mest um ofanverða Rangárvelli, í Fljótshlíð og undir Eyjafjöllum. Fingert öskuryk barst með háloftavindum austur yfir Atlantshaf og tók að falla í Helsinki í Finnlandi á þriðja degi gossins. Talið er að fyrstu 30 mínútur gossins hafi um 75.000 rúmmetrar af gjósku ruðst upp úr Heklugjá, en það samsvarar um 200-földu rennsli Þjórsár.

Katla 1918: Gosmökkurinn náði 14 kílómetra hæð og olli talsverðu tjóni í Skaftártungu. Útreiknað gjóskufall í þessu gosi er áætlað um 700 milljónir rúmmetra. Gjóska dreifðist svipað og í gosinu.

Hekla 1845: Gosið hófst 2. september og stóð í um 7 mánuði. Mikið öskufall fór til suðausturs og hlaup í Ytri-Rangá. Hraun runnu til vesturs og norðvesturs, um 25 km², og var bærin Næfurholt fluttur um set vegna þessa. Gosið stóð samfelld fram í apríl 1846 en lá svo niðri fram í miðjan ágúst er umbrotunum lauk endanlega með smá öskugosi.

Hekla 1766: Öskufall var mikið og í gosbyrjun kom mikið hlaup í Ytri-Rangá sem sennilega hefur átt upptök í hettunni á háfjallinu. Að vanda var fyrsta goshrinan kröftug og meirihluti gosöskunnar féll á fyrstu 5-6 tímum. Talsvert tjón varð í Landsveit og í Hreppum en þó mun minna en 1693 þar sem vindur var vestanstaðari svo askan féll austan byggða. Öskufall í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Tíu jarðir fóru í eyði.

Katla 1721: Vafalítið mesta gjóskugos Kötlu og fjórða stærsta gjóskugos á Íslandi á sögulegum tíma. Það hefur verið áætlað að heildarrúmmál gjóskunnar hafi verið 1500 milljónir rúmmetrar og náði askan allt til Færeyja.

Hekla 1693: Gos hófst 13. febrúar og stóð fram á haust. Mikið öskufall til norðvesturs í upphafi goss sem olli miklu og varanlegu tjóni í nærsveitum. Sáust 14 gígar gjósa samtímis. Þá lögðust 50 bæir í eyði um tíma og einn endanlega, Sandártunga í Þjórsárdal.

Hekla 1636: Gosið hófst 8. maí og stóð í rúmt ár. Gjóskulagarannsóknir hafa sýnt að öskufall var til norðausturs og tjón lítið.


Hekla 1597: Gos hófst 3. janúar og stóð langt fram á sumar. Gjóska dreifðist víða en olli litlum búsíffjum, þó helst í Mýrdal.

Hekla 1341: Annálum ber saman um að skepnur, einkum nautpeningur, hafi fallið í stórum stíl vegna öskufallsins. Gosið hófst 19. maí og aska hefur ýmist tekið fyrir beit eða valdið flúoreitrun svo fénaður dó unnvörpum úr gaddi. Öskufallið hefur vafalítið nánast allt orðið fyrstu gosdagana.

Hekla 1300: Eitt stærsta gosið í Heklu; fjallið rifnaði að endilöngu og gosdrunur heyrðust alla leið norður í land. Gosið var kísilríkt blandgos. Engar heimildir eru til um gjóskufall utan Íslands. Gosið var það næststærsta á sögulegum tíma. Gjóska barst til norðurs og olli miklum skemmdum ásamt harðindum um veturinn sem kom í kjölfarið. Gosið stóð yfir í um 12 mánuði.

Eldgjá 934: Fyrsta eldgos í Eldgjá sem sögur fara af og þá er áætlað að runnið hafi frá eldstöðinni um 18 km³ af hrauni, sem þakti um 700 ferkílómetra. Nákvæm tíma-setning gossins fékkst með rannsóknum á öskulögum úr borkjörnum úr Grænlandsjökli.

Landnámslag 870: Landnámslagið frá því um 900 er gott dæmi um notagildi gjóskulaga (goslag frá Torfajökli að talið er) og hefur mikið vægi við aldursávarðanir í fornleifafræði hér á landi.



MYND/GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

TIL SÝNIS Á ÞJÓÐMINJASAFNINU



Jarðvegssniðið á Þjóðminjasafninu var tekið við Næfurholt á Rangárvöllum árið 2004. Það er hluti af glæsilegri sýningu safnsins um sögu Íslands. Jarðvegssniðið er 2,20 metrar á hæð og rúmur metri á breidd.

■ Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur hafði umsjón með að taka sniðið og naut fulltingis Guðmundar Ólafssonar, fornleifafræðings á Þjóðminjasafninu.

■ Jarðvegssniðið var tekið árið 2004 í tengslum við endurbýggingu safnsins.

- Tilviljun réði því að jarðvegssniðið var tekið úr rofabarði við Næfurholt, en Magnús þekkti svæðið þó vel.
- Um þrjá daga tók að vinna sniðið úr rofabarðinu og koma því á sinn stað. Sniðið er bundið saman með lakki en jarðvegurinn á þessum stað hentaði vel. Það var flutt í tvennu lagi og skeytt saman þar sem það stendur nú á safninu. Ólakkaða hliðin snýr að gestum Þjóðminjasafnsins.

Upplástur: Þykku jarðvegslögin sýna hvernig upplástur og jarðvegseyðing eykst eftir því sem á líður.

- Þykkt öskulaganna sjálfra gefur ekki rétta mynd af eldgosum. Vindátt ræður þykkt þeirra eins og sjá má á goslaginu úr Heklu 1389 annars vegar og 1104 hins vegar. Þúsundfalt meiri gjóska féll í gosinu 1104.

Hekla 1510: Jarðvegssnið sýna að upplástur hefur færst mjög í aukana í kjölfar gossins og svo virðist sem fá gos hafi orðið afdrifaríkari fyrir byggðapróun á Suðurlandi. Vindur stóð af norðaustri og askan barst yfir Rangárvelli og Landeyjar en einnig yfir Landsveit og Holt og allt vestur í Flóa. Byggðin í hrauninum norðan við Keldur var hart leikin í þessu gosi og varð aldrei söm eftir. Í jarðvegi á Suðurlandi er askan frá 1510 langþykkasta og grófasta Heklugið frá sögulegum tíma. Það er tiltölulega auðþekktanlegt, víðast dökkbrúnt að lit. Rétt neðan við það í jarðveginum er þykkt kolsvart öskulag sem dreifðist yfir Suðurland í feiknamiklu gosi í Kötlu um 1485. Störgos með miklu öskufalli til suðurs. Stærsta Hekluhraun frá sögulegum tíma. Mikil landeyðing í Rangárvallasýslu í kjölfarið.

Katla um 1500: Frá Kötlugosi kringum 1490 eru til gjóskulög. Er það eina vísbendingin um gosið. Árið er að vísu á reiki, þar gæti skeið 5-10 árum.

Hekla 1389: Gjóskulagarannsóknir hafa leitt í ljós að Norðurhraun rann í þessu gosi (Sigurður Þórarinnsson 1968). Það er komið upp í gíg sem nefnist Rauðöldur og er neðarlega í suðvesturhlíðum Heklu.

Hekla 1206: Öskufall virðist hafa verið fremur lítið. Þrátt fyrir stuttaralegar frásagnir hefur þetta verið allmikilið hraungos því líkur eru til að Efraholshraun hafi runnið þá.


Hekla 1104: Fyrsta gos hennar á sögulegum tíma og það mesta. Mikið öskufall til norðurs og norðausturs. Þjórsárdalur eyddist, þ.á m. bærin Stöng. Störgos með súrri (ljóstri) gjósku. Útbreiðsla á landi var 55 þúsund ferkílómetrar. Einhver mestu hamfaragos á Íslandi áttu sér stað í Heklu fyrir 7.000, 4.500 og 2.900 árum. Ummerki um þessi gos má finna í formi gjóskulaga sem dreifðust yfir stóran hluta landsins. Eina gos Heklu á sögulegum tíma sem samþærligt er við þessi forsögulegu gos, er gosið árið 1104.

HVAÐ GETUR GJÓSKULAGAFRÆÐIN SAGT OKKUR?

- Gjóskulagafræði, eða gjóskutímatal, er aðferð sem notar gjóskulag úr ákveðnu eldgesi, sem tímaviðmiðun í jarðfræði, fornleifafræði eða loftslagsfræði. Sérhvert eldgos hefur ákveðin efnafraeðileg séreinkenni, sem greina má í gjóskunni, og er því með efnagreiningu hægt að sjá úr hvaða eldstöð og jafnvel úr hvaða eldgesi gjóska er komin.
- Helstu eldfjöll, sem hafa verið miðpunktur gjóskulagarannsóknna, eru Hekla og Vesúvius í Ítalíu.
- Upphafsmáður gjóskulagarannsóknna var Sigurður Þórarinnsson, sem í doktorsritgerð sinni 1944, rannsakaði gjóskulög úr Heklu, einkum í Þjórsárdal og nágrenni. Sigurður gerði gjóskulagafræði að alþjóðlegri fræðigrein.
- Í seinni tíð hefur Guðrún Larsen, jarðfræðingur við Jarðvísindastofnun HI, fengið mikið við gjóskulagarannsóknir, sem hafa varpað ljósi á gossögu Veidivatna og Kötlu. Kjarnaboranir í gegnum Grænlandsjökul hafa gert mönnum kleift að tímasetja af nokkurri nákvæmni söguleg og forsöguleg störgos á Íslandi.



SIGURÐUR ÞÓRARINSSON, JARÐFRÆÐINGUR (8. janúar 1912 – 8. febrúar 1983)



HEIMILD: ARI TRAUÐI GUÐMUNDSSON, ÍSLENSKAR ELÐSTÖÐVAR

- Hekla er 1.491 metra hár eldhryggur og er eitt virkasta eldfjall á Íslandi.
- Síðast gaus Hekla í febrúar 2000. Þá var hægt að spá fyrir um eldgosíð 15 mínútum áður en það hófst.
- Hekla er fremur ungt eldfjall og er allt háfjallið talið vera yngri en 7.000 ára.
- Fjallið stendur á fremur þykkri jarðskorpu þar sem Suðurlandsbrotabeltið og Suðurlandsgosbeltið mætast.
- Allstór sprungurein er undir fjallinu sem sést vel á yfirborðinu og hefur oft gosið úr henni, en þó líka úr öxl fjallsins utan sprungunnar.
- Þessari Heklugjá tengjast fleiri gígar sem hafa gosið í árunna rás, sumir einu sinni, aðrir oftar.
- Fjallið sker sig frá öðrum íslenskum eldfjöllum að því leyti.

Fyrsti útdráttur fer fram 11. maí

www.das.is



Audi



Fjórir á árinu

Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

eða

14,6 milljónir
á tvöfaldan miða!

Milljónavinningar á árinu

10x6 milljónir

38x4 milljónir

Tíu 6 milljóna króna og þrjátíu og átta
4 milljóna króna skattfrjálsir vinningar
á árinu á tvöfaldan miða.

Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.

REKENSILUSTAS 4952 04/10

**Aldraðir hafa átt allan okkar
stuðning í áratugi.**

Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði
kostar aðeins 1.000 kr.

Kauptu miða á www.das.is

Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10, sími 561 7757.

**dregið
viku-
lega!**

52 útdrættir
á árinu!

HAPDRÆTTI



Vinningur í hverri viku

Lognmolla í kosningabaráttunni

Landsmenn ganga að kjörborðinu eftir þrjár vikur til að kjósa nýjar stjórnir í sveitarfélögum landsins. Lítið hefur borið á kosningabaráttu og áhugi virðist ekki mikill. Stefnir í litla þátttöku segir stjórnmálafræðingur. Fjármálin verða efst á baugi. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* hugaði að kosningunum með sérfræðingi, hitti fólk á förnum vegi og hringdi í reynslubolta.

Fólk man varla eftir því að þetta sé að fara að gerast,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur um sveitarstjórnarkosningarnar. Í dag eru sléttar þrjár vikur þangað til landsmenn ganga að kjörborðinu. Óhætt er að fullyrða að sjaldan hafi áhuginn fyrir kosningunum verið minni á seinni tíð.

Gunnar Helgi segir að því megi búast við því að lítil þátttaka verði í kosningunum. Það sé reyndar í samræmi við þróun frá því fyrir hrún.

„Þátttaka í síðustu sveitarstjórnarkosningum, sem voru fyrir hrún, var innan við 80 prósent. Það er minnsta þátttaka í kosningum hér frá því um miðja síðustu öld. Þetta er því þróun til lengri tíma, en svo kemur hrúnið ofan á það.“

Hann segir að þetta sé tilhneiging í mörgum löndum og engin einhlít skýring á þessu. Í einhverjum skilningi hafi tengsl flokka við samfélagið minnkað.

Vantrú á stjórnmálamönnum

Gunnar segir vantrú á stjórnmálum og stjórnmálamönnum í kjölfar hrunsins setja mestan svip á kosningarnar. Það skýri áhugaleysið að einhverju leyti. Árangur Besta flokksins í Reykjavík í skoðanakönnunum sé vísbending um þetta sama. Flokkarnir glími við vantrú kjósenda.

„Tilhneigingin er í þá átt að stjórnaflökki tapi í sveitarstjórnarkosningum. Fólk lætur óánægju sína í landsmálum í ljós í sveitarstjórnarkosningum. Það er auðvitað ekki það eina sem hefur áhrif á úrslit sveitarstjórnarkosninga, staðbundnir þættir hafa líka áhrif. Landsmálin hafa með vissum hætti áhrif þannig að undir venjulegum kringumstæðum myndir þú gera ráð fyrir því að stjórnaflökkarnir ættu undir högg að sækja og stjórnaandstaðan væri í betri málum.“

Aðstæður nú eru hins vegar svo flóknar hvað varðar hverju menn kenna um hvernig komið er fyrir okkur, þannig að ekki er víst að þetta sé alveg eins og venjulega.“

Fjármálin áberandi

Fjármál sveitarfélaga hafa verið mikið í deiglu, enda standa mörg þeirra illa. Ekkert þak hefur verið á skuldsetningu þeirra og berjast mörg þeirra við skuldahala. Þau mál eru í skoðun hjá ráðuneyti sveitarstjórnarmála og hefur ráðherra, Kristján Möller, opnað á möguleikann á því að þess verði krafist að rekstur sveitarfélaga verði hallalaus. Þá hefur reglum verið breytt þannig að skuldbindingar utan efnahags, svo sem fasteignaleiga, skal nú færa innan efnahagsreikninga.

Gunnar Helgi segir fjármálin verða í brennidepli í þessum kosningum, skuldir og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. „Það er nú ekki mál sem er þess eðlis að það muni örva kosningabátttöku. Það er með leiðinlegri og staglkenndari umræðum sem þú getur lent í. Menn fara að deila um bókhald, sem er örugg leið til að slökkva á áhorfendum, en það er hins vegar alvörumál.“

Staða margra sveitarfélaga er mjög slæm, til dæmis víða hér á höfuðborgarsvæðinu. Þannig að ef ég ætti að nefna einn málaflokk, þá held ég að það hljóti að vera fjármálin sem kosningarnar muni snúast um.“



MANNLÍF Litill áhugi virðist vera fyrir sveitarstjórnarkosningunum sem verða eftir þrjár vikur. Vantrú á stjórnmálamönnum mun setja svip sinn á kosningarnar að mati stjórnmálafræðings. Búast megi við afar dræmri þátttöku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fóta sig upp á nýtt

Fjármál stjórnmálamanna og -flokka hafa einnig verið í umræðunni. Í ljós hefur komið að margir sveitarstjórnarmenn, sem tóku þátt í prófkjörum, þáðu háa styrki frá bönkum og fyrirtækjum. Þá voru flokkarnir sjálfir ófeimnir við að þiggja háar upphæðir úr sömu átt.

Gunnar Helgi segir að þetta hafi birst í starfi flokkanna sem hafi ráðið fólk til að kynna stefnu sína. Það landslag sé gjörbreytt.

„Það er orðið stórhættulegt að birtast á auglýsingaskilti þannig að ég geri ráð fyrir því að menn haldi að sér höndum. Flokkarnir voru búnir að temja sér starfshætti sem gengu mikið út á að láta atvinnumenn um að vekja áhuga og athygli kjósenda.“

Nú þurfa þeir aðeins að læra að fóta sig í öðruvísi landslagi, þar sem hinn almenni flokksmaður kemur meira við sögu. Flokkarnir eru hins vegar eiginlega búnir að tyna því niður hvernig á að gera þetta. Það getur verið eitt af því sem stuðlar að áhugaleysi um kosningarnar.“

En telur Gunnar að þetta muni nýtast einhverjum flokki umfram aðra? „Nei, ég mundi ekki segja það. Sjálfstæðisflokkurinn var sá flokkur sem hafði langmesta peninga á milli handanna. Hann er hins vegar líka sá flokkur sem hafði öflugasta meðlimaskipulagið og mesta fótgönguliðið til að tefla fram. Ég er því ekki viss um að þetta breyti miklu á milli flokka. Þeir þurfa að fóta sig upp á nýtt, læra að vinna eins og þeir gerðu: í grasrótinni.“

Hvað finnst almenningi?

Er slétt sama

Nei, ég hef ekkert fylgst með kosningunum en já, kannski ég kjósi. Ég er samt ekki búinn að ákveða hvað ég kys. Ég hef ekkert fylgst með umræðunni og veit því ekki hvort hún hefur verið mikil eða lítil eða málefnaleg, mér er slétt sama. Ég tala bara við pabba og sé hvað hann segir. Ég hef ekki heyrt neinn sem ég þekki ræða um kosningarnar, nema kannski bara pabba.



JÓN SÍMON GÍSLASON
Reykjavík.

Kýs ekki neitt

Það er ansi mikil spilling þar sem ég bý og ég hef ákveðið að kjósa ekki neitt. Þar eru vissir aðilar sem misnota aðstöðu sína svo ég ætla ekki að kjósa. Ég á ekki von á að margir í minni sveit muni kjósa, því það er yfirleitt alltaf sama liðið sem býður sig fram. Kannski verður meiri þátttaka annars staðar. Það er nokkur stjórnmálaumræða í landinu finnst mér.



JÚLÍA VALDSÓTTIR
Hrunamannahreppi.

Vantar umræðu

Ég hef nú takmarkað fylgst með, en ég mun kjósa. Ég er að velja því fyrir mér hvort ég á að skila auðu eða hvort ég á að treysta einhverjum þarna. Mér finnst engin umræða hafa verið um kosningarnar, þær hafa fallið í skuggann af öðrum málum. Mér finnst vanta málefnalega umræðu, fyrsti fundurinn var haldinn í gær [fyrradag] og það eru þrjár vikur í kosningar.



JÓHANNA BJARNADÓTTIR
Reykjavík.

Ætla að kjósa

Já, ég mun taka þátt í sveitarstjórnarkosningunum. Það er ekki mikil málefnaleg umræða í gangi, þó að einhver umræða sé til staðar. Ég er ekki búinn að taka afstöðu sjálfur en ætla að kjósa. Ég reikna með að kosningabátttaka verði svipuð og áður, hvorki meiri né minni.



SMÁRI SVEINSSON
Garðabæ.

Deyfð yfir sveitarstjórnarkosningunum



Helga Jónsdóttir var um árabíl borgaritari í Reykjavík, en hefur síðastliðin fjögur ár verið bæjarstjóri í Fjarðabyggð. Hún mun ekki gegna því starfi að loknum kosningunum í vor. Helga hefur fylgst með fjölmörgum kosningum í gegnum tíðina, af hliðarlínunni þó sem embættismaður.

„Ég hef þá tilfinningu sem áhorfandi að það sé deyfð alls staðar yfir sveitarstjórnarkosningunum og hvorki eftirspurn eftir því að vera í framboði né mikil aðsókn í að fá að greiða atkvæði. Þetta sýnist mér svona fyrirfram, hvað svo sem gerist.“ Helga segir að viðhorf til stjórnmálamanna hafi breyst í kjölfar hrunsins. „Það er náttúrulega alveg ljóst að almenningur, hvarvetna á landinu, er mjög brenndur af því að hann telur að þeir sem nutu trúnaðar á einhverjum vettvangi hafi brugðist og fólk á við alls konar erfiðleika að stríða. Það vill geta kallað fram skýringar af hverju aðrir stóðu ekki vaktina. Auðvitað marka þessi vonbrigði og trúnaðarrestur samfélagið.“

Hvað þátttökuna varðar segir Helga mikilvægt að finna leið til að fólk verði lýðræðislega virkt; vilji taka að sér verkefni í sveitarstjórnunum og veita aðhald með því að nýta kosningaréttinn. Það hvernig það sé gert sé eilífðarviðfangsefni í lýðræðissamfélögum. „Ég held að það sé ofboðslega mikilvægt núna og ég held að það sé svo mikilvægt að það takist að sameina fólk um að byggja upp, ekki halda áfram að einblína á fortíðina. Við verðum að horfa til þess að við eigum börn sem við viljum að fái jafn bjarta framtíð og við áttum þegar við vorum börn.“

Almenningur er eðlilega tvístígandi



Magnús L. Sveinsson sat í borgarstjórn Reykjavíkur í tuttugu ár, frá 1974 til 1994. Hann gegndi ýmsum trúnaðarstöðum og var meðal annars forseti borgarstjórnar 1985 til 1994.

Magnús segir lítinn áhuga á kosningunum markast af því ástandi sem ríkir í samfélaginu. Hann sé ekki hissa á því að almenningur sé óviss um hvað gera skuli í kjörklefanum.

„Ég held það [áhugaleysið] markist af ástandinu í þjóðfélaginu, sem er ósköp eðlilegt. Þetta er náttúrulega mjög óeðlilegt ástand og svona aðstæður hafa ekki verið í langan tíma þegar sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram. Allt þjóðfélagið er undirlagt af þessu ástandi, þeim erfiðleikum sem við búum við og þeim hamförum sem þjóðin hefur þurft að lifa og kemur auðvitað fram á hverjum einstaklingi. Þetta kemur fram í sveitarstjórnarkosningunum síðar í mánuðinum, það liggur alveg ljóst fyrir.“

Stjórnmálamaenn hafa fengið mikla gagnrýni á sig, með réttu og röngu, eins og gengur á meðan málin eru í skoðun, þannig að ég er ekkert hissa á því að hinn almenni borgari sé tvístígandi núna um hvað hann á að gera við kjörborðið. Það er mín tilfinning fyrir ástandinu.“ Magnús telur að þetta muni draga úr kosningabátttöku sem sjáist best á því að um helmingur taki ekki afstöðu í skoðanakönnunum. Það segi ansi mikið um að menn ýti því frá sér.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

maí 2010

Fjölskylda á faraldsfæti

Hjónin Linda Sveinsdóttir og Gunnar Óskarsson fara með fjölskylduna í útilegur allar helgar sumarsins.

SÍÐA 2



Leikir og föndur

Söngskóli Mariú Bjarkar stendur fyrir leikjánaðmskeiðunum Krakkageymslunni.

SÍÐA 6



Þriðjungur barnanna er tvítýngdur

Í leikskólanum Nóaborg eru annað eða báðir foreldrar 29 barna af 66 erlendir. Menningarlegri fjölbreytni hefur verið fagnað undanfarið ár, fyrst með alþjóðadegi og nú með heilli viku. Fréttablaðið leit í heimsókn.



Í salnum á Nóaborg er verið að dansa brasilíska dansa þegar Fréttablaðið ber að garði. Áhugasamir leikskólanemendur dilla sér í takt við suðræna tóna, undir öruggri leiðsögn Josy Zareen sem er ein foreldra leikskólubarnanna. Nokkrir kennarar og foreldrar eru með í dansinum. „Foreldrarnir hérna eru frábærir

og sýna starfinu mikinn áhuga,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri sem tekur á móti blaðamanni og leiðir í gegnum leikskólann. „Svo ekki sé minnst á starfsfólkið sem hefur lagt nótt við dag að undirbúa þessa alþjóðaviku, setið heima og fundið til efni sem hægt væri að nota.“

Alþjóðavikan í Nóaborg byrjaði sem einn dagur fyrir nokkrum árum. „Í fyrri voru þetta þrjár dagar og nú

höfum við þetta heila viku,“ segir Anna sem er mjög ánægð með hvernig til hefur tekist. „Allur leikskólinn er lagður undir verkefnið, í deildunum eru lönd heimsins kynnt og nemendurnir gera ýmis verkefni sem tengjast þeim. Dansa, lita, hlusta á tónlist, fara í jóga svo dæmi séu nefnd.“

Vegabréf var útbúið fyrir börnin

FRAMHALD Á SÍÐU 5

HÁLF-BILAÐUR

ÚTSÖLUMARKAÐUR

STÖRKOSTLEGT ÚRVAL
GJAFAVÖRU

> ORMSSON og BT í Smáralind <

Lager-SALA ALLT Á ÓTRÚLEGU VERÐI



ÚTSALA

VERSLUNIN LOKAR Í SMÁRALIND
ALLT Á AÐ SELJAST

TÖLVUR • AFPREYING • RAFTÆKI
Í ORMSSON SMÁRALIND
SÍMI: 530 2909



ORMSSON

SMÁRALIND • SÍMI: 530 2900



Sigríður
Tómasdóttir
skrifar

Meiri háttar flipp á listasafninu

Sumardaginn fyrsta ákvað ég að fara í skrudgöngu með börnin mín. Nostalgía réði þessari ákvörðun, skrudganga í köldu og björtu veðri á sumardegri rifjaði upp minningar úr æsku. Þegar stuttri göngu lauk vorum við stödd við íþróttahæimili hverfisins, þar hafði leikföngum borgarinnar verið stillt upp og vöktu þau lítinn áhuga ungvíðisins. Næst var spurt hvort það væri ekki hægt að fara á kaffihús?

„Hvernig ferðu að þessu?“ spurði norpandi móðir mig sem greinilega langaði frekar á kaffihús en að húka úti. Ég er þakklát fyrir það að börnin mín eru frekar þolinmód á kaffihúsum, einkum þar sem hægt er að skoða bækur eða leikföng eru. Það þýðir að ég fæ tíma til að njóta kaffibollans og fletta nokkrum glansblöðum. Þó að kaffihúsaferðirnar gangi oft vel og aðrar menningarferðir um helgar þá er það ekki alltaf sem þær ganga snurðulaust.

Ég fór til dæmis með börnin á listasýningu um daginn. Nemar í Listaháskólanum voru að útskrifast og ég fór með ungvíði til að líta á verk framtíðarlistamanna. Það gekk vel í fyrstu, við skoðuðum okkur um og höfðum gaman að. Sérstaka lukku hjá yngri kynslóðinni vakti verk sem líktist snjóhúsi, það þurfti að skrifa þangað inn og í kæfandi hita og kósíheitum þótti þeim gott að vera. Annar sýningargestur leiddi að því líkum að umhverfið minnti blessuð börnin á veruna í móðurkviði. Ekki var því til vinsælda fallið þegar ég tók að bisast við að koma þeim út úr listaverkinu. Frekar fúlir krakkar fengust loks út en sá eldri jafnaði sig. Litla stúlkan var ekki eins hress, setti upp skeifu og vildi nú ráða för. Sem var eilítið erfitt þar sem nú hafði safnið troðfyllt af áhugasömum gestum. Ég sá þann kost vænstan að koma mér í rólegra horn en ekki gekk sem skyldi að grípa þá litlu. Hún rak upp ramakvein og vildi alls ekki láta segja sér fyrir verkum.

Þó ég reyndi að halda kúlinu fannst mér aðstæður frekar vandræðalegar. Hversu oft í minni barnlausu tíð hef ég ekki hneykslast í hljóði á foreldrum sem ekki hafa stjórn á börnum sínum? Nógu oft til þess að mér líði illa þar sem ég rogaðist með æpandi barn á milli hæða í troðfullu safni.

Um síðir tókst mér að róa hana niður og koma mér út með börnin tvö, um leið strengdi ég þess heit að fara ekki með þau á opnun sýningar á næstunni. Þess má að lokum geta að litlu óróaseggurinn var hinn ánægðasti með sig og sofnaði vært skömmu síðar, alveg búin á því eftir að hafa flippað út á listasýningu.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður Björg Tómasdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir og Ragnheiður Tryggvadóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is



Á faraldsfæti Arndís Sara, 15 ára, Linda með Matthías Mána, 2 ára, í fanginu, Óliver Andri, 10 ára, Eva Ósk, 11 ára, og Gunnar Óskarsson. Hundurinn Bjartur bættist nýlega við fjölskylduna og fær að fara með í útilegur sumarsins.

Fara saman í útilegu allar helgar sumarsins

Á Furuvöllunum í Hafnarfirði býr ferðaglöð fjölskylda. Hjónin Linda Sveinsdóttir og Gunnar Óskarsson eiga fjögur börn, hund og kanínu og víla ekki fyrir sér að ferðast með allan hópinn um landið í sumar.

Við förum í fyrstu útileguna síðustu helgina í maí og svo allar helgar þangað til er orðið of kalt. Einu sinni á sumri förum við svo í tveggja vikna útilegu,“ segir Linda og viðurkennir að það þurfi talsverða skipulagshæfni til að halda utan um hópinn. Börnin eru á aldrinum 2 til 15 ára og mikill farangur sem fylgir.

„Það verður að rútinu hvað við tökum með okkur þannig að fótin fara í þvottavélina þegar við komum heim og beint ofan í tösku aftur, tilbúin fyrir næstu ferð. Til að byrja með vorum við í litlu kúlutjaldi, svo fjölgaði börnunum og þá fengum við okkur tjaldvagn.“

Þegar börnin voru orðin fjögur fengum við okkur fellihýsið en það var eitt-hvað sem ég ætlaði aldrei að fá mér,“ segir Linda hlæjandi en viðurkennir að þá hafi orðið rýmra um fjölskylduna.

„Það var einmitt svolítið fyndið að fyrstu útilegurnar í fellihýsinu sváfum við öll saman öðrum megin því við vorum orðin svo vön þrengslunum.“

Fjölskyldan hefur komið við nánast alls staðar á landinu á ferðum sínum. Innt eftir uppáhaldsstöðunum nefnir Linda Laugar í Sælingsdal og Húsafell. Hún segir þau allan veturinn velta fyrir sér áfangastöðum og skipuleggja hvert farið verði um sumarið. Í sumar ætla þau þó að skipuleggja sem minnst og elta góða veðrið. „Það þarf heldur ekki alltaf að fara langt, stundum er gaman að skreppa bara á Þingvelli.“

Linda segir krakkana alltaf jafn spennta fyrir ferðalögum og svona hafi þau ferðast í mörg ár. Í fyrra hafi Arndís Sara missti af ferð vegna unglíngavinnunnar og var það í fyrsta skipti sem einhvern vantaði í hópinn. Það hafi

verið bagalegt, sérstaklega þar sem Arndís er grillsérfræðingurinn í fjölskyldunni.

Aðspurð hvort ekki þurfi að skipuleggja heilmikla afþreyingu fyrir krakkana í löngum bílferðum segir hún það óþarft. Leikir eins og Frúin í Hamborg og Hver er maðurinn séu stundaðir á leiðinni og bolti sé ávallt með í för til að sparka þar sem stoppað er.

„Svo förum við í gönguferðir á hverjum degi og spilum á kvöldin. Við höfum líka með okkur tölvuspil og stundum DVD-spilara og kúrum þá bara öll saman og horfum á 7 tommu skjáinn. Okkur finnst gott að vera saman þegar við förum af stað. Enda allir búnir að vera uppteknir í sínu yfir veturinn. Við tökum fellihýsið út um síðustu helgi og þá spurðu krakkarnir strax, erum við að fara eitthvað?“

- rat

Öll stígvél á 3.900 kr.



TILBOÐ

- Margir litir
- 100% náttúrugúmmi

POLARN O. PYRET

Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822
www.polarnopyret.is



BÓKIN

Tinni endurútgefinn „Fimmtán fagurlimaðar fimleikaflyðrur frá Fáskrúðsfirði!“ segir Kolbeinn kaftinn á einum stað í bókinni Leynardómur einhyrningsins sem er nýkomin út á nýjan leik hjá lðunni. Tinnaaðdáendur, ungir sem gamlir, fagna örugglega framtakinu og gleðjast yfir því að þýðingar Lofts Guðmundssonar standi óbreyttar því þær eru mikil snilld. Það er ekki síst áður nefndur Kolbeinn kaftinn sem á mörg frábær tilsvör í þýðingum Lofts en aðrar skrautlegar aukapersónur á borð við Skapta og Skafta og Vandráð prófessor auk Tinna sjálfs láta ýmis gullkorn falla í viðburðaríkum ævintýrum sínum. Hinn belgíski Hergé var höfundur Tinnabókanna en fyrstu ævintýrin um blaðamanninn knáa eiga rætur sínar að rekja til þriðja áratugar 20. aldarinnar. Síðasta Tinnabókin, Tinni og Pikkarónarnir, kom út árið 1976. Auk Leynardóma einhyrningsins er bókina Skurðgoðið með skarð í eyra einnig nýtkomin hjá lðunni. Bækurnar eru í litlu broti og er það helsta breytingin frá eldri útgáfum.



ego dekor

COMO
Hnota/svart háglans
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:

139.900,-

Borð 220x100

Verð:

119.000,-




HETTHI
Stækkanleg borð í hnotu
160(248)x100
Verð:

159.900,-

200(288)x110

Verð:

179.900,-



HETTHI
TV skenkur 240cm
*Einnig fásanlegur í hnotu

Verð: 109.900,-

Veggzilla með ljósi 160cm


*Einnig fásanlegur í hnotu

Verð: 39.500,-



Eikarborð
200x100
einnig fásanlegt í hnotu

Tilboðsverð: 87.920,-



FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

SIBELLA stóll
Verð: 13.515,-



TRENT leðurstóll
Verð: 12.800,-



LUCINDA stóll
Verð: 23.900,-



DAVOS stóll
Verð: 24.500,-



RONNE stóll
Verð: 29.900,-



FATCAT tungusófi

Stærð: 320x165

Tilboðsverð:

211.500,-




GRANDO tungusófi

Færanleg tunga

Stærð: 230x157

Tilboðsverð:

147.900,-



CAVIAR tungusófi

Stærð: 315x165

Tilboðsverð:

199.750,-



ROMEO leðurtungusófi

Stærð: 285x165

Verð:

289.900,-




Opið virka daga: 10.00-18.00
Lau: 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

samvera

í rólegheitum og látum ...



SIPPSIPPANIPP Að sippa er hin besta skemmtun og á færi barna frá um það bil fimm ára aldri. Það er sömuleiðis góð þjálfun fyrir fullorðna að sippa, en þá er betra að nota sippuband í fullri lengd, ekki barnastærð.

FRAMHALD AF FORSIÐU



Ólík menning Alþjóðavikan byrjaði sem einn dagur en er nú vika.

sem fá svo stimpil eftir heimsóknina til landsins. „Fyrstu daga vikunnar skipuleggjum við hvert þau eiga að fara en svo mega þau velja síðari hlutann.“ Börnin sem blaðamaður hittir eru upptekin við hin ýmsu verkefni, að búa til eldfjöll og ferðast á milli landa. Þau sýna stolt vegabréf með mörgum þjóðfánum.

Anna segir börnin hafa ótrúlega gaman að tilbreytingunni, að fá að velja hvað þau gera, smakka framandi mat og kynnst nýjum hlutum. Löndin sem kynnt voru á alþjóðavikunni tengjast mörg uppruna barnanna, en ekki öll. „Við leyfðum þeim til dæmis að velja Afríkulönd og þau völdu meðal annars Madagaskar.“ Börnin á Nóaborg eru þaulvön að taka þátt í atkvæðagreiðslu því eitt af þeim þemum sem unnið er með á leikskólanum er lýðræði. „Börnin fá oft að greiða atkvæði hér, þau velja til að mynda stundum hvað á að vera í matinn. Þá fá þau að sjá



Eldgos Þessi unga snót var að búa til eldfjall þegar blaðamaður leit inn.

myndir af tvenns konar réttum og greiða atkvæði.

Þannig læra þau að atkvæði þeirra skiptir máli,“ segir Anna sem meðal annars hefur farið í vettvangsferð með börnin í Ráðhús Reykjavíkur þar sem þau ályktuðu samhljóða á fundi að það vantaði fleiri hoppukastala í Reykjavík. - sbt



Hver veit?

Við vitum aldrei hvað dregur á daga OKKAR. Því er gott að vita að það séu traustar undirstöður til staðar þegar við þurfum á þeim að halda.

4% barna fötluð eða langveik

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingarstofnun

ríkisins frá 18 ára aldri s. 100% örorku tæpum 140 króna á mánuði (nóvember það fé er ungu fólki ætla þaki yfir höfuðið og lifa það sem eftir er ævinna.

vegna undum. Fyrir ma sér þu lifi ur því augaleið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á eigin fótum í fjárhagslegu tilliti eru í raun engir. Við áfall sem leiðir til örorku

blasir ávallt við nýr raunveruleiki. Eigi barn eða ungmenni í hlut, stendur fjölskyldan öll frammi fyrir nýjum verkefnum og álagi. Fjármál heimilisins eru þar engin undantekning.

Hvað ef...

okkar fyrir "efni" í lífinu

Ef þú ættir gæs sem verpir gulleggjum, hvort væri skynsamlegra að tryggja eggin eða gæsina? Gæsina að sjálfsögðu, þar sem hún verpir

gulleggjunum og gulleggjum teknanna. Ísle tryggja gulleg bílinn en all

stta að ið, að tryggja uppsprettu teknanna, þá sjálfa. Líf og ábyrgð einstaklinga breytist og það er mikilvægt að tryggjarvernd þín taki mið af því.

Hafir þú gengið í hjónaband, keypt stærra húsnæði eða orðið foreldri, þarf að huga að tryggingaverndinni. Sýndu ábyrgð og kannaðu hvort hlutirnir eru í lagi hjá þér.

Hálendi

Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistarkona og ferðafrömuður, þekkir hálendi Íslands vel. Undanfarin sumur hefur hún farið í fjallabaki þar sem ungir og aldnir njóta náttúrunnar saman.

„Þessar hálendisferðir eru á forsendum barnanna og þær eru eiginlega hugsaðar til að tengja börnin við landið,“ segir Ósk Vilhjálmsdóttir en hún hefur undanfarin sumur skipulagt ferðir fyrir börn og fullorðna þar sem áherslan er á að njóta náttúrunnar.

„Ég hef oft farið í ferðir þar sem börnin eru hálfpartinn teymd með, þar sem verið er að ganga langar vegalengdir og það vill verða of erfitt fyrir þau. Í þessum ferðum er leiðin og leiðsögnin út frá forsendum barnanna, það er ekki verið að fara langar leiðir í kílómetrum talið,“ segir Ósk sem stefnir að Fjallabaki í sumar með hópinn. Tjaldað er í Krókagili í námunda við Strútslaug en þangað er einmitt förin heitið í lengstu gönguferð ferðalagsins.

„Það er svo gaman að fara inn á Syðra Fjallabakið. Þar er að

ÚTIVIST stendur fyrir göngu um Barmaskarð á sunnudag. Gengið verður með Litla-Reyðarbarmi suður í Krínglumýri. Þaðan um Biskupsbrekkur í hlíðum Lyngdalsheiðar og stefnt að vegi á milli Þóroddsstaða og Neðra-Apavatns. Sjá www.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

20% afsláttur af bolum, toppum og vestum

hjá *Crafnhildi*

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Felix er harður KR-ingur og segist hlakka til fyrsta leiks sinna manna á Íslandsmótinu sem fram fer næsta þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinnutími „par excellence“

Felix Bergsson býst við að nýta stóran hluta helgarinnar í vinnu eins og endranær. Þó er stefnan sett á ferðalag austur fyrir fjall á sunnudaginn, á slóðir eldgossins, þar sem tengdaforeldrar hans búa.

„Það hefur nú þróast þannig hjá mér undanfarið að helgarnar eru orðnar að vinnutíma „par excellence“, en það er bara gaman að því,“ segir Felix Bergsson, leikari og fjölmiðlamaður, um helgina sem í vændum er.

Felix er fjölhæfur maður sem fer létt með að vinna í mörgum verkefnum í einu, eins og dagskrá helgarinnar ber glögglega vitni. „Laugardagurinn skiptist í raun í fernt hjá mér. Helgin hefst eins og allar aðrar hjá mér með útvarpsþættinum Bergson & Blöndal á Rás 2, en þemað í þætti dagsins er sérlega skemmtilegt; útihátíðir. Við biðjum hlustendur að aðstoða okkur við að útbúa topp tíu lista yfir bestu útihátíðirnar í gegnum tíðina og með fylgja ótal skemmtilegar sögur af

öllu því sem hefur átt sér stað á slíkum hátíðum í gegnum tíðina,“ segir Felix.

Spurður um sína eigin eftirlætisútihátíð nefnir Felix Neistaflug í Neskaupstað sem hann hefur sótt reglulega síðustu ár. „Eftirminnilegust er nú samt Galtalækjarhátíðin sumarið 1986, þegar ég tróð í fyrsta skipti upp með Greifunum á útihátíð. Ég var hryllilega stressaður, öskraði úr mér allt vit og gott ef ég var ekki raddlaus í heilt ár á eftir, svo mikil voru átökin,“ segir hann og hlær.

Hluta dagsins eyðir Felix einnig í upptökur á spurningaþættinum Poppunkti, sem fer í loftið á RÚV í byrjun júní. „Þetta verður hrikalega skemmtileg sería og ég get til að mynda uppljóstrað að þungavigt-

armenn koma til með að eigast við í fyrstu viðureigninni, engir aðrir en HLH-flokkurinn og KK-band. Af öðrum keppnisböndum má nefna Hjaltalín, Gildruna, Agent Fresco, Skriðjökla og Loga frá Vestmannaeyjum auk margra fleiri. Svo verð ég að skemmta börnum á Samfylkingarhátíð í Mosfellsbæ og verð veislustjóri í einkaveislu á laugardagskvöldið,“ segir Felix.

Hann segist vonast til að geta nýtt sunnudaginn í örlytla afslöppun. „Ég hugsa að við bregðum okkur austur fyrir fjall að heimsækja tengdaforeldra mína sem búa rétt hjá Hellu. Þar verð ég á slóðum eldgossins á þessu frábæra svæði og það er alltaf rosalega gott að komast í sveitastælu,“ segir Felix.

kjartan@frettabladid.is

friendtex

☺ ☺ ☺

ÚTSALA

OPIÐ Í DAG KL. 11–16

Mikið úrval af fallegum fatnaði á ótrúlega góðu verði, komið og gerið frábær kaup!

Ath! vörur úr vor og sumarlista 2010 eru ekki á útsölu

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HEILSA
Þriðjudaga



Gleðjum börnin

20% afsláttur
af öllu í barnadeild Lín Design.

Falleg íslensk hönnun unnin úr bestu fánlegri bómull.

Opið í dag 11–14

Lín
DESIGN

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220
www.lindesign.is



VÍKINGAHEIMAR í Reykjanesbæ eru tilvalinn viðkomustaður fyrir fjölskylduna, en Landnámsgarðurinn við Víkingaheima hefur notið sérstakra vinsælda meðal yngstu kynslóðarinnar.

Hjólaðu í vinnuna á El Bike rafhjól

Verð kr. 99.500 = 480 bensínlíttrar

Einfalt í notkun og hentar öllum aldurshópum. Til í 4 útfærslum

Komið og reynsluakið



www.seasontours.is nota þessi El Bike rafhjól í borgarleiðsögn með góðum árangri.

ICEFIN

Nóatúni 17 • S. 534 3177 • www.icefin.is



Guðrúnarlaug og blygðunarhúsið að Laugum í Sælingsdal.

MYND/GRÍMUR ATLASON

Barnavagnavika FÍ

10.–14. maí



Gönguferðir fyrir barnafólk með barnavagna og kerrur, alla daga vikunnar 10. – 14. maí.

Léttar, skemmtilegar gönguferðir, góð hreyfing og góður félagsskapur.

Allar gönguferðir hefjast klukkan 12.30

Fyrsta gönguferðin er frá Perlunni og er gengið um Öskjuhlíð. Dagskrá barnavagnavikunnar má sjá á heimasíðu FÍ www.fi.is

Fararstjórar: Auður Kjartansdóttir og Páll Guðmundsson

Þátttaka er ókeypis, allir velkomnir.

Ferðafélag Íslands skráðu þig inn – drifðu þig út www.fi.is



Ferðafélag Íslands

www.fi.is • fi@fi.is • Sími 568 2533

Rómantískir unaðsdalir

Harmoníkuleikur, karlmannlegur söngur, guðdómlegt guðshús, heimagerður rjómaís og berháttun í blygðunarhúsi yfir í laug Guðrúnar Ósvífursdóttur dregur ferðaglaða um rómantíska sveitasælu Dala.

Harmoníkudagurinn er haldinn hátíðlegur um land allt í dag og gaman að taka sér bíltúr um sveitir lands til að hlusta á fagra tóna.

Af þessu tilefni munu harmoníkunemendur Tónlistarskóla Dalasýslu halda tónleika með félögum í harmóníkuhljómsveit Nikkólínu í Leifsbúð í Búðardal klukkan 13.30. Aðgangur er ókeypis og kaffiveitingar seldar eftir tónleikana.

Næstu tónleikar hefjast klukkan 16 í Dalabúð en þá gleðja Dalamenn og nærsveitunga Karlakórinn Ernir frá norðanverðum Vestfjörðum, en með karlmannlegum tónum sínum bera þeir gesti sína inn í sumaríð, en um einsöng sjá nokkrir meðlimir Arna. Í Leifsbúð stendur einnig yfir Landfundasýning frá Þjóðmenningarhúsinu, þar sem meðal annars má sjá eftirlíkingu af Þjóðhildarkirkju.

Milli tónleika er kærkomið að njóta fegurðar og Dalalífs, enda af nógu að taka í nágrenni Búðardals þar sem stuttur bíltúr er á spennandi slóðir.



Hjarðarholtskirkja er augnauki sem sameinar frið og fegurð.

MYND/HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR



Friðsælt er að heimsækja Hjarðarholtskirkju sem er ein af fegurstu kirkjum landsins; krosskirkja úr timbri með háum, ferstrendum turni. Hún er prófverkefni Rögnvalds Ólafssonar húsameistara og var reist og vígð árið 1904.

Þá er ómótstæðilegt að baða sig í hinni fornu Guðrúnarlaug að Laugum í Sælingsdal, en hún er kennd við eina af helstu persónum Laxdælasögu, Guðrúnu Ósvífursdóttur, og kemur eins við sögu í Sturlungu. Guðrúnarlaug er elsta laug sem sögur fara af, yfir 1000 ára gömul, en varð fyrir skriðu á 19. öld og hefur verið hlaðin upp á nýjan leik og opin almenningi til baðferða. Í hana rennur vatn úr sömu uppsprettu og þekktasti ástarþríhyrningur íslenskra bókmennta baðaði sig í, þau Guðrún, Bolli og Kjartan úr Laxdælu. Við laugina hefur verið reist fornt blygðunarhús til fataskipta svo laugargestir þurfi ekki að flagga blygðun sinni á bersvæði við laugina.

Eftir laugarferð er kærkomið að renna heim að Erpsstöðum þar sem rjómaísinn Kjaftæði er heimagerður ásamt skyri og ostum heima í fjósi. Rjómaís með íslenskum aðalbláberjum er landsfrægt lostæti og osturinn Grikki hreinasta sælgæti með mat, salati eða beint í gogginn. Þess má geta að ísinn, skyrið og ostinn má einnig fá á bændamarkað Frú Laugu á Laugalæk, og skyrið og ostinn í Íslandi í Suðurverri.

thordis@frettabladid.is

ALLT Á FERÐINNI

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Miðvikudaga

Á toppinn saman ...



Esja
Hnjúkur
Gönguskór
Mikið úrval af mjög góðum gönguskóm

Sokkar
Profeet sokkar, mikið úrval

Svefnpokar
Fiber og dúnpokar

Bakpokar
Mikið úrval af bakpokum frá Karrimor



Göngutjald
3,2 kg. 2. manna
5000 mm vatnsheldni

Íslensku
ALPARNIR
FERÐAVERSLUN

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Náttúrunnar notið beint

Vistvæn ferðapjónusta er sniðin í samstarfi við samfélagið sem sótt er heim og gengið er um náttúruna af virðingu. Hún er jafnframt sú tegund ferðapjónustu sem vex hvað hraðast í heiminum í dag.

„Umhverfismál hafa verið mér hjartans mál í mörg ár og ég sé möguleikann í ferðapjónustunni til að fræða um náttúruna. Út á það gengur vistvæn ferðapjónusta,“ segir Jón Jól Einarsson eigandi ferðapjónustufyrirtækisins Út og vestur.

Jón Jól segir vistvæna ferðapjónustu mikilvægan þátt í uppbyggingu ferðamála á Íslandi í dag. Þá sé mikilvægt í umtöluðu átaki í ferðamálum til að ná ferðamönnum til landsins aftur eftir að gos hófst í Eyjafjallajökli, að vera undirbúinn þeim fjölda sem gæti fylgt í kjölfarið, með tilliti til umhverfisslysa.

„Eftir hrúnið var talað um að ferðapjónustan ætti að bjarga okkur, sem hún getur gert. Við sáum hins vegar í túristagosinu á Fimmvörðuhálsi hvernig straumur af fólki lá óheftur á staðinn og alls konar fólk og fyrirtæki buðu þjónustu. Það er mikilvægt að litið sé á ferðapjónustu sem alvöru atvinnugrein og skipulega sé haldið á málu. Þeim ferðamönnum sem eiga að koma hingað verður



Jón Jól Einarsson segir vistvæna ferðapjónustu mikilvæga.

að vera ljóst að náttúran er viðkvæm.“
Jón Jól hefur nú í tvö sumur boðið vistvænar ferðir á Breiðafjarðarsvæðinu. Ferðirnar eru skipulagðar í samvinnu við heimamenn sem kynna sig og sín störf fyrir ferðafólkinu og bjóða í mat. Hann segir vaxandi áhuga vera á vistvænum ferðamátum þar sem ferðast er gangandi, hjólandi eða róandi. Ferðalangurinn upplifir svæðið á beinan hátt og kynnist mannlífinu. Það sé eitthvað sem stjórnmöld mættu veita athygli.

„Hin hefðbundna ferðapjónusta gengur að mestu leyti út á að stórir aðilar, eins og flugfélög og hótélkeðjur, fái peningana í vasann en ekki fólkið sem verið er að heimsækja. Því er mikilvægt að stjórnmöld styðji

við vistvæna ferðapjónustu, vegna svæða sem hafa setið eftir í atvinnubrúun. Samfélögin eru ekki síður viðkvæm en það finnst ekki öllum sjálfsagt. Á vinsælum ferðamannastöðum er heimafólki oft ofboðið vegna ágangs ferðamanna sem fylla öll tjaldstæði, sundlaugar, verslanir og rusl hrannast upp. Hinn almenni íbúi sem á ekki beinna hagsmuna að gæta í sundlauginni eða verslun finnur því lítið fyrir þeim verðmætum sem ferðamaðurinn skilur eftir sig.“

Jón Jól segir oft þess misskilnings gæta að vistvæn ferðapjónusta sé leiðinleg og snúist eingöngu um að predika umhverfisvernd. Það sé misskilningur þar sem ferðirnar séu skipulagðar á forsendum bæði gesta og gestgjafa. „Reynsla okkar er sú að fólk er ánægt með að hitta heimamenn og kynnst þeirra lífi. Fólk er úti og upplifir það sem landið hefur upp á að bjóða á allt annan hátt en ef horft er út um bílrúðu.“

Nánar má kynna sér vistvæna ferðapjónustu á vefsíðunni www.utogvestur.is. heida@frettabladid.is



Gengið er um náttúruna af virðingu og umhverfinu ekki raskað hjá Út og vestur.



Ferðalangarnir komast í bein tengsl við náttúruna.



Ferðamenn njóta þess sem svæðið býður upp á þegar þeir komast í kynni við heimamenn. MYND/UTOGVESTUR.IS

Ferðast á fjórum hjólum

Jeppa- og ferðasýning hjá Toyota í Kópavogi í dag.

Áhugamenn um bíla og ferðir ættu ekki að koma að tómun kofanum hjá Toyota um helgina, þar sem jeppa- og ferðasýning verður opnuð í dag.

Áhersla er lögð á bíla sem henta vel til ferðalaga, bæði fólksbíla og jeppa, og hægt er að skoða bæði nýjar og eldri gerðir bifreiða. Sérstaklega má geta nýrra Land Cruiser og Hilux-jeppa, sem bæði eru óbreyttir og með breytingum, en þeir breyttu verða til sýnis á útsvæði.

Þá verða á sýningunni ýmsir ferðasérfræðingar sem geta veitt gestum og gangandi upplýsingar um áfangastaði innanlands.

Sýningin verður höfð opin frá klukkan 12 til 16.



Bifreiðar sem henta til ferðalaga verða til sýnis hjá Toyota í dag.



Meðal breyttra bíla á sýningunni má nefna Land Cruiser 150 VX.

Vindáshlið



Flokkarnir eru að fyllast!
Laust er í eftirfarandi flokka:

1. flokkur	4. -10. júní	10-12 ára	laust
2. flokkur	11.-17. júní	9-11 ára	biðlisti
3. flokkur	18. -24. júní	11-13 ára	biðlisti
4. flokkur	25. júní-1. júlí	9-10 ára	laust
5. flokkur	2. -8. júlí	10-12 ára	biðlisti
6. flokkur	9.-15. júlí	11-13 ára	biðlisti
7. flokkur	16. -22. júlí	9-11 ára	laust
8. flokkur	23.-29. júlí	12-14 ára	biðlisti
9. flokkur	4.-10. ágúst	14-17 ára	laust
10. flokkur	11.-17. ágúst	11-13 ára	biðlisti

KFUM og KFUK - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 88 99 - www.kfum.is

Hestheimar eru ferðapjónustubýli staðsett milli Selfoss og Hellsu

Þar er fjölbreytt þjónusta í boði allan ársins hring:

- Vikureiðnámskeið barna í júní og ágúst.
- Gisting, fullt fæði, reiðkennsla og afþreying. Gisting í notalegum gestahúsum, heitur pottur.
- Fullt fæði ef óskað er. Allt brauð og kökur heimabakað.
- Hestaleigan opin allt árið
- Hestasala, úrval góðra hrossa
- Hvata- og óvissuferðir fyrir hópa
- Dekurhelgarreiðnámskeið að vetrarlagi
- Lengri hestaferðir á sumrin, úrvals hestar og góður matur
- Prinsessureiðnámskeið
- Reiðnámskeið fyrir hræddar konur
- Sveitadvöl fyrir fjölskyldur, þar sem gestir fá innsýn í daglegt líf í sveitinni



Hestheimar • Ásahreppi • Hella • sími 487 6666
hestheimar@hestheimar.is • www.hestheimar.is



Litadýrð, töfrar og tónar

Pamela De Sensi tónlistarkennari ætlar að stjórna fjölskylduhátíð í Salnum á morgun, sunnudag, sem hefst með götuleikhússtemningu í anddyrinu klukkan hálf eitt og síðan breytist Salurinn í diskótek.

„Það verður fjör hjá mér þessa helgi,“ segir Pamela De Sensi tónlistarkennari, sem er listrænn stjórnandi barnatónleika í Salnum á morgun. Tónleikarnir bera titilinn „Töfrahurð“ og ástæðuna segir Pamela vera þá að börn sem séu beinir þátttakendur í tónleikunum, gangi gegnum töfrahurð á sviðinu og breytist í litla Mozarta og Händela. Þau fá í framhaldinu að stjórna heilli sinfóníuhljóm-

sveit eða hjálpa til við flutninginn á annan hátt. „Á barokktímanum, þegar Händel var uppi, stjórnaði hljómsveitarstjóri ekki með priki heldur staf og okkar litli Händel mun gera það líka,“ segir hún broandi. Þarna er greinilega eitthvað spennandi á ferðinni.

Pamela mælir með því að börn komi klædd í diskó- og dansföt á hátíðina ef þau geta. Fjölistamenn frá Götuleikhúsinu ætla að efna til

leikja og sýna ýmsar listir áður en aðaltónleikarnir hefjast og andlitsmálarar bjóða upp á ókeypis málun.

Klassíska diskótekið hefst klukkan eitt. Þá kynnir Sigurbór Heimisson leikari sem í þessu sambengi nefnist DJ Sóri, klassíska danstónlist eftir Händel, Mozart, Bizet og Strauss. Áheyrendur fá að koma upp á svið og kynnast takti, hljóðfærum og nótnabókum hjá Sinfóníuhljómsveit áhugamanna sem er hljómsveit hússins þessa dagstund. Sérstakur dansherra á tónleikunum verður stórtenórinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson, dansarar úr Listdansskóla Íslands leiða börn í dansinn og litlir prinsar og prinsessur svífa um undir valstakti.

Töfrahurð er fimmtu tónleikarnir í sérstakri barnatónleikaröð Salarins sem Pamela De Sensi stjórnar. Áður hefur hún staðið fyrir Karnivali dýranna, Sögum draugsins Tíbrí sem fluttar voru á hrekkjavöku og Hljóðunum í frumskóginum þar sem áherslan var á slagverksleik. „Hugmyndin með þessari tónleikaröð er sú að börnin fá að taka þátt í flutningi tónlistar, finna taktinn og læra í gegnum leik og töfra,“ segir Pamela. „Hér verður haldið áfram á þeirri braut.“

gun@frettabladid.is



Litill Händel heilsar hljómsveitarstjóranum Oliver Kentish. MYND/STEINGRÍMUR ÞÓRHALLSSON



„Hugmyndin með þessari tónleikaröð er sú að börnin fá að taka þátt í flutningi tónlistar, finna taktinn og læra í gegnum leik og töfra,“ segir Pamela De Sensi tónlistarkennari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SVELTUR SITJANDI KRÁKA EN FLJÚGANDI FÆR

Óskað er eftir samstarfsaðilum til að koma að rekstri Gamla Kaupfélagsins

- Gamla Kaupfélagið er veitinga- og skemmtistaður sem staðsettur er í endurbyggðu húsnæði á besta stað á Akranesi.
- Rekstur Gamla Kaupfélagsins hófst í áföngum í júlí 2009.
- Leitað er að aðilum sem eru í senn hugmyndaríkir, skapandi, faglegir og vinnusamir.
- Samstarfsaðilar þurfa að vera hæfir í að útvíkka núverandi starfsemi og skapa fjölbreytta og skemmtilega heild.
- Markmiðið er að stækka markaðssvæði Gamla Kaupfélagsins verulega, en nálægð við höfuðborgarsvæðið er ótvíræður kostur.
- Akranes er einungis í 35 mín. akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og jafn langt í báðar áttir, „Belive it or not“.





Veitingastjóri:

Eldhúsið er staðsett miðsvæðis í húsinu og tengist þremur góðum söllum sem henta vel til veitinga- og veisluhalda. Hægt er að halda tvær veislur samtímis þar sem matargestir geta verið um 80 í minni sal og 220 í þeim stærri. Eldhúsið er mjög vel tækjum búið en í því er m.a. eldbökunarofn fyrir pizzubakstur.

Við leitum að aðila/aðilum til samstarfs sem hafa eftirfarandi kosti/eiginleika:

- Hæfileiki og sköpun við matreiðslu.
- Hæfni og reynsla af skipulagningu hverskyns veisluhalda.
- Þekking á markaðs og kynningarstarfi.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Tengja saman matarveislur og viðburði í samstarfi við viðburða- og skemmtanastjóra.
- Bera ábyrgð á allri matargerð.



Sumarið á Akranesi á eftir að vera mjög líflegt en meðal annars eru hinir rómuðu Írsku dagar ásamt tónlistarhátíðinni Villta Vestrinu.

Einnig eru framundan fjölmargar íþróttahátíðir fyrir unga sem aldna og fylgir keppendum jafnan fjöldi aðstandenda.

Að auki er fyrirhuguð blús- og djasshátíð í haust þar sem fjöldi listamanna munu koma fram og búist er við góðri aðsókn líkt og undanfarin ár.

Allar nánari upplýsingar gefur Ingólfur Árnason.

☎ 897 1403 ✉ ingolfur@skaginn.is

gamla **kaupfélagið**
www.gamlakaupfelagid.is



Viðburða- og skemmtanastjóri:

Húsakostur Gamla Kaupfélagsins er sérstaklega heppilegur til ýmissa viðburða. Auðvelt er að skipta húsinu upp í misstór rými en í heild er leyfi fyrir 500 gesti. Í húsinu er flott svið, skemmtilegt ljósakerfi, breiðtjald, flatskjáir, gott hljóðkerfi ásamt ýmsum hljóðfærum. Aðstaðan hentar mjög vel fyrir hópa með bæði matarveislu og skemmtun.

Við leitum að aðila/aðilum til samstarfs sem hafa eftirfarandi kosti/eiginleika:

- Frumlegheit og sköpun og geta greint tækifæri í hverju horni.
- Samskipti við aðila sem tengjast listsköpun.
- Stýra auglýsinga- og kynningarstarfi.
- Stjórna og starfa við framreiðslu.
- Tengja saman viðburði og matarveislur í samstarfi við veitingastjóra.
- Bera ábyrgð á veitingasölu.

Sölufólk í húsgagnaverslun!

Við óskum eftir sölufólki til starfa í húsgagnaverslun.

Áhugasamir leggi inn umsókn ásamt mynd á: husgagnaverslun1@gmail.com



OKKUR VANTAR GÓÐAN MICROSOFT KENNARA!

NTV er öflugur einkaskóli sem stofnaður var árið 1996. NTV býður upp á fjölbreytt nám með aðaláherslu á lengra starfsnám og undibúning nemenda fyrir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Hjá NTV starfar hópur fólks með mikla þekkingu á sínu sviði. Vegna aukinna umsvifa þurfum við að bæta við kennara í hlutastarf.

Við leitum að kennara með yfirgripsmikla sérþekkingu. Viðkomandi þarf að hafa lokið MCTS & Network+ og MCITP (áður MCSA).

Viðkomandi þarf að vera fljótur að tileinka sér nýjungar og sýna frumkvæði í starfi. Vinnutíminn er mestmegnis á dagtíma en getur verið breytilegur.

Starfssvið:

- Kennsla í Tölvuviðgerðum
- Kennsla í MCTS & Network+ (Windows uppsetningar)
- Kennsla í MCITP (Uppsetningar á Microsoft serverum)

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Yfirgripsmikil þekking á ofangreindum þáttum er skilyrði
- Háskólamenntun er æskileg
- Reynsla af kennslu er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Gerð er krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til jvk@ntv.is fyrir kl. 12:00 þann 19. maí merktar "Góður kennari"

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN

VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



Sérfræðingur á fjárhagssviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir eftir vel menntuðum einstaklingi með þekkingu, frumkvæði og áhuga á viðfangsefnum sem varða greiðslumiðlun.

Fjárhagssviðið hefur umsjón með færslu bókhalds Seðlabanka Íslands og dótturfélaga auk þess að sinna allri bakvinnslu bankans þ.m.t. umsjón með SWIFT-færslum og greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki ásamt öðrum verkefnum sem því er falið.

Sérfræðingurinn sem auglýst er eftir mun m.a. hafa umsjón með daglegum rekstri stórgreiðslukerfis Seðlabanka Íslands. Hann mun jafnframt hafa umtalsverð samskipti við önnur svið bankans. Einnig er um að ræða reglubundin samskipti við Reiknistofu bankanna sem annast tæknilegan rekstur kerfisins og erlenda aðila.

Helstu starfsþættir eru:

- Umsjón með rekstri stórgreiðslukerfis
- Greining, samantekt og miðlun upplýsinga varðandi rekstur, veltu og færslufjölda
- Samskipti við þátttakendur, innlenda sem erlenda, m.a. þátttaka í samningagerð
- Þátttaka í nefndum er fjalla um stórgreiðslukerfið, þróun þess og aðlögun
- Önnur tilfallandi verkefni á fjárhagssviði

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur þekkingu og reynslu á vettvangi fjárfstýringar og greiðslumiðlunar. Umsækjandi þarf að hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi, gott vald á ensku og geta auðveldlega komið frá sér rituðu efni, bæði á íslensku og ensku. Kunnáttu í dönsku, sænsku eða norsku er æskileg. Krafa er gerð um mikla nákvæmni, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum auk góðra samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hannesdóttir framkvæmdastjóri fjárhagssviðs í síma 569 9600. Umsóknum skal skilað fyrir 22. maí 2010 til rekstrarsviðs Seðlabanka Íslands.

Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta á Eignastýringarsviði



Kraftmikill einstaklingur óskast til framtíðarstarfa við verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka.

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf til viðskiptavina varðandi verðbréfa- og lífeyrissjóði bankans
- Kynning og sala á þjónustu Eignastýringarsviðs

Hæfni og þekking:

- BS próf í viðskiptafræðum eða sambærilegt nám
- Gott frumkvæði í starfi og hæfni til nákvæmra og sjálfstæðra vinnubragða
- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Hæfni og vilji til að kynna og selja þjónustu bankans
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðs- viðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavinum okkar í fyrsta sæti.

Nánari upplýsingar gefur Jónas Hvanberg, Starfsmannþjónusta, sími 444 6376 og netfang jonas.hvanberg@arionbanki.is. Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans www.arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí.

Arion banki

Capacent Ráðningar

FORSTJÓRI



Hapdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) er alfarið í eigu Háskóla Íslands og rekið með það að markmiði að afla fjár til byggingafrákvæmda og tækjakaupa fyrir Háskólann. Allt frá stofnun hapdrættisins árið 1933, hefur það fjármagnað nær allar byggingar Háskóla Íslands.

Hapdrætti Háskólans óskar eftir að ráða metnaðarfullan forstjóra til starfa.

Verksvið forstjóra

- Yfirumsjón með rekstri fyrirtækisins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Vörubrúun og markaðsmál
- Upplýsingagjöf til stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla af rekstri, fjárhagslegri ábyrgð og stjórnun
- Reynsla af stjórnun markaðsmála
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og samskiptahæfni

Launakjör og byrjunartími er samkvæmt samkomulagi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsjón með ráðningunni hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Öflugur greinandi óskast

Síminn leitar að öflugum sérfræðingi í Greiningardeild fyrirtækisins. Um er að ræða sérfræðing í innri greiningum sem ber ábyrgð á vinnslu og greiningu ýmissa lykiltalna í rekstri Símans. M.a. er um að ræða ítarlegar greiningar á þróun viðskipta, neyslumynstri og markaðsstöðu og líkanagerð um ýmislegt tengt fjarskiptum.

Hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á tölfræðigreiningum, einfaldri tölfræði og margbreytutölfræði
- Reynsla af úrvinnslu gagna og aðferðarfræði tengdri markaðs- og samkeppnisgreiningum
- Þekking á SPSS/PASW Statistics eða sambærilegu tölfræðiforriti æskileg
- Reynsla af Business Objects eða sambærilegu tóli er kostur

Kröfur um menntun:

- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda, viðskipta, hagfræði eða stærðfræði
- Meistaragráða er kostur

Umsóknar-
frestur er
15. maí n.k.

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

800 7000 - siminn.is

Það er Síminn

Aðalsafnaðarfundur Digranessafnaðar

verður haldinn sunnudaginn 23. maí 2010 kl. 14 í safnaðarsal kirkjunnar. Venjuleg aðalfundarstörf. Sókarnafnd.

Heildverslun í Hafnarfirði

Óskum eftir einstakling til almennra afgreiðslustarfa.

Við leggjum mikið upp úr framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum okkar og leitum því eftir jákvæðum starfskrafti með ríka þjónustulund. Vinnutími er virka daga 08:00-17:00. Framtíðarstarf. Ráðning 15. júní 2010.

Áhugasamir sendið skriflega umsókn m/mynd til Fréttablaðsins merkt; „Heildverslun 0805“.

HÍÐ ÍSLENSKA BIBLIÚFÉLAG

óskar að ráða framkvæmdastjóra í hálfstarf.

Framkvæmdastjóri annast rekstur félagsins í samræmi við lög þess og markmið, m.a. að efla útbreiðslu og notkun Biblíunnar. Sjá nánar starfslýsingu og lög félagsins á vefsíðunni <http://bibliian.is/>.

Þörf er einlægs áhuga á markmiðum félagsins, traustar undirstöðumenntunar, reynslu af sjálfstæðu starfi, góðra samskipta- og skipulags-hæfileika, getu til að flytja mál vel í ræðu og riti, þ.m.t. góðs valds á íslensku máli en einnig ensku og Norðurlandamálum vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir dr. Sigurður Pálsson virka daga kl. 18-19 í síma 551-1097 eða 891-7541.

Laun miðast við menntun og starfsreynslu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst skv. nánara samkomulagi.

UMSÓKNIR um starfið ásamt yfirliti um náms- og starfsferil sendist Fréttablaðinu, merkt, Framkvæmdastjóri-0105 fyrir 14. maí nk.

Starfsmaður á dekkjaverkstæði

Vegna ört stækkandi hóps viðskiptavina Vöku óskum við eftir starfsmanni við þjónustu á dekkjaverkstæði.

Hæfniskröfur:

- Vanur vinnu á dekkjaverkstæði.
- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi.
- Stundvísi og snyrtimennska.
- Góð mannleg samskipti.
- Öguð vinnubrögð.

Aðeins reyklousir einstaklingar koma til greina í starfið.

VAKA er eitt fjölhæfasta bílþjónustufyrirtæki landsins og er í örum vexti. Félagið rekur öflugt dekkjaverkstæði, viðgerðaverkstæði, bílapartasölu, dráttarbílaþjónustu og úrvinnslu bíla auk þess að vera með uppboð á vegum sýslumanna. VAKA er nýflutt í glæsilega aðstöðu að Skútuvogi 8 þar sem öll starfsemi félagsins fer fram.

Áhugasamir geta sótt um starfið með því að senda umsókn á starf@vakahf.is

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG

Naglafræðingar óskast til Noregs

Okkur vantar flinka naglafræðinga til starfa á snyrtistofu í Bergen í Noregi. Viðkomandi verður að hafa góða reynslu í að leggja gelneglur. Æskilegast frá Bio/Calgel, en það er ekki skilyrði. Umsækjendur verða að vera stundvísir, áreiðanlegir, samviskusamir og hafa gott viðmót. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Vinsamlegast hafið samband við Jóhönnu Jóhannsdóttir í síma +47-40040668 eða á netfangið: johanna@frk-reykjavik.no

FRÖKEN REYKJAVÍK
Lagunen Storsenter, Bergen Norway



Marel is an international hi-tech company and a leading global provider of advanced equipment, software and solutions for the food processing industry. The company employs about 3,200 people across five continents, including 350 in Iceland.

We offer excellent working conditions, efficient staff training, flexible working hours, a canteen, a children's playroom, outstanding sports facilities and a lively social life.

Internal auditor

We are looking for an experienced internal auditor for our corporate headquarters in Garðabær, Iceland.

The internal auditor is responsible for an independent, objective assurance and consulting activity designed to add value and improve the organisation's operations. He/she helps the organisation to accomplish its objectives by bringing a systematic, disciplined approach to evaluating and improving the effectiveness of risk management, control and governance processes. Furthermore, he/she provides objective, independent, professional advice to all levels of management and paves the path towards continuous improvement.

The internal auditor reports directly to the Board of Directors.

Responsibilities:

- Provide assurance that internal controls in place are adequate to minimise risks, governance processes are effective and efficient, and objectives are met.
- Review and assess whether financial and operational reporting is accurate and sufficient at all times.
- Measure compliance with strategy, structure, budgets and processes.
- Ensure compliance with laws, regulations and ethical guidelines.
- Evaluate procedures for safeguarding and administration of assets.
- Evaluate efficiency and economy in usage of capital and resources.

Requirements and qualifications:

- Professional in-depth understanding of the business environment and processes.
- University degree in finance, accounting or engineering.
- Extensive knowledge of information technology and financial systems.
- Experience from a similar position or in high level financial management.
- Initiative, leadership and delegation skills.
- An eye for detail and the ability to prioritize.
- The ability to express opinions and convey information with clarity and accuracy.
- A hands-on mentality and dedication to continuous improvement.
- Excellent analytical skills.
- Excellent English skills and the ability to travel frequently.

Interested candidates are invited to submit their applications in English at www.marel.com before 18 May 2010.

Further information about the position is provided by Hrunn Rudolfsdóttir, hrunn.rudolfsdottir@marel.com, Corporate Director of HR, tel: +354 563 8000.



Hagfræðingur hjá BSRB

BSRB eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi og voru stofnuð 14. febrúar 1942.

Aðildarfélag BSRB eru 27 talsins og félagsmenn rúmlega 20.000. Um 70% félagsmanna eru konur.

Á skrifstofu BSRB starfa 11 starfsmenn, sérfræðingar á ýmsum sviðum, sem annast margvísleg verkefni fyrir samtökin og aðildarfélag þess. BSRB óskar að ráða hagfræðing í þennan hóp.

BSRB auglýsir laust til umsóknar starf hagfræðings. Hlutverk BSRB er m.a. að þjónusta aðildarfélag innan bandalagsins og gæta hagsmuna þeirra og félagsmanna.

Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- * Þátttaka við gerð samninga aðildarfélaganna og bandalagsins.
- * Fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- * Fræðsla, ráðgjöf og almenn upplýsingamiðlun um hagfræðileg efni.
- * Tilfallandi verkefni og ráðgjöf vegna réttinda og túlkunar kjarasamninga.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- * BS gráða eða umfram menntun á sviði hagfræði.
- * Reynsla og þekking á sviði opinberra stjórnsýslu og félagsamtaka er kostur.
- * Samskiptahæfni og hæfni til að starfa í krefjandi starfsumhverfi.
- * Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð.
- * Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 22. maí nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinsamlega athugið að upplýsingar um starfið verða eingöngu veittar hjá STRÁMRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir, gudny@stra.is, veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið starfsferilskrár ásamt viðeigandi prófgögnum til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirleggjandi hringi eða sendi rafpóst til STRÁMRI og tilkynni þátttöku.



Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 25 ár

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



TRAUT FYRIR TÆKI • JÁKVÆÐUR STARFSANDI • SAMKEPPNIS HÆF LAUN

HÁR
s m i n k

Vegna ný afstaðna endurbóta óskar Hár og Smink eftir meistara/sveini í stólaleigu.

Góð aðstaða og aðgengi erum í Hlíðarsmára 17 kóp.

Velkomin með fyrirspurnir.

Upplýsingar í síma 8972316

ATVINNULAUS HEIMA?

SKEMMTILEGT OG LIFANDI STARF

Ef þú ert ekki í fullu háskólanámi, þá hentar 72% kvöld- og helgarvinna! Aðra vikuna er unnið 3 kvöld og allan daginn laugardag og sunnudag. Hina vikuna er unnið 2 kvöld.



HÆFNISKRÖFUR • 25 ára +

- með „mömmu“-eiginleika
- með reynslu af heimilisrekstri
- reynsla er kostur en ekki skilyrði

Fáðu nánari upplýsingar hjá Herwig: atvinna@foodco.is
Umsóknir á: <http://umsokn.foodco.is>



Starfsmennt er samstarfsvettvangur fjármálaráðuneytisins og stéttarféлага innan BSRB og sinnir símenntun, ráðgjöf og starfsþróunarverkefnum opinberra starfsmanna. Setrið þróa og heldur utan um starfstengt nám

um allt land í samstarfi við hagsmunaaðila og styðst við öflugt vefkerfi og rafræna umsýslu. Upplýsingar um starfsemi og hlutverk Starfsmenntar má finna á heimasíðunni: www.smennt.is

Nánari upplýsingar veitir: Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Verkefnastjóri

Fræðslusetrið Starfsmennt óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að halda utan um nám, kynningar og þróunarverkefni á vegum setursins. Leitað er að fjölhæfum starfsmanni sem er í senn skapandi og skipulagður. Fyrst um sinn er um 1 árs afleysingastarf vegna fæðingarorlofs að ræða.

Ábyrgðar- og starfssvið:

- Þróun, umsjón og eftirfylgd námsleiða og verkefna
- Upplýsingagjöf og aðstoð við viðskiptavin
- Ráðgjöf og fræðsla til starfsmanna og stofnana
- Þátttaka í þróunarverkefnum

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði kennslu, ráðgjafar, stjórnunar eða upplýsingatækni
- Þekking á fullorðinsfræðslu og vinnumarkaði
- Þjónustulipurð og góð samskiptahæfni
- Mjög góð tök á íslensku máli er skilyrði og enskukunnátta er kostur
- Góð tölvukunnátta og reynsla af vefvinnu



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Proskapjálfi

Leikskólinn Ásar í Garðabæ leitar eftir þroskapjálfa. Um er að ræða fullt starf og getur viðkomandi hafið störf fljótlega. Leikskólinn Ásar er rekinn af Hjalla-stefnunni og starfar eftir hugmyndafræði hennar.

Fyrirspurnir og frekari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á netfangið asar@hjalli.is eða hjá skólastjórnendum í síma 564 0200.



Sérfræðingur í viðskiptagreind

Hag- og upplýsingadeild óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing til starfa við viðskiptagreind (Business Intelligence). Í boði er fjölbreytt og spennandi starf með samhentum hópi sérfræðinga. Leitað er að jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

Hag- og upplýsingadeild annast öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um starfsemi og rekstur LSH. Takmark okkar er að gera góðar upplýsingar betri og auðvelda með þeim hætti upplýsta ákvarðanatöku stjórnenda.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Þróun, uppbygging og innleiðing vörusalausna
- » Vörusalaheimsmiði
- » Skýrslugerð
- » Kennsla
- » Gagnaúrvinnsla
- » Greining og ráðgjöf á þörfum LSH með tilliti til viðskiptagreindar

Hæfnikröfur

- » Háskólapróf í tölvunarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- » Reynsla af viðskiptagreindartólum æskileg
- » Þekking og reynsla af skýrslugerð í Business Objects æskileg
- » Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- » Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- » Reynsla af hópvinnum og verkefnastjórn æskileg

Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.

Starfshlutfall er 100% og veitt starfið frá 25. júní 2010 eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar veitir Eiríkur Svansson, verkefnastjóri, sími 543 1506, netfang eirikurs@landspitali.is.

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Eiríks, LSH hag- og upplýsingadeild, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um starf“ á heimasíðu www.landspitali.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, mannaúðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklaus vinnustaður

CCP IS HIRING CORPORATE CONTROLLER

Reporting to the Chief Financial Officer, the Corporate Controller will be responsible for all aspects of corporate accounting, including internal and external financial and regulatory reporting, internal controls and financial accounting systems. This individual will interface with external auditors and regulatory agencies as related to the firm's accounting function. The Corporate Controller will also proactively develop information flows and controls in anticipation of current and future needs of the business. Overall, the Corporate Controller will continue to develop and strengthen a culture of financial rigor, discipline and control throughout the Company.

The ideal candidate will be a broad-based financial professional with strong academic credentials and successful leadership experience in the finance and accounting operations areas of a complex company with operations in multiple countries. The individual will be dynamic, energetic, teamwork oriented and have a demonstrated record of success in implementing and managing finance functions through periods of rapid growth.

KEY ATTRIBUTES INCLUDE:

- » State Authorized Public Accountant, with 8-12 years experience working across accounting and reporting processes.
- » IPO experience and/or financial reporting for a public company, including preparation of required quarterly and annual financial and regulatory filings.
- » Extensive knowledge of accounting procedures and IFRS accounting principles.
- » Proficiency in accounting systems, databases, business analytics applications, spreadsheets.
- » Ability to manage, motivate and develop other professionals and thrive in a team-work oriented environment.
- » Motivated and effective in a fast paced and dynamic culture, able to have fun combined with limitless commitment to excellence.
- » Fluent in Icelandic and English.

WWW.CCPGAMES.COM/JOBS



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Torfnæs – 400 Ísafjörður | Sími 450 4500 | Fax 450 4522 | www.hvest.is

Lausar stöður lækna

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða auglýsir eftir tveimur læknum til starfa. Stöðurnar eru lausar frá 1. júlí. Um er að ræða 100% stöður auk vakta á heilsugæslu. Starfskjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Leitað er eftir læknum með víðtæka almenna reynslu. Sérfræðimenntun í heimilislækningum æskileg.

Nánari upplýsingar um störf veitir
Þorsteinn Jóhannesson framkvæmdastjóri lækninga.
Netfang thorsteinn@fsi.is – Sími 450 4500.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2010.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist fyrir 1. júní nk. til Þrastar Óskarssonar forstjóra, netfang: throstur@fsi.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



CCP LEITAR AÐ 150 STARFSMÖNNUM

» ATLANTA » NEWCASTLE » REYKJAVIK » SHANGHAI

CCP er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og dreifingu á stafrænni afþreyingu gegnum Internetið. Fyrirtækið hefur nú þrjá leiki í framleiðslu og er með skrifstofur í Reykjavík, Newcastle, Atlanta og Shanghai. Reiknað er með að starfsmannafjöldi í árslok 2010 verði rúmlega 620.



CCP óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

- » Concept Artist
- » Database Administrator
- » Web Developer
- » Senior Web Developer
- » Senior Graphics Programmer
- » Graphics Programmer
- » QA Engineer
- » Programmer
- » Artist / Graphic Designer
- » QA Tester
- » QA Tech Lead
- » Senior Network Programmer
- » Network Programmer
- » Web Front End Engineer
- » Graphic Designer
- » Virtual Worlds Systems Administrator
- » Senior Game Designer
- » Technical Director - Incarna
- » Technical Director - Core
- » Senior Programmer - Incarna
- » Lead Graphics Programmer
- » Senior Web QA Tester
- » Programmer - Incarna
- » Customer Support Tools Programmer
- » Virtual Worlds System Administrator - London
- » Associate Programmer - Incarna
- » Game Designer
- » Security Administrator
- » Visual Effects Artist
- » Technical Artist - Special Effects
- » Corporate Controller

Störfin krefjast mikilla skipulagshæfni, ensku kunnáttu og hæfileika til að þrífast í dínámísku og síbreytilegu umhverfi. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Nánari upplýsingar um kröfur og menntun eru á vefsíðu CCP: www.ccpgames.com.



» Ráðningarþjónusta

Sölu- og markaðsstjóri

Leiðandi ferðarþjónustufyrirtæki á Norðurlandi óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra.

» Starfssvið

- Umsjón með sölu- og markaðsmálum
- Samskipti við hönnuði og auglýsingastofur
- Samskipti við erlendar og innlendar ferðaskrifstofur

» Hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla á sviði sölu og markaðsmála
- Menntun og/eða reynsla á sviði ferðarþjónustu kostur
- Góð tungumálakunnátta s.s. enska
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Húsnæði í boði ef óskað er.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf fljótlega.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir bednir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Hjúkrunarfræðingur

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa á Dvalar- og Hjúkrunarheimilið Kumberavog, Stokkseyri. Staða laus frá maí / júní. Starfshlutfall samkomulag. Húsnæði er til staðar. Á Kumberavogi er 42 rúma hjúkrunardeild, og 20 dvalarheimilispláss. Frá Reykjavík er 40 mín akstur.

Upplýsingar í s. 483 1310, eða á kum@simnet.is

Jarðvinnuverkstjóri



Ósáfl óskar eftir að ráða reyndan jarðvinnuverkstjóra til starfa í Bolungarvík.

Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af verkstjórn í jarðvinnu en verkið felur í sér stjórnun á 15 – 20 manna jarðvinnuhópi.

Einnig er gerð krafa um grunnþekkingu á tölvuforritunum Word og Excel.

Nánari upplýsingar veitir Rúnar Ágúst Jónsson verkefnisstjóri í síma 693-4238. Umsóknnum skal skila um heimasíðu ÍAV.

Ósáfl var stofnað vegna byggingu Óshlíðarganga sem Vegagerðin bauð út og vinnur auk þess að gerð snjóflóðavarna í Bolungarvík



Ósáfl sf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

Sérfræðingur á sviði eignaumsýslu

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.

Íbúðalánasjóður óskar að ráða til starfa sérfræðing á sviði eignaumsýslu. Hann starfar á rekstrarsviði sjóðsins en verkefnin ná einnig til lögræðisviðs og þjónustusviðs lána.

Starfssvið

- Verðmat eigna við útlán, nauðungarsölu og sölu uppboðseigna sjóðsins
- Þátttaka í eftirliti og umsjón fasteigna
- Fylgjast með þróun fasteignamarkaðar
- Önnur tilfallandi verkefni

Umsækjendur eru vinsamlega bednir að sækja um starfið á heimasíðu Talent ráðninga, www.talent.is Upplýsingar um starfið veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent ráðningum í síma 552 1600, lind@talent.is.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí næstkomandi.

Eldri umsóknir um sambærilegt starf hjá Íbúðalánasjóði óskast endurnýjaðar. Umsóknir gilda í 6 mánuði.

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hafa lokið námi sem er ætlað fasteignasölum
- Minnst 5 ára starfsreynsla sem löggiltur fasteignasali eða hjá löggiltum fasteignasala
- Háskólamenntun á sviði byggingatækni, verkfræði eða viðskiptafræði er kostur
- Góð færni í Excel, Word og PowerPoint
- Sjálfstæð, öguð og skipulögð vinnubrögð



Laus staða skólastjóra við Vallaskóla á Selfossi

Staða skólastjóra við Vallaskóla á Selfossi er laus til umsóknar. Vallaskóli er grunnskóli með um 570 nemendur á komandi skólaári í 1. - 10. bekk. Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.vallaskoli.is Staða skólastjóra er veitt frá og með 1. ágúst 2010.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Stjórnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans
- Hefur forustu um og skipuleggur faglegt starf innan skólans
- Umsjón með starfsmannamálum skólans
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerðum grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu sveitarfélagsins í málaflokknum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Grunnskólakennararéttindi og reynsla í kennslu grunnskólabarna
- Viðbótarmenntun í stjórnun
- Reynsla í stjórnun heildstæðs grunnskóla
- Færni í mannlegum samskiptum og viðtalstækni
- Þekking á fjárhagsáætlunargerð og daglegum rekstri grunnskóla
- Góð þekking á grunnskólalögum, aðalnámskrá og öðrum þeim lögum og reglugerðum er varða skólahald og velferð nemenda og starfsfólks
- Þekking á kjarasamningum starfsfólks grunnskóla
- Reynsla/þekking á öðrum skólastigum æskileg
- Þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga æskileg

Launakjör eru í samræmi við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskóla vegna Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Thorlacius, framkvæmdastjóri, sími 480 1900 netfang: ragnheidur@arborg.is og Sigurður Bjarnason, verkefnisstjóri fræðslumála, sími 480-1900, netfang: siggi@arborg.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega Ragnheiði Thorlacius, framkvæmdastjóra, Austurvegi 2, 800 Selfoss.

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2010.




Fjölskyldumiðstöð Árborgar

Vantar þig starfsmann?
- við leysum málið.

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is



sími: 511 1144



856 NÝ STÖÖRF FYRIR NÁMSMENN OG ATVINNULEITENDUR

Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Vinnumálastofnun auglýsa hér með eftir umsóknum um störf við tímabundin átaksverkefni á vegum ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Störfin eru opin öllum sem eru á atvinnuleysisráðuneyti og námsmönnum sem eru á milli anna eða skólastiga.

Störfin eru liður í vinnumarkaðsaðgerðum á vegum VMST skv. lögum um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006 og vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. **Störfin sem auglýst eru henta jafnt konum sem körlum.**

Opnað verður fyrir umsóknir á www.vmst.is miðvikudaginn 12. maí.

Umsóknarfrestur er til 19. maí. Nánari upplýsingar um störf, tengiliði hjá hverri stofnun og fleira er að finna á vef Vinnumálastofnunar www.vmst.is.

- ▶ Uppfærsla gagnagrunna **bls. 2**
- ▶ Gróðursetning og áburðargjöf **bls. 3**
- ▶ Skráning kirkjugripa **bls. 3**
- ▶ Förgun ónýtra girðinga **bls. 5**
- ▶ Vinna við flokkun skjala **bls. 3**

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

UMHVERFISSTOFNUN

Gagna- og heimildaöflun – náttúrufræðingur á friðlýstum svæðum (Reykjavík)

Öflun gagna um friðlýst svæði, s.s. í lögum, reglugerðum, alþjóðasamningum o.fl.

Fjöldi starfa: 1

UR02 Starf aðstoðarmanns við Svaninn og vistvæn innkaup (Reykjavík) Aðstoða sérfræðing um Svaninn við kynningar og dreifingarstarf. Í starfinu felst m.a. að kynna Svaninn í stórmörkuðum og dreifa upplýsingabæklingum.

Fjöldi starfa: 1

UR03 Starf aðstoðar- og umsjónarmanns (Reykjavík)

Aðstoða sérfræðinga, skjalavörð og fagritara við flokkun og grísjun eldri gagna. Að sinna léttum umsjónarstörfum, s.s. vökva blóm, hafa til kaffi o.fl. sem

starfsmaður í mótuneyti, ræsting og aðkeypt starfsfólk í viðhaldi sinna ekki.

Fjöldi starfa: 1

UR04 Viðhald – Friðlýst svæði

Viðgerðir og viðhald, málningarvinna o.fl.

Fjöldi starfa: 1

UR05 Starfsmaður í verkefni „Búseta undir Jökli“ (Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull)

Að ræða við eldra fólk, staðsetja og skrá sögu bæja.

Fjöldi starfa: 1

UR06 Starfsmaður í greiningu á gagnagrunnum (Akureyri)

Fara í gegnum gagnagrunna og vinna upplýsingar upp úr þeim sem nýst gætu til skilvirkari veiðistjórnunar.

Fjöldi starfa: 6

UR07 Verkamannastörf með sjálfbodaliðum – Friðlýst svæði

Verkefni fyrir sjálfbodaliða, s.s. stigagerð, hleðslur o.fl. ásamt mögulegri verkefnisstjórnun.

Fjöldi starfa: 50

UR08 Störf aðstoðarmanna/kvenna við undirbúning komu sjálfbodaliða og verkamanna (Reykjavík og friðlýst svæði)

Aðstoða sérfræðing við undirbúninginn, skráning gagna, vera í sambandi við videigandi stjórnvöld á Íslandi. o.s.frv.

Fjöldi starfa: 5

UR09 Verkamannastörf á friðlýstum svæðum undir handleiðslu sérfræðinga

T.d. að taka þátt í að stika gönguleiðir, málningarvinna og önnur útvinnu undir handleiðslu sérfræðinga.

Fjöldi starfa: 10

UR10 Störf háskólanema við gerð starfsleyfisfyrirmynda

Gerð samræmdra starfsleyfisfyrirmynda, s.s. fyrir jarðvarmavirkjanir og gámasstöðvar. T.d. neman á sviði efna-eðlisverkræði.

Fjöldi starfa: 2

UR11 Starf háskólanema við söfnun og greiningu gagna er varða úrgang

Samantekt um magn tiltekins úrgangs, s.s. ónýtra bíla og

umbúða. T.d. neman á sviði efna-eðlisverkræði.

Fjöldi starfa: 1

UR12 Starf háskólanema við gerð kynningarefnis um loftslagsmál og efnavörur T.d. neman á sviði efna-eðlisverkræði.

Fjöldi starfa: 1

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

UR13 Gagnainnsláttur við Borkjarnasafnið á Akureyri Borkjarnageymsla – Gagnainnsláttur

Innsláttur upplýsinga um borkjarna sem varðveittir eru í borkjarnageymslu.

Fjöldi starfa: 6

UR14 Störf við smíðar á vörubrettum undir borkjarnakassa. Borkjarnageymsla – Smíðar

Smíðar á vörubrettum sem borkjarnakassar eru geymdir á. Gömul og ónýtt vörubretti endurnýjuð. Smíðar á borkjarnakössum sem borkjarnar eru

geymdir í Gamliir og úreltir kassar endurnýjaðir.

Fjöldi starfa: 4

UR15 Störf við gróðurkortagerð

Staffæring gróðurkorta er nauðsynleg bæði til almennrar vinnu sem tengist gróðurkortum en ekki síður vegna vinnu við gerð vistgerðarkorta.

Fjöldi starfa: 4

UR16 Störf við vinnslu úr gagnagrunnum vísindasafna Náttúrufræðistofnunar

Ennþá er töluverður hluti af safnakosti Náttúrufræðistofnunar óskráður í stafræna gagnagrunna. Yfirfara þarf þennan safnkost og skrá hann með samræmdum hætti.

Fjöldi starfa 1

UR17 Störf við skráningu á dýrasöfnum og Starf við skráningu steinasafns

Markmið er að koma upplýsingum um safnakost Ní á vefinn ásamt ýmis konar upplýsingum tengdum honum.

Fjöldi starfa: 9

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

UR18 Verkamannastörf með sjálfbodaliðum á rekstrarsvæðum Þjóðgarðsins

Vinna undir umsjón erlendra sjálfbodaliða að stígagerð, hleðsluverkefnum o.fl.

Fjöldi starfa:27

UR19 Verkamannastörf á rekstrarsvæðum Þjóðgarðsins

Að taka þátt í að stika gönguleiðir, málingarvinna og önnur útívinna undir umsjón sérfræðinga.

Fjöldi starfa: 13

UR20 Verkamannastörf í Jökulsárgljúfrum/ Ásbyrgi undir umsjá umsjónarmanns

Garðyrkjuvinna á tjaldsvæði í Ásbyrgi og ýmis tilfallandi störf við opnun svæðisins. Tímalengd: Sumarvinna.

Fjöldi starfa:4

UR21 Viðhaldsstörf í Jökulsárgljúfrum/Ásbyrgi undir umsjá umsjónarmanns

Smíði og málun stika til notkunar á öllum rekstrarsvæðum Vatnajökulspjóðgarðs.

Fjöldi starfa: 2

UR22 Störf við viðhaldsverkefni í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli

Að sinna viðhaldi á ýmsum eignum stofnunarinnar. Viðkomandi þarf að hafa iðnmenntun.

Fjöldi starfa: 2

UR23 Störf við fræðslu í gestastofum -Barnastundir í gestastofum

Leikir, fræðsla, útivist, í Jökulsárgljúfrum, Skriðuklaustri og Skaftafelli.

Fjöldi starfa: 3

UR24 Störf við gagna- og heimildaöflun -Heimildir; söfnun, skráning, ljósritun. Á Egilsstöðum/Skriðuklaustri , Kirkjubæjarklaustri og Jökulsárgljúfrum.

Fjöldi starfa: 3

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

UR25 Störf vegna átaks við skráningu örnefna
Lagt er til að vinnustöðvar verði settar upp á fimm stöðum á landinu í tengslum við Náttúrustofur, t.d. í Sandgerði, Stykkishólmi, Bolungarvík, Sauðárkróki, Húsavík, Neskaupsstað og Vestmannaeyjum.

Fjöldi starfa:10

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

UR26 Almenn viðhaldsvinna á tækjabúnaði Ví
Viðhald, hreinsun og frágangur tækja viðsvegar um landið sem og á verkstæði og lager. Skjalaumsýsla; starfið felst m.a. í að færa gögn í rafræna gagnagrunna auk þess að ganga frá gögnum í varanlega geymslu.

Fjöldi starfa: 6

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

UR27 Greining liffræðilegra sýna úr Mývatni og Laxá

Vinnan felst í flokkun og greiningu sýnanna. Best væri ef fólk væri búsett við Mývatn eða nágrenni og slíkt fólk hefði forgang.

Fjöldi starfa: 3

SKIPULAGSSTOFNUN

UR28 Vinna tengd skipulagsvefsjá

Skanna allar deiliskipulagsáætlanir aftur í tímann frá 1998 sem verður til þess að vefsjáin hefur þá að geyma allar gildandi skipulagsáætlanir í landinu. Þar við bætist vinna við þökkun og frágang geymsluskrár skjalasafns.

Fjöldi starfa: 1

ÚRSKURÐANEFND SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁLA

UR29 Starf laganema

Snýst um að gera lagaskrá (tilvísunarskrá) yfir úrskurði, aðstoða við gagnaöflun o.fl.**Fjöldi starfa:** 1

NORÐURSLÓÐAVERKEFNI FYRIR NÁMSMENN VIÐ STOFNUN VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR

UR30 Aðstoðarmaður við aðsetur alþjóðlegra norðurslóðasamtaka

Vinnan snýr sérstaklega að því að aðstoða við undirbúning ráðstefna á vegum samtakanna, NRF þings í Noregi haustið 2010 og IASSA ráðstefnu á Akureyri 2011.

Fjöldi starfa: 1

BRUNAMÁLASTOFNUN

UR31 Starfsmenn með ákveðna tölvuhæfni (skönnun, vistun í GoPro)

Skrá og skanna inn í GoPro skjöl úr skjalasafni Brunamálastofnunar og leiðrétta staðsetningu þeirra.

Fjöldi starfa: 3

UR32 Útbúa hættumat og viðbragðsáætlu

Markmið verkefnis er að útbúa hættumat og viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í og við frístundabyggð eða skógræktarsvæði.

Fjöldi starfa: 2

UMHVERFISRÁÐUNEYTI – SKJALASAFN

UR33 Störf bókasafns-upplýsingafræðinema

Verkefni vegna löggildinga, útgáfuverkefna UMH, frágangs almennra skjala. Flokkun og frágangur gagna frá Fjölmíðlavaktinni. Grísjun bókasafns.

Fjöldi starfa: 2

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

UR34 Störf við förgun aflagðra og ónýtra girðinga um land allt

Störfin beinast að því að farga og rífa niður aflagðar girðingar s.s. sauðfjárveikivarna girðingar sem úreltar eru orðnar auk ónýtra girðinga sem er brýnt verkefni á sviði umhverfismála.

Fjöldi starfa: 40

UR35 Uppfærsla gagnagrunna

Starfið felur í sér að uppfæra gagnagrunn um landgræðsluaðgerðir og myndagrunn sem því tengist. Nú er unnið að því að samræma þessa gagnagrunna stöðlum sem aðrar stofnanir nota til að einfalda úrvinnslu og auðvelda samkeyslu gagna.

Fjöldi starfa: 2

UR36 Kortlagningu á útbreiðslu lúpínu

Verkefnið snýst að skipulagningu á vinnu við að uppfæra kort og safna upplýsingum um lúpínu á landinu.

Fjöldi starfa:3

SKÓGRÆKT RÍKISINS

UR37 Grísjun á starfssvæðum S.r. í öllum landshlutum

Grísjun með keðjusög, útkeyrsla víðar, víðarvinna. Í einhverjum tilvika gæti starfsfólk þurft að gista í húsnæði S.r. í Þjóðskógum.

Fjöldi starfa: 20

UR38 Ýmis verkefni á starfssvæðum S.r. í öllum landshlutum

Verkefnin eru þessi helst: Gönguleiða- og stígagerð, skógarumhírða, önnur verkefni. Í einhverjum tilvika gæti starfsfólk þurft að gista í húsnæði S.r. í Þjóðskógum.

Fjöldi starfa: 30

UR39 Gróðursetning og áburðargjöf á starfssvæðum S.R. í öllum landshlutum

Í einhverjum tilvika gæti starfsfólk þurft að gista í húsnæði S.r. í Þjóðskógum.

Fjöldi starfa: 40

UR40 Rannsóknir

Um er að ræða fjölbreytt störf háskólanema í náttúru- og raunvísindum sem unnin eru undir leiðsögn sérfræðinga og staðarhaldara á Mógilsá.

Fjöldi starfa: 14

UR41 Starf hjá Hekluskógum. Háskólanemi í náttúruvísindum

Um er að ræða umsjón með gróðursetningarverktökum, afhendingu plantna og móttöku sjálboðaliðahópa. Úttektir á gróðursetningu, áburðardreifingu og sáningu.

Fjöldi starfa: 1

IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

IR01 Vefmál iðnaðarráðuneytisins
a. Yfirferð útgefinna leyfa og samantekt úrskurða
b. Verkefni í samvinnu við orkustefnunefnd við vef um orkustefnu, framsetningu efnis og frágangur á vef.

Fjöldi starfa:1

IR02 Mótun Hönnunarstefnu fyrir Ísland

Verkefni felst í því að setja fram tillögur að framkvæmd við mótun Hönnunarstefnu fyrir Ísland. **Fjöldi starfa:** 1

IR03 Markaðssetning íslenskrar hönnunar og arkitektúrs á Netinu

Ut anumhald um verkefni er snýr að því að fjölga skráningu hönnuða og arkitekta á vef Hönnunarmiðstöðvar Íslands hvoru tveggja á íslensku og ensku.

Fjöldi starfa: 1

IR04 Gagnagrunnur með tölfraeðiupplýsingum tengdum málaflokkum ráðuneytis, verkefni í samvinnu við orkustefnunefnd

Safna saman og vinna úr tölfraeðiupplýsingum tengdum málaflokkum ráðuneytisins sem nýta má m.a. í kynningar, erindi og greinaskrif.

Fjöldi starfa: 1

IR05 Úttekt á borholum í eigu ríkissins

Starfsmaður mun gera ástandsskoðun á borholum í eigu ríkisins og taka saman skýrslu þar sem gerð eru skil á ástandi og nauðsynlegum aðgerðum. Skila skýrslu í lok sumars.

Fjöldi starfa:1

IR06 Skjalastjórnun

Skjalastjórnun, skráning og frágangur vinnugagna. Endurskoðun verklagsreglna um skráningu gagna í málaskrá ráðuneytisins.

Fjöldi starfa: 1

FERÐAMÁLASTOFA

IR07 Landnýtingaráætlun fyrir hálendið

Um er að ræða mikilvæga grunnvinnu fyrir landnýtingaráætlun fyrir hálendið. Gagnagrunnur (SQL/GIS) búinn til og fyrirliggjandi gögn sett inn í gagnagrunninn. Staðsetning Reykjavík.

Fjöldi starfa: 1

IR08 Gagnagrunnur FMS - Akureyri

Útvíkkun á gagnagrunni og skrá inn í frekari upplýsingar um ferðamannastaði og annað áhugavert efni fyrir þá sem sækja Ísland heim. Gögnin eru skráð í SQL gagnagrunn.

Fjöldi starfa: 1

IR09 Skýrslur tengdar ferðaþjónustu

Mikilvægt er koma inn skýrslum og rannsóknum er tengjast ferðamálum á rafrænt form og á samskiptavef FMS þannig að það nýtist sem flestum.

Fjöldi starfa:1

IR10 Stefnumótun fyrir markaðsstofur/ landshlutastofur

Verkefnið felur í sér að safna efni frá hverjum landshluta og staðsetja á kortagrunn skv. leiðbeiningum frá Landmælingum Íslands. Eitt starf í hverjum landshluta þar sem starfrækt er markaðsstofa ferðaþjónustunnar s.s. Reykjavík, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland. Starfið getur unnist að heiman.

Fjöldi starfa:7

IR11 Markaðsaðstæður á nær – og fjærmörkuðum

Öflun, söfnun og úrvinnsla upplýsinga um markaðsaðstæður á fjærmörkuðum. Ákvörðun markhópa, tillögur að nálgun á markaðssetningu til þeirra og rökstuðningur fyrir þeim.

Fjöldi starfa: 1

IR12 Samantekt um framboð ferðaleiða til landsins; greining á upplýsingaþörf erlendra ferðamanna

Vinnsla samantektar um framboð ferðaleiða til landsins næstu tvö ár og greining á ferðaleiðum ferðamanna sem hingað koma með tengiflugi. Samhliða verður unnið að greiningu fyrirspruna út frá ferðaframboði og þjóðerni ferðamanna.

Fjöldi starfa:1

IR13 Úttekt á styrkveitingum hins opinbera til ferðaþjónustutengdra verkefna

Gerð verður úttekt á styrkveitingum hins opinbera á síðustu fimm árum. Um er að ræða mikilvæga grunnvinnu sem nýtist við endurskoðun á styrkveitingum til frekari uppbyggingar í íslenskri ferðaþjónustu.

Fjöldi starfa: 1

IR14 Samþætting markaðsaðgerða á mörkuðum ferðaþjónustunnar; mat á árangri aðgerða

Gerð yfirlits yfir samþættingu markaðsaðgerða á hinum ýmsu mörkuðum – eftirfylgni, mat og samantektir vegna tiltekinna markaðsaðgerða – gerð yfirlita og samantekta.

Fjöldi starfa:1

IR15 Greina-/sagnaskrif og samantektir umfjallana á netinu

Aðstoð við ritun vefgreina/-sagna sem þjóna munu almennum ferðamönnum til upplýsingar og leiðbeiningar um ferðamennsku á Íslandi. Einnig við svörun, greiningu og endurgjöf vegna umfjöllunar á samfélagsvefjum á netinu.

Fjöldi starfa: 1

IR16 Kortlagning ferðaþjónustuaðila og tengslanets þeirra

Kortlagning ferðaþjónustuaðila á landinu, eignatengsla þeirra innanlands og utan. Einnig tengslanets faglegra viðskiptavina þeirra erlendis, stjórna og lykilstarfsmanna, til upplýsingar fyrir starfsfólk Ferðamálastofu/-yfirvalda.

Fjöldi starfa: 1

IR17 Uppfærsla og viðhald vefja Ferðamálastofu Akureyrar

Aðstoð við uppfærslu og viðhald efnisinnihalds vefja FMS. FMS hefur nýverið opnað nýja landkynningarvefi. Mikilvægt er að fylgja þeim úr hlaði með reglulegum uppfærslum innihalds og skilgreina verklag við það.

Fjöldi starfa: 1

IR18 Kortlagning fjölmíðla

Kortlagning fjölmíðla innanlands, fréttafólks, „bloggara“ o.s.frv. sem fjalla um ferðatengd málefni – uppsetning tengjalista með helstu samskiptaupplýsingum (nafn, miðill, sími, veffang, netfang, birtar áhugaverðar greinar o.fl. í þeim dúr).

Fjöldi starfa: 1

IR19 Skráning og flokkun skjala-/bókasafns FMS

Áframhald vinnu við skjalasafn stofunnar - flokkunar þess og skráningu.

Fjöldi starfa: 1

IR20 Þróun á ferðamörkuðum erlendis og innanlands

Starfið felst í að greina þróun og breytingar á einstaka ferðamörkuðum og gera samanburð á vörum og þjónustuframboði í samkeppnislöndum.

Fjöldi starfa: 1

IR21 Aðstoða fyrir hreyfihamlaða á ferða-mannastöðum, hvað ber að byggja upp?

Hentugir áfangastaðir með góðri aðstöðu fyrir fatlaða vítt og breitt um landið og á hálendinu skilgreindir. Benda á staði sem eru ýmist með góða aðstöðu í dag, þurfi lítið til að gera aðstöðuna góða, eða staði þar sem mælt er með að farið verði í uppbyggingu á.

Fjöldi starfa: 1

IR22 Göngu- hjóla- og reiðleiðir skráðar og skilgreindar á landupplýsingagrunn

Verkefnið gengur út á að safna saman, færa inn og samræma gögn og göngu-, hjóla- og reiðleiðir inn á landupplýsingagrunn sem tekur yfir allt landið. Verkefnið skal vinna skv. leiðbeiningum Landmælinga Íslands í samstarfi við Ferðamálastofu.

Fjöldi starfa: 2

IR23 Skipulag og verkefnaáætlanir fyrir ferðamannastaði

Verkefnið gengur út á að safna saman grunnupplýsingum um ástand fjölsöftra ferðamannastaða (má skilgreina betur hverjir það eru og hvar) vítt og breitt um landið.

Fjöldi starfa:3

IR24 Fjárhagslegur ávinningur af ráðstefnuhaldi á Íslandi

Verkefnið gengur út á að rannsaka fjárhagslegan ávinning af þremur ráðstefnum sem haldnar eru á Íslandi í sumar. Framkvæmd verður rannsókn sem byggir á rafrænni spurningakönnun þar sem leitast verður eftir að svara spurningum um fjárhagslegan ávinning af komu ráðstefna hingað til lands sem og rannsaka upplifun ráðstefnugesta af landi og þjóð.

Fjöldi starfa: 1

IR25 Greining á umfjöllun um Ísland á nokkrum markaðssvæðum íslenskrar ferðaþjónustu

Gerð verður eigindleg greining á umfjöllun um Ísland í dagblöðum og tímaritum. Um er að ræða mikilvæga grunnvinnu við mat á virði umfjöllunar um Ísland í erlendum prentmiðlum.

Fjöldi starfa:1

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

IR26 Fréttaveita sprotafyrirtækja

Markmið verkefnisins er að gera sprotafyrirtæki sýnilegri og auka upplýsingaflæði um starfsemi þeirra til fjölmíðla, fjárfrsta og annarra áhugasamra. Verkefnið felur m.a. í sér uppsetningu vefs innan www.nmi.is þar sem hægt verður að finna upplýsingar um sprotafyrirtæki landsins, gerð fréttabréfs og söfnun og úrvinnslu gagna,

Fjöldi starfa: 2 (háskólanemi og viðskiptamenntaður sérfræðingur)

IR27 Vit, ungu fólki 16-18 ára boðið tækifæri til að vinna, stunda íþróttir og tómstundir á skipulagðan hátt

Starf verkefnisstjóra. Helstu verkefni munu felast í uppbyggilegum samfélagsverkefnum sem byggð eru á aðferðafræði „Learning by doing“.

Fjöldi starfa: 2

IR28 E-Health

Verkefnið felur í sér að þróa tækni og tæki sem skráir heilsuástand einstaklings og getur veitt upplýsingar þráðlaust til eftirlitslæknis eða hjúkrunarumsjónarmanns.

Fjöldi starfa: 2

IR29 E-Sundlaugarvörður

Verkefnið felur í sér að þróa tækni og tæki sem komið er fyrir á sundlauga- eða baðgesti. Það

starfsmönnum til að vinna að verkfræðilegum atriðum varðandi þann vélbúnað sem nota þarf við t.d. aðskilnað fitu úr fiski- eða kjötúrgangi.

Fjöldi starfa: **2**

IR34
Flugvélatengdur iðnaður á Íslandi

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er að styðja frumkvöðla sem stefna að því að hefja hér á landi iðnrekstur sem tengdur er flugiðnaðinum. Er um að ræða tvö megin verkefni, annars vegar flugvélamálun og hins vegar innréttingasmiði.

Fjöldi starfa: **2**

IR35
Rafbraut: Leifstöð – Reykjavík

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er að vinna ásamt aðilum á Reykjanesi við að endurskoða áætlanir um raflest sem tengi Leifstöð og gengi jafnframt hlutverki hryggjarsúlu í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið felst í að safna nýjustu upplýsingum og uppfæra eldri niðurstöður.

Fjöldi starfa: **2**

IR36
Áhrif gosösku á flugvélahreyfla

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fyrirrennarar hennar hafa safnað mikilli þekkingu á sviði málmþreytu, tæringar og efjufræða. Með þessu verkefni verða lögð drög að samhæfingu þessarar þekkingar til þess að beita á hið mikilvæga svið áhrifa gosösku á túrbínur flugvéla.

Fjöldi starfa: **2**

IR37
Vestfirðir. Hin fögru fimm – fyrstu skrefin

Vinna heildstætt yfirlit yfir stöðu húsa í Ísafjarðarbæ sem byggð eru fyrir 1918. Felst í því að mynda húsín, hafa samband við eigendur og meta ástand og þörf fyrir utanhúsviðhald.

Fjöldi starfa: **1**

IR38
Roð og rekaviður. Stefnumót handverksfólks og hönnuða á Vestfjörðum

Um er að ræða undirbúning fyrir stefnumótið og aðstoð við að móta verkefnið og gera sem best úr garði þannig að afrakstur verkefnisins verði söluvænt handverk. Verkefnið þarf listnema, vöruhönnunarnema og viðskiptanema í 2 mánuði.

Fjöldi starfa: **1**

IR39
Mælingar á raka í útveggjum húsa og rakaviðnámsstuðla í yfirborðshúðum, sem tilbúnir eru til tilrauna -

Fjöldi starfa: **3**

IR40
Uppfærsla upplýsinga og skjalstjórnun

Gagna- og uppfærsluvinna við upplýsingaveitu um stofnun og rekstur fyrirtækja á heimasiðu Impru Nýsköpunarmiðstöðvar. Skönnun og skjölun á rafrænum gögnum.

Fjöldi starfa: **2**

IR41
Rannsóknir og aðstoð

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. 07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og aksturmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér aksturmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni á Ford Focus tdci diesel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

Heimilistæki

50l hitakútur og 5 rafmagnsfnar til sölu. V. 20 þús. Uppl. í s. 820 8628.

Húsgögn

Til sölu Dökkb.eikarborð m/stækkun 20 þ. Þvottavél AEG 15þ. 4 eldhústólar 15þ. S.8917666/5578422

Fasteignir



Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.



REYNIGRUND 81 - OPIÐ HÚS

Skemmtilegt 126 fm tvílyft raðhús á frábærum stað við útivistarsvæðið við Fossvogsdalinn. Á neðri hæð er forstofa, þvottahús, geymsla, baðherbergi og tvö svefnherbergi, gengið úr öðru út í gróinn suðurgarð. Á efri hæð eru stórar stofur með suðursvölum, eldhús og svefnherbergi. Bílskúrsréttur. Frábær staðsetning, laust fljótlega.

HÚSIÐ ER TIL SÝNIS Í DAG. LAUGARDAG MILLI KL. 15 OG 16. ÞYRI SÝNIR HÚSIÐ S. 566-6623.

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is
hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808

ATVINNUHÚS EHF



SUÐURLANDSBRAUT

Til leigu 1.700 fm. skrifstofuhúsnæði

Frábært skrifstofuhúsnæði á 4.-6. hæð, þar sem Efla h/f (áður Línuhönnun h/f hefur verið til húsa). Frábært húsnæði fyrir fjölmennan vinnustað. Fullkommið eldhús og fundaraðstaða á efstu hæðinni. Laust 1. sept. n.k. Mögulegt er að fá fleiri fermetra leigða, ef óskað er.

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali
HVERFISGATA 4-101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 - ATLI@ATVINNUHUS.IS

Safamýri 31

108 Reykjavík

Glæsileg sérhæð

Stærð: 162 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1966
Brunabótamat: 28.970.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Bær



Opið hús sunnudag frá kl. 15:00-15:30 Verð: 45.000.000

Stórglæsileg sérhæð ásamt bílskúr við Safamýri í Reykjavík. Hæðin skiptist í tvær rúmgóðar stofur, tvö rúmgóð svefnherbergi með skápum, glæsileg flísalaug baðherbergi með nýrri glæsilegri innréttingu, sturtu og baðkar. Eldhúsið hefur allt verið endurnýjað með glæsilegri innréttingu og nýjum tækjum. Gegnheil parket á gólum í stofu og herbergjum. Flísar á eldhúsi og baði. Upplýsingar veitir Kristinn lögg.fasteignasali í síma 898 4125 eða á netfanginu kristinn@remax.is

Kristinn
Lögg. fasteignasali
898 4125
kristinn@remax.is



CHESTERFIELD SÓFI OG TVEIR STÓLAR
TIL SÖLU UPPL -8977345

Dýrahald

GERMAN PINSCHER Eignum til æðislega hvolpa til sölu Faðir Ísl&alþj-meistari ættbók Hríf tilb til afhendingar 11.júní. uppl í s 867 1398 Helena www.123.is/stapakotspinscher

Tek hunda í heimagistingu. S 821 2969/
www.hundagisting.com



Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúin til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin



Labrador hvolpar til sölu. Hreinræktaðir, en ekki með ættbók. Upplýsingar í síma 8467387



Fallegan, námsfúsan og skemmtilegan 10 máh hvolp vantar gott heimili. uppl í s: 8455569 / 5554308



Labradorhvolpar HRFI. undan fyrstu einkunna foreldrum. Lækkað verð. Tilb. til afh. 863 8550.



Siberian Husky hvolpur til sölu, Hvolpurinn er undan glæsilegum verðlaunahundum sem hafa hlötið Excellent einkunnir. Hvolpurinn er heilsufarskodaður með allra bestu niðurstöðum, bólusetur og með ættbók frá HRFÍ Sími 867-9333



Golden retriever hvolpar til sölu fáir eftir. Tilbúin til afhendingar sprautaðir, örmerktir og ættókafærðir hjá íshundum Foreldrar innfluttur, í ekta Golden lit! www.123.is/madda S. 863 8596.

Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 892 2934.

YORKSHIRE TERRIER HVOLPAR! SMÁVAXNIR og FLOTTIR. ÖNNUR MINNSTA HUNDATEGUND Í HEIMI. MÓÐIR ÆTTUÐ FRÁ AFRIKU OG FAÐIR INNFL. FRÁ FINNLANDI. ÆTTB. FRÁ HRFÍ. S: 698-0166

Til sölu yndislegir hvítir mini poodle hvolpar Tilbúin núna þá 8 vikna. Verða á Álfanesi laugardag og sunnudag. S. 896 2114.

Ýmislegt

Uppþ.vél 1,5 árs AEG 120 þ, þvottavél AEG 1200 snún. 1 árs 110 þ, Tempur rúm, hvítur botn, 140 cm 1,5 árs 150 þ (nýtt 277þ.), tempur rúm 1,5 árs 90 cm 80 þ, Lazy boy svefnsofi 3ja sæta 1,5 árs 100 þ, 4 stk. heilsársdekk, Cooper Weathermaster á felgum 195/65 R15 10 þ. stk., Ikea antikbæsað náttborð 7þ, skrifborð 10 þ, hilla 7000, skatthol 20 þ. s. 8995331.

Fyrir veiðimenn

Tvær veiðifærarúllar DNG 5000 til sölu. S 899 1935

Hestamennska

Laus pláss í tamningu/þjálfun í sumar. Er með góða aðstöðu í fák! Hef mikla reynslu uppl í s: 8679994 Kristín Magnúsdóttir

Húsnæði í boði

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæluðyr leyfð.

Sjá www.leiguliðar.is eða 517 3440.

Búsetur/Leigubúðir

Sími: 520 5788 - Vefvang: www.buseti.is



Fasteignasala og leigumiðlun
www.alltfasteignir.is
S. 565 1233
Fasteignir óskast

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi, 111 RVK, laus strax. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Gæluðyr velkomin. Uppl í 5571861 eða 8241861 eftir 16:00

Í Seljahverfi: Gott herb. til leigu aðg. að baðh., eldunaraðst., þvottav., neti ofl. S. 891 7630.

Hús til leigu í hjarta miðbæjarins við laugaveg. (ca 70.5 m²) í kjallara og risi er ekki full lofthæð, en aðalrymi er mjög opið og bjart. Getur nýst sem íbúð, verslun, galleri eða fyrir léttan íðnað. Lítil eldhúsinrétting í aðalrymi, einnig svefnloft. Sturta og klósett í kjallara. Leiguverð 140 þús/mán eða samkvæmt samkomulagi. Sími 6992988.

150 fm 5 herb. Penthouse íbúð í kópavogi á 2 hæðum. Gullfaleg íbúð, langtímaleiga, 165 þús. á mán. og 3 mán. fyrirfram + trygging, Losnar 1.júní. Uppl. í s. 771 8141.

Herbergi í blönduhlið 27 risibúð til leigu yfir sumarið S: 866 0127.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

48fm 2 herb. íbúð á 1 hæð á sv. 104. Leiga 90þ. Uppl. í s. 868 0990.

Til leigu herb. í Álfamýri. Reglusemi áskilin. S. 865 9637.

98 fm 4 herbergja íbúð til leigu í Vesturbergi. Þvottahús í íbúð. Þvottavél og ísskápur fylgir. Uppl. í s. 533 5006.

Til leigu til 1. ágúst 3ja herbergja íbúð á góðum stað í Grafarvogi. Laus strax. S:8661314

3ja herb. til leigu í blöndubakki 109 Rvk. Laus í Júní verð 100þús á mánuði. uppl. í síma 8492290

Íbúð til leigu. 50 fermetra snotur og notarleg íbúð á jarðhæð í hverfi 105 til leigu. Íbúðin getur verið laus strax. Áhugasamir hafi samband í síma 8437050 eftir klukkan 17:00.

Fullbúin 50 fm íbúð í 104 R. V. 120 per mán. M. interneti. S. 692 3048.

Til leigu í Mosfellsbæ 90fm kjallara-íbúð. Verð 85.þús á mán. Hiti+rafm. innif. Langt.leiga. Reyklaus/meðmæli/trygging S. 694 3067.

3 herb. á 3. hæð í Hraunbæ 26, 110 Rvk. V. 120 þ. á mán. með illu. Leiga í 1 ár eða meira. Laus strax. S. 865 3988. Emir.

Herb. til leigu. Gott húsnæði & allur aðbúnaður. Room for rent, all included. S. 898 8690.

Herb til leigu í 111. Uppl. í s. 857 6745.

Húsnæði óskast

Íbúð óskast til leigu
Sendiráðsstarfsmaður óskast eftir ca.150 m² íbúð (4ja herb.) með húsgögnum og bílskúr/bílskýli helst miðsvæðis í Reykjavík frá og með 01. ágúst 2010 í 3-4 ár. Íbúðin þarf að vera á einni hæð, án trappa eða þröskulda, gestasalerni og baðherbergi með góðu aðgengi að sturtu/baði.
Vinsamlegast hafið samband í s. 530 1100
netf.: info@reykjavik.diplo.de

Óska eftir 2-3 herbergja íbúð á leigu í hafnarfirði sem fyrst/langtímaleiga! meðmæli, bankatrygging. uppl.í s.6922086

Lítill íbúð óskast, helst á svæði 104 eða 105 Rvk. Reglusamur og skilvís. S. 868 4205.

Par með 2 börn vantar 4-5 herb. íbúð í frá 1.júlí í langtímaleiga. Greiðslug. 140þús. Sv 104,105,108,109,110,112, Kópav. koma til greina. væri gott ef litlir hundar væru leyfðir. Við erum bæði reglusöm og traust fólk og getum útvegað góð meðmæli ef þess er óskað. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband s: 661 2639 Bjarney

Óska eftir íbúð til leigu til frambúðar. Eg er 50 ára, heiðarlegur og skilvís. 100% öruggum mánaðargreiðslum heitið. Beingreiðslur 1. hvers mánaðar sé þess óskað. Meðmæli við hendi sé óskað. S. 692 4880.

Hress, jákvæð og dugleg 26ára háskólanemi leitar að húsnæði í RVK. Helst hjá fullorðnu fólki, vil geta greitt alla/hluta leiguna með aðstoð við hústörf og annað. Reyklaus og drekk ekki. hus-hjalp@hotmail.com

Hjón með tvö börn á grunnskóla-aldrí óska eftir 4-5 herbergja íbúð í Setbergshverfi eða Hlíðum í Hafnarfirði. Skilvísium greiðslum heitið. Bæði reyklaus og getum útvegað meðmæli. Upplýsingar í s.8675200

Reyklaus og reglusamur sálfræðingur óskar eftir 2ja herb. íbúð í 110 (selás) eða 113, ekki jarðh. Uppl. ibudaleit@gmail.com.

Fasteignir

Fjárfestar

180.000 evru lán óskast í 1 ár. Tryggt með 1. veðrétti í húsi í Þýskalandi. framtid12@visir.is

Sumarbústaðir

Til sölu sumarhús í landi
Búrfells Grímsnesi

60 fm, eignarlóð 5500 fm. Bein sala eða skipti á hjólhýsi. Lækkað verð 11,4m Uppl. í s: 898 1598.

Glæsilegt sumarhús í Borgarfirði til leigu. 11 km frá Borgarnesi. S. 896 0675 eða http://storaborg.123.is

Til sölu sumarbústaðarlóð 5600fm í Skeiða- og Gnúpvjarhreppi. Vatn, rafmagn og internetstenging á lóðarmörku-m.V. 2.m, góður staðgr. aflsláttur eða skipti. Gamall húsbill einnig til sölu. Uppl í s. 893 8324

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 210fm.íðnaðarh. í Hafnarf. hægt að skipta upp í 2, 105fm. laust 1.06. uppl.í s:892 9260

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

Geymsluhúsnæði í Garðabæ.

Getum bætt við vélsleðum, fjór hjóllum eða öðru sambærilegu til geymslu í sumar - jafnvel búslóðum og stærri einingum. Uppl. í síma: 661 3131/897 2000.

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Atvinna í boði

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

Sjávarkjallarinn
Einn flottasti veitingastaður á landinu getur ráðið til sín metnaðarfulla einstaklinga sem vilja læra matreiðslu. Sæktu um á http://umsokn.foodco.is Nánari upplýsingar eru veittar á staðnum milli 14-17.

Golfskálinn

Öndverðarnesi

Okkur vantar hress og áhugasamt starfsfólk til þjónustu og afgreiðslu starfa. Ekki yngri enn 18 ára. Íslenska kunnátta skilyrði.

Upplýsingar gefur Björk í s. 693 9091

Trésmiður óskast út á land til að reisa 120fm byggingu uppl: 893 4515.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Góðir tekjumöguleikar. Umsóknir sendist á gisli@tmi.is

Hjón í Lúxemborg óska eftir au-pair 18 ára eða eldri til að gæta 1 árs stúlku og 3 ára drengs. Þarf að byrja í Júní, helst dvelja í 12 mánuði eða lengur og hafa bílfróf. Upplýsingar í síma 8975479 eða +31 620 188205 eða orn.sigurdsson@gmail.com

Starfsmaður óskast, vanur rafmagns-verkfærum. Uppl. í s. 659 1109.

Aukatekjur, frjáls vinnutími ! Okkur vantar hressa einstaklinga í okkar hóp; sjálfstætt starf, góðar árangurstengdar tekjur. Áhugasamir um nánari upplýsingar sendi tölvupóst með nafni og síma á info@natures.is

Lítill rekstur til sölu tekur lítið pláss, hægt að starfrækja hvar sem er. Uppl sigrunasta81@simnet.is

Samstarfs aðilar óskast. Aldurstakmark 18 ára. Uppl. í s. 660 7780 & 770 6680

Starfsmaður óskast til innheimtustarfa. Vinnutími breytilegur. Reynsla æskileg. Vinsamlegast sendið upplýsingar á nordurbali@simnet.is

Atvinna óskast


Matráður óskar eftir vinnu er reglusöm, stundvís og vandvirk. Uppl í S. 564 1559 & 772 0620.

Rafvirkjanemi óskar eftir vinnu, stutt í sveinspróf, hef starfsreynslu uppl. í s. 856 4889 Guðmundur

24.ára kk með vinnuvélaréttindi, vanur allri lagnavinnu. Uppl í S. 771 7025.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Tapað - Fundið



HAFNARFJÖRÐUR - TÝNDUR Askur tapaðist frá nýju heimili sínu í Stuðlabergi í Hafnarfirði. Hann er bröndóttur högni, stór og pattaralegur. Ef þið verðið hans vör endilega látið vita. Hans er sárt saknað. Eva, s. 771-8008

Ýmislegt

Leita eftir gömlum mölum, gömlum peningaseðlum, minnispeningum frá seðlabanka og einnig öðrum, gömlum frim. og umsl.(ekki fyrstadags) einnig vasa-úr, signet, orður, gömlu skjól, bækur í leðurbandi, fjölmargt annað kemur til greina. Vinsamlegast geymið auglýsinguna. arnes38@hotmail.com og 893 0878

Einkamál



Pajero 97' diesel. 2.8 sjálfsk. Skoðaður 2011 Riðlaus, stráheill. V.700þús 868 3512.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjál. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjál. Stefnumót.is.

Hef áhuga á að kynast eldri karlmanni, áhugasamir sendi tölvupóst á smaar@frett.is merkt „góðar stundir“

52 ára kona vill kynast karlmanni sem vin og félagi. Engin skyndikynni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8451.

Besti flokkurinn óskar eftir að komast í samband við menn og konur í Reykjavík með tilbreytingu í huga algjörum trúnaði heitið.



VEITT Á GRILLIÐ Víða um land er hægt að renna fyrir fisk og tilvalið að taka veiðistöng með í ferðalagið innanlands.



BRENNÓ Sumarið er tími leikja og fjörs. Útileikir eru góð hreyfing fyrir fólk á öllum aldri og brennó er einn sá allra skemmtilegasti. Ekkert annað að gera en að skipa í tvö lið, merkja völinn og taka leik.



Litlir listamenn Börnin fá útrás fyrir sköpunargleðina á leikskólanum.



Dans Börn kynnast ólíkum menningum með ýmsum hætti, þar á meðal í gegnum brasilískan dans undir öryggri leiðsögn Jose Zareen sem tekur hér nokkur spor.

Þú er fyrir alla



Einum bent Ósk segir ungum ferðalöngum frá náttúruferðum á hálendi Íslands.



Göngum göngum Börnin ráða ferðinni í hálendisferð Óskar og félaga og njóta þeirra þannig betur.

finna flest sem einkennir íslenska hálendisnáttúru, djámosa, svartan sand, svipmikil fjöll svo eitt-hvað sé nefnt. Í sumar bætast við ummerkin eftir eldgosíð í Eyjafjallajökli.“ Ferðalangar eru fræddir um jarðfræði, sögu og náttúru landsins í ferðinni og segir Ósk fullorðna njóta þess líkt og börnin að fá fræðin útskýrð á einföldu og aðgengilegu máli. „Svo syngjum við saman og leggjum áherslu á góðan ferðaanda, borðum til dæmis saman í samkvæm-istjaldinu okkar.“

Ósk hefur ferðast mikið um

Ísland og verið leiðsögumaður í fjölda ferða. Hún hefur sérlegan áhuga á því að kynna Íslendingum hálendið. „Sumir mikla það fyrir sér að fara á fjöll með börnin og halda að það sé spurning um dýrar græjur að komast til fjalla. Svo er alls ekki. En fyrir þá sem eru ekki vanir að ferðast getur verið auðvelt að byrja í svona ferð.“

Ósk rekur fyrirtækið Hálendisferðir sem einnig stendur fyrir náttúruskoðunar- og myndlistar-námskeiði fyrir börn. Nánari upplýsingar á www.halendisferdir.is.

- sbt

SUMAR

Með börnin í baksætinu Fjöldi leikja er til sem skemmta börnum sem fullorðnum í löngu bílferðalagi. Hver er maðurinn er klassískur leikur sem alltaf er gaman að leika. Bílalitir er annar góður, þá á hver fjölskyldumeðlimur að velja sér lit og svo telja bílana í þeim lit sem mætt er á veginum. Sá vinnur sem fyrst kemst upp í fimmtíu.

Safnað í bauk Ef langferð er í bígerð þá er mjög sniðugt að leggja mánaðarlega fyrir vissa upphæð til að eiga upp í ferðina þegar að henni kemur. Hversu smá sem upphæðin er þá munar um hana er komið er að ferðinni. Best er auðvitað að eiga fyrir öllu áður en lagt er af stað. Þá er um að gera að virkja alla fjölskyldumeðlimi til að vera með í söfnuninni.

Tilboðstími Ferðaskrifstofurnar bjóða margar hverjar upp á tilboðsferðir til útlanda núna, það er því rétti tíminn til þess að festa kaup á eins hagstæðri utanlandsferð og þær gerast. Muna bara að hafa í huga að aska úr Eyjafjallajökli getur tafið flug, eins og dæmin hafa sýnt undanfarin.



Garðhúsgögn sem endast

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við



Vegna hagstæðra samninga við byrgja getum við nú boðið takmarkað magn á frábæru verði



Ein endingarbestu garðhúsgögn sem völ er á



2010
línan er komin

Garðhúsgögn á pallinn eða í sólstofuna



Margir litir og gerðir af púðum Legubekkur



Stillanlegt bak Stækkanleg borð Hringborð Garðbekkur



Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

30 ára reynsla á Íslandi www.valhusgogn.is



LAUTARFERÐ Börnum þykir spennandi að fara í lautartúr og þarf þá ekki að fara langt til þess að njóta lífsins. Ekki þarf mikinn undirbúning að slíkrri ferð, bara að smyrja nesti og halda svo af stað.

Feikilegt fjör í Krakkageymslunni

Vatnsstríð, furðufataball, danskennsla, sveitaferð og Viðeyjarferð. Allt er þetta á dagskrá á leikjanámskeiðum Söngskóla Maríu Bjarkar sem kallast Krakkageymslan.is.

Hér er enginn söngskóli á sumrin svo við ákváðum að nýta okkur þá góðu aðstöðu sem við höfum og vera með leikjanámskeið fyrir krakka á aldrinum sex til ellefu ára. Við höfum ekki verið með svoleiðis áður en finnst það mjög spennandi verkefni,“ segir María Björk þegar hún er spurð hvað Krakkageymslan sé eiginlega. Hún segir skólann hafa stækkað við sig húsnæðið síðasta haust og það bjóði upp á mikla möguleika. „Helsingurinn af skólahúsnæðinu er veislusalur þannig að við erum með fullkomið eldhús, borðbúnað og allt. Við munum hafa góðan mat á borðum fyrir börnin og baka brauð á hverjum degi. Þau fá að taka þátt í því,“ segir hún brosandí og kveðst leggja mikið upp úr því að þau hafi nóg fyrir stafni. „Við erum búnar að plana nánast hvern klukkutíma og það verður alltaf jafn gaman. Hér verður gott starfsfólk þannig að við getum sinnt öllum vel,“ lofar hún.

Leikjanámskeiðin standa frá

miðjum júní til 20. ágúst og María Björk segir miðað við að hvert barn geti verið allt upp í fjórar vikur. Samt upplifi það alltaf eitthvað nýtt. „Hingað kemur alls konar listafólk sem við höfum fengið til liðs við okkur,“ lýsir hún og bendir á heimasíðuna www.krakkageymslan.is

Fjörutíu börn geta verið í Krakkageymslunni í einu og þeim verður skipt í tíu manna hópa. „Við erum með nokkur herbergi og eins munum við nota útsvæðin í Laugardal og Elliðaárdal sem báðir eru í um það bil 10 mínútna göngufæri. Ég geri ráð fyrir að sex, sjö og átta ára börn verði aðallega saman og níu, tíu og ellefu ára í öðrum hópum. Á matmálistímum og diskótekum verða allir saman.“

Spurð hvort sungið verði í Krakkageymslunni frá morgni til kvölds svarar María Björk: „Við tökum lagið öðru hvoru. En ef barn langar ekkert að syngja þá gerir það bara eitthvað annað. Markmiðið er að allir hlakki til að koma.“

-gun



Gaman saman „Við höfum aldrei verið með leikjanámskeið áður en finnst það mjög spennandi verkefni,“ segir María Björk, umkringd hressum stelpum, þeim Kristjönu og Raket Mist næst sér og Birnu Rún, Sonju og Evu Margréti fyrir framan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



metasys®

Ert þú einn af mörgum Íslendingum sem hafa grennt sig með Metasys

Metasys hefur verið fánlegt hérlendis sl. 6 ár og á stóran aðdáendahóp

Þessi 100% náttúrulega vara er unnin úr kjarna græna telauksins og hefur það reynst fjölmörgum hjálpa við að auka brennslu líkamans auk þess að vera mjög orku- og úthaldsáukandi.

Fjölmargir hafa einnig fundið að húð og melting stórbatnar við inntöku Metasys.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á græna telaufinu, sem er ríkt af egcg catechins (endilega googlið), sem er mjög andoxunarríkt og hefur einnig góð áhrif á hjarta- og æðakerfi.



metasys®

Þyngdarstjórnun – orka – úthald – árangur

100%
náttúrulegt

www.metasys.is

Metasys er fánlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða



Nýgotnir Grísirnir hennar Bestlu dafna vel sem sjá má.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ungviðið í garðinum

Vorin eru skemmtilegasti tíminn til að heimsækja Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í Laugardal. Þá gefur að líta ungvíðið sem krökkum á öllum aldri þykir gaman að skoða.

Nýverið gaut gyltan Bestla og dafna grísir hennar vel eins og myndirnar sýna. Sauðburður er í þann veg að hefjast og um að gera að fylgjast með fréttum af því og líta á litlu lömbin þegar hann er

hafinn. Garðurinn er opinn alla daga frá klukkan tíu til fimm. Fyrir tíu til tólf ára krakka er boðið upp á námskeið í sumar þar sem krakkarnir vinna með dýr garðsins, gráupplagt fyrir krakka sem áhuga hafa á dýrum almennt. Þá er einnig farið í skemmtilega umhverfisfræðslu, gerðar eru vísindatilraunir og undirstöðuatriði tálgunar kynnt fyrir krökkunum.

NÁMSKEIÐ

Fjölbreytt úrval námskeiða Börn á grunnskólaaldri eru gjarnan á sumarnámskeiðum hluta sumarfrísins enda fæstir foreldrar í meira en fjögurra til fimm vikna frí yfir sumarið. Úrval námskeiða er mjög fjölbreytilegt. Íþróttafélögin eru til að mynda flest með knattspyrnskóla á sumrin. Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur er með sumarskóla þar sem undirstöðuatriðin í badminton eru kennd. Hestamennska er klassískt sumarsport fyrir unglina. Leikjanámskeið eru fjölmörg á höfuðborgarsvæðinu og listrænir krakkar geta notið sín í Myndlistaskólanum. Á heimasíðum sveitarfélaga og íþróttafélaga má finna upplýsingar um námskeiðin.



Æskan er í genum þínum. Virkjaðu þau.
Uppgötvaðu húðina eins og hún ætti að vera

Uppfinning Lancôme:
GÉNIFIQUE
ÆSKUVAKI



NÝTT
Æskuvaki dagkrem

10 ÁRA RANNSÓKNIR

Lancôme uppgötvar fyrsta ÆSKUVAKANN GÉNIFIQUE.
Auktu* virkni genanna og örvaðu** framleiðslu æskupróteina.

Sjáanlega unglegri húð á aðeins 7 dögum***.

Húðin öðlast aftur eiginleika ungrar húðar: hún verður þétt og silkimjúk við snertingu – ótrúlegur ljómi.

Æskuvaki verðlaun: PRIX D'EXCELLENCE DE LA BEAUTÉ 2010 Marie Claire.

LANCÔME
PARIS

* in vitro prófanir á virk efni
** Klínískar rannsóknir á „skin protein dosage“ – 24 konur
*** „Cosmetoclinic“ sjálfsmat – 34 konur



Fjöll úr kubbum Skemmtilegir áfangastaðir fyrir fjölskylduna í sumar verða án efa Gunnarsstofa á Skriðuklaustri í Fljótisdal og Þórbergssetur á Hala í Suðursveit. Þar verður gestum boðið að byggja fjall úr legókubbum ofan á grunnform sem lagt hefur verið niður á báðum stöðum. Kubba-fjöllin eru gerð í tengslum við sýninguna Fjallasýn sem stendur í sumar á báðum stöðum. Á sýningunni verða listaverk þjóðþekktara málara af Herðubreið, Snæfelli og Öræfajökli auk þess sem dregið verður fram hvernig sýn Íslendinga á hálandið hefur breyst gegnum aldirnar.

Grænmeti úr gördum Nú stendur yfir innritun í Skólagarða Reykjavíkur. Verð fyrir garðskikann eru 4.000 krónur en þær eru ætlaðir börnum á aldrinum átta til tólf en eldri borgarar geta einnig sótt um pláss. Uppskeran úr skikanum getur verið góð búbot í sumarlok auk þess sem það er lærdómsríkt og skemmtilegt að fylgjast með grænmetinu koma upp.

Klassískt diskótek Klassísk danstónlist fær að hljóma í Salnum á fjölskyldutónleikum á morgun. Þá verða leikin verk eftir Händel, Mozart, Bizet og Strauss og fá áheyrendur að koma upp á svið og hjálpa til við flutninginn. Tónlistarflutning annast Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Tónleikarnir hefjast klukkan eitt en frá hálfétt verður Götuleikhúsið á svæðinu og býður upp á ókeypis andlitsmálun. Börn eru beðin um að koma klædd í diskó- og dansfötum ef þau geta.



Kraftmikil krakka hjól



Norco Spice
Fjallahjól fyrir 6–8 ára.
12 gírar, dempari og álstell.

Verð **39.900 kr.**



Giant MTX 125
Fjallahjól fyrir 6–8 ára.
6 gírar, dempari og álstell.

Verð **37.900 kr.**



Norco Rainbow
Flott stelpuhjól fyrir 3–4 ára og 4–6 ára.

Verð frá **19.900 kr.**



Norco Eliminator
Fjallahjól fyrir 6–8 ára.
12 gírar, dempari og álstell.

Verð **39.900 kr.**



Verkstæði og varahlutir í miklu úrvali.

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

512 **Auglýsingasími** 5401



Allt sem þú þarft...

VOR sprengja

Frábær tilboð í gangi
alla helgina

Allt fyrir sumarið og ferðalagið
Komdu í Fífu og gerðu góð kaup

ALLT AÐ
-60%

hér er brot af því besta:

Takmarkaðar birgðir á þessum verðum
og því um að gera að drífa sig til okkar !

**10-60% af
öllum fatnaði**



Tilboðsverð **29.900.-**
Trendideal kerra frá Safety 1st
Fullt verð 44.900

Stillanlegt bak, skermur og bakki fyrir framan barnið.
Maxi Cosi ungbarnabílstólar passa á kerrurnar.



Tilboðsverð **19.900.-**
Bílstóll frá Safety 1st
Fullt verð 29.900



Tilboðsverð **22.900.-**
Barnarúm frá Bino - stærð 60x 120cm
Fullt verð 29.900

Færanleg önnur hliðin



Tilboðsverð **10.900.-**
Ferðarúm með dýnu & tösku
Fullt verð 17.900



Tilboðsverð
6.900.-
Magapoki
f. börn 0-9mán
Fullt verð 11.900



Tilboðsverð **4.900.-** (3 litir)
Sparkbíll/hjól frá Hoppop
Fullt verð 6.900



Tilboðsverð **2.900.-**
Púslmottur



Tilboðsverð **350.-**
Snagar



Tilboðsverð **13.900.-**
**Prima Nova
Barnapítæki**



Tilboðsverð **4.900.-**
Leikkubbur



Tilboðsverð **-20%**
**Allar Babyart
gjafavörur**

FÍFA (Húsgagnahöllinni)
Bíldshöfða 20 . 110 Reykjavík
Sími 552 2522 . fifa@fifa.is
opið mán-lau 10-18 & sun 13-17

skoðaðu úrvalið á heimasíðunni okkar

www.fifa.is

fifa
...allt fyrir börnin



BRUNARÚSTIR Fjöldi húsa brann í gosinu og margir misstu gullin sín.



GREYPT Í MINNI Íbúi ryður hér vikri frá horni húss síns og taldi fullvist að hann væri að kveðja það fyrir fullt og fast. Húsinu tókst þó að bjarga eins og svo mörgum öðrum með samstilltu átaki við að hreinsa burt vikur.



HEIMAEY NÚ Á þessari mynd sést vel hvernig hraunið rann yfir hluta Vestmannaeyjabæjar. Sömuleiðis má sjá hvernig það þrengdi innsiglinguna og bætti með því höfn Vestmannaeyinga. Litlu munaði þó að verr færi því um tíma var tvísýnt um hvort hraunið myndi loka höfninni.

Máttur samstöðu í Eyjum

Eldgosið í Eyjafjallajökli á hug þjóðarinnar um þessar mundir. Aska úr gosinu veldur búsisfjum bæði undir Eyjafjallajökli og í Vestur-Skaftafells-sýslu. Skammt undan landi rísa Vestmannaeyjar þar sem eldar loguðu í Heimaey árið 1973. *Gunnar V. Andrésson* fangaði á ljósmyndir eyðilegginguna sem átti sér stað þegar hluti bæjarins fór undir hraun, hús eyðilögðust í eldi og vikur huldi smám saman allt sem fyrir var. Vestmannaeyingum og þjóðinni allri tókst með samtakamætti að hýsa alla íbúa eyjarinnar á fáeinum dögum og koma í veg fyrir að tjón yrði enn meira en raun bar vitni.



UMFANGSMIKLIR FLUTNINGAR Vestmannaeyingar reyndu að forða sem mestu af eignum sínum í land. Fluttir voru bílar, búslóðir og eins mikið lauslegt og hægt var.



VATNSKÆLING HRAUNS Eitt þeirra kraftaverka sem unnið var í Vestmannaeyjagösinu var vatnskæling hrauns til að draga úr framrás þess. Aldrei verður metið að fullu hver áhrif kælingarinnar voru en víst er að hún hægði á hraunstraumnum og bjargaði þannig miklu.



MEINLEYSISLEGT Í FYRSTU Þessi mynd er tekin á fyrsta degi Vestmannaeyjagössins. Þá leit gosið tiltölulega meinleysislega út og engan grunaði hvað koma skyldi. Til vinstri sést austasti hluti bæjarinnar sem nú er á 70 metra dýpi undir hrauni.



Mjólkursamsalan þakkar frábæra þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær – nærri 1300 myndir bárust frá 4. bekkjum í 74 grunnskólum landsins í keppnina um verðlaunasætin tíu. Hér má einmitt sjá vinningsmyndirnar.

Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir!












Mjólkursamsalan



Eldsumbrot íslenskunnar


Nýyrði og tökuorð hafa fylgt tungumálinu frá upphafi. Fáir hafa lagt meira til nýyrðabanka íslenskunnar en ljóðskáldið og náttúrufræðingurinn **Jónas Hallgrímsson**. Mörg nýyrðanna úr ranni Jónasar eru tungunni svo töm að erfitt er að ímynda sér að þau hafi nokkurn tímann verið ný. Fréttablaðið stiklar á stóru í orðasmiðju skáldsins og birtir fyrstu dæmin þar sem þau koma fyrir, samkvæmt Ritmálsafni Orðabókar Háskólans.



Aðdráttarafl: „aðdráttarafl hnattarins mikla togaði hann til sín.“	Baksund: „...eiga piltarnir að temja sjer baksund með fótunum einum saman.“	Bróðurpartur: „...miðla þrátt af þinnar móður arfi / þeim, sem að glata sínum bróðurpart.“	Einstaklingur: „... reinsla hvurs einstaklings, útaf fyrir sig, er harðla lítil.“	Fiskverkun: „...hann hefur sjálfur ferðazt víða og grannkynnt sjer allt, sem viðvikur fiskverkun.“	Fluggáfaður: „Þarf ekki nema líta á hann, til að sjá hann er fluggáfaður.“	Framsókn: „...framsókn, rugg og ljósvilla.“	Frelshetja: „...fríða, fullstyrka / frelshetju.“	Gangverk: „Dregur fio}dur gangverkið í því [úri].“
Landfræði: „...ímsar fróðlegar bendingar áhrærandi landfræðina.“		Lífsnautn: „...en menningin er farin svo að vakna að fjöldinn vill lifa siðaðra manna lífi. Auðvitað leiðir það ýmsa út í ofeyðslu og óhollar lífsnautnir.“			Geislabaugur: „Þá var að sjá fölljósan geislabaug umhverfis túnglið.“	Guðsafneitun: „...að in óbifanlega nauðsyn og eylífu lög [[...]] geti leitt til guðsafneitunar.“	Hafflötur: „...enn hafflöturinn liggur opin fyrir þeim.“	
Hugsunarleysi: „...þó það hvurki komi til af leti né hugsunarleysi á almennings þörfum.“	Jarðfræðingur: „...létu jarðfræðingarnir sig aldrei vanta, til að vera við og gefa gætur að því sem upp kæmi.“	Líffæri: „Frá líffærum spendýranna.“						
Dauðleiður: „...kallaðu mig fyrir rétt, þó mér sé það meir en dauðleitt.“	Lögbundinn: „...ad brautir þeirra [halastjarnanna] eru lögbundnar.“	Miðbaugur: „...miðbaugsfjærð þeirra, eður fjarlægð suður og norður frá miðbaugji.“			Háðskur: „...en háðskur mót / ómur orðvani / eyra hræði.“	Heiðardalur: „...hrauna veitir bárum bláum / breiðan fram um heiðardal.“	Himingeimur: „...skapaði guð sólina og himintúnglin og sveiblaði þeim úti himingeiminn.“	
Eldsumbrot: „...umbílingar, sem þá hafa orðið á jörðinni, virðast einkum hafa orsakast af elzumbrotum innani henni.“	Munaðarleysingi: „...að ala so upp munaðarleysingjana, sem eru fósturbörn þeirra allra saman.“	Sálarástand: „Svo stendur nú á sálarástandinu, að ég held lítið verði um það.“						
Seigla: „...til að taka úr þeim mestu seiglu og lýsisbragði.“	Sjónarmunur: „Hægt er og að reikna sjer til hinn litla sjónarmun (Parallaxe).“	Spendýr: „Frá ætt-erni spendýranna.“			Sjónauki: „...í gjeqnum góðan sjónauka (Mikroskop).“	Drottunargirnd: „...öfundin í Rauðrekji og drottunargirndin.“		
					Sólmyrkvi: „Sólmyrkvar verða, þegar túnglið er í sólstefnu.“	Ljóshraði: „...það er ljóshraðinn.“	Fyrirkomulag: „...meðan fyrirkomulag sólkerfis vors haggast ekki af nýjum og stórkostlegustu viðburðum.“	
Sporbaugur: „...braut hans [Merkúriusar] er sporbaugur.“	Stjörnuþjartur: „...um stjörnuþjartar nætur.“			Þjóðareign: „...dýrmætar menjar feðra vorra og þjóðareign, er ekki má selja úr landi.“	Rennisléttur: „...Innst fyrir botni hafnarvogsins liggja rennisléttir sandar.“			
Svarthol: „Það á nú samt að vera í „svartholinu“ (Caschjotten) þangað til skólinn kemur.“	Æxlunarfæri: „Æxlunarfærin, er vinna að getnaði nýrra dýra.“			Veðurfræði: „að þeim, er iðka veðurfræðina, verði búið nokkuð í haginn.“	Upplitsdjarfur: „...aldrei var ég eins glaður eða upplitsdjarfur og ég reyndar átti að mér.“	Sjóveikur: „Ég var býsna sjóveikur.“		
Mörgæs: „...Mörgæsir [[...]] eru svipaðar geirfuglum, eiga heima í suður höfum.“	Yfirborga: „...hann keypti ég og yfirborgaði hann af ásettu ráði.“	Skötuselur: „Sædyfli, skötuselur (lophius piscatorius, Linn.).“			Æðarkolla: „Æður, æðarkolla (somateria mollissi, a. Leach).“	Skottulækning: „...það á nú að fara að hýða hann fyrir skottulækningar.“		
Tímamælir: „Sígurverk, er heitir tímamælir (Chronometer) eður sæur.“		Vísindastarf: „...haft hinn tímann til vísindastarfa minna.“				Smekkmáður: „þó síra Tómas hafi nokkurn tíma verið sérlegur smekkmáður á skáldskap.“	Sólkerfi: „á meðan fyrirkomulag sólkerfis vors haggast ekki af nýjum [[...]] viðburðum.“	
			Stuttbuxur: „...kvenfólkið, sem rakar, verður að ganga með stuttbuxur innan undir.“					

FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI



Glænýjar vörur

beint frá London

Ódýrt

Föt fyrir
alla fjölskylduna
í miklu úrvali

Arabaklútar
799 kr.

Leggings
frá 999 kr.

Barnasokkabuxur
799 kr.

Dömugallabuxur
frá 3999 kr.

Herragallabuxur
frá 3999 kr.

Herraboxer 3 í pakka
frá 999 kr.

Herrahlýrabolir
799 kr.

Dömuhlýrabolir
799 kr.

Strákabolir
1299 kr.

Stelpukjólar
1999 kr.

Strákagallabuxur
1499 kr.

Strákaboxer 3 í pakka
799 kr.

Lokahelgin

Birt með fyrirvara um prentvillur

FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19
ALLA DAGA VIKUNNAR

Tónlist uppfull af ást

Blinda parið **Amadou** og **Mariam** frá Malí hafa vakið heimsathygli fyrir tónlist sína. Þau hafa meðal annars hitað upp fyrir Coldplay, verið í samstarfi við Damon Albarn og spilað fyrir forseta Bandaríkjanna. Þau koma nú til Íslands með hljómsveit sinni til að spila á opnunartónleikum Listahátíðar í Laugardalshöllinni. **Anna Margrét Björnsson** sló á þráðinn til Amadou Bagayoko, gítarleikara og söngvara, sem staddur var í París.

Við byrjuðum á því að spila blús en slík tónlist einkennir Malí,“ útskýrir Amadou sem er staddur í París um þessar mundir. Það var þó ekki aðeins tónlistin heldur einnig ástin sem sameinaði þau Amadou Bagayoko og Mariam Doumbia fyrir um þremur áratugum í borginni Bamako í Malí. Þau hittust í stofnun fyrir unga blinda Malíbúa og uppgötvuðu fljótlega að þau deildu sömu ástríðunni fyrir tónlist. „Við byrjuðum á því að spila blús en slík tónlist er dæmigerð fyrir landið okkar.“

Nýjasta plata þeirra hjóna, „Welcome to Malí“ er þó allt annað en hefðbundin afrísk tónlist og sameinar ólíka menningarheima og tónlistarstrauma í einum stórfenglegum bræðingi af afrískum blús, rokki, reggi og raftónlist. „Á öllum plötunum okkar reynum við þó að kynna Malí fyrir heiminum. Land-

um fólki að fara að vinna og fara í skóla af því að það er mikilvægt og gefast ekki upp þótt á móti blási. En við syngjum mikið um ástina vegna þess að lífið á að snúast um ástina. Það er mikilvægt að tónlist reyni að sameina heiminn og færa honum einhvers konar boðskap um ást. Það er líka mikilvægt fyrir okkur Afríkubúa að hugsa vel um hvert annað. Álfan hefur einkennst af styrjöldum milli ólíkra ættbálka og landa og við reynum að útskýra fyrir fólki að við séum öll foreldrar og að við þurfum alls ekki á ástríði og deilum að halda, heldur frekar að við sameinumst.“

Finnst honum Vesturlönd hafa slæma ímynd af Afríku og ástandinu þar? „Að vissu leyti. Margir halda að það sé ekkert í Afríku nema eynd og volæði en þar er einnig gleði, líf, manngæska og samkennd. Þegar einhver á um sárt að binda reyna allir að aðstoða eftir megni. Það má ekki einbeita sér að neikvæðu hliðum Afríku og



Það má ekki einbeita sér að neikvæðu hliðum Afríku og ég vona að tónlist okkar hjálpi til við að koma jákvæðum skilaboðum áleiðis um álfuna.

id okkar er ríkt af menningu, tónlistarlegri og sögulegri og fólkið er einstaklega hjartahlýtt og gestrisið.“

Það er ekki bara eynd og volæði í Afríku

En tónlistin ykkar er þó rík af annars konar áhrifum en einungis frá Malí? „Já, á vissan hátt. Tónlistin okkar er blönduð alveg eins og heimurinn, og þannig á einmitt heimurinn að vera. Allir leika sitt hlutverk, hvernig sem þeir kunna að vera á litinn og við verðum að búa til tónlist saman. Ég held að slík blanda verði framtíðin fyrir mannkynið.“ Textar þeirra hjóna fjalla mikið um ástina. Um rómantíska ást, ást til fjölskyldu og vina en einnig er í þeim að finna ádeilur á ástandið í Malí og annars staðar í Afríku. „Við reynum að koma skilaboðum til fólksins okkar og hvetja það áfram. Segi-

ég vona að tónlist okkar hjálpi til við að koma jákvæðum skilaboðum áleiðis um álfuna. Vonandi hjálpar svo heimsmeistararnótin í fótbolta til við að kynna vestrænu fólki menningu okkar.“

Fötlunin hefur aldrei verið hindrun Amadou segist alltaf hafa haft gaman af vestrænni tónlist og hafi hlustað mikið á rokk og blús. Hann er gamall aðdáandi Pink Floyd og þau hjón hafa hitað upp fyrir Coldplay og verið í samstarfi við Damon Albarn. „Við höfum alltaf haft gaman af tónlistarblöndu, alveg frá því að við vorum lítil. Nýjasta platan okkar er einmitt gerð í samstarfi við marga aðila þar sem skipst er á hugmyndum. Við hittum fólk sem hefur gaman af tónlistinni okkar og fólk sem gerir tónlist sem við hlustum á. Samstarf milli ólíkra tónlistarmanna er alltaf mjög skemmti-



ÞAU ERU MÚSÍKALSKT PAR Amadou og Mariam hafa ekki látið blindu aftra sér frá því að verða heimsfræg fyrir fallega tónlist.

legt.“ Spurður um hvernig samstarfið við Damon Albarn byrjaði segir Amadou það hafa verið einfalt. „Hann kom og hitti okkur. Svo fórum við og hittum hann. Svo tókum við tónlist upp saman.“

En hefur það aldrei háð þeim að vera blind? „Nei, í hreinskilni sagt þá hefur það ekki háð okkur. Við eigum góða foreldra og fjölskyldu sem studdu okkur frá barnsaldri og gerðu allt sem þau gátu fyrir okkur til að lífsgæði okkar væru eins og annarra. Auðvitað komu stundum upp erfiðir tímar þegar ég var lítill strákur. Þá man ég eftir því að ég vildi stundum ekki fara í skólann af því að mér var strítt. Þegar ég fór á stofnun fyrir unga blinda Malíbúa þá var ég góður á gítar og var beðinn um að kenna hinum að syngja og dansa. Og þegar við Mariam byrjuðum að semja tónlist saman nutum við strax vinsældar-

og fylltum tónleikasali af fólki. Fólk fannst kannski líka heillandi að þrátt fyrir augljósa fötlun þá gerðum við það sem okkur langaði til að gera og gekk vel í því.“ Á hverju ári standa Amadou og Mariam fyrir tónleikahátíðinni „París-Bamako“ til að styrkja blind börn og unglinga í Malí. „Við höfum safnað fyrir mat, fyrir tækjum, blindrabókum og fleiru. Vonandi getum við stækkað þetta átak yfir í önnur lönd líka.“

Með smá áhyggjur af eldgosinu

Heimsókn þeirra hjóna til Íslands er þeirra fyrsta og þau eru mjög spennt fyrir ferðinni. „Við erum á tónleikaferðalagi um Evrópu og þegar okkur bauðst að koma til Íslands fannst okkur það spennandi. Við höfðum heyrt að Reykjavík væri mjög skemmtileg og lifandi borg þar sem menningar- og

tónlistarlífið blómstrar. Ég hef ekki fylgst mjög vel með íslenskrri tónlist en ég hlakka mikið til að fá að hitta fólk og sjá hvað þið eruð að gera þarna. Annars geri ég mér litla grein fyrir því hvernig landið er og hef dálitlar áhyggjur af þessu eldgosinu. Ég vona að það hindri okkur ekki í að komast til Íslands en mér sýnist þó á fréttum að þetta öskufall sé að minnka.“

Amadou tekur fram að hann voni að Íslendingar eigi eftir að skemmta sér vel á tónleikunum. „Við erum hjón sem elskum hvort annað og við erum að reyna að koma skilaboðum á framfæri um það hversu mikilvæg ástin er í lífinu. Við viljum að tónlist færi heiminum gleði og geti hjálpað til við að sameina hann. Færa fólki von, samkennd og fallegar minningar saman.“

Tónleikar Amadou og Mariam verða í Laugardalshöll 12. maí.

Afrísk tónlist heillar hinn vestræna heim

■ Tónlist Amadou og Mariam er blanda hefðbundinnar tónlistar frá Malí, rokk-tónlistar og blús með fiðlum frá Sýrlandi, trompetum frá Kúbu, indverskum og egypskum hljóðfærum.

■ Árið 2003 kynntust þau tónlistarmanninum Manu Chao sem framleiddi plötu þeirra Dimanche á Bamako og syngur einnig á plötunni.

■ Árið 2006 tóku þau upp þemalag heimsmeistarakeppninnar í fótbolta ásamt þýska tónlistarmanninum Herbert Grönemeyer. Lagið hét „Celebrate the Day“ og var í efsta sæti þýska vinsældalista.

■ Árið 2008 náði lag þeirra „Sabali“ fimmtánda sæti yfir bestu lög ársins hjá Pitchfork Media.

■ Í maí í fyrra spiluðu þau á góðgerðartónleikum fyrir heimilislausu í London ásamt David Gilmour á gítar.

■ Í fyrra hituðu þau upp fyrir tvo Blur-tónleika í Hyde Park og fóru með Coldplay á „Viva La Vida“ túrinn.

■ Í gær léku þau á tónleikahátíðinni All Tomorrow's Parties, en þau voru sérstaklega valin til að spila á hátíðinni af Matt Groening, skapara The Simpsons-þáttanna. Hátíðin er ein virtasta tónlistarhátíð heims og þar komu meðal annars fram Hljómsveitirnar Spiritualized, The XX og Nick Cave.



Opna heimsmeistarakeppnina í fótbolta

Amadou og Mariam hafa verið fengin til að opna stærsta íþróttaviðburð heims, heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu, sem fer fram í Suður-Afríku og hefst í næsta mánuði. Hjónin munu koma fram á sérstökum opnunartónleikum aðfaranótt fyrsta leiks mótsins 10. júní ásamt

Aliciu Keys, Shakiru, Black Eyed Peas og suður-afrísku hljómsveitinni BLK JKS – ásamt fótbolta stjórnum frá ýmsum tímabilum fótboltasögunnar (herma fregnir að sjálfur Pelé verði þarna í stuði ásamt stjórnum nútímans á borð við Cristiano Ronaldo og Ronaldinho).


BJARNFREDARSON

KOMIN Í VERSLANIR!

ÁRITANIR UM HELGINA Í HAGKAUP:

KRINGLUNNI kl. 12:00 - 13:00 laugardaginn 8. maí

SMÁRALIND kl. 13:30 - 14:30 laugardaginn 8. maí





1 Dagurinn hjá okkur mæðgum hefst snemma á heim-sókn í fjárhúsin til að kanna hvort ekki sé allt með eðlilegum hætti. Sem betur fer er það nú yfirleitt þannig, en á þessum árstíma eru sólarhringsvaktir í fjárhúsunum. Hér er mynd af Bjarreyju með gráan hrút sem fæddist í vikunni.

2 Milli klukkan 9 og 10 mæta hópar í hlað. Í dag komu tveir hópar; fyrir hádegið heimsótti okkur leikskól-inn Steinahlíð í Reykjavík. Hér eru nokkur barnanna að leik í hlöðunni, en það er ómótstæðilegt að fá að hoppa og ærslast aðeins í hevinu.

3 Eftir hádegið komu til okkar hressir krakkar frá félagsmiðstöðinni Nagyn í Grafarvogi. Þau kíktu í heim-sókn í fjárhúsin en fóru líka í fjöruna. Þar er hægt að finna krabba, kuðunga, krossfiska og fleira skemmtilegt. Hér heldur hann Valgeir á glæsilegum trjónu-krabba.

Sauðburður í algleymi

MYNDBROT ÚR DEGI Fimmtudagurinn 6. maí 2010 | Myndir teknar á Canon EOS 400.

Á býlinu Bjarreyjarsandi er í nógu að snúast þessa dagana. Sauðburður er í fullum gangi og skólabörn eru tíðir gestir þar sem þau fá að fylgjast með og taka þátt í sveitalífinu í sérstökum skólaferðum. **Arnheiður Hjörleifsdóttir** er umhverfisfræðingur að mennt og býr á Bjarreyjarsandi ásamt fjölskyldu sinni, Guðmundi Sigurjónssyni, eiginmanni sínum, og fjögurra ára dóttur, Guðbjörgu Bjarreyju. Auk þeirra búa þar Sigurjón og Kolbrún, foreldrar Guðmundar, Jónas, föðurbróðir Guðmundar, og Guðjón, sonur hans, og hans fjölskylda en á Bjarreyjarsandi er rekin bæði ferðapjónusta og sauðfjár-búskapur.



4 Hér sitjum við í gömlu hlöðunni, þar sem nú er aðstaða fyrir hópa. Það er ekki óalgengt um þessar mundir að fá sér grillaðar pylsur í hádeginu – því það er vinsælt hjá skólabörnunum! Hér er móðir mín, Inga, Sigurjón tengdapaði, Eyþór, Kolbrún tengdamamma, Guðmundur, maðurinn minn, og dóttir okkar, Guðbjörg Bjarrey.



5 Eftir hádegið skruppum við til að vitja um krabbagildir á Hvalbryggjunni. Þar hittum við Bergsvein frá Gróustöðum í Reykhóla-hreppi, þar sem hann var í kræklingaleiðangri.



6 Fæðingarhjálp í fjárhúsunum. Þarna er kindin mín, hún Jarma, að bera. Heldur var hrúturinn hennar með stór horn, svo ég þurfti aðeins að aðstoða hana við burðinn.

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
AF KATTAMAT

Dýravínir óskast!

Dýrahjálpi Íslands sýnir
dýr í heimilisleit í dag

Frá kl 13 - 17 í Dýraríkinu Miðhrauni 2

Hugsum vel um dýrin okkar!

DÝRARÍKIÐ
...fyrir dýravini!

Dýraríkið Miðhrauni 2 Dýraríkið Grensásvegi Dýraríkið Blómavalshúsinu Skútuvogi Dýraríkið Blómavalshúsinu Akureyri Sími: 568 66 68



Way of Life!

Kizashi ER MÆTTUR



**Frumsónum um helgina Kizashi, nýjan fjórhjóladrifinn eðalbíl frá Suzuki.
Ópið laugardag og sunnudag frá 13-17.**

Kizashi er algjörlega nýr fjórhjóladrifinn fólkabíll í millistærðarflokki frá Suzuki.
Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!
Komið í Skeifuna 17 um helgina, kynnið ykkur og reynsluakið Suzuki Kizashi, bíl sem tekið verður eftir.
Kaffi og léttar veitingar í boði.

Nýr SX4

Frumsónum einnig nýja útfærslu af hinum vinsæla jeppling Suzuki SX4. Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst lægra verð.



SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK

Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009 SUZUKI GRAND VITARA



Söluhæsti fólkabíllinn á Íslandi árið 2009 SUZUKI SWIFT



TRAUST UMBOÐ Í 40 ÁR



SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON
JARÐEÐLISFRÆÐINGUR ER 49 ÁRA
Í DAG.

„Það er ómögulegt að spá
fyrir um gos í Kötlu en auð-
vitað er rétt að hafa augun
hjá sér.“

Magnús Tumi er deildarfor-
setj jarðvísindadeildar Háskóla
Íslands og stýrir Jarðvísinda-
stofnun. Ummælin lét hann
falla 21. mars þegar gos var
nýhafið á Fimmvörðuhálsi.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 8. MAÍ 1979

Félag frjálshyggjumanna stofnað

Félag frjálshyggjumanna á Íslandi var stofnað á áttæðisafmæli Friedrichs A. von Hayeks 8. maí 1979, með það að markmiði að kynna frjálshyggju á Íslandi.

Stjórnarmenn voru allir sjálfstæðismenn, þeirra á meðal Friðrik Friðriksson, sem var formaður, Árni Sigfússon, Hannes Hólmsteinn Gissur- arson og Hreinn Loftsson, en þess skal getið að félagið var ekki í beinum tengslum við Sjálfstæðisflokkinn.

Félagið stóð fyrir fundahaldi og útgáfu á tímaritinu Frelsið,



sem Hannes Hólmsteinn ritstýrði, bókum eins og Ein- staklingsfrelsi og hagskipulag eftir Ólaf Björnsson prófessor og Velferðarríki á villigötum eftir Jónas H. Haralz banka- stjóra. Þá komu ýmsir erlendir fyrirlesarar á vegum félagsins til landsins, svo sem Nóbels- verðlaunahafarnir Friedrich A. von Hayek og Milton Friedman.

Félagið starfaði í áratug eða til ársins 1989, en þá þótti ljóst að markmiðið hafði náðst og því var félagið lagt niður. Sjá www.wikipedia.org.

MERKISATBURÐIR

- 1636 Eldgos verður í Heklu.
- 1835 Fyrstu ævintýri H.C. Andersen gefin út í Danmörku.
- 1933 Mohandas Gandhi hefur þriggja vikna hungurverfall til að mótmæla kúgun Breta í Indlandi.
- 1945 Síðari heimsstyrjöldinni lýkur í Evrópu með uppgjöf Þjóðverja.
- 1970 Síðasta breiðskífa Bítlanna kemur út.
- 1979 Hornsteinn er lagður að Hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi.
- 1996 Stjórnarskrá sem tryggir ríkisborgurum víðtæk réttindi tekur gildi í Suður-Afríku.



Faðir okkar,

J. Grétar Þorvaldsson

bifreiðastjóri, Stóragarði 38,

lést á heimili sínu 5. maí. Jarðarför verður auglýst síðar.

Valdís Ósk Jónasdóttir
Þórir Karl Jónasson
Þorvaldur Jónasson



Móðir okkar og amma,

Inga Þorgeirsdóttir

kennari, Hofteigi 48,

verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju mánudaginn 10. maí kl. 15.

Þorgerður Ingólfssdóttir og Knut Ødegård
Mali Ødegård og Roar Sørlí
Knut, Kristine
Hege Ødegård

Rut Ingólfssdóttir og Björn Bjarnason
Sigríður Sól Björnssdóttir og Heiðar Guðjónsson
Orri, Bjarki, Rut
Bjarni Benedikt Björnsson og Daði Runólfsson

Vilborg Ingólfssdóttir og Leifur Bárðarson
Margrét María Leifsdóttir og Guðmundur Pálsson
Máni, Diljá Helga, María
Inga María Leifsdóttir og Kristbjörn Helgason
Júlía Helga, Jakob Leifur

Unnur María Ingólfssdóttir og Thomas Jan Stankiewicz
Catherine María Stankiewicz
Helene Inga Stankiewicz
Thomas Davíð Stankiewicz

Inga Rós Ingólfssdóttir og Hörður Áskelsson
Guðrún Hrunð Harðardóttir og Gunnar Andreas Kristinsson
Áróra, Auðunn
Inga Harðardóttir og Guðmundur Vignir Karlsson
Björt Inga, Ísleifur Elí
Áskell Harðarson



LÉTTISVEIT REYKJAVÍKUR Einn stærsti kór landsins, en Álfagerðisbræður ætla að taka nokkur lög með honum í kvöld.

MYND/ÚR EINKASAFNI

LÉTTISVEIT REYKJAVÍKUR: HELDUR UPP Á BÆÐI 10 OG 15 ÁRA AFMÆLI

Skemmtilegt að tilheyra svo stórum og fjölbreyttum hópi

Léttisveit Reykjavíkur á tvöfalt afmæli á þessu ári og lýkur þriggja konserta vordagskrá með tónleikum í Háskólabíói í kvöld. Þar ætlar hún að blása þjóðinni bjartsýni og baráttuanda í brjóst og fjalla í leiðinni um ýmislegt sem hent hefur í þjóðlífinu. Þess ber söngskráin merki. Þar má finna lagaheiti eins og Af aurum apar og Framtíðardraumar. Önnur hefðbundnari eru þar einnig, svo sem Þú álfa vorrar yngsta land, Lífsgleði njóttu og ýmis þjóðleg sveitasælulög.

Margrét Þorvaldsdóttir er formaður Léttisveitar Reykjavíkur. Hún útskýrir þetta tvöfalda afmæli sem getið er í upphafi greinarinnar svo: „Léttisveitin er eitt afsprengi Kvennakórs Reykjavíkur sem hóf starfsemi sína 1993 og ungaði út alls konar kórum. Það eru fimmtán ár frá því að við urðum léttisveit innan Kvennakórsins og svo

eigum við tíu ára sjálfstæðisafmæli því árið 2000 hættum við að heyra undir stjórn hans. Þannig að þetta eru stór tímamót þótt um ungan kór sé að ræða, miðað við marga aðra.“

Í Léttisveit Reykjavíkur eru 113 konur, svo fullyrða má að hún sé meðal fjölmennustu kóra landsins ef hún hreinlega á ekki metið. Sami stjórnandi hefur verið frá upphafi, Jóhanna V. Þórhallsdóttir, og líka sami píanóundirleikari, Aðalheiður Þorsteinsdóttir.

Margrét hefur verið formaður Léttisveitarinnar í sex ár með smá hléi og á ellefu ára söngferil að baki með henni, eða frá 1999, svo ljóst er að tryggðin við félagsskapinn er mikil. Hvaða töffrar eru þarna í gangi? „Það er bara ótrúlega skemmtilegt að tilheyra svona stórum og fjölbreyttum hópi og alltaf gaman að syngja saman.

Ef eitthvað bjátar á er ekkert til betra en fara á kóræfingu. Það er allra meina bót,“ svarar hún með sannfær- ingarkrafti í röddinni.

Margrét segir ýmislegt fleira fylgja félagsskapnum en söngur. „Við höldum árs hátíðir og skemmtisamkomur fyrir okkur og vinkonur okkar og svo höfum við ferðast heilmikið og haldið tónleika. Bæði farið til útlanda og líka um landið okkar. Ég held við séum búnar að heimsækja alla landshluta.“

Nú er Léttisveitin nýkomin úr söngferð til Norðurlands. „Við sungum í Hóladómkirkju og á Dalvík,“ upplýsir Margrét. „Við lentum inn á sæluviku- una í Skagafirði og hittum Álfagerðisbræður þar. Þeir ætla að endurgjalda heimsóknina og taka nokkur lög með okkur í Háskólabíói í kvöld.“

gun@frettabladid.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

ELDRI BORGARA FERÐIR

um fornar byggðir á Suður-Grænlandi.

Fjögurra daga ferðir í júlí og ágúst. Allt innfalið.

Allar upplýsingar veitir Emil Guðmundsson í síma 898 9776. Einnig hægt að senda tölvupóst á emil@flugfelag.is

Oddafélagið með ráðstefnu í Frægarði

Árleg ráðstefna Oddafélagsins, samtaka áhugamanna um endurreisn fræðaseturs að Odda á Rangárvöllum, verður haldin í dag. Ráðstefnan verður sett í Frægarði hjá Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti á Rangárvöllum klukkan 13 og stendur til 17.30 og eru allir velkomnir.

Þór Jakobsson setur ráðstefnuna sem hefst með því að tveir meðlimir félagsins frá byrjun, Þórður Tómasson í Skógum og Jakobína Erlendsdóttir frá Odda á Rangárvöllum, verða gerðir að heiðursfélögum. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni eru Páll Skúla- son.

- jma



ÁHUGAFÓLK UM ENDURREISN ODDA Þór Jakobsson, formaður Oddafélagsins, setur ráðstefnu í dag um endurreisn fræðaseturs að Odda á Rangárvöllum.


Yngist upp við stuttmyndaleik

„Það sem gerir þetta skemmtilegt er að vinna með þessu unga og kraftmikla fólki í Kvikmyndaskólanum. Maður yngist allur upp og þessi mikli kraftur og áhugi smitar út frá sér. Maður verður ungur í annað sinn,“ segir leikarinn Magnús Ólafsson.

Hann hefur haft í nógu að snúast að undanförunu við leik í stuttmyndum fyrir Kvikmyndaskóla Íslands og hefur hann frá árinu 2008 leikið í tíu til tólf myndum. Ein til viðbótar bætist í sarpinn um helgina. „Það er gaman að hafa nóg að gera en ég geri þetta ekki vegna launanna. Þau eru engin ef svo má segja því skólinn á enga peninga.“

Nýverið lék hann í Eurovision-myndbandinu við lag Heru Bjarkar, Je ne sais quoi, sem var tekið upp í Sundhöll Reykjavíkur. Þar sést hann lyfta lóðum við sundlaugarbakkann af miklum þrótti. „Ég var í Sundhöllinni í heilan sólarhring og naut þess að geta farið í heitu pottana á milli atriða,“ segir Magnús, sem er mikill sundmaður.

Hann vill að Kvikmyndaskóli Íslands njóti meiri athygli en hann hefur gert hingað til. „Ég talaði við Katrínu Jakobsdóttur menntamála-



MAGNÚS ÓLAFSSON Magnús yngist allur upp við að vinna með krökkunum í Kvikmyndaskóla Íslands.

ráðherra og sagði henni að í Danmörku og Svíþjóð veldi ríkissjónvarpið bestu myndirnar til sýninga til að vekja athygli á hvað unga fólkið þar væri að gera í þeirra kvikmyndaskólum,“ segir Magnús. „Ég sagði henni að eftir þennan mikla niðurskurð hjá

Rúv væri tilvalið að sýna það besta úr Kvikmyndaskóla Íslands þegar krakkarnir útskrifast eftir fjórar annir í skólanum. Þetta væri íslenskt efni og fólk hefði gaman af íslensku sjónvarpsefni. Katrín tók bara vel í þetta og ætlar að fara í málið.“ - fb



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Björn Guðmundssonar
bónda, Miðdalsgröf, Strandasýslu.

Guðfríður Guðjónsdóttir

Anna Guðný Björnsdóttir Einar Páll Gunnarsson

Ásta Björk Björnsdóttir

Hildur Björnsdóttir

Reynir Björnsson

Steinunn Jóhanna Þorsteinsdóttir

og afabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnar Gestsson

Heiðarba 13, Reykjavík

andaðist miðvikudaginn, 5. maí. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 12. maí kl. 13.00

Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Lýður Skúli Erlendsson

Torfi Gunnarsson,

Grimur Gunnasson

og barnabörn



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi.

Jakob Bragi Björnsson

frá Neðri-Þverá, Vesturhópi
Síðast til heimilis að Rauðarárstíg 36.

Lést á líknardeild LSH, Landakoti þann 6. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. maí kl. 13:00

Íris Kolbrún Bragadóttir

Hannes Eðvarð Ívarsson

Jón Þorbergur Jakobsson

Virgie Garcia

Ragnar Bragason

Björn Gísli Bragason

Haukur Davíð Grímsson

Brynja Hrönn Bjarnadóttir

Jóhannes Hauksson

Hildur Rut Sigurbjartsdóttir

afabörn og langafabörn.



Elskuleg móðir mín og tengdamóðir

Lilja Bjarnadóttir

Bláhömrum 2, Reykjavík

andaðist þriðjudaginn 27. apríl á Landspítalanum í Fossvogi.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hennar.

Sérstakar þakkir til starfsfólks B4 á Landspítalanum fyrir hlýju og umönnun.

Díana Magnúsdóttir

Stahr, Flemming Stahr.



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Agnars Árnasonar
kaupmanns.

Guð blessi ykkur öll.

Magnhildur Friðriksdóttir

Ulrika Bladh

Magnús Agnarsson

Konráð Sveinsson

Kristbjörg Agnarsdóttir

Anna Lára Magnúsdóttir

Arnar Jökull Agnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bergvin Svavarsson

Vestursíðu 24, Akureyri,

lést í Sjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 30. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar og Heimahlyningar fyrir hlýja og góða umönnun.

Guðný Bergvinsdóttir

Stefán Arnaldsson

Berghildur María Bergvinsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Þorgerður Bergvinsdóttir

Valdimar Davíðsson

afa og langafabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Sigurbjörg

Tryggvadóttir

Hvammí Húsavík,

verður jarðsöngin frá Húsavíkurkirkju mánudaginn 10. maí kl. 14.

Tryggvi Jóhannsson

Guðlaug Sigmarsdóttir

Hermann Jóhannsson

Gerður Gísladóttir

Óskar Jóhannsson

Júlía Úlfás Jóhannsson

barnabörn og barnabarnabörn



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ásdísar Andrésdóttir

Arnalds

Kleppsvegi 4, Reykjavík.

Sigurður St. Arnalds

Sigríður María Sigurðardóttir

Andrés Arnalds

Guðrún Pálmadóttir

Ólafur Arnalds

Sigrún Jóhannsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, sonar og bróður,

Helga Sverrissonar

Drekavöllum 18, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við Hauka-fjölskyldunni okkar fyrir alla hjálpinu og stuðninginn.

Björg Guðmundsdóttir

Ari Sverrisson

Erla Helgadóttir

Dagný Helgadóttir

Andri Helgason

Emilía Aradóttir

Arnór Arason

Sigrún Magnúsdóttir

Reynir Sverrisson

Vilborg Jóhannsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólveig Ólafsdóttir

frá Norður-Fossi í Mýrdal, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Sólvöllum, Eyrarbakka,

lést 5. maí. Útförin fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal laugardaginn 15. maí kl. 14.

Ólafur Sigursveinsson

Ólöf Karlsdóttir

Jóhanna Sigursveinsdóttir

Ólafur Þorsteinn Jónsson

Sveinn Sigursveinsson

Kristín Sigurmarsdóttir

Sigurður Sigursveinsson

Ragnheiður Thorlacius

Runólfur Sigursveinsson

og fjölskyldur.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður, tengdaföður, föstur föður, afa og langafa,

Jóhannesar Þórðarsonar

Stykkishólmi/Flatey.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk St. Franciskusspítala í Stykkishólmi.

Gyða Sigurðardóttir

Ingvaldur Þ. Jóhannesdóttir

Valborg E. Jóhannesdóttir

Hrönn Bernharðsdóttir

Agnes Agnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Hrannar Erlingsson

Sigurður G. Markússon

Gunnar Levi Haraldsson

Þórður Þorsteinnsson

Vnr. 55095007/107-8

Blákorn

Blákorn 5, 10 eða 40 kg.

Verð frá

1.190



Vnr. 55095118-9

Kartöfluútsæði

Kartöfluútsæði, gullauga eða rauðar, 5 kg.

890

ÓDÝRT



Vnr. 55095013

Illgresiseyðir

CASORON illgresiseyðir, 1 kg.

2.850



Gleðilegt sumar

ÓDÝRT

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLU PALLAEFNI, GIRÐINGAEININGUM OG GARÐHÚSUM

GILDIR TIL 9. MAÍ

Vnr. 88040056

Trampolín

Trampolín 4,3 m, með öryggisneti.

59.900



Nýtt í BYKO



Nuddpottur 109.000

Upplásinn nuddpottur, 4 sæti. Stærð 1,80 x 70 m, þyngd 32 kg tómur og fullur 832 kg. Hitari 1500W, nuddmótor 720W, dælusía 12V/60W, 2000 l á klst. Hraði hitunar 1,52 °C/klst. Uppblásinn á 5 mín. Fæst í BYKO Breidd, Kaupúni og Akureyri.

EXPO · www.expo.is

26" REIÐHJÓL



Vnr. 49620202

Fjallahjól 36.900

26" fjallahjól, 21 gira Shimano girbúnaður, bretti, dempari að framan, álfelgur, glitaugu, keðjuhlíf og V-bremsur.

12" REIÐHJÓL



Vnr. 49620210-1

Reiðhjól 14.990

12" barnahjól með hjálpardekkjum og brettum, blátt eða rautt.

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 9. MAÍ.

19.990

Fullt verð: 23.490

Vnr. 50630100

Gasgrill

OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnþennari og grillflötur 48x36 cm. Hitaplata yfir þennara, niðurfellanleg hliðarborð, neistakveikjari og þrýstjafnari fylgja, 6,2 kW.



28" REIÐHJÓL



Vnr. 49620200-1

Götu hjól 29.900

28" götuhjól fyrir karla, 6 gira með brettum og bögglaþera.

16" REIÐHJÓL



Vnr. 49620208-9

Hjól 22.990

16" BMX barnahjól með hjálpardekkjum, blátt eða rautt.

GLÆSILEGT NÝTT BYKOBLAÐ ER KOMIÐ ÚT!



Fullt af flottum sumarvörum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

Frábært sumar- fjör í BYKO!

Gleðilegt
sumar

Líf og fjör í BYKO Breidd og Kaupþúni í dag!

Pylsa og Pepsi handa öllum og
hoppukastali fyrir börnin frá
kl. 12-15 í BYKO Kaupþúni og Breidd.



Dagskrá í Kaupþúni:

Fornbílar Kl. 13-16

Félagar úr Fornbílaklúbbnum
mæta á svæðið á glæsivögnum sínum.



Vespuleiga Kl. 13-17

Vespuleigan Lundavespur
(Puffin Scooters) og Árstíðaferðir
(Season Tours), sem eru með
leiðsöguferðir um Reykjavík, kynna
vespur og rafmagnsreiðhjól sem
viðskiptavinir fá að prófa.



Season Tours

Nokkrir heppnir viðskiptavinir vinna gjafabréf!

Skoðun á reiðhjólum Kl. 14-15

Lögreglan skoðar reiðhjól
barnanna fyrir sumarið.
Við brýnum fyrir foreldrum að
láta þau ekki hjóla Reykjanes-
brautina ein síns liðs.
Æskilegt væri að börn komu
í fylgd með fullorðnum.



Dagskrá í Breidd:

Ráðgjöf á viðhaldi pallsins Kl. 11-14

Sérfræðingur frá Málningu
verður með ráðgjöf við hreinsun
og viðhald pallsins.



Ráðgjöf garðyrkjufraeðings Kl. 11-14

Garðyrkjufraeðingur ráðleggur
við val á áburði, mosaeyðingu
og umhirðu garðsins.

Siggi Ben frístundamálari
verður að mála á staðnum.





**DansGleði
Í SUMAR**

**DANCE
CENTER
REYKJAVÍK**

Skráning á dancecenter.is

Þjónustugóðærið

BAKPANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Það er ekkert rosalega langt síðan ég varð virkur neytandi og fór að fá fastar tekjur (sem ég eyddi jafnóðum). Fljótlega eftir að bankareikningurinn minn byrjaði að belgjast út um mánaðamótin fór ég að láta gleppjast af auglýsingum fyrirtækja sem buðu upp á tilboð sem ég átti gríðarlega erfitt með að hafna. Þetta var upp úr aldamótum og góðærið var rétt að byrja.

AUGLÝSINGARNAR áttu það flestar sameiginlegt að reyna að troða inn á mig vörum sem ég þurfti ekkert sérstaklega á að halda. Bílaumboðin auglýstu bíla sem voru alltof dýrir fyrir mig, en gátu samt orðið mínir á viðráðanlegum kjörum. Tölvur og farsímar kostuðu allt í einu ekki neitt í fyrstu þó að mánaðarlegar afborganir fylgdu ávallt með.

VERSLUN gekk sem sagt út á að dæla út vörum, hvað sem það kostaði. Ég var í nokkurn veginn sama flokki og aðrir neytendur, keypti flatskjá og fartölvu en lét myntkórfulánin vera og ók um á gömlum druslum.

ÞJÓNUSTA var eitthvað sem virtist vanta inn í

jöfnuna, þrátt fyrir að orðið sé oftast sagt í samhengi við „verslun“. Verslun og þjónusta. Orðin eru svo tengd að ef ég væri búinn að mennta mig í íslensku myndi ég örugglega hlæja yfirlætislega og kalla þau *farsælt orðasamband*. Seinni hluti orðasambandsins gleymdist samt í góðærinu, en hefur skotið upp kollinum í dag.

ÞAÐ ríkir nefnilega þjónustugóðæri í dag og það er frábært. Fyrirtæki eru allt í einu byrjuð að auglýsa hvað þau geta gert fyrir okkur, ekki hverju þau geta prangað inn á okkur – hvað sem það kostar! eða kostar ekki. Strax. Í staðinn fyrir að auglýsa allt of dýran bíl sjáum við reynsluríkt starfsfólk í auglýsingum frá bílaumboðum. Olíufyrirtækin vilja skipta um þurrkublöð og fylla á rúðupissið í staðinn fyrir að selja okkur gasgrill á stærð við sumarbústaði. Og í staðinn fyrir að flytja inn gám af sófasettum hefur ein elsta verslunardeja landsins boðist til að skutla matvörum heim til viðskiptavina sinna – frítt!

ÉG nenni ekki að vera gaurinn sem bendir á jákvæða hluti kreppunnar og segir „sko. Við höfum það ekkert slæmt!“ Það er samt hollt fyrir svona leiðindapúka eins og mig (og þig) að sjá að verslunar- og þjónustufyrirtæki hafa horft í spegil og tekið sig á. Ég legg til að æðstu stjórnendur landsins drullist til að gera það sama.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**RÓMEÓ
OG JÚLÍA**

Vesturport



Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports

Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



LÆRIR ALDREI Lindsay Lohan sótti námskeið um skaðleg áhrif áfengis og skellti sér á barinn á eftir. NORDICPHOTOS/GETTY

Lærir seint

Leikkonan Lindsay Lohan átti fangelsisvist yfir höfði sér vegna brots á skilorði fyrir skömmu síðan. Lohan bar skylda til að sækja námskeið um skaðleg áhrif áfengis en hafði ekki séð sér fært að mæta þar til dómari nokkur hótaði henni fangelsisvist. Leikkonan sótti því fyrsta tímann fyrr í vikunni en að námskeiðinu loknu ákvað hún að fara á skemmtistaðinn Las Palmas og fá sér nokkra drykki. Lohan sást yfirgefa staðinn í annarlegu ástandi klukkan hálf þrjú að nóttu til.

Hátíð hjá Kaffitári

Í tilefni 20 ára afmælis Kaffitárs í ár verður boðið til afmælishátíðar í öllum kaffihúsum fyrirtækisins í dag. Boðið verður upp á uppáhellt Brasilíukaffi og súkkulaðiköku ásamt heimskaffistemmingu. Í kaffihúsunum gætur áhrifa frá kaffiræktunarlöndunum og hafa þau hvert og eitt þema frá hverju landi fyrir sig. Þannig verður tónlistartriði frá Brasilíu í Höfðatorgi kl. 13-15, skreytingar og stemning frá Indónesíu í Kringlunni og á Stapabraut, Kólumbía í Smáralind, Gvatemala í Bankastræti, Afríka í Þjóðminjasafninu og tónlistartriði og Níkaragva í Flugstöðinni.



JAKE GYLLENHAAL Gat ekki hafnað hlutverkinu í ævintýramyndinni Prince of Persia.

Ekki hægt að hafna Prince

Jake Gyllenhaal segist ekki hafa getað hafnað hlutverkinu í ævintýramyndinni Prince Of Persia sem er á leiðinni í bíó. Þar leikur hann hetjuna Dastan sem lendir í alls konar hremmingum. „Þetta var svo ólíkt mér að ég varð að prófa þetta. Að hlaupa um og berjast með sverðum er eitthvað sem mig hefur alltaf dreymt um,“ sagði Gyllenhaal, sem skemmti sér konunglega við tókurnar. Til að undirbúa sig fyrir hlutverkið fór hann í gegnum sex mánaða þjálfunarbúðir sem reyndu mjög á líkama og sál.

Tilboð óskast í timburhús



Tilboð óskast í þrjú timburhús byggð af nemendum Tækniskólans. Húsin eru 16 m² að stærð og afhendast tilbúin að utan. Tvö hús afhendast einangruð og veggir klæddir með gifsi og loft með panel klæðningu. Eitt hús afhendist einangrað með rakavörn.

Tilboð berist fyrir 20. maí 2010. Áskilið er að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Húsin eru til sýnis eftir samkomulagi og nánari upplýsingar veitir Guðmundur Hreinsson skólastjóri Byggingatækniskólans, ghr@tskoli.is, sími: 514 9101.



Byggingatækniskólinn
Tækniskólinn

www.tskoli.is

Skoppa og Skritla á tínaflakki

Síðustu sýningar

★★★★★ Mbl

„Sýningin er afskaplega litrík og skemmtileg. Skoppa og Skritla eru vel skrifaðar persónur og Linda og Hrefna hafa alveg sérstakt lag á yngstu áhorfendum.“
Ip, Mbl

„... enn ein fjöður í hatti þeirra vinkvenna.“

★★★★★ Fbl

„Þær Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir sem sigrað hafa hjörtu barna í gervum Skoppu og Skritlu ...“
EB, Fbl

Síðustu sýningar - Tryggðu þér miða í dag

08. og 09. maí - kl. 14
15. og 16. apríl - kl. 12 og 14

Miðasölusími 568 8000 | borgarleikhus.is

www.skoppaogskritla.is



facebook



Borgarleikhúsið



ath. kl. 20 í kvöld

breski gamanleikurinn 39 þrep var sýndur í fyrsta sinn í gærkvöldi í Íslensku óperunni og verða sýningar í kvöld og á morgun. Fjórir leikarar fara á kostum í rússíbanareid ótrúlegs fjöld stórra og smárra persóna, alls 139 hlutverk deilast á leikhópinn. Leikstjóri er María Sigurðardóttir sem kunn er af vinsælum leik-sýningum sunnan og norðan heiða, Sex í sveit og Ló á skinni. Verkið var sýnt við metaðsókn á Akureyri í vetur en sýningar sunnan heiða verða fáar.

menning

menning@frettabladid.is

Dansflokknum hrósað

Þýskir gagnrýnendur voru yfir sig hrifnir af sýningu Íslensku dansflokksins á danshátíð í Bremen í Þýskalandi sem haldin var í apríl. Á dagskránni voru tvö verk eftir þekktu og virta danshöfunda: Kvart eftir Norðmanninn Jo Strömgren, og Endastöð eftir Svíann Alexander Ekman. Þriðja verkið var Heilabrot eftir Brian Gerke og Steinunni Ketilsdóttur sem er nýtt og ferskt tvíeyki frá Íslandi þekkt fyrir kómísku, jafnvel grátbroslega, og óhefðbundna sköpun.

Blaðið Die Tageszeitung sagði að Íslenski dansflokkurinn hefði óvænt verið stjarna hátíðarinnar: „Vegna landfræðilegrar staðsetningar sinnar er flokkurinn einangraður og hefur þar af leiðandi tileinkað sér mikla fjölbreytni – verkin sem flokkurinn sýndi voru á ótrúlega breiðum skala, allt frá óvægnu dansleikhúsi yfir í dansflugelda í anda Svanavatns-



LISTDANS Úr verkinu Kvart eftir Jo Strömgren sem sýnt var á danshátíð í Brimum við mikið lof.

ins. Það virðist einnig sem þetta kalda loftslag ali af sér virkilega skemmtilegan húmor.“

Gagnrýnendur Kreiszeitung Bremen og Augsburg Allgemeine hrósuðu dönsurunum fyrir tæknilega fullkomnum en einnig og þá sérstaklega fyrir leiklistarhæfileika þeirra og héldu þeir varla vatni yfir frammistöðu dansaranna í hinu mjög svo kómísku verki Endastöð, þar sem þeir túlka eldra fólk í leit sinni að æskunni.



MYNDLIST Hafsteinn Austmann fagnar sjöttu og fimm ára afmæli með stórrí yfirlitssýningu í Gerðarsafni.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

YFIRLITSSÝNING HAFSTEINS

Í dag verður opnuð sýning í Gerðarsafni á verkum frá löngum ferli Hafsteins Austmann en hann fagnar með sýningunni 75 ára afmæli. Á sýningunni má rekja feril Hafsteins allar götur frá því að hann sat kornungur við fótiskör meistara franska skólans á sjötta áratug síðustu aldar.

Hafsteinn Austmann hefur fyrir löngu skapað sér nafn sem einn af vönduðustu listmálurum sinnar kynslóðar. Hann er fæddur á Vopnafirði 1934, en ólst að mestu upp í Reykjavík. Kornungur ákvað Hafsteinn að helga sig myndlistinni og eftir nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík og Hand-

íða- og myndlistarskóla Íslands dvaldi hann í París 1954-55 og sótti þá tíma í Académie de la Grande Chaumière, meðal annars hjá myndhöggvaranum Zadkine. Námsdvöl hans í París á þeim árum þegar franskur skólinn var mikilsvirtur í öllum hinum vestræna heimi setti mark sitt á feril hans. Hafsteinn heillaðist snemma af franskri abstraktlist og var meðal annars boðið að sýna á hinni alþjóðlegu Réalités Nouvelles-sýningu, aðeins tvítugum að aldri. Heimkominn tók Hafsteinn þátt í öllum helstu sýningum íslenskra myndlistarmanna og skar sig ævinlega úr fyrir fagaðar abstraktmyndir sínar, bæði olíu- og vatnslitamyndir. Hann starfaði einnig við leikmyndagerð fyrir Leikfélag Reykjavíkur en hefur að mestu helgað líf sitt málverkinu, bæði olíu- og ekki síður vatnslita-

myndum sem hann hefur sjaldgæf tök á, og svo höggmyndum.

Til þessa hefur hann haldið um 30 einkasýningar og tekið þátt í miklum fjölda samsýninga um allan heim. Sömuleiðis er verk Hafsteins að finna í öllum helstu lista-söfnum Norðurlanda. Verk hans hafa enn fremur hlotið ýmsar viðurkenningar, meðal annars alþjóðlegu Windsor & Newton-verðlaunin fyrir vatnslitamyndir. Hafsteinn hefur einnig hlotið tvönn verðlaun fyrir útilitstaverk og gert veggmynd fyrir Borgarspítalann.

Í tengslum við sýninguna verður gefin út vönduð bók „Kvika: Hafsteinn Austmann, Myndverk 1950-2010“, sem Aðalsteinn Ingólfsson hefur tekið saman. Aðalsteinn mun vera með leiðsögn um sýninguna á morgun kl. 15. Sýningin er hluti af dagskrá Kópavogsdaga og mun standa til 20. júní. pbb@frettabladid.is

Rómeóraunir

Tólf sýningar verða í boði á næstu vikum á hinum sígilda sjónleik Williams Shakespeare, Rómeó og Júlíu, í Borgarleikhúsinu. Vesturport er enn eina ferðina að rifja upp sviðsetningu sína sem farið hefur víða um lönd og var í tvígang á fjöllumum í London eftir að hafa notið mikilla vinsælda hér heima á Litla sviði Borgarleikhússins 2002. Er þetta sú leiksýning íslensk sem átt hefur lengstu lífi að fagna. Nú verður hún endurlíf-guð á Stóra sviðinu og er hluti af áskriftarsýningum hússins frá liðnu hausti.

Hallgrímur Helgason þýddi verkið að nýju þegar Vesturports undir leikstjórn þeirra Gísla Arnar Garðarssonar og Agnars Jóns Egilssonar setti sýninguna á svið. Katrín Hall sá um dansa en Börkur Jónsson og Þórunn Elísabet Sveinsdóttir sáu um útlit leikmyndar og búninga. Sýningar hefjast 11. maí.

Önnur sviðsetning á sama verki verður í samstarfi Borgarleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík boðin áhugasömum gestum, en það er tíu ára gömul sviðsetning sem hefur farið víða á þeim áratug: Leikstjóri er Oskar Korsunovas og verða sýningar tvær: 14. og 15. maí. Kostunovas er einn besti leikstjóri heimsins í dag. Þessi uppsetning hefur ferðast um heiminn undanfarnin tjuu ár og er því ferðalagi langt frá því lokið. Í þessari uppsetningu berjast ættir tvær í bakaríum sem þær reka hvor um sig. Kraftur, húmor og magnað sjónarspil einkenna sýninguna. Oskaras er einn fremsti leikstjóri Evrópu en hann hefur verið ráðinn til að leikstýra jólasýningu Borgarleikhússins 2010 en það er Ofviðrið eftir Shakespeare.

Heitið var þriðju sýningunni í



LEIKLIST Úr Rómeó og Júlíu Vesturports 2002: Nína Dögg sem Júlía og Ólafur Darri sem fóstur.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

haust í kynningarherferð Borgarleikhússins á þessu verki í sviðsetningu Þorleifs Arnarssonar frá St. Gallen í Sviss en ekki bólar á henni og er vísað um að kenna kreppunni.

Græna ljósið hleypur undir og sýnir hina frábæru kvikmynd Baz Luhrmann eftir verkinu þar sem þau Leonardo DiCaprio og Clare Danes léku svo eftirminnilega þau Rómeó og Júlíu. Sýnt verður í Háskólabíó 20. og 21. maí kl. 20.

- pbb



Heimsljós sem sálumessa

Söngsveitin Fílharmónía fagnar 50 ára afmæli með glæsilegum afmælistónleikum sunnudaginn 9. og þriðjudaginn 11. maí í Langholtskirkju, kl. 20 báða daga. Þar verður frumflutt nýtt íslenskt tónverk sem kórinn pantaði af þessu tilefni af tónskáldinu Tryggva M. Baldvinsyni: Heimsljós – íslensk sálumessa. Með verkinu er brugðið nýju ljósi á eitt ástsælasta bókmenntaverk okkar, en texti tónverksins er sóttur í verk Laxness. Verk Tryggva er í sex köflum, samið fyrir kór, hljómsveit og tvo einsöngvara.

Kórinn leitaði til Tryggva fyrir meir en tveimur árum og hefur verið spennandi að fylgjast með þróun og tilurð verksins sem kórinn hefur æft af kappi síðustu mánuði og tekið miklu ástfóstri við. Segja kórfélagar að honum tekist að skapa listaverk ríkt af tilfinningu sem talar til huga og hjarta.

Tryggvi kynntist skáldsögu Halldórs á unga aldri og lýsir fyrsta lestri sínum hugljómum: „Á mörgum stöðum hefur textinn mann upp í annan heim, drauma, líta og einlægrar fegurðar, stundum nokkuð sársaukafullan, en jafnframt umvefur skáldskapurinn lesandann mikilli hlýju.“ Sagan hefur fylgt honum síðan.

Tónverkið er kynnt sem sálumessa. Víst má til sanns vegar færa að sagan lýsir stríði sem háð er um sál og líf Ólafs ljósvíkings. Þar takast

mörg öfl á: „Hinum trúarlega tóni sem svífur yfir vötnunum í sögunni um Ólaf Kárasón fannst mér best komið til leiðar í formi sálumessu, því að efnistöð bókarinnar ríma vel við hina þrjá meginþætti sálumessunnar: ákall, uppgjör og friðþægingu.

Með þessu verki er ég þó alls ekki að reyna að rekja sögu Ólafs Kárasónar, enda er textinn í tónverkinu tekinn héðan og þaðan og myndar engan efnislegan söguþráð. Mín athygli er á textanum sjálfum og þeim töfrum sem þar felast. Það fór mikill tími í að velja þá kafla og setningar sem ég notaðist við að lokum. Þeir þurftu bæði að innihalda þá ljóðrænu sem ég sóttist eftir og jafnframt að henta sem sjálfstæður þáttur í sálumessunni. Ég tók mér það leyfi að stytta suma textana, fella úr þeim orð, setningar og jafnvel málsgreinar til að

fella þá betur að tónlistinni. Texti þriðja þáttar, Guð refsar öllum sem svíkjast um, sker sig nokkuð úr, því að þar er ekki stuðst við heila málsgrein heldur er textinn að miklu leyti settur saman úr skammaryrðum og upphrópunum í garð Ólafs Kárasónar. Þessi reiðilestur er slitinn í sundur af draumi Ólafs um betri tíma. Eflaust væri hægt að tengja hefðbundin latnesk kaflaheiti sálumessunnar við hina sex kafla íslenskrar sálumessu og bæri þá 3. þátturinn eflaust nafnið Dies irae, en mér fannst mun eðlilegra að nota kaflaheiti sem sótt eru í textann.“

Þá verða einnig fluttir valdir kaflar úr nokkrum þeim stóru verkum sem Söngsveitin Fílharmónía hefur flutt á ferli sínum, meðal annars úr Carmina Burana, Þýsku sálumessu Brahms, Messias eftir Handel og verkum eftir Mozart, Haydn og Bach. Söngsveitin hefur á ferli sínum lagt megináherslu á flutning stórra tónverka fyrir kór og hljómsveit og frumflutt á Íslandi fjöldamörg helstu kórverk tónlistarsögunnar.

Einsöngvarar eru Ingi-björg Guðjónsdóttir og Snorri Wium. Síð Tullinius er konsertmeistari 30 manna hljómsveitar og Magnús Ragnarsson stjórnar tónleikunum. - pbb

TÓNLIST Tryggvi M. Baldvinsón tónskáld kynntist Heimsljósi á unglingsárunum og fann að sálumessuformið hentaði best hinum trúarlega tóni sem er að finna í skáldverkinu. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SPÆNSKIR DAGAR
á Blómatorginu í Kringlunni 8. og 9. maí

Spánarferðalög, gítar, flamenco og skemmtun fyrir börnin!

- Ferðakynningar
- Verðlaunagetraun
- Teiknisamkeppni, andlitsmálun o.fl.

Opið laugardag kl. 11-18 og sunnudag 13-18

VILT ÞÚ KOMA Í HÓP ÁNÆGDRA NEMENDA?

ÁHERSLA LÖGD Á AÐ ÖLLUM LÍÐI VEL Í TJARNARSKÓLA.

Tjarnarskóli er skóli fyrir nemendur í 7.-10. bekk grunnskóla. Hjá okkur er lögd áhersla á að rækta það besta í hverjum nemanda og keppt að því að hver og einn nái hámarksárangri miðað við getu.

Nemendurnir fá góða aðstoð við heimanámið auk góðrar þjálfunar í sjálfstæðum vinnubrögðum. Upplýsingar um námsframvindu og aðra þætti skólustarfsins eru sendar reglulega til foreldra og nemenda.

Hafðu samband í síma 551-6820, 562-4020 eða tölvupósti tjarnar@ismennt.is til að fá nánari upplýsingar eða panta heim-sóknartíma hjá okkur. Við tökum vel á móti þér!

1985-2010
25 ár!

TJARNARSKÓLI
EINKASKÓLI MEÐ TJÖRNINA
LÆKJARGÖTU 14B
www.tjarnarskoli.is

Blóm gera kraftaverk

RÓMEÓ OG JÚLÍA



Listasalur Mosfellsbæjar Umsóknir

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum frá myndlistarmönnum sem vilja sýna í Listasalnum á tímabilinu september 2010 – ágúst 2011

Listasalur Mosfellsbæjar er 80 fermetra fjölnota salur í Bókasafni Mosfellsbæjar og standa sýningar að jafnaði fjórar vikur í senn. Um er að ræða einka- og samsýningar.

Salurinn er lánaður endurgjaldslaust til sýnenda.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Listasalar Mosfellsbæjar: mos.is/listasalur eða hjá umsýslarmanni í síma 566-6822 netfang: listasalur@mos.is

Umsóknir um sýningar fyrir starfsárið 2010-2011 skulu berast fyrir 1. júní 2010. Fylgja skulu með myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Umsóknir skulu vera útprentaðar og vandaðar.

Umsóknir sendist til:
Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

VIÐING JAKVÆDNI FRAMSEKNA UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR



TÓNLIST Kvinnakór Reykjavíkur heldur tónleika á morgun í Lindakirkju.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/-

Kvinnakór á ungversku

Kvinnakór Reykjavíkur heldur tvö tónleika á morgun í Lindakirkju, kl. 17 og 20. Tónleikarnir marka tímamót hjá kórnum sem hefur starfað í vetur með nýjum stjórnanda, Ágöta Joó, og eru þetta fyrstu tónleikarnir sem hún stýrir með kórnum.

Efnisskráin er fjölbreytt og tekst kórinn á við söngva á ólíkum málum: ensku, frönsku, ítölsku, þýsku, rússnesku, ungversku og svo móðurmálinu. Athygli vekur að stjórnandinn lætur kórinn takast

á við mál sem heimta gerólíkar áherslur og hljómamyndun. Meðal verka sem flutt verða á tónleikunum er kórverk eftir ungverskt tónskáld, József Karai, sem heitir Éjszaka. Verkið er náttúru lýsing, ómstrítt á stundum með ljúfum tónum á milli.

Þá syngur kórinn ljúf lög eftir Rossini og Shuman, Louis Prima, Aron Copland og John Edabbenport. Undirleikur er í höndum þeirra Vignis Þórs Stefánssonar, Vadims Fjodorov, Gunnars Hilmarssonar og Leifs Gunnarssonar.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 10. maí,
kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Hafsteinn Austmann

Verkin verða sýnd:
laugardag 11-17, sunnudag 12-17 og mánudag 10-17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



SKEMMTILEGT SUMAR Í TÓNSÖLUM



Nú er tekið á móti umsóknum á eftirfarandi sumarnámskeið:

- * Gítarnámskeið
- * Trommunámskeið
- * Rafbassanámskeið
- * Ukulelenámskeið



Tónsalir bjóða í sumar upp á 8. skipta námskeið sem ætluð eru fyrir byrjendur á aldrinum 8-16 ára. Þátttakendur mæta tvisvar í viku.

Skráning er til 21. maí á heimasíðu skólans.

Upplýsingar og innritun á
www.tonsalir.is

Tónsalir

...BARA GAMAN...

Bæjarlind 12. Sími 534-3700. www.tonsalir.is

Tónsalir er ryðmiskur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu.

Blásin bassaklarinetta

Einleikur á bassaklarinettu verður í boði í tónleikaröðinni 15:15 í Norræna húsinu á morgun kl. 15:15. Það er Ingólfur Vilhjálmsson sem blæs í kapp við elektróník.

Tvö stykki verða frumflutt á tónleikunum eftir þá Sláturmenn Áka Ásgeirsson, 306° og Pál Ivan Pálsson, Dubhghall 2. Önnur verk eru Zwei singende Klarinetten eftir taivanska tónskáldið Pei-Yu Shi, Elimination of Metaphysics (B) eftir Davíð Brynjar Franzson og svo Hollands-skammturinn Ecoute-ecoute eftir Roderick de Man og Spans eftir Klas Thorstenson.

Ingólfur hefur helgað sig nær alfarið nútímatónlist undan-



INGÓLFUR
VILHJÁLMSOON

farin ár og stígur hér á svið sem einleikari með sín uppáhaldsstykki fyrir bassaklarinett og elektróník. Ingólfur hlaut listamannalaun 2009 og gaf út geisladisk (Dualism) með slagverksleikaranum Tobiasi Guttmann hjá Íslensku tónverkamiðstöðinni 2008.

Ingólfur lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1998, BA-prófi í klarinettuleik frá Konservatoríinu í Utrecht 2000 og Postgraduate-prófi frá Konservatoríinu í Amsterdam 2002. Ingólfur er styrkþegi hjá Ensemble Modern Academy 2006-2007. Hann hefur unnið með tónskáldum eins og Hosokawa og Lachenmann og er meðlimur í Adapter Ensemble. - pbb

Heimsljós
50 ára
afmælistónleikar

Perdur frá fyrri tíð
Valdir kaflar úr kórverkum eftir Orff, Brahms, Haydn, Bach, Mozart og Handel

Tryggvi M. Baldvinsson
Heimsljós - íslensk sálumessa
Frumflutningur, verk samið fyrir Söngsveitina Filharmóníu við texta úr samnefndu verki Halldórs Laxness

Stjórnandi Magnús Ragnarsson
Einsöngvarar Ingibjörg Guðjónsdóttir og Snorri Wium
30 manna hljómsveit, konsertmeistari Sif Tulinius

Langholtskirkja Sunnudaginn 9. maí 2010 kl. 20
Þriðjudaginn 11. maí 2010 kl. 20

Aðgöngumiðar í 12 Tónum, hjá kórfélögum og við innganginn
Nánari upplýsingar á www.filharmonia.mi.is

HVÆÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 08. maí 2010

→ Tónleikar

13.00 Söngkonan **Jussanam Dejah** og píanóleikarinn **Agnar Már Magnússon** flytja þekkt og vinsæl brasilísk lög á **Kaffitári** við Borgartún 10-12. Enginn aðgangseyrir.



16.00 Vortónleikar **Landsvirkjunarkórsins** verða haldnir í **Hjallakirkju** við Álfaheiði 17 í Kópavogi. Stjórnandi: **Julian Isaacs**. Einsöngur: **Gunnhildur Halla Baldursdóttir**, sópran. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

17.00 og **21.00** í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi verða haldnir tvennir tónleikar til heiðurs **Sígfúsi Halldórssyni**. Meðal þeirra sem koma fram eru **Stefán Hilmarsson**, **Hera Björk Þórhallsdóttir** og **Egill Ólafsson**.

22.00 Hljómsveitin **Nýdönsk** heldur tónleika á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

22.00 **Rokkabilýband Reykjavíkur** heldur tónleika á **Rósenberg** við Klapparstíg.

→ Myndlist

Jón Ingi Sigurmundsson hefur opnað málverkasýningu í **Galleri Gónhól** við Eyrargötu á Eyrarbakka. Opnið lau. og sun. kl. 11-18.

→ Kvikmyndir

15.00 Í tilefni þess að 65 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar verður sýnd leikin sovísk-frönsk kvikmynd **Normandie-Niémen**, (1960) hjá **MÍR** að Hverfisgötu 105. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

→ Síðustu forvöð

Jóhanna Hreinsdóttir hefur opnað sýningu í **Listasal Garðabæjar** að Garðatorgi 7. Sýningu lýkur miðvikudaginn 12. maí. Opnið alla daga kl. 13-18.

Síðustu forvöð eru að sjá sýningu **Ingarafns Steinarrsonar** í **Suðsuðvestur** við Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Sýningin er opin lau. og sun. kl. 14-17.

→ Menningarhátíð

Menningarhátíðin **Kópavogsdagar**, 8-15. maí. Hátíðin er sérstaklega tileinkuð **Sígfúsi Halldórssyni**, tónskáldi og myndlistarmanni. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.kopavogsdagar.is.

→ Sýningar

Félag trérennismiða á Íslandi í samvinnu við **Vormarkað Skógræktarfélags Reykjavíkur**, verður með sölu-sýningu í **gamla bænum** að Elliðavatni í Heiðmörk laugardag og sunnudag kl. 10-17. Beygt við Rauðhóla af Suðurlandsvegi. Beygt til hægri við skilti merkt Elliðavatn. Nánari upplýsingar á www.trerennismidi.is.

Sunnudagur 09. maí 2010

→ Tónleikar

14.00 **Bára Grímsdóttir** og **Chris Foster** hafa umsjón með söngdagskránni „Sungjið og kveðið“ sem fer fram í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi** (Gerðubergi 3-5). Íslensk alþýðulög sungin og kveðin í bland við erlend þjóðlög. Nánari upplýsingar á gerduberg.is.

15.15 **Ingólfur Vilhjálmsson** klarinettuleikari frumflytur verk eftir Áka Ásgeirsson og Pál Ivan Pálsson fyrir klarinett og rafhljóð á tónleikum í **Norræna húsinu** við Sturlugötu. Einnig flytur hann verk eftir Davíð Brynjar Franzson, Pei-Yu Shi, Roderick de Man og Klas Thorstensson.

17.00 og **20.00** **Kvennakór Reykjavíkur** heldur tvenna tónleika í **Lindakirkju** við Uppsali í Kópavogi. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir J. Karai, Rossini, Schumann, Piazzolla og John Davenport.

20.00 **Söngsveitin Fílharmónía** heldur tónleika í Langholtakirkju við **Sólheima**. Á efnisskránni verða verk eftir meðal annars Brahms, Handel, Mozart og Bach.

20.00 **Vígbór Sjafnar** og **Jónas Ingimundarson** verða með tónleika í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir E. Grieg, J. Brahms, Sigvalda S. Kaldalóns, Eyþór Stefánsson og Sigfús Halldórsson.

→ Leiðsögn

14.00 **Ásdís Ásmundsdóttir** verður með leiðsögn um sýninguna **Ég kys blómlegar konur...** sem nú stendur yfir á **Ásmundarsafni** við Sigtún. Opnið daglega kl. 10-16.

→ Kvikmyndir

15.00 Í tilefni þess að 65 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar verður sýnd leikin mynd frá Mosfilm **Sjóðheitur snjórinn** (1972) hjá **MÍR**, að Hverfisgötu 105. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

→ Barnatónleikar

13.00 í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi verða klassískir tónleikar og dagskrá fyrir börn. Nánari upplýsingar á www.salurinn.is.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

LENGI LIFIR Í GÖMLUM GLÆÐUM

AÐEINS FIMM VERÐ

500,-

1.000,-

2.000,-

3.000,-

4.000,-

ÚTSÖLUMARKAÐUR HLÍÐARSMÁRA 14 OPIÐ ALLA DAGA 12:00-18:00

AÐEINS Í NOKKRA DAGA

NOA NOA

HLÍÐARSMÁRI 14 · KÓPAVOGUR · OPIÐ 12-18

Vortónleikar Samkórs Reykjavíkur

verða haldnir
fimmtudaginn 13. maí
kl. 15.30 í sal
Ferðafélags Íslands

Verð 2.500 kr.
Veitingar innifaldar



Vortónleikar

Karلاكórs Kópavogs

í Kópavogskirkju sunnudaginn 9. maí kl. 16.00

Einsöngvari: Sigurður Þengilsson

Stjórnandi: Julian Hewlett

Píanóleikari: Guðrjúður Sigurðardóttir.

Dagskrá: Í tilefni 90 ára fæðingarársmælis Sigfúsar Halldórssonar verður meginefni dagskrár flutningur á nokkrum af helstu söngperlum hans.

Aðgangseyrir: 1500 kr.

> ENDURREISN HJÁ NEMUM Í LHÍ

Fatahönnuðurinn **Hildur Yeoman** hefur kennt nemendum Listaháskólans í fatahönnun listina að teikna tísku og um helgina sýna nemendur afrakstur úr tiskuteiknunarkefningunum. Sýningin stendur yfir í Hugmyndahúsi háskólanna á Grandagarði og þar gefur að líta gullfalleg og stórskemmtileg verk. Það er opið frá 12-17 á laugardag og sunnudag og áhugafólk um listir og tísku ætti ekki að láta þetta framhjá sér fara.

stíll

utlit@frettabladid.is



OKKUR
LANGAR Í
...

Sexy sundbolur sem minnir á Hollywood glamúr sjöunda áratugarins. Frá tiskudrottningunni Diane Von Furstenberg og fæst á netaporter.com



Ótrúlega fagurt varagloss sem er hluti af samstarfslínu Liberty og Mac.

Nammi nammi nammi... Þessir litríku leðursandalar frá Marc Jacobs eru stórfenglega sumarlegir.



DADRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Yngsti tiskubloggari heims

Ég var algjör lúði þegar ég var lítil og hafði ekki hundsvit á tísku. Tíska virtist jafn fjarlæggt áhugamál og aðrir leiðindahlutir fullorðinna eins og tiltekt og að vinna á skrifstofu. Í dag er kominn heill nýr markaðshópur í tísku – smákrakkar – og litla fólkið virðist orðið mun meðvitaðra um persónulegan stíl en áður. Þegar ég fór á RFF í vor fékk ég litla vinkonu mína lánaða til að setjast mér við hlið á fremsta bekk og sú stutta var svalari en allir þarna inni, með sín risavöxnu svörtu gleraugu og blátt hár þar sem hún fylgdist grannt með sýningunni. Stór gleraugu og svalt attitjúd hjá krökkum er auðvitað ekkert nema kjút en þegar ég rak augun í tiskubloggsíðu stúlkunnar, Tavi, var mér ekki um sel. Tavi er stórsniðugt, stórskrýtið og dálítið ógnvænlegt fyrirbæri í formi prettán ára stúlku frá New York sem hefur bloggað um tísku frá því að hún var ellefu ára á síðunni „Style Rookie“.

Tavi er alveg fátíðleg smart og virðist vera með alla putta á púlsinum hvað heitustu tiskustraumana varðar. Fyrst þegar hún byrjaði að blogga héldu flestir að þetta væri eitthvert „feik“ því að barn gæti aldrei haft slík tók á tískunni. En nei, þessi eðlislæga náðargáfa hennar hefur skotið henni upp á stjörnuhimininn og í dag situr þessi pínulitla stuttklippa stúlka með stóru gleraugum á fremstu bekkjum hjá frægustu hönnuðum heims. Hún klæðir sig oft eins og pínulitil gömul kona og

var meira að segja búin að lita hárið á sér grátt um daginn. Stundum finnst mér hún furðulega lík tiskubloggaranum Facehunter sem mættir reglulega til Íslands. Miuccia Prada og Rei Kawakubo hreinlega dýrka hana og þau og fleiri hönnuðir ausa yfir hana gjöfum í formi rándýrs fatnaðar, fylgihluta og skótaus. Hún hefur setið fyrir á forsíðum ofursvaltra tiskublaða og verið í ótal viðtölum og fékk vikufri í skólanum til að geta mætt á tiskuvíkuna í New York.

Sniðugt, eða hvað? Þegar fyrirsætur í blöðum verða að vera sextán ára er þá ekki skrytið að lítið barn hafi svona mikinn áhuga á heimi sem, því miður, er oft mengaður af yfirborðskenn, spillingu, djamma og dópi? Og getur verið gott fyrir litla sál að hafa svona gífurlega mikinn áhuga á ytri klæðum manna í stað þess að vera bara heima hjá sér að leika sér? Ég efast um að Tavi eigi marga jafnaldra vini. Þeim hlýtur að þykja hún skrytin. Og hvernig verður stúlkan þegar hún er rétt skriðin yfir tvítugt? Útbrunnið tiskufrik? „Í Gamla testamentinu gekk fólk aðeins í fötum til að halda á sér hita því það var vilji Guðs,“ segir hin gyðingatrúaða Tavi. „Ég hef hins vegar orðið fyrir mikilli uppljómun hvað varðar föt og hef öðlast skýra sýn á því að föt geta verið listaverk.“ Þessari stúlku ætla ég að fylgjast með.



Fríboð!
4.900,-
nóttin pr. mann
með morgunverði

Hagkvæmt hótél
í hjarta Reykjavíkur

Gildir í maí og júní
Pantaðu strax
takmarkað framboð
sími **770 7040**

Hótel *Flóki*



SVEITALEGT
Krúttlegar
smekkbuxur við
blómaskyrta.



ÞÆGILEGT Viðar
snjáðar gallabuxur
við gegnsæja
siffonskyrtu.

GALLAEFNI HJÁ RALPH LAUREN:

Tímalaus klassík

Bandaríski hönnuðurinn Ralph Lauren er þekktur fyrir faguð föt og falleg efni í klassískum bandarískum stíl, föt sem henta bæði á skrifstofur og sveitasetur hjá heldri fjölskyldum. Þeir sem forðast litagleði í sumartískunni geta glaðst yfir frísklegu og einföldu yfirbragði sumarlinunnar frá Ralph Lauren þar sem

blá gallaefni voru í forgrunni. Strákaleg tíska sem einkenndist af skyrtum, vestum, gallabuxum og jafnvel smekkbuxum. Ljósblái liturinn hefur ekki verið sérstaklega áberandi undanfarin ár en Lauren minnti okkur á að þetta er flottur og óvæminn kostur þegar hlýna tekur í veðri.

- amb



GALLAEFNI Töffaraleg
síð gallaskyrta yfir
strákalegar buxur.



GAMALDAGS
Klassískur jakki og
skyrtu við dökkar
gallabuxur.



RENDUR
Skyrtukjöll
með svörtu
og strákalegu
vesti yfir.

Hinn eini sanni

RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
MARKAÐUR

Aðeins 2 dagar eftir!

Í B&L Húsinu Grjóthálsi

NÝJAR VORVÖRUR

Opið frá 12 - 18

laugardag og sunnudag

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is

ecco®

NIKE

adidas®

PUMA®

hummel®

Reebok

BLEND

ORIGINAL

> LANGAR Í BARN

Söngkonan **Pink** er byrjuð aftur með fyrrum eiginmanni sínum og er nú farin að huga að barneignum. „Við erum ekki að reyna að eignast barn þessa stundina. En ég hlakka mikið til að byrja að reyna,“ var haft eftir söngkonunni.



fólk

folk@frettabladid.is

Lára með lag dagsins hjá Q

„Þetta er alveg geðveikt,“ segir tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir. Lag hennar I Wanna Be, sem er tekið af hennar síðustu plötu Surprise, var í gær lag dagsins á heimasíðu breska tónlistartímaritsins Q. Mikill fjöldi tónlistaráhugamanna skoðar síðuna á degi hverjum og því er um mjög góða kynningu að ræða fyrir Lára. Einnig fylgdi með á síðunni nýtt myndband Lára við lagið, sem Bretinn Henry Bateman leikstýrði.

Lára þakkar árangurinn fyrst og fremst öðrum Breta, umboðsmanni sínum, Nick Knowles, sem hún réð fyrir skömmu. „Þetta er allt honum að þakka, fyrir utan hvað tónlistin er skemmtileg. Það er mér að þakka,“ segir Lára og hlær.

Knowles býr hér á landi og starfaði síðast við alþjóðlegu tískuhátíðina í Reykjavík, RFF, sem var haldin í vor. „Hann kom óvart á tónleika hjá mér. Hann þekkir gítarleikarann minn og sá að þetta ætti mikla möguleika í heimalandinu hans,“ segir hún um samstarf þeirra.

Lára flýgur til Bretlands í júní þar sem hún ætlar að funda með nokkrum útgáfufyrirtækjum í von um að komast þar á samning. Í framhaldinu vonast hún til að Surprise komi út þar í landi. Hún mun einnig hita upp fyrir söngkonuna Amy McDonald 9. júní í London og spila víðsvegar um borgina í eina viku í framhaldinu. Í júl er síðan fyrirhuguð hringferð um Ísland. Lára hefur í nógu að snúast



LÁRA RÚNARSÐÓTTIR
Lára átti lag dagsins á heimasíðu breska tónlistartímaritsins Q.

Því næst á dagskrá er ferðalag til Danmerkur þar sem hún tekur þátt í vinnubúðum lagahöfunda í Árósum. Flestir höfundarnir koma frá Norðurlöndunum og standa búðirnar yfir í eina viku. - fb

Kendra selur kynlífsmyndböndin sjálf

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær, þá hyggst klámframleiðandinn Vivid senda frá sér klámmyndband með sjónvarpsstjórnu Kendum Wilkinson í aðalhlutverki.

Kendra hefur hótað að kæra, en þeir sem trú á hún vilji í raun og veru stöðva myndbandið verða sífellt færri. Kendra birtist á forsiðu tímaritsins OK! sama dag og tilkynningin um myndbandið var send til fjölmiðla. Það rennir stöðum undir þá kenningu að hún sé sjálf á bak við útgáfuna og sé að hanna atburðarás til að auka sölu myndbandsins.

Samkvæmt fréttamiðlinum Radar stofnaði Kendra fyrirtæki árið 2008 sem átti að sjá um sölu á kynlífsmyndböndum hennar og fyrrverandi kærasta hennar. Í gær kom svo fram að hún ætlaði að selja fjölmörg gróf myndbönd. Það virðist vera að rætast núna.



Á BAK VIÐ TJÖLDIN Kendra er talin vera að selja eigin kynlífsmyndbönd í laumi.

LISTAMIÐSTÖÐ BARÓNESSU VIÐ SÆTÚN Í UPPNÁMI

Tímaritið Art Newspaper greinir frá því að barónessan Francesca von Habsburg ætli að draga úr umsvifum sínum í íslensku listalífi. Listamiðstöð í Kaaber-húsinu er meðal þess sem sett verður í salt.

Art Newspaper slær því upp í grein eftir blaðamanninn Clemens Bomsdorf að barónessan Francesca von Habsburg ætli að draga úr starfi sínu á Íslandi eftir að hafa verið áberandi í íslensku listalífi. Francesca hefur stutt fjölda íslenskra listamanna undanfarin ár og lagt þeim lið en meðal þess sem barónessan hyggst setja í salt er fyrirhuguð listamiðstöð í gamla Kaaber-húsinu við Sætún. Hún átti að hýsa Nýlistasafnið, dánarbú Dieter Roth og stóran hluta af umfangsmiklu listaverkasafni barónessunnar.

Birta Guðjónsdóttir, safnstjóri Nýlistasafnsins, segir þetta vera „ekki-frétt“ hjá Art Newspaper. „Þessi listamiðstöð náði aldrei lengra en að vera hugmynd sem var kastað fram. Menn fóru ef til vill aðeins fram úr sér í umræðu og umfjöllun um þetta mál,“ segir Birta. Barónessan sagði í viðtali við Morgunblaðið fyrir rúmu ári að listamiðstöðin væri nauðsynleg í ljósi bankahrunsins. Von Habsburg seldi síðan þrjátíu listaverk í sinni eigu fyrir meira en hundrað milljónir króna á uppboði í London og sagði í umræddu viðtali að þann pening ætti að nota til að leggja þessu verkefni lið. „Ég veit að sem stendur hefur enginn á Íslandi fé til að setja í stofnun sem þessa, og þess vegna ákvað ég að selja þessi verk úr safninu mínu, safna fé og setja verkefnið á flot. Þetta verður að gerast

VAR BARA Á HUGMYNDASTIGI

Birta Guðjónsdóttir segir fyrirhugaða listamiðstöð Francesca von Habsburg hafa eingöngu verið á hugmyndastigi og að menn hafi aðeins farið fram úr sér. Barónessan seldi verk á uppboði í London fyrir hundrað milljónir sem áttu að nýtast í þetta verkefni en þeir peningar hafa aldrei sést. Hugmyndin var sú að listamiðstöðin ætti að rísa í Kaaber-húsinu við Sætún.



NÚNA, í þessum aðstæðum, á þessum tíma,“ sagði Habsburg við Morgunblaðið.

Birta segir engin samskipti hafa átt sér stað við barónessuna frá þessum tíma. Og þau hafi ekkert séð af þessum peningum sem barónessan lýsti yfir að skyldi varið til

safnsins og uppbyggingu þess. „Og við áttum aldrei von á því að þessir peningar myndu skila sér beint til Nýlistasafnsins. Ég veit ekkert hvað gerist í framtíðinni. Þetta er hreinlega eitthvað sem við höfum ekkert þælt í undanfarðu ár.“

freyrgigja@frettabladid.is

StorirStrakar.is

Viðarrima 25 - 112 Reykjavík



17. júní í Reykjavík

Dagskráratriði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vef þjóðhátíðarnefndar www.17juni.is. Umsóknnum er einnig hægt að skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást. Umsóknarfrestur rennur út þann 12. maí n.k.



Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is



RÚNAR ÞÓR OG GYLFI ÆGIRS

verða með dansleik á CLASSIC ROCK Ármúla 5 laugardagskvöldið 8. maí.

Allir skagamenn og Ísfirðingar og aðrir landsmenn velkomnir

Hera Björk

KVEÐJU- OG ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

Í SMÁRALIND

Hera Björk og Eurovision-fararnir
Vetrargarðurinn Smáralind í dag
kl. 14.00 og 15.00

- Áritun
- Myndatökur



PIPARTENA - SA - 10180



Smellugas 

Iceland Express 

 Smáralind

Ný breiðskífa Heru er komin út.
Tilboð á disknum í Smáralind. (Takmarkað upplag á fyrstu sendingu.)


Phone +354 892 1242
Handsupmusic.com

Jenna ver sambylismann sinn

Fyrrum klámmyndaleikkonan Jenna Jameson lenti í útistöðum við sambylismann sinn, glímukappann Tito Ortiz, fyrir stuttu og var í kjölfarið flutt á sjúkrahús til aðhlyningar. Jameson segir Ortiz ekki hafa gengið í skrokk á sér heldur hafi þetta verið óhapp.

„Við höfðum rifist kvöldið áður og um morguninn vakti Tito mig og sagðist hafa fundið lyf sem hann hélt ég væri að ofnota. Við fórum aftur að rifast og ég elti hann inn á baðherbergi. Hann er stór maður og vegur næstum hundrað kíló þannig að þegar hann ætlaði að ýta mér frá flaug ég á gólfið og lenti með öxlina á baðkarið,“ úskýrir Jameson. Hún segist þó ekki vera búin að ákveða hvort hún taki við sambylismanni sínum aftur þar sem hún hafi áður verið í ofbeldisfullum samböndum og lítur því atvikið mjög alvarlegum augum.



MEIDDIST ÓVART Jenna Jameson segir sambylismann sinn ekki hafa ætlað að meiða hana. NORDICPHOTOS/GETTY




EIVÖR PÁLSDÓTTIR Eivör gefur út plötuna Larva á þriðjudaginn. Hún var tekin upp á tíu dögum í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjalakötturinn

www.fjalakotturinn.is

Norskir dagar á Fjalakettinum 13.-17. maí



Matseðlarnir á norsku dögnum

Fjögurra rétta matseðill

- Áquavitis marineraða hreindýr með papriku aioli
- Silunga "tartar" með reyktum silung og soya- engifers kjarna
- Hreindýr með sultu úr lauk og þurrudum ávöxtum, sellerírötur mauk, þúsundlaga kartöflur og rosmarínsósa
- Súkkulaði "tart" dúó með jarðarberja- og greni hnúpa ís, mango og múltuberja sósu

Verð fyrir 4 rétta 6.900 krónur

Þjóðhátiðarmatseðill 17. maí Sex rétta matseðill

- Áquavitis marineraða hreindýr með papriku aioli
- Silunga "tartar" með reyktum silung og soya- engifers kjarna
- Lamb og kál (þjóðar réttur norðmanna) með trónuberja ís- krapí
- Sinneps bökuð stórlúða með sætkartöflu mauki, jarðsveppa(truffle) risotto og sítrus beurre blanch
- Hreindýr með sultu úr lauk og þurrudum ávöxtum, sellerírötur mauk, þúsundlaga kartöflur og rosmarínsósa
- Súkkulaði "tart" dúó með jarðarberja- og greni hnúpa ís, mango og múltuberja sósu

Verð fyrir 6 rétta 7.900 krónur

Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður flytur norsk lög og heldur uppi fjörinu frá klukkan 22:00 – 23:00 alla dagana
Pantanir á netfangið dining@hotelcentrum.is og í síma 514 6060 / Fjalakötturinn - Aðalstræti 16 - 101 Reykjavík

Eldgosið hægir á Eivöru Pálsdóttur

Eivör Pálsdóttir heldur útgáfutónleika í Íslensku óperunni í lok maí. Eivör hefur ekkert heyrnt í ævisöguritaru sínum og er orðin þínulítið stressuð.

„Ég hlakka mikið til að koma til Íslands. Ég er ekki búin að syngja mikið þar undanfarin ár og ég sakna Íslands voða mikið,“ segir færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir. Hún heldur útgáfutónleika í Íslensku óperunni 28. maí í til-efni af útkomu sjöttu hljóðversplötu sinnar, Larva, sem kemur í verslanir á þriðjudaginn.

Eivör var fóst á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn vegna óskunnar úr Eyjafjallajökli þegar Fréttablaðið ræddi við hana. Útgáfutónleikar hennar í Fær-eyjum verða haldnir á miðvikudaginn og vonaðist hún eftir að komast í flug sem fyrst til að geta undirbúið sig.

Í Danmörku spilaði hún á ell-

efu tónleikum við góðar undirtektir en platan var tekin upp þar í landi. „Hún er miklu hrárr og er meira í átt að rokkmúsík og tilraunamennsku en ég hef verið að gera. Ég er að vinna með alls konar hljóðheima. Þetta eru aðeins meiri læti en fólk er vant að heyra frá mér,“ segir Eivör. „Ég fór í hljóðver í Danmörku í tíu daga með hljómsveitinni minni og tók upp alla plötuna „live“ í hljóðverinu. Ég vildi ná þessari hráu, „live“ stemningu á plötuna sem ég er rosalega ánægð með.“

Komið hefur fram í fjölmiðlum að tónlistarbloggarinn Jens Guð sé að skrifa ævisögu Eivöru. Hún kannast við málið en hefur ekkert heyrnt í Jens vegna bókarinnar. „Eins lengi og maður má lesa þetta áður og vera með í þessu þá er þetta fínt. Ég er kannski þínulítið stressuð ef það kemur eitt-hvað út sem ég er ekki sátt við,“ segir hún. „Hann er búinn að tala við fólk sem þekkir mig en er ekki búinn að tala við mig.“ - fb

Naomi líkist sjálfri sér

Leikkonan Naomi Watts er að eigin sögn látin í friði á götum úti þar sem fáir átti sig á því hver hún sé. „Fólk þekkir mig ekki. Fólk hefur gengið upp að mér og sagt við mig: „Þú líkist leik- konunni Naomi Watts mjög mikið.“ Og þegar ég er með Liev hafa stúlkur ýtt mér í burtu og hrópað: „Þetta er gaurinn úr Scream!“

Watts hefur verið í sambúð með leikar- anum Liev Schreiber, sem sló í gegn í hroll- vekjunni Scream, frá árinu 2005 og eiga þau saman tvo syni, Alexand- er og Samuel.

ÞEKKIST EKKI Naomi Watts segist fá frið frá ágangum aðdá- endum því fólk þekki hana ekki. NORDICPHOTOS/GETTY



HÁLF-BILAÐUR

ÚTSÖLUMARKAÐUR

>ORMSSON og BT í Smáralind<

Lager-SALA

Opið virka daga frá kl.11-19 (fimmtudaga til kl.21)
Laugardaga frá kl.11-18 og sunnudaga frá kl.13-18

ALLT Á ÓTRÚLEGU VERÐI

ELDHÚSVÖRUR
ALLS KONAR SMÁTÆKI

SNYRTIVÖRUR

HÁRSNYRTIVÖRUR

STÓRKOSTLEGT ÚRVAL
GJAFVÖRU

HEIMILISTÆKI

BADHANDKLÆÐI OG MOTTUR

... og margt,
MARGT fleira!!

ORMSSON

SMÁRALIND • SÍMI: 530 2900



ÚTSALA

home art

FARTÖLVUR

URMULL AF TÖLVULEIKJUM

DVD MYNDIR & ÞÆTTIR

FLOTT SÝNINGARTÆKI
Á GJAFVERÐI

GUI-
TAR
HERO
o.fl.o.fl

i-Pod Station/HLJÓMTÆKI

FRÁBÆRAR OLYMPUS
MYNDAVÉLAR

TÖLVUR • APFREYING • RAFTÆKI
Í ORMSSON SMÁRALIND
SÍMI: 530 2909



SÍÐUSTU DAGAR BT OG ORMSSON Í SMÁRALIND



HÆTT SAMAN Halle Berry og Gabriel Aubry eru hætt saman og enginn veit af hverju.

Halle sorgmædd

Miklar vangaveltur hafa verið í kringum sambandsslit leikkonunnar Halle Berry og Gabriels Aubry, en þau tilkynntu fyrir stuttu að þau höfðu slitið sambandi sínu í janúar. Bandarískir fjölmiðlar hafa þó ekki getað komið sér saman um ástæðu sambandsslitanna og hafa margar sögur verið á kreiki þess efnis. „Halle vildi flytja burt frá Los Angeles og í rólegra hverfi en Gabriel var ekki tilbúinn til þess og sleit sambandinu. Þau unnu úr sínum málum og ákváðu að deila forræðinu yfir dóttur þeirra, Nöflu. Halle er sorgmædd en ber höfuðið hátt,“ sagði einn heimildarmaður um málið.

Tvennir tónleikar á sjö árum

Hljómsveitin Kakali hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist The Cave.

Kakali var stofnuð í Reykjavík 2003 af tvíburunum Árna og Daða Guðjónssonum og Kristjáni Árna Kristjánssyni. Bassaleikarinn Þorsteinn Hermannsson gekk svo til liðs við sveitina fyrir skömmu, auk þess sem Guðmundur Stefán Þorvaldsson og Jón Geir Jóhannsson hafa spilað með henni.

Þrátt fyrir að hafa starfað í sjö ár spilaði hún á sínum fyrstu tónleikum um síðustu helgi á Sódómu Reykjavík. Tónleikar númer tvö voru síðan haldnir á skemmtistaðnum Dillon á föstudagskvöld. Ástæðan fyrir þessum örfáu tónleikum er sú að hljómsveitar meðlimir hafa búið sitt á hvað, bæði hér heima og erlendis, og aldrei náð að hella sér út í tónleikahald. „Við erum búnir að taka upp plötuna í bútum í gegnum árin, mest í október síðastliðnum,“ segir Kristján Árni, sem er söngvari og gítarleikari sveitarinnar. „Við erum búnir að vera að taka upp á milli landa en núna erum við



KAKALI Hljómsveitin Kakali hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist The Cave. Á myndina vantar Árna Guðjónsson sem býr í Noregi. Hann lítur alveg eins út og Daði tvíburabróðir hans, sem er annar frá hægri á myndinni.

tilbúnir. Við ætlum að drífa í að gefa út plötuna og spila eins og vitleysingar.“

The Cave, sem hefur að geyma indírokk á ensku, er komin út á síðunni Gogoyoko.com og á Kakali.bandcamp.com. Um næstu

mánaðamót kemur hún síðan út á geisladiski. Útgáfutónleikar eru fyrirhugaðir um næstu mánaðamót. Þeir sem vilja fylgjast nánar með hljómsveitinni geta kíkt á Kakali.is eða á Facebook-síðu hennar.

freyr@frettabladid.is

Crowe til í framhald

Leikarinn Russell Crowe er alveg til í að leika í framhaldsmynd um Hróa hött. „Við erum ekki með neitt handrit tilbúið enn þá. Ef fólk hefur gaman af þessari mynd og kvikmyndaverið hefur áhuga þá erum við Ridley [Scott leikstjóri] alveg til í að gera aðra svona mynd. Á tímum þegar allt er gert með tölvubrellum og með hjálp hasarmyndahetja þá er ég meira en lítið til í það,“ sagði Crowe, sem er einn af framleiðendum Robin Hood. Myndin verður frumsýnd hér á landi á miðvikudaginn. Auk Crowe leika helstu hlutverk í myndinni Cate Blanchett, Max Von Sydow og William Hurt.

RUSSELL CROWE Crowe er tilbúinn til að leika í framhaldsmynd um Hróa hött.



ÚTLAGI, STRÍÐSMÆÐUR, HETJA

FRÁ
RIDLEY SCOTT
LEIKSTJÓRA
GLADIATOR

ÓSKARSVERÐLAUNAHAFINN*
RUSSELL CROWE ÓSKARSVERÐLAUNAHAFINN*
CATE BLANCHETT

ROBIN HOOD

SAGAN Á BAK VIÐ GOÐSÖGNINA

FRUMSÝND 12. MAÍ

FORSALA HAFIN Á *midi.is*

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ ALFABAKKI SAMBÍÐN KEFLAVÍK SELFOSS



JENNY MCCARTHY Jenny virðist vera búin að jafna sig á sambandsslitunum við Jim Carrey.

Kossaf lens í Las Vegas

Jenny McCarthy virðist vera búin að jafna sig á sambandsslitunum við leikarann Jim Carrey. Nýverið sást til hennar kyssa annan mann á dansgólfi í Las Vegas eftir að hún hafði farið út á lífið með systur sinni og nokkrum vinkonum. Eftir að hafa snætt gömsæt-an humar á steikhúsi fór Jenny á Playboy-klúbb og var þar í góðum gir með nýja manninum. Hin 37 ára Jenny, sem er fyrrum Playboy-fyrirsæta, hætti með Carrey í síðasta mánuði eftir fimm ára samband. Þrátt fyrir það ætla þau áfram að vera vinir.

Í fötunum í kynlífsatriði

Leikarinn Samuel L. Jackson var mestmegnis í fötunum við upp-tökur á kynlífsatriði í sinni nýj-ustu mynd, Mother and Child. Þar lék hann á móti hinni áströlsku Naomi Watts. „Ég er ekki tilbúinn fyrir nektina. Trúið mér, þið viljið ekki sjá mig allan á stóra tjaldinu. Naomi og ég vorum að kela en við vorum að mestu í fötunum okkar,“ sagði Jackson. Hann hefur í nógu að snúast um þessar mundir. Síðast lék hann í Iron Man 2 og síðar á þessu ári er væntanleg gaman-myndin The Other Guys. Hann snýr einnig aftur sem Nick Fury í Captain America: The First Avenger.

SAMUEL L. JACKSON Leikarinn var í fötun-um þegar hann lék í kynlífsatriði með Naomi Watts.



Einkalíf án áritana

Þítillinn fyrrverandi, Sir Paul McCartney, neitar að gefa eiginhandararitana þegar hann vill njóta einkalífsins.

„Það getur verið pirrandi að vera frægur. Núna fer ég eftir reglum. Ég hef loksins áttað mig á því að ég hef mín réttindi. Þegar fólk gengur upp að mér á veitingastað og biður um eiginhandararitun segi ég: „Því miður. Ég gef ekki áritana þegar ég er að borða.“



SIR PAUL MCCARTNEY Þítillinn fyrrverandi vill ekki alltaf gefa eiginhandararitana.

Vonandi geturðu skilið það. En ég skal taka í höndina á þér og spjalla við þig“, sagði McCartney. „Mér finnst í góðu lagi að tala við fólk en um leið og það vill breyta mér í einhverja stjórn sem ég forðast að vera á þeim tímapunkti segi ég: „Nei ég tek ekki þátt í þessu“. 99,9 prósent fólks er mjög skilningsríkt vegna þess að það skilur ef maður vill vera út af fyrir sig.“

„Við áttuðum okkur ekki á því fyrr en við krufninguna að hægðatregðan hefði verið svona slæm,“ sagði lækni hans. „Hann

Hægðirnar í ólagi hjá kónginum

Rokkkóngurinn Elvis Presley lést af völdum hægðatregðu. Hingað til hefur því verið haldið fram að hann hafi látist af völdum hjartaáfalls en það virðist ekki vera rétt.

Elvis fannst látinn á klósettinu heima hjá sér árið 1977, 42 ára. Samkvæmt þáverandi lækni hans, George „Nick“ Nichopoulos, neitaði kóngurinn að fara í skurðaðgerð, sem hefði bundið enda á vandamálið.

„Ef hann hefði farið í aðgerð á ristlinum væri hann líklega enn á lífi,“ sagði lækni hans.

skammaðist sín fyrir þetta. Hann lenti í slysum á sviðinu. Hann þurfti að skipta um föt og koma aftur vegna þess að við vorum að reyna að meðhöndla vandamálið.“

Samkvæmt því sem kemur fram í bók Nichopoulos, The King and Doctor Nick, þjáðist Elvis af arfgengum kvilla sem nefnist iðralómun en í krufningunni kom í ljós að ristillinn hans var tvöfalt stærri en í venjulegu fólki.

„Ef hann hefði farið í aðgerð á ristlinum væri hann líklega enn á lífi,“ sagði lækni hans.



ELVIS PRESLEY Rokkkóngurinn lést af völdum hægðatregðu, samkvæmt lækni hans, Nichopoulos.



KOMIN MEÐ NÓG Britney Spears vill að faðir sinn finni handa sér nýjan kærasta. NORDICPHOTOS/GETTY

Langar í nýjan kærasta

Söngkonan Britney Spears er víst komin með nóg af kærasta sínum, umboðsmanninum Jason Trawick, og hefur beðið föður sinn um að finna handa henni nýjan kærasta. Samkvæmt heimildarmanni hefur söngkonan afhent föður sínum lista með draumamönnum sínum, en þeirra á meðal eru leikarinn Ryan Phillippe, raunveruleikastjarnan Doug Reinhardt og Avatarstjarnan Sam Worthington.

„Britney vill helst vera búin að finna nýjan kærasta áður en hún hættir með Jason. Hún þolir ekki að vera ein og vill þess vegna að pabbi hennar gangi strax í málið.“

Sér eftir framhjáaldi

Leikarinn David Boreanaz sem fer með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Bones viðurkenndi fyrir stuttu að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni til nú ára. Upp komst um framhjáaldið þegar hjákonan reyndi að kúga fé út úr Boreanaz. Framleiðandi sjónvarpsþáttanna Bones gaf út tilkynningu fyrir hönd leikarans í vikunni og sagði hann miður sín vegna málsins. „David Boreanaz er miður sín, hann þakkar aðdáendum sínum fyrir þann stuðning sem þeir hafa sýnt honum og hann er harðákveðinn í að vinna úr sínum málum.“



MIÐUR SÍN David Boreanaz er miður sín eftir að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni.



Lóðir í grónum hverfum

Reykjavíkurborg auglýsir eftir kauptilboðum í byggingarrétt fyrir íbúðarhús á eftirtöldum lóðum í Reykjavík. Um er að ræða lóðir í grónum hverfum borgarinnar.

- Fimm lóðir fyrir um 350 fermetra keðjuhús við Lautarveg í Fossvogi.
- Fimm lóðir fyrir um 275-300 fermetra einbýlishús við Blesugróf, Jöldugróf og Bleikargróf.
- Einbýlishúsaloð við Lambasel (með grunni).
- Einbýlishúsaloð við Bauganes.

Skilafrestur tilboða

Tilboð skulu gerð á sérstökum tilboðseyðubliðum, sem Reykjavíkurborg lætur í té, og skal þeim skilað í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, Reykjavík, fyrir kl. 16:15 **miðvikudaginn 19. maí** 2010, merkt „Kauptilboð – 2010“.

Hver bjóðandi skal greiða kr. 300.000,- tilboðstryggingu þegar tilboði er skilað. Tilboð verða opnuð að viðstöddum bjóðendum kl. 16:30.

Skilmálar og önnur útboðsgögn

Allir skilmálar og gögn varðandi lóðirnar og útboð byggingarréttarins eru aðgengileg á lóðavefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/lodir.



Fálkaorður og fjör í leikhúsi

„Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri hafði samband og bað mig um að semja söngleik. Ég sló bara til,“ segir rithöfundurinn Gerður Kristný sem er að semja söngleik upp úr hinum vinsælu barnabókum sínum, Ballið á Bessastöðum og Prinsessan á Bessastöðum.



GERÐUR KRISTNÝ Rithöfundurinn Gerður Kristný er að semja söngleik upp úr barnabókum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frumskýning verður á stóra sviðinu í janúar. Bragi Valdimar, Baggalútur, semur tónlistina og leikstjóri verður Ágústa Skúladóttir. „Þetta er mjög skemmtilegt,“ segir Gerður, sem er að semja sinn fyrsta söngleik. Tíu ár eru aftur á móti liðin síðan hún samdi sitt fyrsta og eina leikrit, einleikinn Bannað að blóta í brúðarkjól. „Leikrit er auðvitað allt öðruvísi en skáldsaga og nú þarf ég að athuga hvaða atburði úr bókunum er

hugmynd og hún teygir þá upp í 27 sentimetra.“

Söngleikurinn nefnist Draugurinn á Bessastöðum. „Draugurinn hleypir smá spennu í atburðarásina. Annars koma sömu persónur við sögu og í bókunum. Forsetinn, prinsessan, gröfustjórnarnir, landnámshean og svo auðvitað ritarnir þrír. Ég hlakka sérstaklega til að sjá þá á sviði.“ Jóhannes Haukur Jóhannesson mun leika forsetann og Þórunn Arna Kristjánsdóttir, sem er nýttskrifuð úr leiklistarskólanum, leikur prinsessuna.

Gerður hefur setið við skriftir undanfarna mánuði og hlakkar mikið til að sjá útkomuna. „Það á að fara að leiklesa von bráðar. Svo verða þetta fálkaorður og fjör eins og er í bókunum.“ - fb

skemmtilegt að sjá leikna á sviði,“ segir hún og bætir við að leikstjórnin Ágústa sé sprellsöm kona. „Ég get látið hana hafa 5 sentimetra af

Faxarnir með Ljós í myrkri

Hljómsveitin Faxarnir sendi nýlega frá sér lagið Ljós í myrkri. Lagið er flutt af Páli Óskari og tileinkað Fanneyju Eddu, sem lést 13. apríl, aðeins þriggja ára að aldri.



GÓÐIR FLUGMENN Faxarnir hafa sent frá sér lagið Ljós í myrkri. Þeir sem vilja kaupa lagið og styrkja gott málefni geta farið inn á ljosismyrkri.blog.is. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég horfði á Ísland í dag í mars sem fjallaði um baráttu stelpunnar þegar hún var á lífi. Þá kom textinn. Það tók smá tíma að semja hann – það var erfitt,“ segir Vignir Örn Guðnason, gítarleikari hljómsveitarinnar Faxarnir.

Faxarnir hafa sent frá sér lagið Ljós í myrkri, en það var upphaflega samið til styrktar langveikri stúlku, sem hét Fanney Edda Frímannsdóttir. Hún lést 13. apríl, skömmu eftir að lagið var klárt til flutnings, aðeins þriggja ára að aldri. Fanney Edda var haldin óskilgreindum taugahrörnunarsjúkdómi. Foreldrar hennar eru bæði flugmenn hjá Flugfélagi Íslands. Þá er hljómsveitin öll skipuð flugmönnum hjá sama flugfélagi.

Páll Óskar Hjálmtýsson flytur lagið af sinni alkunnu snilld, en Vignir segir að hann hafi verið kominn inn í hljóðverið daginn eftir að þeir höfðu samband við hann. „Okkur datt í hug að tala við Pál Óskar,“ segir hann. „Þó að við séum með góðan söngvara, þá fannst okkur hann vera stórt númer og henta vel fyrir lagið.“

Lagið er væntanlegt til landsins á geisladiski í næstu viku, en hægt er að fara á vefsíðuna ljosismyrkri.blog.is til að panta disk og þar með styrkja verkefnið. Lagið er einnig fánlegt á Tónlist.is. Ágóði af sölu lagsins og plötunnar rennur til Lyngáss og einnig í styrktarsjóð Fanneyjar Eddu. Lyngáss er sérhæfð dagþjónusta fyrir fötluð börn og unglinga, rekin af Ási styrktarfélagi, en þar dvaldi Fanney Edda. atlifannar@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

JENNIFER LOPEZ **The Backup Plan**

POWER SKÝNING KL. 10

IRON MAN 2

SHE'S OUT OF MY LEAGUE

NANNY MCPHEE THE BIG BANG

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝNINGARTIMAR

IRON MAN 2	2(600 kr), 5, 7:30 og 10 (POWER)	12
BACK-UP PLAN	5:50, 8 og 10:10	L
SHE'S OUT OF MY LEAGUE	5:50, 8 og 10:10	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	2(900 kr) og 4 - 3D	L
NANNY MCPHEE THE BIG BANG	2(600 kr)	L

SAMBÍÓ SAMBÍÓ SAMBÍÓ SAMBÍÓ SAMBÍÓ SAMBÍÓ

BRUCE WILLIS TRACY MORGAN **COPOUT** 2.26

IRON MAN 2

Hörku hasargrínmynd með Bruce Willis, Tracy Morgan (30 Rock) og Sean William Scott sem kemur öllum í gott skap.

Robert Downey Jr., Samuel L. Jackson, Gwyneth Paltrow, Scarlett Johansson, Don Cheadle og Mickey Rourke eru mætt í fyrstu STÓRMÝND SUMARSINS

ALFABAKKA

IRON MAN 2	kl. 3D - 5:20D - 8D - 10:40D	12
IRON MAN 2	kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40	L
COPS OUT	kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:20	14
OFURSTRÁKURINN M/Íst. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
KICK ASS	kl. 5:50 - 8 - 10:40	14
CLASH OF THE TITANS	kl. 8:10 - 10:40	L
AD TEMJA DREKANN SINN 3D M/Íst. Tali kl. 1(3D)		L
AD TEMJA DREKANN SINN Íst. Tali kl. 1:30-3:40-5:50		L
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 8 - 10:20	12
ALICE IN WONDERLAND	kl. 3:40	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN M/Íst. Tali kl. 1:30		L

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

KRINGLUNNI

COPS OUT	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	14
IRON MAN 2 kl. 12:50 - 3:20 - 5:40D - 8:10D - 10:45D		12
KICK ASS	kl. 5:50 - 8:10 - 10:40	14
OFURSTRÁKURINN M/Íst. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
AD TEMJA DREKANN 3D Íst. Tali kl. 1:30(3D) - 3:40(3D)		L

AKUREYRI

HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D	kl. 3:30	L
IRON MAN 2	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
ASTROBOY	kl. 4	L
KICK ASS	kl. 5:40 - 8 - 10:10	12

SELFOSSI

IRON MAN 2	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
KICK ASS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14
OFURSTRÁKURINN M/Íst. Tali	kl. 3:30	L
AD TEMJA DREKANN SINN M/Íst. Tali	kl. 3:30	L

NÝTT Í BÍÓ!

JENNIFER LOPEZ **The Backup Plan**

Verðhollingur Gibus, Eignastón

„En áhættu er þessu“

IRON MAN 2

Fullt af stórleikumur í fyrstu STÓRMÝND SUMARSINS!

LÚXUS

13 VINSÆLUSTU MYNDIR BÍODAGA SÝNDAR AFRAM Í ÖRFÁ DAGA

Dú færð bara eitt „deit“, þegar dæman er svona heit.

SHE'S OUT OF MY LEAGUE

CRAZY HEART

Nánar á www.graenajjosid.is

SMÁRA BÍÓ TILBOÐSVERÐ 650

BORGAR BÍÓ TILBOÐSVERÐ 550

THE BACKUP PLAN LÚXUS	kl. 3 Áðeins laugardag	L
THE BACKUP PLAN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
IRON MAN 2	kl. 1 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40	12
IRON MAN 2 LÚXUS	kl. 2:40 (sun) - 5:20 - 8 - 10:40	12
SHE'S OUT OF MY LEAGUE	kl. 8 - 10:20	12
THE SPY NEXT DOOR	kl. 1 - 3:20 - 5:40	L
DATE NIGHT	kl. 4 - 6 - 8 - 10	10
NANNY MCPHEE	kl. 1	10

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

CRAZY HEART	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	L
THE BACKUP PLAN	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	L
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	14
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 3 - 6 - 9	14

CRAZY HEART ER Á BÍODÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

TILBOÐSVERÐ

NANNY MCPHEE THE BIG BANG 650 kr. KL. 1 SMÁRABÍÓ

SHE'S OUT OF MY LEAGUE 550 kr. KL. 4 BORGARBÍÓ

SPY NEXT DOOR 650 kr. KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 4 BORGARBÍÓ

IRON MAN 2 650 kr. KL. 1 SMÁRABÍÓ

SMÁRA BÍÓ BORGAR BÍÓ

Sími: 553 2075 LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

IRON MAN 2 600 KR. SÝND KL. 2

DREKANN 900 KR. SÝND KL. 2

NANNY MCPHEE THE BIG BANG 600 KR. SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ SAMBÍÓ

DRAGON 3D (ISLENSKU TALI) KL. 3D 30

HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D (ISLENSKU TALI) KL. 3D 30

COPOUT 2.26 (ISLENSKU TALI) KL. 3D 30

IRON MAN 2 (ISLENSKU TALI) KL. 3D 30

ÁLFABAKKI KL. 3

ÁLFABAKKI KL. 3

ÁLFABAKKI KL. 12.50

N1

BRÆÐUR MUNU BERJAST!



N1 DEILDIN

ÞÖKKUM FYRIR
FRÁBÆRT SAMSTARF
Í N1 DEILDinni Í
VETUR. SVONA Á
HANDBOLTI AÐ VERA!

Í dag takast hin gamalgrónu bræðrafélög Valur og Haukar á um sjálfan Íslandsmeistaratiðilinn í N1 deildinni í hreinum úrslitaleik. Þótt félagin reki bæði rætur sínar til KFUM er ljóst að lítið verður um kristilegan kærleik og góðverk að Ásvöllum í dag. Það verður barist til síðasta svitadropa.

Til hamingju með daginn!





34 DAGAR Í HM



Peter Shilton og Fabien Barthez eiga metið saman yfir þá markmenn sem hafa oftast haldið hreinu í leik í úrslitakeppni HM. Shilton hélt 10 sinnum hreinu í 17 leikjum með Englandi á HM 1982, 1986 og 1990. Barthez hélt einnig 10 sinnum hreinu í 17 leikjum með Frakklandi á HM 1998, 2002 og 2006.



sport
sport@frettabladid.is

ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR: ÍTALSKI LANDSLIÐSMARKVÖRÐURINN LEYSIR MARKVARÐAVANDRÆÐI KRISTIANSTAD

Árangurinn kemur öllum nema okkur á óvart

Elísabet Gunnarsdóttir hefur náð frábærum árangri með Kristianstad í fyrstu umferðum sænsku úrvalsdeildarinnar í vor, þvert á allar spár spekinga fyrir mótið. Liðið vann til að mynda glæsilegan 3-1 sigur á stórliði Umeå í síðustu umferð þar sem Erla Steina Arnardóttir þurfti að standa í markinu vegna meiðsla aðalmarkvarðar liðsins.

Liðið er nú í þriðja sæti deildarinnar með tíu stig og er þremur stigum á eftir toppliði Malmö sem Þóra Helgadóttir og Dóra Stefánsdóttir leika með. Þessi tvö lið mætast einmitt á morgun.

„Það er frábær stemning í liðinu og árangurinn hefur ekki við að koma okkur á óvart, ólíkt öllum öðrum. Við höfum verið að tala um þetta síðan í haust og það er frábært að sjá markmiðin sín ganga eftir,“ sagði Elísabet við Fréttablaðið.

Hún segir að það sé þó lítið búið af tímabilinu og að mikið þurfi að hafa fyrir því að halda liðinu í toppbarátt-

unni. „Við þurfum að vera á tánum og halda fullri einbeitingu. Við erum lítið lið með fámannan leikmannahóp.“

Kristianstad missti átta leikmenn frá síðasta tímabili og hefur Elísabet þurft að fylla upp í átján manna leikmannahóp með mjög ungum leikmönnum. „Þetta eru ungar stelpur sem þurfa að sinna sínum skóla og eiga því erfitt með að koma með í útileikina. Við vorum því með aðeins tvo varamenn í leik gegn Tyresö á útvelli og það var ótrúlegt að við komumst í gegnum þann leik,“ sagði Elísabet en þeim leik lauk með markalausum jafntefli.

Mikið aðhald hefur verið á fjármálum félagsins og því hefur gengið illa að bæta fyrir leikmannaskortinn. En Erla Steina þarf þó ekki að standa í markinu á morgun þar sem Kristianstad fékk í gær undanþágu frá sænska knattspyrnusambandinu til að semja við ítalska landsliðsmarkvörðinn Önnu Mariu Picarelli. „Það er gríðarlegur léttir að fá hana – ekki síst fyrir Erlu Steinu,“ sagði Elísabet í léttum dúr.



FANNAR ÞÓR FRÍÐGEIRSSON Var frábær í síðasta leik og skiptir miklu máli fyrir Valsmenn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Oddaleikur um titilinn í dag:

Hvað segja þjálfararnir?

HANDBOLTI Fréttablaðið leitaði til þjálfara liðanna sex í N1 deild karla sem ekki komust í úrslita-einvígið um Íslandsmeistararitilinn og fékk þá til að spá fyrir um hvernig oddaleikur Hauka og Vals fer á morgun og hvaða leikmaður verður maður leiksins.

Það stefnir greinilega í mjög jafnan leik því þrjú þjálfarar spá Haukum sigri og þrjú þjálfarar spá Val sigri.

Valsmaðurinn Fannar Þór Friðgeirsson og Haukamarkvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson fengu flest atkvæði þegar kom að því að spá fyrir um það hver yrði maður leiksins.

Þessir spá Haukum sigri:

Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar:
Maður leiksins: Birkir Ívar Guðmundsson

Einar Andri Einarsson, þjálfari FH:
Maður leiksins: Björgvin Hólmgeirsson

Einar Jónsson, þjálfari Fram:
Maður leiksins: Birkir Ívar Guðmundsson

Þessir spá Val sigri:

Geir Sveinsson, þjálfari Gróttu:
Maður leiksins: Fannar Þór Friðgeirsson

Gunnar Magnússon, þjálfari HK:
Maður leiksins: Hlynur Morthens

Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjórnumnar:
Maður leiksins: Fannar Þór Friðgeirsson

Valur vinnur á breiddinni

Gunnar Magnússon, þjálfari HK, spáir því að Valur verði Íslandsmeistari í dag en Valur sækir Hauka heim að Ásvöllum. Leikurinn er hreinn úrslitaleikur um titilinn. Þjálfarar liðanna í N1-deildinni eru ekki á einu máli um hvernig fer.

HANDBOLTI Það má búast við rosalegrri stemningu í íþróttahúsinu að Ásvöllum klukkan 14.00 í dag er Haukar og Valur mætast í oddaleik liðanna í úrslitum N1-deildar karla. Það er allt undir í dag því liðið sem vinnur verður Íslandsmeistari.

Fréttablaðið fékk Gunnar Magnússon, þjálfara HK og aðstoðarlandsliðsþjálfara, til þess að spá í spilinn fyrir leik kvöldsins.

„Ég sagði fyrir þessa rimmu að Valur myndi vinna 3-2 og ég stend við þá spá,“ sagði Gunnar ákveðinn en hann sagði leiki liðanna hafa spilast nokkurn veginn eins og hann gerði ráð fyrir.

„Ástæðan fyrir því að Valur vinnur er sú að liðið hefur meiri breidd og Haukaliðið veikist mikið ef það þarf að skipta mönnum af velli. Ungu strákarnir hjá Haukum eru efnilegir en ekki eins sterkir og varamenn Vals. Valsmönnum tekst betur að rúlla sínu liði og mér finnst vera farið að draga aðeins af Haukunum.“

Úrslitarimman er spiluð afar þétt og Gunnar segir Valsmenn græða á því. „Það sást augljóslega að þegar Haukar voru að hvíla sína bestu menn í síðasta leik voru Valsmenn mikið betri. Haukarnir verða eitthvað að hvíla sína bestu menn og þá verða hinir að stíga upp núna,“ sagði Gunnar og bætir við að það hjálpi Haukum ekki mikið að vera án Gunnars Bergs Viktorssonar sem hefur verið máttarstólpi í varnarleik liðsins.

„Það munar mjög mikið um Gunnar Berg. Það skarð verður erfitt að fylla. Nú reynir á hinn unga Heimi Óla Heimisson. Stóra tækifærið hans er í þessum leik. Ég geri ráð fyrir að Aron muni spila meiri 5/1 vörn í þessum leik en oft áður þar sem það vantar Gunnar Berg,“ sagði Gunnar.

Þessi lið eru búin að mætast



BLÓÐUG BARÁTTA Það verður ekkert gefið eftir í dag og menn munu berjast til síðasta blóðdropa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

margoft áður í vetur og því ætti ekkert í leik þeirra að koma andstæðingnum á óvart. Gunnar segir að það reyni því mikið á kænsku þjálfaranna í dag.

„Þarna mætast tveir frábærir þjálfarar sem eru með sína taktík upp á tíu. Í dag mun þetta snúast um hvor þjálfarinn nær að stilla spennustigið betur hjá sínu liði. Þetta mun snúast mikið um hugar-

far og spennustig. Ef spennustig Valsmanna verður rétt þá vinna þeir enda með meiri breidd og svo eru Haukarnir lemstraðir og án Gunnars Bergs,“ sagði Gunnar sem býst þó við spennandi leik.

„Það kæmi mér ekkert á óvart ef þessi leikur yrði framlengdur eða jafnvel tvíframlengdur. Mín tilfinning er sú að Valur vinni þó nauman sigur.“ henry@frettabladid.is



PÉTUR PÁLSSON Hefur nýtt 16 af 17 skotum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Tölfræðin úr úrslitaevinginu: Pétur með 94 prósentu nýtingu

HANDBOLTI Haukar eiga bæði markahæsta mann úrslitaevingisins sem og þá sem hafa gefið flestar stoðsendingar og fiskað flest víti. Hér fyrir neðan má sjá lista yfir þá menn sem hafa verið atkvæðamestir í tölfræðinni í fyrstu fjórum leikjunum.

Topplistar tölfræðinnar

Flest mörk

Sigurbergur Sveinsson, Haukum	37/12 (54%)
Arnór Þór Gunnarsson, Val	28/14 (58%)
Fannar Þór Friðgeirsson, Val	27/4 (49%)
Sigurður Eggertsson, Val	18 (44%)
Björgvin Þór Hólmgeirss., Haukum	17 (40%)
Pétur Pálsson, Haukum	16 (94%)

Flest varin skot

Hlynur Morthens, Val	67/0 (43%)
Birkir Ívar Guðmundss., Haukum	60/2 (41%)

Flestar stoðsendingar

Elfas Már Halldórsson, Haukum	14
Sigurbergur Sveinsson, Haukum	13
Sigfús Páll Sigfússon, Val	13
Fannar Þór Friðgeirsson, Val	11
Sigurður Eggertsson, Val	11

Flest fiskuð víti

Pétur Pálsson, Haukum	9
Fannar Þór Friðgeirsson, Val	4
Ingvar Arnason, Val	4

Flest hraðaupphlaupsörk

Freyr Brynjarsson, Haukum	5
Fannar Þór Friðgeirsson, Val	5
Pétur Pálsson, Haukum	4

Úrslitaleikurinn um sænska meistararitilinn fer fram á morgun:

Minn langstærsti leikur til þessa

HANDBOLTI Gunnar Steinn Jónsson og félagar hans í Drott mæta í dag Sävahof í hreinum úrslitaleik um sænska meistararitilinn í handbolta karla. Árangur Drott hefur komið mörgum á óvart en lykilmaður í liðinu er leikstjórnandinn Gunnar Steinn Jónsson sem er á sínu fyrsta tímabili með liðinu.

„Þetta hefur verið mikið ævintýri. Það bjóst enginn við þessu af okkur og nú erum við komnir í úrslitaleikinn. Það er von á 14 þúsund áhorfendum í Malmö og er þetta langstærsti leikurinn sem ég hef tekið þátt í á ferlinum,“ sagði Gunnar Steinn við Fréttablaðið.

„Mín frammistaða í vetur hefur verið framar mínum björtustu vonum. Ég ætlaði fyrst að gefa mér ár til að aðlagast en svo hefur þetta gengið mjög vel. Ég hef líka bætt mig heilmikið sem leikmaður á þessu eina ári.“



GUNNAR STEINN JÓNSSON Hefur slegið í gegn með Drott. MYND/ÚR EINKASAFNI

Gunnar Steinn segir að þjálfari Drott, Ulf Sivertsson, eigi stóran hlut í því. „Hann er ótrúlega fær. Hann þjáfaði Kolding í Danmörku í sex ár áður en hann kom hingað og kvaddi liðið með meistararitli í fyrri. Ég hef fengið stórt

hlutverk hjá honum og spilað nánast alla leiki í stöðu leikstjórnanda frá upphafi til enda.“

Leikurinn verður í beinni útsendingu á SVT1 sem má nálgast hér á landi. Útsending hefst klukkan 14.00. Sérfræðingur stöðvarinnar, Magnús Grahn, segir Gunnar Stein vera sterkasta hlekk Drott, ásamt þjálfaranum. „Hann er allhliða leikmaður og getur unnið leiki fyrir sitt lið,“ sagði hann í úttekt sinni á liði Drott.

Þónokkur lið hafa sýnt Gunnari Steini áhuga en sjálfur vill hann vera áfram í Svíþjóð. „Það hefur komið slatti af fyrirspurnum, til að mynda frá Danmörku og Þýskalandi. En ég vildi ekki stökkva á hvað sem er. Hér er allt til alls, góð aðstaða og frábær þjálfari. Ég gerði nýlega tveggja ára samning og á ekki von á öðru en að vera hér í allavega eitt ár til viðbótar.“ - esá



N1 Deildin
2009 - 2010



LEIKUR 5

ÚRSLITIN RÁÐAST Í DAG

KARLAR

Laugardagur

Ásvellir

Haukar - Valur

14:00

Smeltu þér út að grilla!

Olís býður Ellingsen-gæðagasgrill í öllum verðflokkum ásamt frábærum kaupauka.
Við bjóðum upp á léttgreiðslur Visa og Euro!

Ellingsen, 2 steypujárnsbrennarar.
Grillflötur 450 x 467 mm.

13.317 kr. í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.
Verð 79.900 kr.



Ellingsen, 3 steypujárnsbrennarar + hliðarbrennari og innrauður bakbrennari. Grillflötur 633 x 467 mm.

18.250 kr. í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.
Verð 109.500 kr.



Ellingsen, 4 steypujárnsbrennarar + hliðarbrennari og innrauður bakbrennari. Grillflötur 780 x 467 mm.

21.650 kr. í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.
Verð 129.900 kr.



Nýtt og einfaldara kerfi

Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stúttinn – honum er einfaldlega smelt á.

Smellugas



Með öllum grillum fylgir:

- 5 kg smellugashylki
- grillfyrirbreiðsla
- kippa af 2 lítra Coca-Cola
- Lays-flögur

Þú færð gasgrillið samsett og sent heim!*

Hrefna Rósa Sætran, yfirkokkur og eigandi Fiskmarkaðarins, notar Smellugas frá Olís.



PIPARTBWA - SIA \ 101003

olis

*Heimsending er fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Akureyri í dag, laugardag kl. 9–16 og virka daga kl. 8–18.

Við höldum með þér!



LOGI ÓLAFSSON Vann titilinn með Víkingi (1991) og ÍA (1995) þegar KR var spáð titilinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

KR spáð titilinum í 12. sinn: Aðeins klárað titilinn þrisvar

FÓTBOLTI KR-ingum var spáð Íslandsmeistaratitilinum í árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna liðanna í Pepsi-deild karla en pressan hefur oft farið illa með Vesturbæjarliðið.

KR-ingar hafa aðeins þrisvar sinnum unnið titilinn í þau ellefu skipti sem liðinu hefur verið spáð titilinum í þessari árlegu spá. KR-liðið vann verið spáð titilinum 1999, 2000 og 2003 en hefur oftast endað í fimmta sæti eða neðar þegar liðinu hefur verið spáð svona góðu gengi í sumarbyrjun.

Þegar meistaraspáin er skoðuð betur kemur í ljós að önnur lið hafa unnið í 9 af 14 skiptum sem þeim hefur verið spáð titilinum (64 prósent) sem er mun betri árangur spámanna en þegar þeir hafa spáð KR titilinum en þá státa þeir aðeins af 27 prósent árangri.

- óóó

Gengi KR þegar félaginu er spáð titilinum að vori:

2004	6. sæti (FH varð meistari)
2003	Íslandsmeistarar
2001	7. sæti (ÍA)
2000	Íslandsmeistarar
1999	Íslandsmeistarar
1997	5. sæti (ÍBV)
1996	2. sæti (ÍA)
1995	2. sæti (ÍA)
1994	5. sæti (ÍA)
1993	5. sæti (ÍA)
1991	3. sæti (Vikingsur)

Meistarakeppni kvenna í gær:

Valur vann fjórða árið í röð

FÓTBOLTI Íslands- og bikarmeistarar Vals bættu við þriðja titilinum í vor þegar liðið vann 1-0 sigur á Breiðabliki í Meistarakeppni KSÍ í gær. Valur hafði áður unnið Reykjavíkarmeistaratitilinn og Lengjubikarinn. Þetta er fjórða árið í röð og í sjötta sinn á sjö árum sem Valsliðið vinnur Meistarakeppnina.

Dagný Brynjarsdóttir skoraði tvö glæsileg mörk með mínútu millibili í seinni hálfleik eftir að Kristín Ýr Bjarnadóttir hafði komið liðinu í 1-0 eftir 6 mínútur og Katrín Jónsdóttir bætt við öðru marki á 66. mínútu.

- óóó

Pressan farin af FH yfir á KR

Fréttablaðið spáir því að KR hampi Íslandsmeistaratitilinum í ár en að FH þurfi að setta sig við annað sætið að þessu sinni. Það er minni pressa á FH í ár en mörg síðustu ár en mikil pressa er á Vesturbæingum.

FÓTBOLTI Pepsi-deild karla hefst eftir aðeins tvo daga og Fréttablaðið birtir í dag umfjöllun um þau lið sem við teljum að muni bítast um Íslandsmeistaratitilinn í ár. Það eru liðin sem enduðu í fyrsta og öðru sæti síðasta sumar.

2. sæti – FH

Einn helsti styrkleiki FH síðustu ár er hversu litlar breytingar hafa orðið á liðinu milli ára. Í ár er staðan aðeins önnur enda hefur liðið misst þrjá algjöra lykilmenn – Davíð Þór Viðarsson, Tryggva Guðmundsson og Daða Lárusson.

FH fékk reyndar enn betri mann í markið fyrir Daða, Gunnleif Gunnleifsson. Góður markvörður er gulls ígildi og Gunnleifur á örugglega eftir að verða nokkurra stiga virði fyrir FH-inga.

Skörð þeirra Tryggva og Davíðs hafa ekki verið fyllt eins vel. Davíð Þór hefur verið þrjú máttmót-orinn í þessu liði undanfarin ár og slíkt skarð er einfaldlega ekki fyllt svo auðveldlega. Gunnar Már Guðmundsson er mættur til FH í staðinn. Flestir þekkja hæfileika drengsins en hann þekkir ekkert sig annars staðar.

Hann hefur alla burði til þess að standa sig afar vel en er samt ákveðið spurningamerki. Frammistaða hans í vorleikjunum hefur að margna mati ekki verið nógu sannfærandi.

Þó svo Tryggvi hafi ekki spilað jafn mikið í fyrra og síðustu ár þá má engan veginn vanmeta hans frábæra framlag. Tryggvi er mikill sigurvegari og tryggði FH-ingum ófá stigin með annaðhvort mikilvægum mörkum eða frábærri stöðsendingu. Tryggvi er maður sem getur gjörbreytt gangi leikja og FH mun klárlega sakna hans mikið í sumar.

FH hefur ekki gengið sem skyldi á leikmannamarkaðinum og hreyfingar þeirra á markaðinum síðustu vikur lykta af ákveðinni örvæntingu. Motland bauð ekki upp á neina flugeldasýningu er hann kom til landsins en fékk samt samning enda vantaði FH framherja. Að FH sé síðan að reyna að draga Bjarka Gunnlaugsson á flot sýnir svo ekki verður um villst að FH er ekki sérstaklega öruggt með sig fyrir tímabilið.

Liðið vantar þess utan afgerandi leiðtoga. Horfa margir til Matthíasar Vilhjálmssonar í þeim efnum og það mun mæða mikið á honum í sumar.

Í fyrsta skipti í mörg herrans ár yrði það afrek hjá FH að verða Íslandsmeistari en ekki skylda í augum margra. Heimur Guðjónsson kann því eflaust vel að vera ekki undir sömu pressu og síðustu



LYKILLINN AÐ MEISTARATITILNUM? Bjarni Guðjónsson er leiðtogi KR-liðsins og maðurinn sem á að binda liðið saman inni á vellinum. Hann mun þurfa að vera í sínu allra besta formi ætli KR sér alla leið í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ár en hann mun samt aldrei setta sig við neitt annað en þann stóra.

1. sæti – KR

Þó svo breytingar séu á KR-liðinu milli ára er beinagrindin í liðinu frá því í fyrra til staðar og rúmlega það. KR ætti því að ná þeim stöðugleika sem hefur vantað upp á þetta sumarið. Frammistaða liðsins gefur klárlega til kynna að liðið sé mun sterkara en það var í fyrra.

Skal svo sem engan undra enda á KR tvo menn í hverja stöðu og hreinlega þrjá leikmenn í nokkrar stöður. Pressan er því öll á KR í sumar. Allt nema Íslandsmeistara-

titill er vonbrigði fyrir KR, sama hversu mikið þjálfarinn reynir að tala pressuna niður. Nú duga hreinlega engar afsakanir.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, þarf því að vinna við nýjar aðstæður í sumar og verkefnið verður erfitt þó svo efniviðurinn sé til staðar. Sagan sýnir nefnilega að KR hefur ekkert allt of oft gengið vel að standa undir væntingum þegar félagið er með besta liðið á pappírnum fræga.

Það mun virkilega reyna á hann að búa til samheldni í hópnum með öllum þessum stjörnum. Það verður ekki auðvelt verk að halda öllum leikmönnum ánægðum. Það



Lið: KR.

Spá Fréttablaðsins: 1. sæti.

Árangur í fyrra: 2. sæti.

Þjálfari: Logi Ólafsson.

Lykilmaður: Bjarni Guðjónsson.

Styrkleikar: Gríðarleg breidd, stórkotalið í framlínunni, sterkir miðjumenn, frábær heimavöllur, liðið minna breytt en síðustu ár.

Veikleikar: Mikil pressa, erfitt að halda öllum ánægðum.

Helstu breytingar: Liðið missti Andre Hansen, Atla Jóhannsson, Guðmund Benediktsson, Guðmund Pétursson en fékk Guðjón Baldvinsson, Guðmund Reyni Gunnarsson, Kjartan Henry Finnbogason, Lars Ivar Moldskred og Viktor Bjarka Arnarsson.



Lið: FH

Spá Fréttablaðsins: 2. sæti.

Árangur í fyrra: Íslandsmeistarar.

Þjálfari: Heimur Guðjónsson.

Lykilmaður: Matthías Vilhjálmsson.

Styrkleikar: Frábær markvörður, sterk varnarliða, öflugir miðjumenn, góð framlína, sterkur heimavöllur, sigurvegari í hópnum.

Veikleikar: Meiri breyting á liði milli ára en áður, misstu lykilmenn, ekki sama breiddin og áður.

Helstu breytingar: Liðið missti Tryggva Guðmundsson, Davíð Þór Viðarsson, Daða Lárusson og Dennis Siim en fékk Gunnleif Gunnleifsson, Gunnar Már Guðmundsson, Torger Motland og væntanlega Jesper Neestrup.

er hætta á að þeir sem verða fúlur fari í baktal og niðurriffsstarfsemi, slíkt hefur komið fyrir áður. Þarna þarf Logi að vera klókur á sama tíma og hann þarf að passa sig á því að halda réttu jafnvægi í liðinu í stað þess að troða mönnum í hinar og þessar stöður bara til þess að láta þá spila.

